5. gr.

Í stofnsamningi skulu vera sérstök ákvæði um:

1. Ef hluti má greiða með öðrum verðmætum en reiðufé.
2. Ef hlutafélagið skal taka við slíkum verðmætum gegn greiðslu í öðru en hlutum.
3. Hvort einhverjir hluthafar eða aðrir skuli njóta sérstakra réttinda í félaginu.

Í stofnsamningi skal gerð grein fyrir þeim atriðum sem nauðsynleg eru til þess að unnt sé að meta til fjár þau verðmæti er hlutafélagið skal taka við, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. Í því sambandi skal m.a. greina nöfn, kennitölu og heimilisföng þeirra aðila er hér um ræðir.

Greiðsla með öðrum verðmætum en reiðufé skal hafa fjárhagslegt gildi. Greiðslan má ekki felast í skyldu til að vinna verk eða veita þjónustu. Kröfur á hendur stofnendum eða þeim sem hafa skráð sig fyrir hlutum geta talist greiðsla.

Samningar um yfirtöku eða kaup fyrirtækja og önnur atriði í sambandi við stofnun hlutafélags, sem ekki er getið í stofnsamningi, eru ekki gildir gagnvart félaginu.

6. gr.

Eigi hlutafélag að taka við verðmætum skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. frá stofnendum eða öðrum skal sérfræðiskýrsla fylgja stofnsamningi. Skýrslan skal geyma:

1. Lýsingu á hverri greiðslu eða því sem tekið er við.
2. Upplýsingar um aðferðina sem notuð er við matið.

3. Tilgreiningu á endurgjaldi fyrir það sem tekið er við.
4. Yfirlýsingu um að hið tiltekna verðmæti svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs. Endurgjaldið má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins.

Ef hlutafélag skal í sambandi við stofnun þess taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri skal við undirritun stofnsamnings liggja frammi efnahags- og rekstrarreikningur þess fyrirtækis tvö síðustu reikningsár eða frá stofnun þess ef það er síðar. Enn fremur skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins með nauðsynlegum gögnum um að hagur fyrirtækis þess sem félagið yfirtekur hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og að stofnun hlutafélagsins. Teljast reikningar þessir hluti sérfræðiskýrslunnar og skulu þeir gerðir í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga.

Skýrslan skal gerð rétt fyrir stofnfund.

7. gr.

Sérfræðiskýrslan skal unnin af einum eða fleiri óháðum, sérfróðum mönnum, annaðhvort löggiltum endurskoðendum eða lögmönnum ellegar öðrum sérfróðum mönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi félagsins.

Lagaákvæði um löggilta endurskoðendur gilda um sérfræðinga þá er skýrsluna semja eftir því sem við á.

Sérfræðingarnir hafa rétt til að framkvæma þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar og geta krafist þeirra upplýsinga og aðstoðar af stofnendum eða félaginu sem þeir telja þörf á til að geta rækt starf sitt.

8. gr.

Nú aflar félagið annarra fjárhagsverðmæta en þeirra sem greinir í 6. gr. frá stofnanda eða hluthafa og þarf þá samþykki hluthafafundar ef:

1. Öflun verðmætanna fer fram á tímabilinu frá stofnsamningsdegi þar til liðið er eitt ár frá skráningu félagsins.
2. Endurgjaldið nemur a.m.k. 1/10 hlutafjárins.

Til afnota fyrir hluthafafund skal útbúin sérfræðiskýrsla í samræmi við ákvæði 6. gr. Stjórnin skal einnig láta taka saman skriflega greinargerð um öflun verðmætanna.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um öflun verðmæta sem lið í venjulegum viðskiptaráðstöfunum félagsins, öflun þeirra á verðbréfaþingi ellegar öflun þeirra fyrir tilstilli eða undir eftirliti handhafa framkvæmdarvalds eða dómsvalds.

Greinargerðina um öflun verðmætanna og sérfræðiskýrsluna skal leggja fram og senda hluthöfum samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 88. gr. Skjölin skal einnig leggja fram á hluthafafundinum.

Eigi síðar en einum mánuði eftir að hluthafafundurinn hefur samþykkt öflun verðmætanna skal senda hlutafélagaskrá sérfræðiskýrsluna með áritun fundarstjóra á hluthafafundinum um það hvenær ráðstöfunin var samþykkt.

9. gr.

Stofnendur skulu gera tillögur að samþykktum félags.

Í samþykktum skal m.a. greina eftirtalin atriði:

1. Heiti félagsins.
2. Heimilisfang félagsins.
3. Tilgang félagsins.

4. Hlutaféð. Í stofnsamningi má ákveða hlutaféð sem þá lágmarksfjárhæð sem áskrift verður að fást að til þess að unnt sé að stofna félagið og hærri fjárhæð sem áskrift má fást að.
5. Fjárhæð hluta og atkvæðisrétt hluthafa.
6. Fjölda eða hámarks- og lágmarksfjölda stjórnarmanna og varastjórnarmanna, svo og endurskoðenda eða skoðunarmanna. Þá skal þar ákveða kjörtímabil stjórnarmanna og endurskoðenda eða skoðunarmanna.
7. Ákvæði um hvernig boða skuli til hluthafafunda.
8. Hvaða mál skuli leggja fyrir aðalfund.
9. Ákvæði um hvert skuli vera reikningsár félagsins.
10. Ákvæði um hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum að nokkru leyti eða öllu og eftir hvaða reglum.
11. Ákvæði um hvort skorður séu reistar við heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum og þá hverjar.
12. Hvort nokkrum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi.
13. Ákvæði um fjölda framkvæmdastjóra séu þeir fleiri en þrír.

Að því marki, sem tilgangur félagsins er ekki að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings, skal í félagssamþykktum greint hvernig ráðstafa skuli hagnaði og hvernig fara skuli með eignir félagsins við félagsslit.

10. gr.

Áskrift hluta skal gerð í stofnsamningi eða á sérstaka áskriftarskrá sem eftirrit stofnsamnings skal þá fylgja. Gögn þau, sem um ræðir í 6. gr., skulu einnig fylgja áskriftarskrá. Félagið getur ekki borið fyrir sig áskrift um hlutakaup ef eigi hefur verið gætt framangreindra reglna, svo fremi að sá er áskriftina gerði mótmæli því við hlutafélagaskrá áður en félagið er skrásett að áskriftin sé bindandi.

Ef aðili skráir sig fyrir hlutum með skilyrðum sem ekki samrýmast stofnsamningi er áskriftin ógild. Sé ekki mótmælt við hlutafélagaskrá áður en félagið er skráð er áskriftin þó bindandi og skilyrðið brott fallið.

11. gr.

Stofnendur ákveða hvort áskrift skuli samþykkt. Ef áskriftaraðilar hafa skráð sig fyrir fleiri hlutum en unnt er að selja þeim skulu stofnendur áður en stofnfundur er haldinn ákveða hve marga hluti hver áskriftaraðili skuli fá.

Ef áskrift er ekki samþykkt, stofnendur telja áskrift ógilda eða áskriftir hljóða um meira fé en ákveðið var og því þörf á að lækka það skulu stofnendur strax tilkynna það áskriftaraðila.

12. gr.

Ákvörðun um stofnun félags skal tekin á stofnfundi.

Ef áskrift fæst að öllum hlutum á stofnfundi og allir viðurkenndir áskrifendur eru sammála þar um er unnt að taka ákvörðun um stofnun félagsins án frekari funda. Sé svo ekki skulu stofnendur boða alla áskrifendur til stofnfundar. Um stofnfundinn gilda reglur laga þessara og samþykkta félagsins um hluthafafundi.

Stofnendur skulu sjá um að áskriftarskrár og þeir samningar og gögn sem fylgja stofnsamningi séu til sýnis fyrir áskrifendur í eina viku fyrir stofnfund á stað sem greinir í fundarboði.

Á stofnfundi skulu stofnendur leggja fram stofnsamning og öll þau skjöl sem um ræðir í 3. mgr. ásamt skrá yfir þann fjölda hluta sem stofnendur hafa samþykkt, skiptingu hlutafjárins á einstaka áskrifendur og skýrslu um það fé sem þegar hefur verið greitt. Þessar upplýsingar skal færa til bókar.

13. gr.

Komi fram á stofnfundi að ekki hefur fengist áskrift að öllu hlutafé því sem ákveðið hefur verið eða þeirri lágmarksfjárhæð sem áskrift verður að fást að, ef um hana er að ræða, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 9. gr., má ekki stofna félagið. Það sem þegar hefur verið greitt af hlutafé skal þá þegar endurgreiða eftir að frá hefur verið dreginn kostnaður við stofnun enda hafi verið gerður um það fyrirvari í stofnsamningi.

Ekki má ákveða stofnun félags fyrr en tillögur, sem fram kunna að koma um breytingu á samþykktum eða stofnsamningi að öðru leyti, hafa verið ræddar og afgreiddar. Tillögur til breytinga á samþykktum, sem greindar eru í fundarboði stofnfundar, má samþykkja eftir þeim reglum sem gilda um breytingar á samþykktum. Tillögur til breytinga á samþykktum um hækkun hlutafjár er ekki hafa verið greindar í fundarboði eða tillögur um breytingar á ákvæðum stofnsamnings að öðru leyti má ekki samþykkja nema allir stofnendur og áskrifendur séu sammála um það.

Tillaga um að stofna félag telst samþykkt ef hún fær samþykki meiri hluta þeirra er greiða atkvæði og fara með minnst $^2/_3$ hluta þess hlutafjár sem mætt er fyrir á stofnfundi. Náist slíkt samþykki ekki verður félagið ekki stofnað.

Eftir að ákveðið hefur verið að stofna félagið skal kjósa stjórn þess og endurskoðendur.

14. gr.

Stjórnin skal tilkynna félag til skráningar innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings.

Eigi má skrá félag nema heildarhlutafé það, sem áskrift hefur fengist fyrir, sé í samræmi við það er greinir um hlutafé í samþykktum og þar af skal minnst helmingur vera greiddur. Sama gildir um það sem greiða á umfram nafnverð. Aldrei skal lægri fjárhæð en sú sem ákveðin er sem lágmarksfjárhæð skv. 3. mgr. 1. gr. vera greidd við skráningu.

Ef tilkynning um stofnun hlutafélags berst ekki hlutafélagaskrá innan þess frests sem um ræðir í 1. mgr. skal synja skráningar. Fari svo falla burtu skuldbindingar þeirra er hafa skráð sig fyrir hlutafé, sbr. 1. mgr. 13. gr. Sama gildir ef skráningu er synjað af öðrum ástæðum.

15. gr.

Óskráð félag getur hvorki öðlast réttindi né tekið á sig skyldur. Það getur ekki heldur verið aðili í dómsmálum nema málum til innheimtu hlutafjár sem áskrift hefur fengist fyrir og öðrum dómsmálum varðandi hlutafjáráskrift.

Nú er löggerningur gerður fyrir hönd hlutafélags áður en það er skráð og bera þeir sem tekið hafa þátt í gerningnum eða ákvörðunum um hann óskipt persónulega ábyrgð á efndum. Við skráninguna tekur félag við þeim skyldum sem leiddi af stofnsamningi eða félag hefur tekið á sig eftir stofnfund.

Ef gerður er löggerningur áður en félag var skráð og hinn samningsaðilinn vissi að félagið var ekki skráð getur hann, nema annað sé um samið, riftað gerningnum svo fremi að tilkynning til hlutafélagaskrár sé ekki gerð innan þess frests er um ræðir í 1. mgr. 14. gr. eða að skráningar hafi verið synjað. Vissi viðsemjandinn ekki að félagið var óskráð getur hann riftað löggerningnum meðan félagið er ekki skráð.

III. KAFLI
Greiðsla hlutafjár.

16. gr.

Greiðsla hlutar má ekki nema minna en nafnverði hans.

Áskrifandi hlutafjár má ekki skuldajafna kröfu sem risin er af áskrift við kröfu, er hann kann að eiga á hendur félaginu, nema stjórn félagsins samþykki. Slíkt samþykki má stjórnin þó ekki gefa ef skuldajöfnuðurinn getur orðið félaginu eða lánardrottnum þess til tjóns.

Kröfu félags um greiðslu hlutafjár má það ekki framselja eða veðsetja og eigi verður gerð í henni aðför.

Ef hlutur, sem ekki hefur verið að fullu greiddur, er framseldur ber framsalshafi, þegar hann hefur tilkynnt framsalið, ábyrgð á greiðslu eftirstöðva hlutarverðsins, óskipt með framseljanda.

17. gr.

Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal hann greiða vexti af skuldinni frá þeim degi er séu jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsreikningum enda sé ekki annað ákveðið í samþykktum félagsins.

Stjórn félagsins skal þá án tafar annaðhvort innheimta skuldina með málsókn eða afhenda öðrum rétt til hlutar eða hluta áskrifandans. Jafnan skal þó, áður en hlutir eru afhentir öðrum, veita áskrifanda fjögurra vikna frest til að koma málum sínum í rétt horf. Hafi áskrifandi fengið afhent bráðabirgðaskírteini getur félagið að liðnum fyrrnefndum fresti krafist afhendingar þess með beinni aðfarargerð án undangengins dóms eða sáttar.

Komi í ljós að skuldin verði ekki innheimt skal reglum 18. og 19. gr. beitt.

18. gr.

Hluti, sem aðili hefur skráð sig fyrir við stofnun hlutafélags, skal greiða að fullu í síðasta lagi innan eins árs frá því að félagið var skráð. Ef ekki er á réttum tíma tilkynnt að hlutafé sé að fullu greitt skal hlutafélagaskrá gefa félagi hæfilegan frest, þó eigi lengri en sex mánuði, til að koma þessu í lag. Ef frestur þessi er látinn ónotaður skal hlutafélagaskrá krefjast fyrir héraðsdómi að félagi verði slitið.

19. gr.

Við hækkun hlutafjár skulu hlutirnir greiddir að fullu í síðasta lagi einu ári eftir að hækkunin hefur verið tilkynnt til hlutafélagaskrár. Ef ekki er á réttum tíma tilkynnt að hinir nýju hlutir séu að fullu greiddir skal hlutafélagaskrá gefa félaginu hæfilegan frest, sem þó má eigi vera lengri en þrír mánuðir, til að bæta úr annmörkum. Ef ekki hefur verið úr bætt innan frestsins og stjórnin hefur heldur ekki tilkynnt að hlutafé hafi verið lækkað skv. 53. gr. skal hlutafélagaskrá láta skrá að hlutafé hafi verið lækkað sem samsvarar nafnverði þeirra hluta er eigi hafa verið greiddir og samþykktum sé breytt samkvæmt því. Hækkunarhlutir skulu teljast ógildir þegar lækkunin hefur verið skráð.

IV. KAFLI
Hlutir, hlutabréf og hlutaskrá.

20. gr.

Í hlutafélagi skulu jafnan vera tveir hluthafar hið fæsta, sbr. 107. gr.

Allir hlutir skulu hafa jafnan rétt í félaginu. Í samþykktum má þó ákveða að hlutum skuli skipt í sérstaka flokka, m.a. flokk án atkvæðisréttar. Í því tilviki skal í samþykktum taka fram um mun milli hlutaflokka, fjárhæðir hvers og sérstök ákvæði um rétt til áskriftar að nýju hlutafé sem hluthafar hafa rétt til við hækkun hlutafjár.

21. gr.

Hluti má selja og veðsetja, nema annað leiði af lögum eða sé boðið í samþykktum hlutafélags. Í samþykktir má þó aðeins setja ákvæði um viðskiptahömlur að því er hluti varðar sem séu í samræmi við ákvæði 22. og 23. gr. eða sérstakra laga. Hömlur má þó ekki leggja á viðskipti með almenna hluti milli aðila í hlutafélögum þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri.

22. gr.

Í samþykktum má ákveða að við eigendaskipti að hlut önnur en við erfð eða búskipti skuli hluthafar eða aðrir hafa forkaupsrétt. Í samþykktum skulu þá vera nánari reglur um þetta efni og skal þar m.a. greina:

a. Röð forkaupsréttarhafa.
b. Ákvæði um frest er forkaupsréttarhafi hefur til að beita forkaupsrétti sínum sem lengstur má vera tveir mánuðir, og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð.
c. Ákvæði um frest til greiðslu kaupverðs sem þó má eigi vera lengri en þrír mánuðir frá því að kaup voru ákveðin. Ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu þó ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.

Taki tilboð til margra hluta eins eða fleiri hluthafa er eigi unnt að neyta forkaupsréttar að því er varðar nokkra þeirra, nema slíkt sé sérstaklega heimilað í samþykktum. Sé í samþykktum ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs hluta er það ógilt ef það leiðir til bersýnilega ósanngjarns verðs fyrir hlutina eða skilmálar eru bersýnilega ósanngjarnir að öðru leyti.

Stjórn félags skal þegar í stað greina forkaupsréttarhöfum skriflega frá tilkynningu um tilboð.

Ef í samþykktum er ekki ákvæði um reikningsgrundvöll kaupverðs og ekki næst samkomulag um það skal kaupverðið ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Nú vill annar hvor aðila eigi hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla, en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.

23. gr.

Ákveða má í samþykktum að veðsetning, sala eða annað framsal á hlutum megi einungis fara fram með samþykki félagsins, sbr. þó 3. málsl. 21. gr.

Stjórn félags tekur ákvörðun um hvort samþykki skuli veitt, nema annað sé ákveðið í samþykktum. Ákvörðun um hvort veita skuli samþykki skal tekin án tafar og aldrei síðar en tveimur mánuðum eftir að samþykkis er óskað. Ákvörðun stjórnar um þetta efni skal þegar í stað tilkynnt þeim er samþykkis hefur leitað. Hafi samþykki eigi borist innan tveggja mánaða frá skriflegri beiðni um það skal svo litið á að samþykki hafi verið veitt.

Synji stjórn félags um sölu eða annað framsal á hlutum getur hluthafinn krafist þess að félagið leysi til sín hlutina sem um ræðir. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið innan þriggja mánaða af matsmönnum sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Félagið ber kostnað af matinu. Nú vill annar hvor aðila ekki hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.

24. gr.

Ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli

sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Sé slíkt ákveðið skal senda nefndum hluthöfum tilkynningu með sama hætti og gildir um boðun aðalfundar eftir því sem við á þar sem þeir eru hvattir til að framselja hluthafanum hluti sína innan fjögurra vikna.

Skilmála fyrir innlausn og matsgrundvöll innlausnarverðs skal greina í tilkynningunni. Ef ekki næst samkomulag um verðið skal enn fremur tilgreina að það verði ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi félagsins. Ákvæði 4. mgr. 22. gr. gilda. Loks skal í tilkynningunni gefa upplýsingar um ákvæði 3. mgr. þessarar greinar.

Ef ákvörðun matsmanna leiðir til hærra innlausnarverðs en hluthafinn bauð gildir það einnig fyrir þá hluthafa í sama flokki sem hafa ekki beðið um mat. Kostnað við ákvörðun verðsins greiðir hluthafinn nema dómstóll telji vegna sérstakra ástæðna að viðkomandi minni hluti hluthafa skuli að nokkru eða öllu leyti greiða kostnaðinn.

25. gr.

Sé hlutur ekki framseldur samkvæmt ákvæðum 24. gr. skal greiða andvirði hans á geymslureikning á nafn rétthafa. Frá þeim tíma telst hluthafinn réttur eigandi hlutar og hlutabréf fyrri eiganda ógild. Setja má nánari ákvæði hér um í samþykktum.

26. gr.

Ef hluthafi á meira en 1/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá hluthafanum. Ákvæði 4. mgr. 22. gr. og 2. málsl. 3. mgr. 24. gr. gilda eftir því sem við á.

27. gr.

Hlutabréf skulu gefin út til nafngreinds aðila.

Hlutabréf skulu gefin út eigi síðar en ári eftir að hlutaáskriftin er skráð, og þau má ekki afhenda fyrr en skráning hefur farið fram og hluturinn er að fullu greiddur. Hlutabréf má aðeins afhenda þeim hluthafa sem skráður er í hlutaskrá.

Í hlutabréfi skal greina:

1. Nafn, kennitölu og heimilisfang félags.
2. Númer og fjárhæð hlutar.
3. Útgáfudag hlutabréfs.

Ef ákvæði eru í félagssamþykktum um eftirtalin atriði skulu þau einnig greind í hlutabréfi:

1. Þann flokk er hlutabréf tilheyrir ef um er að ræða skiptingu hluta í sérstaka flokka.
2. Skorður þær sem reistar eru við heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum.
3. Innlausnarrétt sem á hlutabréfi hvílir eða rétt til að skipta því fyrir aðra hluti án samþykkis hluthafa.
4. Aðrar sérstakar skyldur er hvíla á hlutum umfram skylduna til að greiða hlutaféð.
5. Heimild til að ógilda hlutabréf án dóms.

Stjórnendur skulu allir setja nöfn sín undir hlutabréf. Nöfn má rita með vélrænum hætti.

Hlutabréf getur tekið til tveggja eða fleiri hluta í sama flokki. Á slíku hlutabréfi skal tilgreina númer þess og nafnverð þeirra. Ákvæði þessarar greinar gilda að öðru leyti um slík hlutabréf. Hluthafi á þó jafnan rétt til að fá slíku hlutabréfi skipt fyrir hlutabréf sem taka til einstakra hluta.

Í hlutabréfunum skal vera fyrirvari um að eftir útgáfu bréfanna megi taka ákvarðanir um atriði sem greinir í 3.–5. mgr. og breyta réttarstöðu hluthafans. Verði slíkar breytingar gerðar skal stjórn félags, eftir því sem unnt er, sjá um að áritun um breytingarnar verði færð á hlutabréfin eða skipt verði á þeim og nýjum hlutabréfum.

Glatist hlutabréf, sem gefið hefur verið út, getur stjórn félags stefnt handhafa þess til sín með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal tvisvar í Lögbirtingablaði. Gefi enginn sig fram áður en fresturinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur félaginu samkvæmt hlutabréfinu. Skal stjórn félagsins þá að ósk upphaflegs eiganda bréfsins gefa út nýtt bréf honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila. Skal nýja bréfið vera með sömu skilmálum og hið fyrra. Gefi réttur eigandi sig fram síðar skal ágreiningur úrskurðaður með dómi. Sömu reglur og um hlutabréf gilda um bráðabirgðaskírteini og áskriftarvottorð eftir því sem við á.

28. gr.

Nú er hlutur ekki að fullu greiddur, og getur stjórn félags þá gefið út bráðabirgðaskírteini er hljóða skal á nafn. Í bráðabirgðaskírteini skal tekið fram að hlutabréf verði aðeins látið í té gegn afhendingu skírteinisins. Síðari greiðslur skulu skráðar á bráðabirgðaskírteinið sé þess óskað. Einn stjórnarmaður, sem fengið hefur til þess sérstaka heimild stjórnar, getur undirritað bráðabirgðaskírteini. Að öðru leyti eiga reglur 27. gr. við um bráðabirgðaskírteini.

Áskriftarvottorð þau, sem um ræðir í 35. gr., skulu greina nafn félags, númer þeirra hluta, sem þeim tilheyra, svo og hlutaflokk. Reglur um undirskriftir á bráðabirgðaskírteini gilda einnig um skilríki fyrir áskriftarrétti.

29. gr.

Um framsal og veðsetningu hlutabréfa gilda venjulegar reglur viðskiptabréfa, nema annað sé skýrt tekið fram í hlutabréfinu.

30. gr.

Þegar hlutafélag hefur verið stofnað skal stjórn þess þegar í stað gera hlutaskrá. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaða- eða spjaldaformi eða tölvuskrá hana.

Í hlutaskrá skulu hlutir eða hlutabréf skráð í númeraröð og skal fyrir sérhvern hlut eða hlutabréf tekið fram um nafn eiganda, kennitölu og heimilisfang.

Taki hlutabréf til tveggja eða fleiri hluta skal hlutaskráin jafnframt geyma upplýsingar um númer slíks hlutabréfs og nafnverð þeirra.

Í hlutaskrá skal enn fremur vera að finna skrá um hluthafa í stafrófsröð og sé tekin fram hlutafjáreign hvers hluthafa.

Verði eigendaskipti að hlut og ákvæði 22. og 23. gr. eru þeim ekki til fyrirstöðu skal nafn hins nýja hluthafa fært í hlutaskrána þegar hann eða löglegur umboðsmaður hans tilkynnir eigendaskiptin og færir sönnur á þau. Enn fremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags.

Þegar nafn nýs eiganda er fært í hlutaskrá skal hlutabréfið einnig áritað um færsluna.

Hlutaskrá skal ætíð vera geymd á skrifstofu hlutafélags, og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

31. gr.

Sá er eignast hefur hlut getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi, nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum. Þetta á þó ekki við um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutafjár. Nú er arður sendur hluthöfum eða greiddur út án framvísunar arðmiða eða hlutabréfa og telst félagið þá þrátt fyrir næsta málslið hér að framan hafa lokið arðgreiðslu ef það greiðir þeim sem á útborgunardegi er skráður eigandi hlutabréfa í hlutaskrá eða hefur á þeim degi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

32. gr.

Nú eiga margir hlut saman og geta þeir þá aðeins beitt réttindum sínum í félaginu með sameiginlegum umboðsmanni.

V. KAFLI
Hækkun hlutafjár og áskriftarréttindi.

33. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutafjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta, sbr. þó 41. og 43. gr. Hækkun hlutafjár má ekki ákveða fyrr en félagið hefur verið skráð.

Tillaga um hlutafjárhækkun skal liggja frammi til athugunar fyrir hluthafa og send þeim eftir þeim reglum sem greinir í 4. mgr. 88. gr. Tillagan skal enn fremur lögð fram á hluthafafundi. Ef reikninga síðasta reikningsárs á ekki að ræða á sama hluthafafundi skal einnig leggja fram eftirtalin gögn:

a. Eftirrit reikninga síðasta reikningsárs með áritun um afgreiðslu aðalfundar og eftirrit endurskoðunarskýrslu varðandi þessa reikninga.
b. Skýrslu stjórnar þar sem gefnar eru upplýsingar um þau atriði sem verulegu máli skipta um fjárhagslega stöðu félagsins og breytingum hafa tekið eftir að reikningar voru gerðir.
c. Umsögn endurskoðenda um fyrrgreinda skýrslu stjórnar.

Í fundarboði til hluthafafundar, þar sem taka skal ákvörðun um hækkun hlutafjár, skulu vera upplýsingar um áskriftarrétt hluthafa eða annarra, sbr. 34. gr., ásamt upplýsingum um hvernig þeir er áskriftarrétt hafa skuli bera sig að ef þeir vilja notfæra sér áskriftarréttinn. Ef víkja á frá áskriftarrétti hluthafa skal gera grein fyrir ástæðum, svo og rökstyðja tillögur um áskriftargengi.

34. gr.

Við hækkun hlutafjár eiga hluthafar rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína. Í hlutafélögum, sem ekki leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf milli aðila, geta hluthafar framselt öðrum aðilum áskriftarrétt sinn að einhverju leyti eða í heild en þó einungis að heilum hlutum. Nú notar eða framselur, sbr. 2. málsl., einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir eldri hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem þeir geta ekki framselt öðrum.

Ef um er að ræða fleiri en einn hlutaflokk þar sem atkvæðisréttur ellegar réttur til arðs eða úthlutunar af eignum félagsins er mismunandi er unnt í samþykktum félagsins að veita hluthöfum í þessum flokkum forgangsrétt til að skrá sig fyrir hlutum í sínum eigin flokkum. Í slíkum tilvikum geta hluthafar í öðrum flokkum fyrst nýtt sér forgangsrétt til áskriftar skv. 1. mgr. að þeim hluthöfum frágengnum er þar greinir frá.

Hluthafafundur getur með því atkvæðamagni, sem kveðið er á um í 93. gr., ákveðið að víkja frá þeirri reglu er greinir í 1. mgr., enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað. Án samþykkis þeirra hluthafa, er sæta skerðingu áskriftarréttar síns, getur hluthafafundur þó ekki ákveðið meira frávik frá áskriftarrétti hluthafa en greint er í fundarboði.

35. gr.

Hver hluthafi á rétt til að fá áskriftarvottorð fyrir hvert hlutabréf sem hann á þar sem greini hvers krafist sé til áskriftar að nýjum hlutum. Ef hækka á hlutafé með útgáfu jöfnunarhluta á hver hluthafi rétt á að fá vottorð um hlutdeild sína í heildarútgáfunni.

Skrá skal á hlutabréf að áskriftarvottorð hafi verið gefin út.

36. gr.

Í ákvörðun um hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta skal taka fram:

1. Hve mikið hækka skal hlutaféð. Setja má hámark og lágmark fyrir hækkuninni.
2. Þann hlutaflokk sem hinir nýju hlutir skulu tilheyra ef í félaginu eru eða skulu vera hlutaflokkar.
3. Forgangsrétt hluthafa eða annarra til áskriftar að hlutum eða hverjir geti ella skrifað sig fyrir hlutum.
4. Frest til áskriftar og frest hluthafa til þess að nota forgangsrétt sinn til áskriftar og skal fresturinn eigi vera skemmri en tvær vikur frá tilkynningu til hluthafa um ákvörðun um hækkun hlutafjár, sbr. 2. mgr. 38. gr.
5. Frest til greiðslu hluta ásamt reglum um hvernig skipta skuli hlutum ef þeir sem ekki eiga forgangsrétt hafa skráð sig fyrir meira hlutafé en boðið er út, enda sé skiptingin ekki falin stjórninni.
6. Nafnverð hluta og gengi þeirra.
7. Áætlaðan kostnað félagsins vegna hækkunar hlutafjárins.

Eigi að vera hömlur á viðskiptum með hina nýju hluti eða hinir nýju hluthafar skyldir til að sæta innlausn hluta sinna skal það tekið fram í ákvörðuninni.

Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunarinnar, enda sé ekki annað ákveðið í samþykkt hluthafafundar um hækkunina.

Í næstu skýrslu stjórnar skal tilgreina raunverulegan kostnað við hlutafjárhækkunina, sbr. 7. tölul. 1. mgr.

37. gr.

Ef hina nýju hluti má greiða með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé skulu reglur settar um það í ákvörðun hluthafafundar um hlutafjárhækkunina. Ákvæði 5. gr. og 6.–8. gr. skulu gilda um þetta eftir því sem við á.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um hlutafjárhækkun sem á sér stað við samruna hlutafélaga skv. XIV. kafla.

38. gr.

Áskrift nýrra hluta skal gerð á áskriftarskrá sem félagsstjórn undirritar. Í áskriftarskrá skal greina ákvörðun hluthafafundar um hækkun hlutafjárins. Við áskrift skal leggja fram samþykktir félagsins og gögn þau er greinir í 2. mgr. 33. gr. Ef um greiðslu hlutafjárins skal fara eftir ákvæðum 1. mgr. 37. gr. skulu gögn þau, er um ræðir í 2. mgr. 37. gr., einnig lögð fram við áskriftina.

Þeim hluthöfum eða öðrum, sem hafa forgangsrétt til áskriftar, skal strax eftir ákvörðun um hlutafjárhækkun send tilkynning um hana eftir sömu reglum og gilda um boðun til hluthafafundar, ásamt upplýsingum um nafnverð og gengi hluta þeirra er hluthafi á rétt til að kaupa, um frest til áskriftar og um greiðslukjör.

Ef áskrift þeirra sem samkvæmt ákvörðun hluthafafundarins hafa rétt til þess að skrá sig fyrir nýjum hlutum fæst á hluthafafundinum að öllum hlutum má ljúka áskrift með skráningu í gerðabók fundarins.

39. gr.

Fari áskrift ekki fram eftir reglum 38. gr. eða áskrift er gerð með fyrirvara skal beita reglum 10. gr.

40. gr.

Hafi ekki fengist áskrift fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjárauka áður en áskriftarfrestur er liðinn er niður fallin ákvörðunin um hlutafjárhækkunina og skuldbinding þeirra hluthafa er þegar hafa skráð sig fyrir hlutum.

Hafi áskrift fengist fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjárauka á réttum tíma og minnst fjórðungur hans verið greiddur, að viðbættu því sem greiða á umfram nafnverð, skal tilkynna hlutafélagaskrá hlutafjárupphæð þá sem áskrift hefur fengist fyrir, stjórnin hefur samþykkt og ekki ógilt samkvæmt ákvæðum 19. gr. og þá fjárhæð sem þegar hefur verið greidd fyrir hlutina. Ef tilkynning hefur ekki verið gerð innan árs frá því ákvörðun var tekin eða ef skráningar er synjað eiga reglur 1. mgr. við.

Ef áskrift hluta er gerð á grundvelli verðbréfa sem gefa rétt til áskriftar að hlutum (áskriftarréttindi), frestur til áskriftarinnar samkvæmt áskriftarskrá er lengri en eitt ár, áskrift hefur fengist fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjárhækkunarinnar og minnst fjórðungur hennar verið greiddur, að viðbættu því sem greiða á umfram nafnverð, skal félagsstjórn innan mánaðar frá lokum hvers reikningsárs tilkynna hlutafélagaskrá hversu mikil hlutafjárhækkun hefur farið fram á árinu. Ef tilkynning hefur ekki verið gerð innan mánaðar frá lokum áskriftarfrests eða skráningar er synjað eiga reglur 1. mgr. við eftir því sem við á. Stjórnin getur gert nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins vegna hlutafjárhækkunarinnar. Þegar skráning hefur farið fram telst hlutaféð hækkað sem samsvarar innborguðu hlutafé.

41. gr.

Með ákvæðum í samþykktum félags má heimila stjórninni að hækka hlutaféð með áskrift nýrra hluta.

Í samþykktum skal þá taka fram um hámark þeirrar fjárhæðar sem stjórn er heimilt að hækka hlutaféð, um frest til notkunar þessarar heimildar, sem þó má eigi fara fram úr fimm árum, og um þau atriði sem um getur í 2. og 3. tölul. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 36. gr. Ef heimilt er að hækkunin sé gerð að nokkru eða öllu án greiðslu í reiðufé skal þess getið í samþykktum.

42. gr.

Breytingar á samþykktum, sem leiðir af hlutafjárhækkun skv. 41. gr., má stjórnin gera, svo fremi að ekki séu í sambandi við ákvörðun um hækkun hlutafjárins gerðar aðrar breytingar á samþykktum.

Þeim hluthöfum, sem hafa forgangsrétt til áskriftar, skal strax eftir ákvörðun stjórnar um hlutafjárhækkun send tilkynning um það eftir sömu reglum og gilda um boðun til hluthafafundar ásamt upplýsingum um hvernig þeir skuli bera sig að ef þeir vilja nota sér forgangsrétt sinn til áskriftar.

Áskriftarskráin skal hafa að geyma upplýsingar þær sem um ræðir í 2. mgr. 41. gr. ásamt ákvörðun stjórnarinnar um áskriftarfrest, greiðslu, nafnverð hluta og gengi þeirra, sbr. 4.–7. tölul. 1. mgr. og 4. mgr. 36. gr. Að öðru leyti skal við áskriftina beita reglum 35. og 37.–40. gr., eftir því sem við á.

43. gr.

Hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa getur farið fram á þann hátt að yfirfærðar séu fjárhæðir sem skv. 99. gr. má greiða sem arð eða fjárhæðir sem komið hafa fram vegna færslna í endurmatsreikning samkvæmt lögum um ársreikninga eða við yfirfærslu úr lögmæltum varasjóði skv. 3. mgr. 100. gr.

Ákvörðun um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa skal greina hve mikið hlutafé skal hækka. Þó getur hluthafafundur veitt stjórn félags heimild til þess að ákveða útgáfu jöfnunarhlutabréfa á yfirstandandi reikningsári um fjárhæð sem nemur allt að tilteknu hámarki. Ákvæði 2. tölul. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 36. gr. gilda um ákvörðunina.

Um breytingar á samþykktum vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfa gilda ákvæði 1. mgr. 42. gr.

Hlutafjárhækkun þessi er ekki gild fyrr en ákvörðun hefur verið skráð.

44. gr.

Séu liðin fimm ár frá skráningu hlutafjárhækkunar vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfa og sá er rétt á til slíkra bréfa hefur ekki komið fram með kröfu um að fá bréfin afhent getur stjórnin með tilkynningu í Lögbirtingablaði skorað á þá er hlut eiga að máli að sækja bréf sín innan sex mánaða. Þegar sá frestur er liðinn og hluthafi hefur ekki snúið sér til félagsins getur stjórnin selt bréfin fyrir milligöngu aðila sem að lögum er heimilt að versla með slík bréf á kostnað hluthafans. Söluverð bréfa þessara, að frádregnum kostnaði, skal teljast eign hluthafans, en hafi hann ekki vitjað þess innan fimm ára frá söludegi rennur fé þetta til félagsins.

45. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið útgáfu áskriftarréttinda, enda ákveði hann samtímis í samræmi við 33.–37. gr. nauðsynlega hlutafjárhækkun.

Í ákvörðun hluthafafundar skal setja nánari skilyrði fyrir útgáfu áskriftarréttindanna, m.a. ákveða hámark þeirrar hlutafjárhækkunar sem skrifa má sig fyrir á grundvelli áskriftarréttindanna og í hvaða hlutaflokki nýju hlutirnir skuli vera. Enn fremur skal tekið fram í ákvörðun hluthafafundarins hvernig háttað sé nýtingu áskriftarréttindanna og hver staða rétthafa sé ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin eru út breytanleg skuldabréf eða ný áskriftarréttindi eða félagsslit verða, þar á meðal með samruna eða skiptingu, áður en unnt er að neyta áskriftarréttarins. Að því er varðar ákvörðun um útgáfu áskriftarréttinda og rétt til áskriftar að þeim gilda ákvæði 33. og 34. gr., fyrri hluti 3. tölul. og 4.–7. tölul. 1. mgr., svo og 4. mgr., 36. gr., auk 38. gr. eftir því sem við á.

Ákvörðun hluthafafundar skal taka upp í samþykktir félags. Þegar frestur til áskriftar að hlutafjárhækkun er á enda runninn getur félagsstjórn fellt ákvæðið úr samþykktunum.

46. gr.

Hluthafafundur getur heimilað félagsstjórn að ákveða útgáfu áskriftarréttinda enda ákveði hann samtímis í samræmi við 41. gr. að heimila félagsstjórn að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun. Heimild má veita einu sinni eða oftar, þó eigi til lengri tíma en fimm ára í senn, og má fjárhæðin eigi vera hærri en nemur helmingi hlutafjár á ákvörðunardegi. Heimildina skal taka upp í samþykktir félagsins.

Í samþykktunum skal greina lokadag tímabilsins skv. 1. mgr., hámark hlutafjárhækkunar á grundvelli áskriftarréttindanna og þann hlutaflokk sem hinir nýju hlutir skulu tilheyra. Þar eð ákvæði 34. gr. gilda eftir því sem við á skal enn fremur greina frá ákvörðun hluthafafundar um hugsanleg frávik frá rétti eldri hluthafa til að skrifa sig fyrir áskriftarréttindum.

Ef félagsstjórn notar heimild sína skal hún setja nánari skilyrði fyrir útgáfu áskriftarréttinda, m.a. ákveða hámark hlutafjárhækkunar á grundvelli áskriftarréttindanna og í hvaða hlutaflokki nýju hlutirnir skuli vera. Að því er varðar ákvörðun félagsstjórnar um útgáfu áskriftarréttinda gilda ákvæði 4.–7. tölul. 1. mgr., svo og 4. mgr., 36. gr., 38. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 45. gr. eftir því sem við á.

Ákvörðun félagsstjórnar skal taka upp í samþykktir félags. Getur stjórnin gert þær breytingar á samþykktunum sem nauðsynlegar eru skv. 3. mgr.

VI. KAFLI
Lántaka með sérstökum skilyrðum.

47. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið með þeim meiri hluta atkvæða sem krafist er til breytinga á samþykktum að félagið taki skuldabréfalán er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hluti í því.

Í samþykkt hluthafafundar skv. 1. mgr. skal taka fram um lánskjör og reglur um breytingu kröfunnar í hluti í félaginu. Þar skal einnig kveða á um réttarstöðu lánardrottins ef hlutafé er hækkað, lækkað, gefin eru út ný breytanleg skuldabréf eða áskriftarréttindi eða félagi er slitið, þar á meðal með samruna eða skiptingu, áður en kröfunni er breytt í hluti. Um ákvörðunina og forgangsrétt til áskriftar gilda ákvæði 33.–35. gr., 1.–5. tölul. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 36. gr. og 37.–38. gr.

Í samþykkt skv. 1. mgr. skal hluthafafundur veita stjórn félags heimild til þess að hækka hlutafé um þá fjárhæð sem leiðir af breytingu skuldabréfanna í hluti. Samþykkt hluthafafundar skal taka upp í samþykktir félags. Þegar frestur til lántöku er á enda runninn getur félagsstjórn fellt ákvæðið úr samþykktunum.

Ef fjárhæð sú, sem greidd er fyrir skuldabréf, er lægri en nafnverð þess hlutar eða hluta sem breyta má skuldabréfinu í samkvæmt lánskjörum má breytingin því aðeins fara fram að mismunurinn sé greiddur félaginu eða jafnaður með frjálsu eigin fé þess.

48. gr.

Hluthafafundur getur heimilað félagsstjórn að taka skuldabréfalán er veiti lánardrottni rétt til þess að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hlut í því enda ákveði hann samtímis í samræmi við 41. gr. að heimila félagsstjórn að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun. Heimild má veita einu sinni eða oftar, þó eigi til lengri tíma en fimm ára í senn, og má fjárhæðin eigi vera hærri en nemur helmingi hlutafjár á ákvörðunardegi. Heimildina skal taka upp í samþykktir félagsins.

Í samþykktum skal greina lokadag tímabilsins skv. 1. mgr., hámarksfjárhæð lánsins og með hliðsjón af beitingu 36. gr. eftir því sem við á hugsanleg frávik frá forgangsrétti fyrri hluthafa til áskriftar vegna lánsins. Sé unnt að greiða lán með öðrum hætti en í reiðufé skal taka það fram í samþykktunum.

Um samþykkt félagsstjórnar til töku lánsins gilda ákvæði 1.–5. tölul. 1. mgr., svo og 2.–3. mgr., 36. gr., 37.–38. gr. og 1. og 2. málsl. 2. mgr. 47. gr. eftir því sem við á.

Ákvörðun félagsstjórnar skal taka upp í samþykktir félagsins og getur stjórnin breytt þeim.

Um breytingu skuldabréfs í hluti gildir 4. mgr. 47. gr. eftir því sem við á.

49. gr.

Samþykkt skv. 47. og 48. gr. skal tilkynna innan tveggja vikna til hlutafélagaskrár. Í tilkynningu skal greina fjárhæð þá sem hækka má hlutaféð um og innan hvaða frests breyta verður skuldabréfi í hluti.

Þegar frestur skv. 1. mgr. er liðinn skal stjórn félagsins þegar í stað tilkynna hlutafélagaskránni hversu mörgum skuldabréfum hefur verið breytt í hluti. Ef fresturinn er lengri en eitt ár skal stjórnin eigi síðar en mánuði eftir lok hvers reikningsárs tilkynna hversu mörg-

um skuldabréfum hafi verið breytt í hluti á árinu. Þegar tilkynning um breytinguna hefur verið skráð telst hlutaféð hækkað um fjárhæð er nemur samanlögðu nafnverði þessara hluta.

Breytingar á samþykktum, sem leiðir af hlutafjárhækkuninni, má félagsstjórn gera.

50. gr.

Hluthafafundur eða félagsstjórn að fenginni heimild hluthafafundar getur ákveðið að taka lán gegn skuldabréfum með vöxtum sem miðast að öllu leyti eða hluta við þann arð sem greiddur er hluthöfum eða við árságóða, enda sé gætt ákvæða laga og fyrirmæla um vaxtaákvarðanir.

Heimild til handa félagsstjórn má veita einu sinni eða oftar, þó eigi til lengri tíma en fimm ára í senn.

VII. KAFLI
Lækkun hlutafjár.

51. gr.

Þegar frá er skilin hlutafjárlækkun eftir reglum 54. gr. má aðeins hluthafafundur taka ákvörðun um lækkun hlutafjár. Slíka ákvörðun má ekki taka fyrr en félagið hefur verið skráð. Í fundarboði skal m.a. greina frá ástæðum til lækkunarinnar og hvernig hún á að fara fram.

Ákvæði 2. mgr. 33. gr. gilda, eftir því sem við á, um ákvarðanir varðandi lækkun hlutafjár. Í ákvörðun skal taka fram þá fjárhæð sem lækka skal hlutafé um ásamt upplýsingum um hvernig ráðstafa skuli lækkunarfénu, en því má ráðstafa þannig:

1. Til jöfnunar taps sem ekki verður jafnað á annan hátt.
2. Til greiðslu til hluthafa.
3. Til afskriftar á greiðsluskyldu hluthafa.
4. Til að leggja í sérstakan sjóð sem aðeins má nota samkvæmt ákvörðun hluthafafundar.

Hluthafafundur getur því aðeins tekið ákvörðun um lækkun hlutafjár í þeim tilgangi er greinir í 2., 3. og 4. tölul. 2. mgr. að stjórnin beri fram slíka tillögu eða samþykki slíka tillögu. Eftir hlutafjárlækkunina skulu vera fyrir hendi eignir, er svara a.m.k. til hlutafjárins og lögmæltra varasjóða.

Ef greiða á af eignum félags hærri fjárhæð en sem nemur lækkunarfjárhæðinni skal þess getið bæði í ákvörðuninni og áskorun skv. 53. gr. ásamt þeirri fjárhæð sem umfram er.

Ákvörðun um lækkun hlutafjár skal tilkynnt til hlutafélagaskrár í samræmi við reglur XVII. kafla. Ef ekki er tilkynnt á réttum tíma, sbr. 1. mgr. 149. gr., fellur ákvörðunin úr gildi.

52. gr.

Ef ráðstafa á allri lækkunarfjárhæðinni til jöfnunar á tapi skal strax tilkynnt að hlutafjárlækkun hafi farið fram. Næstu þrjú ár frá skráningu þessarar tilkynningar má ekki ákveða hærri arðgreiðslu en sem nemur tíu hundraðshlutum hlutafjárins árlega nema hlutaféð hafi aftur verið hækkað um fjárhæð er svarar til lækkunarinnar eða ákvæða 53. gr. hefur verið gætt.

53. gr.

Ef ráðstafa á lækkunarfjárhæðinni að nokkru leyti eða öllu í þeim tilgangi er greinir í 2., 3. og 4. tölul. 2. mgr. 51. gr. skal, nema hlutaféð hækki um leið um samsvarandi fjárhæð, birta tvisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til kröfuhafa félagsins um að tilkynna kröfur sínar til félagsstjórnar innan tveggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar. Svo fremi sem

tilkynntar, gjaldfallnar kröfur ekki eru greiddar og sett fullnægjandi trygging fyrir greiðslu ógjaldfallinna eða umdeildra krafna má ekki framkvæma hlutafjárlækkunina. Hlutafélagaskrá getur úrskurðað eftir ósk aðila hvort framboðin trygging sé nægileg.

Sanni félag að það eigi fyrir skuldum er hlutafélagaskrá heimilt að veita því undanþágu frá innköllunarskyldu skv. 1. mgr. ef ljóst þykir að kröfuhafar félagsins bíði ekki af því tjón.

Með tilkynningu um lækkun hlutafjár skal, auk nauðsynlegra sönnunargagna, fylgja yfirlýsing, undirrituð af stjórn félags og endurskoðendum, um að skuldir við lánardrottna félagsins séu því ekki til fyrirstöðu að hlutafjárlækkun geti farið fram.

Ef tilkynning um framkvæmd lækkunar hlutafjár hefur ekki borist innan árs frá því að ákvörðunin var skráð missir hún gildi sitt og tilkynning sú, sem gerð var skv. 5. mgr. 51. gr., skal afmáð úr hlutafélagaskrá.

54. gr.

Í samþykktir félags má taka ákvæði um lækkun hlutafjár með innlausn hluta eftir ákveðnum reglum. Slíka lækkun getur félagsstjórn framkvæmt að því er snertir hluti sem áskrift hefur fengist að eftir að ákvæðin um lækkun voru tekin í samþykktirnar. Stjórnin getur samþykkt nauðsynlegar breytingar á samþykktunum af þessu tilefni.

Að lokinni hlutafjárlækkun skal vera fyrir hendi fjármagn er svari a.m.k. til hlutafjárins og þess fjár er lagt hefur verið í lögmælta varasjóði.

Lækkun hlutafjár getur átt sér stað án innköllunar skv. 53. gr. ef:

1. Lækkunin á sér stað með ógildingu hluta sem eru að fullu greiddir.
2. Hlutanna hefur verið aflað án greiðslu eða með greiðslu sem nemur eigi hærri fjárhæð en svo að ráðstafa megi henni sem arði.
3. Fjárhæð, sem svarar til nafnverðs ógiltra hluta, er lögð í sérstakan varasjóð.

Ákvæði 5. mgr. 51. gr. og 3.–4. mgr. 53. gr. gilda um þessa innlausn hluta eftir því sem við á.

VIII. KAFLI
Eigin hlutir.

55. gr.

Hlutafélag má ekki gegn endurgjaldi eignast eigin hluti með kaupum eða fá þá að veði ef nafnverð samanlagðra hluta, sem félagið og dótturfélög þess eiga í félaginu, er meira en eða mun verða meira en 10% af hlutafénu. Með skal telja hluti sem þriðji aðili hefur eignast í eigin nafni en fyrir reikning félagsins.

Hluti getur félag aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimildin verður aðeins veitt tímabundið og ekki til lengri tíma en átján mánaða.

Í heimildinni skal greina hámark hluta á nafnverði sem félagið má eignast og lægstu og hæstu fjárhæð sem félagið má reiða fram sem endurgjald fyrir hlutina.

Félagið getur aðeins eignast hluti svo framarlega sem eigið fé þess fer fram úr þeirri fjárhæð sem óheimilt er að ráðstafa til úthlutunar á arði. Þegar eigin hlutir hafa verið dregnir frá eftir að félagið hefur eignast hluti má hlutaféð ekki nema lægri fjárhæð en fjórum milljónum króna.

Aðeins má afla þeirra hluta sem eru að fullu greiddir.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda eftir því sem við á þegar dótturfélag eignast eða tekur að veði hluti í móðurfélagi gegn endurgjaldi.

56. gr.

Hlutafélag getur eignast eigin hluti skv. 55. gr. án heimildar hluthafafundar ef slíkt reynist nauðsynlegt til að afstýra verulegu og yfirvofandi tjóni hjá félaginu.

Í slíku tilviki skal stjórn greina næsta hluthafafundi frá:
1. Ástæðunum fyrir og markmiðum með öflun hlutanna.
2. Fjölda og nafnverði þeirra hluta sem félagið eignaðist.
3. Hlutfalli hlutanna af hlutafénu.
4. Endurgjaldi fyrir hlutina sem félagið eignaðist.

57. gr.

Ákvæði 55. gr. standa því ekki í vegi að hlutafélag geti eignast eigin hluti:
1. Sem þátt í að lækka hlutafé skv. VII. kafla.
2. Á grundvelli lagaskyldu eða dómsúrskurðar til að vernda minni hluta hluthafa.
3. Til að uppfylla lögmælta innlausnarskyldu sem hvílir á félaginu.
4. Við kaup á nauðungarsölu á hlutum, sem eru að fullu greiddir, til að fullnægja kröfu sem félagið á.

58. gr.

Hlutafélag má því aðeins eignast eigin hluti án endurgjalds að þeir séu að fullu greiddir.

Ákvæði 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, um hluti sem dótturfélag eignast án endurgjalds í móðurfélaginu.

59. gr.

Hluti, sem félag hefur eignast í samræmi við reglur 2.–4. tölul. 57. eða 58. gr., skal það láta af hendi þegar unnt er að gera það án tjóns fyrir félagið og í síðasta lagi þremur árum eftir öflun þeirra nema samanlagt nafnverð félagsins og dótturfélaga þess á hlutum í félaginu fari ekki yfir 10% af hlutafénu.

60. gr.

Hluti, sem félag hefur eignast andstætt ákvæðum 55.–58. gr., skal það láta af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að það eignaðist þá. Hafi félagið með sama hætti tekið hlutina að veði skal veðsetningunni aflétt innan loka sama frests.

61. gr.

Ef hlutir eru ekki látnir af hendi á réttum tíma skv. 59. og 60. gr. ber stjórninni að hlutast til um að lækka hlutafé sem nemur nafnverði þessara hluta, sbr. VII. kafla.

62. gr.

Hlutafélag má ekki skrá sig fyrir eigin hlutum.

Hlutir, sem þriðji aðili hefur skráð sig fyrir í eigin nafni en fyrir reikning félagsins, teljast skráðir fyrir reikning áskriftaraðilans.

Þar sem áskrift er andstæð 1. mgr. teljast stofnendur hafa skráð sig fyrir hlutum fyrir eigin reikning og skulu þeir bera óskipta ábyrgð á kaupverðinu. Sama á við um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra þegar um hækkun hlutafjár er að ræða. Ákvæði 1. og 2. málsl. gilda þó ekki um stofnendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra sem sýna fram á að þeir hafi hvorki vitað né mátt vita að áskriftin að hlutunum var ólögleg.

Ákvæði 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, um áskrift dótturfélags að hlutum í móðurfélaginu. Stjórn og framkvæmdastjórar dótturfélagsins teljast hafa skráð sig fyrir umræddum hlutum á sama hátt og greinir í 3. mgr.

IX. KAFLI
Um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd.

63. gr.

Í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn.

Hluthafafundur kýs stjórn. Í samþykktum er heimilt að veita stjórnvöldum eða öðrum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn. Meiri hluti stjórnar skal þó ætíð kjörinn af hluthafafundi. Þeir stjórnarmenn, sem kosnir eru, skulu allir kosnir á sama fundi.

Við kjör stjórnar má beita meirihlutakosningu, hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu og skal kosið á milli einstaklinga eða lista með nöfnum eins eða fleiri einstaklinga.

Ákveða má í samþykktum hvernig stjórnarmenn skulu kjörnir og framkvæmd kosninganna.

Ef samþykktir kveða ekki á um kosningafyrirkomulag skal kosningin framkvæmd sem meirihlutakosning milli einstaklinga.

Hafi samþykktir ekki að geyma fyrirmæli um framkvæmd kosninga skulu þær framkvæmdar þannig:

a. *Meirihlutakosning*. Sé kosið á milli einstaklinga má nota hvert atkvæði jafnoft og þeir menn eru margir sem kjósa skal. Séu boðnir fram listar hlýtur sá listi, sem fær flest atkvæði, sína menn kjörna.
b. *Hlutfallskosning*. Kjósa má milli lista eða einstaklinga. Sé kosið á milli lista skal til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skrifa atkvæðatölur listanna, hverja fyrir neðan auðkenni hvers lista, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o.s.frv. eftir því hve marga á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á stjórnarmenn, og fær hver listi jafnmarga menn kosna sem hann á af tölum þessum. Séu of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun stjórnarsæta til hans skal gengið fram hjá þeim lista og úthluta til annarra lista eftir sömu reglum og hér hefur verið lýst. Sé kosið á milli einstaklinga má hluthafi skipta atkvæðum sínum í hverjum þeim hlutföllum, sem hann sjálfur kýs, á jafnmarga menn og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.
c. *Margfeldiskosning*. Kosið skal á milli einstaklinga. Gildi hvers atkvæðis skal margfaldað með fjölda þeirra stjórnarmanna sem kjósa skal og má hluthafi skipta atkvæðamagni sínu, þannig reiknuðu, í hverjum þeim hlutföllum, sem hann sjálfur kýs, á jafnmarga menn og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/5 hlutafjárins, krefjast þess skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Í félögum, þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri, geta hluthafar, er ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, einnig gert slíka kröfu. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Nú koma fram kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal vera lokið við lok aðalfundar, í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið.

Ákvæði laganna um stjórnarmenn eiga við um varamenn þeirra.

64. gr.

Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausum. Tilkynningu þar um skal hann senda stjórn félagsins og einnig þeim sem tilnefnt hefur hann hafi hann ekki verið

kjörinn af hluthafafundi. Sá sem kjörið hefur eða tilnefnt stjórnarmann getur vikið honum frá störfum. Gæta verður þó ákvæða 3.–7. mgr. 63. gr. ef hlutfalls- eða margfeldiskosning hefur farið fram þannig að til brottvikningar þurfi meira en ¾ atkvæða í þriggja manna stjórn, meira en ⅘ í fjögurra manna stjórn, meira en ⅚ í fimm manna stjórn, meira en ⅙ í sex manna stjórn, meira en ⅞ í sjö manna stjórn, meira en ⅞ í átta manna stjórn, meira en ⁹⁄₁₀ í níu manna stjórn o.s.frv. Hluthafafundur getur ávallt vikið frá öllum þeim stjórnarmönnum sem hann kaus og látið stjórnarkjör fara fram að nýju.

Ef starfi stjórnarmanns lýkur áður en kjörtímabili er lokið eða hann uppfyllir ekki lengur skilyrði 66. gr. til þess að geta verið í stjórn og enginn varamaður er til þess að koma í hans stað hvílir sú skylda á hinum stjórnarmönnunum að efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtíma hins fyrri eða óska eftir tilnefningu. Ef kjörið heyrir undir hluthafafund er þó unnt að fresta kjöri nýs stjórnarmanns til næsta aðalfundar þar sem stjórnarkjör skal fara fram, svo fremi stjórnin sé ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum sem eftir eru.

Verði félag án stjórnar skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við.

65. gr.

Stjórn skal ráða einn til þrjá framkvæmdastjóra nema kveðið sé á um fleiri framkvæmdastjóra í samþykktum félags.

Meiri hluta stjórnar skulu mynda menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu.

66. gr.

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi nema ráðherra veiti undanþágu frá því. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

67. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu, er þeir gerast stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar, gefa stjórninni skýrslu um hlutaeign sína í félaginu og félögum innan sömu samstæðu. Þá skulu þeir síðar gefa skýrslu um kaup og sölu sína á slíkum hlutum.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar mega ekki misnota aðstöðu sína í viðskiptum með hluti í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu.

68. gr.

Félagsstjórn fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Félagsstjórn og framkvæmdastjóri fara með stjórn félagsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð.

69. gr.

Þegar samstæða hlutafélaga er mynduð skal stjórn móðurfélags tilkynna það stjórn dótturfélags. Stjórn dótturfélags skal gefa móðurfélaginu allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru varðandi mat á fjárhagsstöðu samstæðunnar og starfsemi hennar.

Móðurfélag skal gefa stjórn dótturfélags upplýsingar um málefni sem skipta dótturfélagið máli. Tilkynna skal stjórn dótturfélags fyrirhugaðar ákvarðanir sem skipta dótturfélagið máli áður en endanleg ákvarðanataka fer fram.

70. gr.

Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Þó skal gæta ákvæða 3.–7. mgr. 63. gr. um hlutfalls- og margfeldiskosningu. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem stjórnarformann í því.

Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra. Fund skal og jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess. Framkvæmdastjóri á sæti á fundum félagsstjórnar, þótt ekki sé hann stjórnarmaður, og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fund sitja. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar.

71. gr.

Félagsstjórn er ákvörðunarbær þegar meiri hluti stjórnarmanna sækir fund, svo framarlega sem ekki eru gerðar strangari kröfur í samþykktum félags. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur. Ef stjórnarmaður forfallast vegna veikinda, fjarveru o.þ.h. og valinn hefur verið varamaður skal honum veittur kostur á þátttöku í stjórnarfundum meðan forföllin vara.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, nema samþykktir kveði á um annað. Í samþykktum má kveða svo á að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði eru jöfn.

72. gr.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik.

73. gr.

Í samþykktum má ákveða að auk félagsstjórnar skuli vera fulltrúanefnd. Ef fulltrúanefnd er kjörin skal með ákvæðum í samþykktum nánar kveða á um vald hennar og starfssvið. Hluthafafundur kýs nefndina. Í samþykktum má þó ákveða að einn eða fleiri fulltrúanefnd-

armenn skuli tilnefndir með öðrum hætti, en meiri hluti nefndarinnar skal þó ætíð kjörinn af hluthafafundi.

Minnst fimm menn skulu eiga sæti í fulltrúanefnd. Framkvæmdastjórar og stjórnarmenn mega ekki vera í fulltrúanefnd. Í samþykktum skulu vera nánari ákvæði um nefndina og starfstíma nefndarmanna.

Fulltrúanefndin skal hafa eftirlit með því hvernig félagsstjórn og framkvæmdastjóri ráða málum félagsins, svo og láta aðalfundi í té umsögn um hvort samþykkja beri ársreikninga félagsins og tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar. Fulltrúanefnd skal gefa skýrslu um störf sín á aðalfundi.

Ákvæði þau um stjórn og stjórnarmenn í 64., 66.–67., 70.–72., 79., 104. og 134. gr. eiga við um fulltrúanefnd og nefndarmenn, eftir því sem við á.

74. gr.

Félagsstjórn kemur fram út á við fyrir hönd félags og ritar firma þess.

Félagsstjórn getur veitt stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum heimild til að rita firma félagsins, svo framarlega sem öðruvísi er ekki ákveðið í samþykktum þess. Ákvæði 66. og 72. gr. eiga við um þá er heimild hafa til ritunar firma og ekki eru stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar.

Ritunarréttinn má takmarka á þann hátt að fleiri en einn fari með hann í sameiningu. Aðra takmörkun á ritunarrétti er ekki unnt að skrá.

Félagsstjórn getur hvenær sem er afturkallað heimild sem hún hefur veitt til að rita firma félagsins.

75. gr.

Framkvæmdastjóri getur ávallt komið fram fyrir hönd félagsins í málum sem eru innan verksviðs hans samkvæmt ákvæðum 68. gr.

76. gr.

Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

Félagsstjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir.

77. gr.

Ef sá sem kemur fram fyrir hönd félags samkvæmt ákvæðum 74.–75. gr. gerir löggerning fyrir hönd þess bindur sá gerningur félagið nema:

1. hann hafi farið út fyrir þær takmarkanir á heimild sinni sem ákveðnar eru í lögum þessum,
2. hann hafi farið út fyrir takmarkanir á heimild sinni á annan hátt enda hafi viðsemjandi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn og telja verði ósanngjarnt að viðsemjandinn haldi fram rétti sínum.

Birting tilkynningar skv. 1. mgr. 151. gr. um tilgang félagsins samkvæmt samþykktum þess telst ein og sér ekki nægileg sönnun þess að viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn skv. 2. tölul. 1. mgr. greinar þessarar.

78. gr.

Eftir að kjör eða tilnefning stjórnarmanna eða ráðning framkvæmdastjóra hefur verið birt í Lögbirtingablaðinu í samræmi við 151. gr. getur félagið ekki borið fyrir sig gagnvart þriðja aðila ágalla við kjörið, tilnefninguna eða ráðninguna nema félagið sýni fram á að hann hafi vitað um ágallann.

79. gr.

Aðalfundur ákveður árlega laun stjórnarmanna og fulltrúanefndarmanna.

Félagsstjórn ákveður laun og starfskjör framkvæmdastjóra.

X. KAFLI
Hluthafafundir.

80. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutafélags samkvæmt því sem lög og samþykktir þess ákveða.

Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum.

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls.

81. gr.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en fimm ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla.

82. gr.

Hver hlutur veitir atkvæðisrétt. Í félagssamþykktum má ákveða að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðagildi og hlutir megi jafnvel vera án atkvæðisréttar.

Í félagssamþykktum má ákveða að enginn geti farið með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra nema takmarkaðan hluta samanlagðra atkvæða í félaginu.

Eigin hlutir félags og hlutir, sem dótturfélag á í móðurfélagi, njóta ekki atkvæðisréttar. Slíkir hlutir skulu ekki taldir með þegar krafist er samþykkis allra hluthafa, ákveðins meiri hluta alls hlutafjár eða þess sem farið er með á hluthafafundi.

Óheimilt er hluthafa sjálfum, með umboðsmanni eða sem umboðsmaður fyrir aðra, að taka þátt í atkvæðagreiðslu á hluthafafundi um málsókn gegn honum sjálfum eða um ábyrgð hans gagnvart félaginu. Sama á við um málsókn gegn öðrum eða um ábyrgð annarra ef hluthafi hefur þar verulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að vera andstæðir hagsmunum félagsins.

83. gr.

Hluthafafund skal halda á heimili félags nema félagssamþykktir kveði svo á að fund skuli eða megi halda á öðrum stað. Heimilt er að halda hluthafafund annars staðar ef slíkt er nauðsynlegt af sérstökum ástæðum.

84. gr.

Aðalfund skal halda eftir því sem félagssamþykktir ákveða, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en innan átta mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna. Í móðurfélagi skal enn fremur leggja fram samstæðureikning.

Á aðalfundi skal taka ákvörðun um:

a. Staðfestingu ársreiknings.
b. Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
c. Önnur þau mál sem heyra undir aðalfund samkvæmt félagssamþykktum.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðunum um málefni þau, sem greinir í a- og b-liðum 2. mgr., til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

Félagsstjórn skal sjá um að haldinn verði hluthafafundur innan sex mánaða frá því að eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess. Á hluthafafundinum skal stjórnin gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins og ef þörf krefur leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal um slit félagsins.

85. gr.

Aukafund skal halda þegar félagsstjórn eða fulltrúanefnd telja þess þörf. Boða skal til aukafundar innan 14 daga ef kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, enda sé ekki lægra mark ákveðið í félagssamþykktum, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

86. gr.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

87. gr.

Félagsstjórn annast boðun til hluthafafunda.

Ef félagið hefur enga starfandi stjórn eða félagsstjórn lætur hjá líða að boða til hluthafafundar sem halda skal samkvæmt lögum, félagssamþykktum eða ákvörðun hluthafafundar skal hlutafélagaskrá láta boða til fundarins ef stjórnarmaður, fulltrúanefndarmaður, framkvæmdastjóri, endurskoðandi, skoðunarmaður eða hluthafi krefst þess. Umboðsmaður hlutafélagaskrár skal stýra hluthafafundum sem hlutafélagaskrá hefur látið boða til, sbr. 3. mgr. 90. gr., og er félagsstjórn skylt að afhenda honum hlutaskrá, fundargerðabók og endurskoðunarbók félagsins.

Ríkissjóður greiðir til bráðabirgða kostnað vegna fundarins. Heimilt er þó að setja það skilyrði að sá er biður um boðun til fundar setji tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Félagið ber kostnaðinn endanlega. Greiði félagið ekki reikning innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans glatar fundarbeiðandi þó tryggingarfé sínu en á í þess stað kröfu á félagið.

88. gr.

Boða skal til hluthafafundar lengst fjórum vikum fyrir fund og, sé ekki mælt fyrir um lengri frest í félagssamþykktum, skemmst viku fyrir fund. Sé samþykkt að fresta hluthafafundi um meira en fjórar vikur skal boða til framhaldsfundarins. Ef gildi ákvörðunar hluthafafundar er samkvæmt félagssamþykktum háð samþykki tveggja funda skal boðun til síðari fundarins ekki fara fram fyrr en fyrri fundurinn hefur verið haldinn. Í því fundarboði skal greina ákvörðun fyrri fundarins.

Boða skal til funda með þeim hætti sem félagssamþykktir ákveða. Boðun skal þó vera skrifleg til allra þeirra hluthafa sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá. Boðun skv. 2. mgr. 38. gr. skal þó alltaf vera skrifleg.

Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félags skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar.

89. gr.

Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt máls hafi ekki verið getið í dagskrá er það því ekki til fyrirstöðu að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

90. gr.

Hluthafafundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi hluthafa eða annarra, nema félagssamþykktir kveði á um annað.

Formaður félagsstjórnar eða annar, sem stjórnin nefnir til, setur hluthafafund og stjórnar kjöri fundarstjóra.

Sé boðað til hluthafafundar skv. 2. mgr. 87. gr. ákveður umboðsmaður hlutafélagaskrár fundarstjóra.

Þegar fundur hefur verið settur skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa er fund sækja til þess að ljóst sé hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

91. gr.

Þegar hluthafi krefst þess og slíkt má verða án tjóns fyrir félagið að mati félagsstjórnar skulu félagsstjórn og framkvæmdastjóri leggja fram á hluthafafundi upplýsingar um þau málefni, sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála, er ákvörðun á að taka um á fundinum. Upplýsingaskyldan á einnig við um samband félagsins við félög innan sömu samstæðu.

Ef upplýsingar eru ekki tiltækar á hluthafafundi skulu hluthafar innan fjórtán daga þar frá eiga aðgang að skriflegum upplýsingum hjá félaginu og einnig skulu þær sendar þeim hluthöfum er þess hafa óskað.

92. gr.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi, nema öðruvísi sé mælt í lögum eða félagssamþykktum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu, og ræður þá hlutkesti úrslitum, nema annað sé ákveðið í félagssamþykktum.

93. gr.

Ákvörðun um breytingu félagssamþykkta í öðrum tilvikum en þeim sem nefnd eru í 19., 40., 42., 43., 45., 46., 49., 54. og 124. gr. skal tekin á hluthafafundi. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Ákvörðun skal að öðru leyti uppfylla frekari fyrirmæli er félagssamþykktir kunna að kveða á um, auk hinna sérstöku ákvæða 94. gr.

Samþykkt um breyting á samþykktum hlutafélags skal tilkynnt til hlutafélagaskrár þegar í stað og eigi öðlast breytingin gildi fyrr en hún hefur verið skráð.

94. gr.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á félagssamþykktum verði gildar:

1. Að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða til annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta.
2. Að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu.
3. Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eftir ákvæðum 22. og 23. gr. eða skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess að um slit félagsins sé að ræða.

Ákvörðun um breyting á félagssamþykktum, sem skerðir rétt hluthafa til arðs eða annarrar greiðslu af eignum félagsins án þess þó að 1. tölul. 1. mgr. eigi við, er því aðeins gild að hluthafar, sem ráða yfir meiru en 9/10 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, gjaldi henni jákvæði.

Ákvörðun um breyting á félagssamþykktum, sem raska réttarsambandinu milli hluthafa, er því aðeins gild að þeir hluthafar, sem sæta eiga réttarskerðingu, gjaldi henni jákvæði. Nú eru fleiri en einn hlutaflokkur í félaginu og er þá unnt að gera breytingu á félagssamþykktum sem veldur röskun á réttarsambandinu milli hlutaflokkanna ef hluthafar, sem eiga meira en 9/10 hluta hlutafjár þess hlutaflokks er sæta skal skerðingu og farið er með atkvæði fyrir á fundi og meira en helming þess hlutaflokks í heild, gjalda breytingunni jákvæði.

95. gr.

Hluthafafundur má ekki taka ákvörðun sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

96. gr.

Hluthafi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri getur höfðað mál vegna ákvörðunar hluthafafundar sem hefur verið tekin með ólögmætum hætti eða brýtur í bága við lög þessi eða samþykktir félagsins.

Mál skal höfða innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin, ella telst hún gild. Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við:

a. Þegar ákvörðunin er ólögleg, jafnvel með samþykki allra hluthafa.
b. Þegar krafist er samþykkis allra eða tiltekinna hluthafa til þess að ákvörðun öðlist gildi og slíkt samþykki er ekki fengið.
c. Þegar boðun til hluthafafundar hefur ekki farið fram eða reglna þeirra, sem um fundarboðun gilda, hefur í verulegum atriðum ekki verið gætt.
d. Þegar sá hluthafi, sem höfðað hefur mál, eftir að frestur sá, sem tiltekinn er í 2. mgr., er útrunninn, en þó innan tveggja ára, eftir að ákvörðun var tekin, hefur haft frambærilega ástæðu til að draga málshöfðun og beiting ákvæða 2. mgr. yrði bersýnilega ósanngjörn.

Nú verða úrslit í dómsmáli þau að ákvörðun hluthafafundar telst ógild, og skal þá ómerkja ákvörðunina eða breyta henni. Breyting á ákvörðun hluthafafundar er þó einungis unnt að gera að þess sé krafist og það sé á færi dómsins að ákveða hvers efnis ákvörðunin hefði réttilega átt að vera. Dómur í slíku máli bindur einnig þá hluthafa er ekki hafa staðið að málshöfðun.

Endurrit dóma í slíkum málum skal senda til hlutafélagaskrár og þar skráð niðurstaða þeirra ef ástæða þykir til.

XI. KAFLI
Sérstakar rannsóknir.

97. gr.

Hluthafi getur á aðalfundi eða á öðrum hluthafafundi, þar sem málið er á dagskrá, komið fram með tillögu um að fram fari rannsókn á stofnun félags, tilgreindum atriðum varðandi starfsemi þess eða ákveðnum þáttum bókhalds eða ársreiknings. Hljóti tillagan fylgi hluthafahóps sem ræður yfir minnst 1/4 hlutafjárins getur hluthafi í síðasta lagi einum mánuði frá lokum fundarins farið þess á leit við hlutafélagaskrá að hún tilnefni rannsóknarmenn. Tilmælin skal taka til greina, svo framarlega sem hlutafélagaskrá telur nægilegar ástæður til þeirra. Hlutafélagaskrá skal gefa stjórn félagsins og endurskoðendum þess, og þegar við á þeim sem málið varðar, tækifæri til að láta í ljós álit sitt um kröfuna áður en hún tekur ákvörðun sína. Hlutafélagaskrá ákveður fjölda rannsóknarmanna, en meðal þeirra skulu vera bæði löggiltur endurskoðandi og lögfræðingur.

Ákvæði laga um ársreikninga um hæfisskilyrði, aðstöðu, fundarsetu og upplýsingagjöf til endurskoðenda eða skoðunarmanna gilda einnig um rannsóknarmenn eftir því sem við á.

Rannsóknarmennirnir skulu gefa skriflega skýrslu til hluthafafundar. Þeir skulu fá greidda þóknun frá félaginu og skal hún ákveðin af hlutafélagaskrá.

Skýrsla rannsóknarmanna skal liggja frammi til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins í skemmsta lagi viku fyrir hluthafafund.

XII. KAFLI
Arðsúthlutun, varasjóðir o.fl.

98. gr.

Óheimilt er að úthluta af fjármunum félagsins til hluthafa nema það fari fram eftir reglum um úthlutun arðs, sem endurgreiðsla vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagsslita.

99. gr.

Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Nú nemur varasjóður ekki einum tíunda hluta af hlutafénu og má þá ekki greiða hærri arð en sem nemur þeim hundraðshluta af greiddu hlutafé sem svarar til hæstu vaxta á almennum sparisjóðsreikningum, sbr. og 52. gr.

Í móðurfélagi er óheimilt að úthluta það miklum arði að andstætt sé góðum rekstrarvenjum með tilliti til fjárhagsstöðu samstæðunnar, enda þótt arðsúthlutun sé annars heimil.

100. gr.

Minnst tíu hundraðshluta þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, skal leggja í varasjóð uns hann nemur tíu hundraðshlutum hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm hundraðshlutar þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta hlutafjárins. Í félagssamþykktum er unnt að mæla fyrir um skyldu til hærri framlaga.

Ef félagi hefur verið greitt meira en nafnverð fyrir hluti þegar það var stofnað eða hlutafé þess hækkað skal fé það, sem greitt var umfram nafnverð, lagt í varasjóð, að frádregnum kostnaði af stofnun félagsins eða hækkun hlutafjárins. Einnig skal lagt í varasjóð það fé sem félagið hefur fengið vegna sölu hlutabréfa skv. 44. gr.

Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Nú nemur varasjóður meiru en einum fjórða hluta hlutafjárins og er þá heimilt að nota upphæð þá, sem umfram er, til þess að hækka hlutaféð eða, sé fyrirmæla 53. gr. gætt, til annarra þarfa.

101. gr.

Hluthafafundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Ekki má ákveða að úthluta meiri arði en félagsstjórn leggur til eða samþykkir.

Hluthafar, sem eiga samtals minnst 1/10 hluta hlutafjárins, eiga á aðalfundi kröfu til þess, sé krafan tilkynnt félagsstjórn samkvæmt ákvæðum 86. gr., að aðalfundur taki ákvörðun um að úthluta sem arði fjárhæð sem nemur allt að fjórðungi þess sem eftir stendur af ársbagnaði þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað og það dregið frá sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða sem af öðrum ástæðum er ekki unnt að úthluta sem arði. Þó er ekki unnt að krefjast þess að meiru sé úthlutað en sem nemur tveim hundraðshlutum af eigin fé félagsins.

Gjalddagi arðs skal ekki vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin.

102. gr.

Ef greiðsla til hluthafa hefur farið fram andstætt ákvæðum laga þessara skal hann endurgreiða það sem hann hefur við tekið, með vöxtum er séu jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsreikningum, sbr. 1. mgr. 17. gr. Þetta gildir þó ekki um úthlutun arðs ef hluthafinn hvorki vissi né mátti vita að greiðslan var ólögmæt.

Nú kemur í ljós að fé fæst ekki endurgreitt, og skulu þá þeir sem átt hafa þátt í ákvörðun um greiðsluna, framkvæmd hennar, í gerð eða samþykkt hinna röngu reikningsskila bera ábyrgð eftir ákvæðum 134.–136. gr.

103. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið að gefa af fjármunum félagsins til almenningsheilla, mannúðarmála eða í hliðstæðum tilgangi, að svo miklu leyti sem slíkt telst hæfilegt með hliðsjón af tilganginum með gjöfinni, fjárhagsstöðu félagsins, svo og atvikum að öðru leyti.

Félagsstjórn er heimilt að verja smávægilegum fjárhæðum, miðað við fjárhagsstöðu félagsins, í sama skyni sem um getur í 1. mgr.

104. gr.

Hlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá. Félagi er einnig óheimilt

að veita þeim lán eða setja fyrir þann tryggingu sem giftur er eða í óvígðri sambúð með aðila skv. 1. málsl. eða er skyldur honum að feðgatali eða niðja ellegar stendur hlutaðeigandi að öðru leyti sérstaklega nærri. Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

Hlutafélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða einkahlutafélag. Hlutafélag má heldur ekki leggja fram fé né setja tryggingu í tengslum við slík kaup.

Trygging félagsins, sem sett er fyrir áðurnefnda aðila í bága við ákvæði 1. og 2. mgr., er þó bindandi nema viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita að tryggingin hafi verið sett andstætt þessum ákvæðum.

Ef félagið hefur innt af hendi greiðslur í tengslum við ráðstafanir sem eru andstæðar 1. og 2. mgr. skal endurgreiða þær með dráttarvöxtum.

Ef ekki er unnt að endurgreiða féð eða afturkalla tryggingu eru þeir sem gerðu eða framkvæmdu síðar ráðstafanir skv. 1. og 2. mgr. ábyrgir fyrir tapi félagsins.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um lán eða framlag til móðurfélags og tryggingu fyrir skuldbindingum móðurfélags.

Ákvæðum 1. og 2. mgr. verður ekki beitt um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir.

Í gerðabók félagsstjórnar skal getið sérhvers láns, framlags og tryggingar samkvæmt þessari grein.

XIII. KAFLI
Félagsslit.

105. gr.

Félagsstjórn er skylt að afhenda bú félags til gjaldþrotaskipta eftir því sem mælt er fyrir í ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Standi eignir eftir við gjaldþrotaskipti að greiddum kröfum lánardrottna skal skipta þeim milli hluthafa í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema samþykktir félags kveði á um aðra skipan. Lögmætur hluthafafundur getur þó ákveðið að halda starfsemi félagsins áfram að fullnægðum lögmæltum skilyrðum til þess.

106. gr.

Hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/5 hluta hlutafjár, geta krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Sé þess krafist fyrir dómi af hálfu félagsins má í dómi ákveða að í stað félagsslita geti félagið innan frests og fyrir verð, sem ákveðið er í dóminum, leyst til sín hluti þeirra hluthafa sem félagsslita hafa krafist skv. 1. mgr.

107. gr.

Bú hlutafélags skal tekið til skipta samkvæmt kröfu hlutafélagaskrár:

1. Þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í lögum en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.
2. Ef hluthafar verða færri en tveir enda sé eigi úr bætt innan þriggja mánaða.
3. Ef félagið tilkynnir ekki hlutafélagaskrá um stjórn eða stjórnarmenn, sem fullnægja lögákveðnum skilyrðum, innan árs frá lokum lögmælts frests til þess eða hefur ekki framkvæmdastjóra, sbr. 65. gr.

4. Þegar endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár, sbr. þó ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum.
5. Ef hlutafélagaskrá neitar um eða fellir úr gildi löggildingu skilanefndar skv. 4.–6. mgr. 111. gr.

Bú hlutafélags skal tekið til skipta samkvæmt kröfu hluthafa:

1. Þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í samþykktum þess en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.
2. Hafi krafa skv. 1. mgr. 106. gr. verið tekin til greina með dómi.

Bú hlutafélags skal tekið til skipta samkvæmt kröfu félagsstjórnar hafi hluthafar, er ráða yfir minnst 2/3 hlutum heildarhlutafjár félagsins, samþykkt að slíta félaginu á þennan hátt eða skilyrðum 2. mgr. 110. gr. fyrir skipun skilanefndar er ekki fullnægt.

108. gr.

Ef hlutafélagaskrá telur að hlutafélag hafi hætt störfum, félagið er án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skoðunarmanns eða það sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar skal skráin senda þeim sem eru eða ætla má að séu í fyrirsvari fyrir félagið samkvæmt skráningu þess ellegar síðasta skráðum stjórnarformanni eða stjórnarmönnum aðvörun þess efnis að félagið verði afskráð úr hlutafélagaskrá komi ekki fram upplýsingar innan þess frests sem skráin setur er veiti líkur fyrir því að félagið starfi enn.

Berist ekkert svar eða ekki fullnægjandi svar innan tilskilins frests skal aðvörun um afskráningu til fyrirsvarsmanna félagsins og annarra, sem hagsmuna eiga að gæta, birt einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Berist ekki fullnægjandi svar eða athugasemdir innan þess frests sem þar er tiltekinn má fella skráningu hlutafélagsins niður.

Innan árs frá afskráningu geta hluthafar eða lánardrottnar gert þá kröfu að bú hlutafélagsins verði tekið til skipta í samræmi við 109. gr. Jafnframt má hlutafélagaskrá breyta skráningu þannig að afskráð félag sé skráð á nýjan leik enda berist beiðni þar að lútandi innan árs frá afskráningu samkvæmt þessari grein og sérstakar aðstæður réttlæti endurskráninguna. Ekki má ráðstafa heiti félagsins á þessum tíma.

Þótt hlutafélag hafi verið fellt niður af hlutafélagaskrá samkvæmt þessari grein breytir það í engu persónulegri ábyrgð er stjórnar- eða félagsmenn kunna að vera í vegna skuldbindinga félagsins.

109. gr.

Þegar héraðsdómara hefur borist krafa um skipti skv. 1. eða 2. mgr. 107. gr. eða 108. gr. skal hann fara með hana eftir fyrirmælum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. um meðferð kröfu lánardrottins um að bú skuldara verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Héraðsdómari skal kveða upp úrskurð um hvort orðið verði við kröfu um að bú hlutafélags verði tekið til skipta. Sé krafan tekin til greina skal farið með búið eftir fyrirmælum laga um skipti á dánarbúum o.fl. um meðferð dánarbús þar sem erfingjar taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum þess látna að öðru leyti en því að hluthafar njóta ekki þeirrar stöðu sem erfingjar njóta við slík skipti fyrr en leitt er í ljós eftir lok kröfulýsingarfrests að eignir búsins muni hrökkva fyrir skuldum.

110. gr.

Hafi hluthafar, er ráða yfir minnst 2/3 hlutum heildarhlutafjár félags, tekið um það ákvörðun á hluthafafundi að félaginu skuli slitið, og æskja þess ekki að skipti fari að hætti 3. mgr. 107. gr., skal félagsstjórn þegar láta gera efnahags- og rekstrarreikning fyrir félagið.

Reikningi þessum skal fylgja álitsgerð löggilts endurskoðanda um hvort eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Innan mánaðar frá því að hluthafafundur hefur tekið ákvörðun um félagsslit skv. 1. mgr. skal haldinn nýr hluthafafundur þar sem reikningar skv. 1. mgr. skulu lagðir fram. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum skal á fundinum kosin skilanefnd. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi ekki svo víst sé fyrir skuldum þess skal félagsstjórn óska eftir skiptum á búi félagsins skv. 3. mgr. 107. gr.

111. gr.

Í skilanefnd skulu kosnir hlutfallskosningu hið minnsta tveir, en hið mesta fimm menn. Hluthafahópi, er ræður yfir minnst 1/3 hluta heildarhlutafjár, er rétt að ráða vali eins skilanefndarmanns.

Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða löggiltur endurskoðandi.

Þegar er kosin hefur verið skilanefnd skal hún tilkynna hlutafélagaskrá um ákvörðun um slit félagsins og kosningu sína og óska eftir löggildingu hlutafélagaskrár á starfa sínum. Er löggilding hefur fengist tekur skilanefnd við réttindum og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.

Hlutafélagaskrá er rétt að synja um löggildingu skilanefndar ef fyrirliggjandi gögn bera ekki með sér að réttilega hafi verið staðið að ákvörðun um félagsslit eða kjöri skilanefndar eða vafasamt þykir að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Óski maður, sem hlotið hefur löggildingu til starfa í skilanefnd, lausnar frá starfi sínu eða andist skilanefndarmaður áður en hún hefur lokið störfum skal skilanefnd tafarlaust tilkynna það hlutafélagaskrá og boða innan eins mánaðar til hluthafafundar til að kjósa nýjan mann í hans stað. Sé ekki leitað löggildingar nýs skilanefndarmanns án ástæðulausrar tafar er hlutafélagaskrá heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Telji hlutafélagaskrá að ástæðulaus dráttur hafi orðið á starfi skilanefndar eða að hún hafi á annan hátt brotið skyldur sínar skal skráin veita henni áminningu og frest til úrbóta. Sé málum ekki komið í rétt horf innan slíks frests er hlutafélagaskrá heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Skilanefndarmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn hluthöfum og lánardrottnum félagsins allt tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

112. gr.

Þegar er skilanefnd hefur verið löggilt skal hún láta birta tvívegis í Lögbirtingablaði auglýsingu um félagsslitin ásamt áskorun til lánardrottna um að þeir lýsi kröfum sínum á hendur félaginu til skilanefndar innan tveggja mánaða frá því að auglýsingin birtist fyrra sinni. Réttaráhrif slíkrar innköllunar skulu vera hin sömu og við gjaldþrotaskipti á búi hlutafélags.

Í auglýsingu skv. 1. mgr. skal skilanefnd boða til fundar með lánardrottnum félags og hluthöfum til þess að fjalla um kröfur á hendur félaginu og skal sá fundur haldinn innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests.

Löggilding skilanefndar og innköllun krafna breyta ekki rétti lánardrottna til að leita fullnustu krafna sinna samkvæmt almennum reglum.

Um kröfur á hendur félaginu og gagnkvæma samninga þess skulu gilda ákvæði XV. og XVI. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við á.

113. gr.

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal skilanefnd gera skrá um þær kröfur sem henni hafa borist. Skal hún láta í ljós álit sitt á því hvort eða að hversu miklu leyti hún telji að viðurkenna skuli hverja kröfulýsingu eða kröfu. Telji skilanefnd ekki unnt að viðurkenna kröfulýsingu eða kröfu að öllu leyti eins og henni hefur verið lýst skal hún tilkynna hlutaðeigandi kröfuhafa um það á sannanlegan hátt og boða hann sérstaklega til þess fundar þar sem fjallað verður um lýstar kröfur.

Komi ekki andmæli fram gegn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á lýstum kröfum á fundi sem haldinn er til umfjöllunar um lýstar kröfur skal afstaða hennar teljast endanlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi.

Andmæli lánardrottinn afstöðu skilanefndar til viðurkenningar á kröfulýsingu eða kröfu sinni eða sæti krafa andmælum af hendi annars lánardrottins eða hluthafa og ekki er á fundinum leystur ágreiningur þeirra skal skilanefnd þegar í stað vísa honum til úrlausnar héraðsdómara á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um hann.

Berist skilanefnd krafa eftir lok kröfulýsingarfrests skulu um meðferð hennar gilda ákvæði 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við á.

Telji skilanefnd orka tvímælis að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess að loknum kröfulýsingarfresti skal hún án tafar afhenda bú þess til gjaldþrotaskipta. Skal þá auglýst tvívegis í Lögbirtingablaði að búið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta en innköllun skilanefndar og kröfulýsingarfrestur skv. 1. mgr. 112. gr. skal vera endanlegur við gjaldþrotaskiptin. Að öðru leyti gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. um skiptin.

Sé bú hlutafélags tekið til gjaldþrotaskipta með þeim hætti er segir í 5. mgr. skal við búsmeðferð telja frestdag þann dag sem hluthafafundur hefur ákveðið félagsslit skv. 1. mgr. 110. gr. en úrskurðardag eða upphafsdag skipta þann dag sem skilanefnd hefur hlotið löggildingu hlutafélagaskrár.

114. gr.

Þegar að loknum fundi skv. 113. gr., og þegar nægilegum eignum félagsins hefur verið komið í verð, skal skilanefnd greiða viðurkenndar kröfur á hendur félaginu. Skal hún taka frá fé til greiðslu umdeildra krafna.

Skilanefnd skal eftir þörfum boða hluthafa til fundar um tilhögun á slitum félagsins.

Þegar lokið er greiðslu krafna og fé hefur verið sérgreint til greiðslu umdeildra krafna skv. 1. mgr., og þegar fram er komin afstaða hluthafa til þess að hverju leyti eignum félagsins skuli komið í verð, skal skilanefndin gera frumvarp til úthlutunargerðar til hluthafa og lokareikninga félagsins. Greiðslur til hluthafa skulu vera í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félagsins.

Skilanefnd skal boða til hluthafafundar til umfjöllunar um lokareikninga og frumvarp til úthlutunargerðar. Sé frumvarpi ekki andmælt eða athugasemdir gerðar við reikninga skal skilanefnd greiða hluthöfum eða afsala þeim eignum í samræmi við frumvarpið.

115. gr.

Hafi skilanefnd ekki lokið störfum innan eins árs frá löggildingu skal hún gera hlutafélagaskrá skriflega grein fyrir ástæðum þess og síðan tvívegis á ári hverju þar til hún lýkur störfum.

Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar sem farið yrði með við gjaldþrotaskipti eftir sérreglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal skilanefnd tafarlaust beina ágreiningsefninu til héraðsdómara sem kveður upp úrskurð um ágreininginn. Um málskot slíkra úrskurða gilda almennar reglur.

116. gr.

Ef lánardrottinn eða hluthafi vitjar ekki fjár sem í hlut hans á að koma við félagsslitin eða ef ágreiningur um réttmæti kröfu skv. 3. mgr. 113. gr. er óleystur við úthlutun skilanefndar skal skilanefnd leggja viðkomandi fjárhæð á geymslureikning í innlánsstofnun sem heimild hefur til að taka við geymslufé. Sé fjárins ekki vitjað innan tíu ára, eftir atvikum frá lyktum ágreinings um kröfu lánardrottins að telja, skal það renna til ríkissjóðs.

Þegar skilanefnd hefur lokið úthlutun til hluthafa eða lagt fé á geymslureikninga skv. 1. mgr. skal hún tilkynna hlutafélagaskrá um lok starfa sinna og afhenda henni lokareikninga félagsins, úthlutunargerð sína, kvittanir þeirra er við greiðslum hafa tekið og skilríki fyrir geymslureikningum, svo og öll skjöl og bækur félagsins.

Skilanefnd skal auglýsa í Lögbirtingablaði um lok starfa sinna og hver málalok hafi orðið.

117. gr.

Þegar lokið hefur verið greiðslu krafna á hendur félaginu eða fé til greiðslu umdeildra krafna hefur verið lagt á geymslureikning getur hluthafafundur ákveðið að starfi skilanefndar skuli lokið og að félagið taki upp starfsemi á ný ef hluthafar, sem ráða yfir minnst $^2/_3$ hlutum heildarhlutafjár, eru því samþykkir. Skal tilkynna hlutafélagaskrá um samþykktina en ekki er heimilt að hefja á ný starfsemi fyrr en samþykktin hefur verið skráð og félagið fullnægir lögmæltum skilyrðum að öðru leyti.

118. gr.

Komi fram eignir félags eftir að skilanefnd hefur lokið störfum, eða verði þau málalok á ágreiningi um réttmæti kröfu lánardrottins að fé, sem lagt hefur verið á geymslureikning vegna kröfunnar, notist ekki að öllu leyti til greiðslu hennar, skal skilanefnd taka upp starf sitt á ný án innköllunar og úthluta eignum í samræmi við upphaflega úthlutunargerð sína. Um lok framhaldsskipta gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 116. gr.

Sé þess ekki kostur að skilanefnd annist um framhaldsskipti skv. 1. mgr. skal hlutafélagaskrá löggilda án tilnefningar einn eða fleiri menn í sérstaka skilanefnd til að annast framhaldsskiptin.

XIV. KAFLI
Samruni, breyting hlutafélags í einkahlutafélag og skipting.

Samruni.

119. gr.

Ákvæði þessa kafla um samruna gilda þegar hlutafélagi er slitið án skuldaskila með þeim hætti að félagið er algerlega sameinað öðru hlutafélagi með yfirtöku eigna og skulda (samruni með yfirtöku) og þegar tvö eða fleiri hlutafélög renna saman í nýtt hlutafélag (samruni með stofnun nýs félags).

Ef einkahlutafélag er yfirtekið við samruna gilda ákvæði XIV. kafla laga um einkahlutafélög um slit þess félags.

120. gr.

Félagsstjórnir samrunafélaganna skulu gera og undirrita í sameiningu samrunaáætlun sem skal geyma upplýsingar og ákvæði um:

1. Heiti og form félaganna, þar á meðal hvort heiti eða hugsanlegt aukheiti eigi að haldast sem aukheiti í yfirtökufélaginu.
2. Heimilisfang félaganna.

3. Endurgjald fyrir hlutina í yfirtekna félaginu.
4. Frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veiti rétt til arðs.
5. Hvaða réttindi hugsanlegir eigendur hluta og skuldabréfa með sérstökum réttindum í yfirtekna félaginu fá í yfirtökufélaginu.
6. Aðrar hugsanlegar ráðstafanir til hagsbóta eigendum þeirra hluta og skuldabréfa sem um ræðir í 5. tölul.
7. Afhendingu hlutabréfa fyrir hluti sem látnir eru í té sem greiðsla.
8. Frá hvaða tímamarki réttindum og skyldum yfirtekna félagsins skuli reikningslega teljast lokið, sbr. 2. mgr. 121. gr.
9. Einhver sérstök hlunnindi sem stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og fulltrúanefndarmenn, matsmenn skv. 122. gr. og eftirlitsaðilar félaganna njóta.
10. Drög að samþykktum ef mynda á nýtt félag við samrunann.

121. gr.

Félagsstjórn í hverju félaganna um sig skal semja greinargerð þar sem samrunaáætlunin er skýrð og rökstudd. Í greinargerðinni skal fjalla um ákvörðun endurgjalds fyrir hlutina, þar á meðal sérstök vandkvæði er tengjast ákvörðuninni.

Greinargerðinni skal fylgja endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur sem sýnir allar eignir og skuldir í hverju félaganna um sig, þær breytingar sem álitið er að samruninn muni hafa í för með sér og drög að upphafsefnahagsreikningi yfirtökufélagsins. Ákvæði laga um ársreikninga gilda, eftir því sem við á, um upphafsreikninginn og skýringar í honum. Uppsetning sameiginlega efnahags- og rekstrarreikningsins fyrir félögin skal miða við uppgjörsdag sem má ekki vera meira en sex mánuði fyrir undirritun samrunaáætlunarinnar.

122. gr.

Í hverju samrunafélaganna um sig skulu einn eða fleiri óháðir, sérfróðir matsmenn, sbr. 1. mgr. 7. gr., gera skýrslu um samrunaáætlunina. Félögin geta haft einn eða fleiri sameiginlega matsmenn.

Eftir því sem við á gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 7. gr. um samband matsmannanna við viðkomandi félög.

Skýrslan skal geyma yfirlýsingu um að hve miklu leyti endurgjaldið fyrir hlutina í yfirtekna félaginu sé sanngjarnt og efnislega rökstutt. Yfirlýsingin á að lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins. Í yfirlýsingunni skal enn fremur greina það verð sem aðferðirnar leiða hver um sig til, svo og hvaða innbyrðis þýðingu leggja skal í aðferðir við verðákvörðun. Hafi verðákvörðunin verið sérstökum erfiðleikum bundin skal gera grein fyrir þeim í yfirlýsingunni.

Matsmennirnir skulu enn fremur gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

123. gr.

Í síðasta lagi einum mánuði eftir undirritun samrunaáætlunarinnar skal hvert samrunafélaganna senda hlutafélagaskrá endurrit af samrunaáætluninni, staðfest af félagsstjórn. Einnig skal þá eða síðar senda hlutafélagaskrá yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr., sbr. 124. gr.

Upplýsingar um móttöku skjala, sem um ræðir í 1. mgr., skal birta skv. 1. mgr. 151. gr. Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 122. gr. að samruninn kunni að rýra

möguleika lánardrottna á fullnustu skulu í tilkynningu vera upplýsingar þar að lútandi og athygli lánardrottna vakin á rétti þeirra skv. 122. og 126. gr.

124. gr.

Ákvörðun um samruna í yfirteknu félagi tekur hluthafafundur í samræmi við ákvæði 93. gr. og nánari reglur sem félagssamþykktir kunna að geyma um félagsslit eða samruna, sbr. þó 129. gr. Ef félag er til félagsslitameðferðar má því aðeins ákveða samruna að úthlutun til hluthafa sé ekki hafin og hluthafafundurinn ákveði samtímis að starfi skilanefndar skuli lokið.

Ákvörðun um samruna í yfirtökufélagi tekur félagsstjórn nema hluthafafundur þurfi að gera breytingar á samþykktunum að öðru leyti en snertir heiti yfirtökufélagsins. Hluthafafundur tekur enn fremur ákvörðun ef hluthafar, sem eiga 5% af hlutafénu eða meira, sbr. þó 3. mgr., krefjast þess skriflega innan tveggja vikna frá því að móttaka á samrunaáætlun hefur verið auglýst skv. 1. mgr. 151. gr. Ákvörðun skal í slíku tilviki tekin með þeim meiri hluta er greinir í 93. gr. Félagsstjórn boðar til hluthafafundar innan tveggja vikna frá móttöku kröfunnar.

Í yfirtökufélaginu tekur hluthafafundur enn fremur ákvörðun um samruna ef þeir hluthafar, sem geta samkvæmt samþykktum félagsins og í samræmi við 85. gr. krafist hluthafafundar, fara fram á það. Ákvæði 3. og 4. málsl. 2. mgr. gilda eftir því sem við á.

Hluthafafund má í fyrsta lagi halda mánuði eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunarinnar skv. 123. gr. og yfirlýsingu matsmannanna skv. 4. mgr. 122. gr. Sé samruninn ekki samþykktur á grundvelli slíkrar samrunaáætlunar telst tillagan fallin.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundinn skulu eftirfarandi skjöl lögð fram til skoðunar fyrir hluthafa á skrifstofu hvers samrunafélags um sig og enn fremur látin hverjum skráðum hluthafa í té án endurgjalds samkvæmt beiðni:

1. Áætlun um samruna.
2. Ársreikningar allra samrunafélaganna síðustu þrjú árin eða styttri tíma hafi félag starfað skemur.
3. Efnahags- og rekstrarreikningur fyrir liðinn hluta yfirstandandi reikningsárs áður en upphafsefnahagsreikningur, sem getið er í 2. mgr. 121. gr., er gerður fyrir yfirtökufélagið.
4. Greinargerð stjórnar, þar á meðal sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur og upphafsefnahagsreikningur, sbr. 2. mgr. 121. gr.
5. Skýrsla matsmanna og yfirlýsing skv. 122. gr.

Lánardrottnar, sem þess óska, skulu fá upplýsingar um ákvörðunartökudag skv. 1.–3. mgr.

125. gr.

Hluthafar í einu eða fleiri yfirteknum félögum geta krafist skaðabóta af viðkomandi félagi ef þeir hafa gert fyrirvara um það á hluthafafundinum enda sé endurgjald fyrir hlutina hvorki sanngjarnt né efnislega rökstutt, sbr. 3. mgr. 122. gr. Mál skal í þessu tilviki höfða í síðasta lagi tveimur vikum eftir að samruni hefur verið ákveðinn í öllum samrunafélögum.

126. gr.

Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 122. gr. að möguleikar lánardrottna til fullnustu versni við samruna geta lánardrottnar að kröfum, sem hafa stofnast fyrir birtingu tilkynningar um samrunaáætlunina skv. 123. gr. og ekki hefur verið sett sérstök trygging fyrir, lýst þessum kröfum sínum innan mánaðar frá töku ákvörðunar um samruna í öllum samrunafélögunum.

Krefjast má greiðslu á lýstum kröfum sem eru gjaldfallnar og jafnframt má krefjast þess að sett verði fullnægjandi trygging fyrir lýstum, ógjaldföllnum kröfum.

Sé ekki sýnt fram á hið gagnstæða telst ekki nauðsynlegt að setja tryggingu skv. 2. mgr. ef innlausn krafnanna er tryggð á grundvelli ákvæða sérlaga um samrunafélögin.

Rísi ágreiningur milli félags og lánardrottna, sem kröfum hafa lýst, um það hvort setja beri tryggingu eða framboðin trygging sé nægileg geta báðir aðilar innan tveggja vikna frá kröfulýsingu lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins.

Lánardrottnum er óheimilt að afsala sér á bindandi hátt rétti til að krefjast tryggingar skv. 2. mgr. í samningi þeim sem liggur til grundvallar kröfunni.

127. gr.

Yfirteknu félagi telst slitið, og réttindi þess og skyldur teljast runnar í heild sinni til yfirtökufélags, þegar:

1. Samruninn hefur verið samþykktur í öllum samrunafélögunum.
2. Skilyrðum 5. mgr. er fullnægt.
3. Kröfur skv. 125. gr. hafa verið útkljáðar nema sett sé fullnægjandi trygging fyrir þeim.
4. Kröfur skv. 126. gr. hafa verið útkljáðar.

Um leið og skilyrði 1. mgr. eru uppfyllt verða þeir hluthafar í yfirteknu félagi, er fá greiðslu í hlutum, hluthafar í yfirtökufélagi.

Eigi samrunafélögin hluti í yfirteknu félagi er ekki unnt að skipta þeim í hluti í yfirtökufélaginu.

Ákvæði 38. gr. gilda ekki um hlutafjárhækkun í yfirtökufélaginu á grundvelli eigna og skulda í yfirtekna félaginu.

	---- Önnur:	
8703.3241	----- Ný	0
8703.3249	----- Notuð	0
	--- Með meira en 2000 cm^3 til og með 2500 cm^3 sprengirými:	

8703.3250	---- Fjórhjól	0
	---- Önnur:	
8703.3291	----- Ný	0
8703.3299	----- Notuð	0
	-- Með meira en 2500 cm^3 sprengirými:	
	--- Með meira en 2500 cm^3 til og með 3000 cm^3 sprengirými:	
8703.3310	---- Fjórhjól	0
	---- Önnur:	
8703.3321	----- Ný	0
8703.3329	----- Notuð	0
	--- Með meira en 3000 cm^3 sprengirými:	
8703.3330	---- Fjórhjól	0
	---- Önnur:	
8703.3391	----- Ný	0
8703.3399	----- Notuð	0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 143. gr. tollalaga nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum til að öðlast gildi þegar í stað og tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytið, 8. mars 1995.

F. h. r.
Bjarnveig Eiríksdóttir.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

3. mars 1995 Nr. 39

LÖG

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

262. gr. laganna orðast svo:

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn 1., 2. eða 5. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 2. mgr. 22. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, 1., 2. eða 7. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. og 11. gr. laga um tryggingagjald, og gegn 1. eða 6. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Heimilt er að dæma fésekt að auki samkvæmt þeim ákvæðum skattalaga er fyrr greinir.

Sömu refsingu skal sá sæta sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn 3. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, 2. mgr. 40. gr. laga

um virðisaukaskatt, 37. og 38. gr., sbr. 36. gr., laga um bókhald eða 83.–85. gr., sbr. 82. gr., laga um ársreikninga, þar á meðal til þess að leyna auðgunarbroti sínu eða annarra.

Verknaður telst meiri háttar brot skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar ef brotið lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög saknæmi brotsins, svo og ef maður, sem til refsingar skal dæma fyrir eitthvert þeirra brota sem getur í 1. eða 2. mgr., hefur áður verið dæmdur sekur fyrir sams konar brot eða eitthvert annað brot sem undir þau ákvæði fellur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

Gjört í Reykjavík, 3. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 40 2. mars 1995

LÖG

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Eigi skal skrá aðila samkvæmt þessari grein ef samanlagðar tekjur hans af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar, þar með talið vegna kaupa varanlegra rekstrarfjármuna. Þó á aðili rétt á skráningu ef hann sýnir fram á að kaup á fjárfestingarvörum standa í beinu sambandi við framleiðslu vöru til sölu í atvinnuskyni á síðari rekstrarárum.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skráningu, þar með talið um afturvirka skráningu til allt að sex ára og um tryggingu vegna skráningar skv. 2. málsl. 5. mgr.

2. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna, sbr. 17. gr. laga nr. 122/1993, orðast svo:

Bílaleigum og tryggingafélögum, sem vegna starfsemi sinnar hafa keypt notuð ökutæki, er heimilt að ákvarða skattverð skv. 1. mgr. við endursölu þeirra.

3. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þeir aðilar, sem um ræðir í 1. mgr. 10. gr., geta við skil á virðisaukaskatti dregið frá reiknuðum útskatti á hverju uppgjörstímabili 19,68% af neikvæðum mismun á söluverði og innkaupsverði seldra ökutækja á viðkomandi uppgjörstímabili, enda eigi formskilyrði 3. mgr. 10. gr. við um söluna að öðru leyti.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað „51/1968“ í 1. mgr. kemur: 145/1994.

b. 2. mgr. orðast svo:

Allar bækur, uppgjör og gögn, er varða virðisaukaskattsskil, skal varðveita í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en þrjú ár frá lokum viðkomandi reikningsárs enda liggi fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.

5. gr.

5. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Skattskyldir aðilar, sem ekki færa bókhald samkvæmt lögum nr. 145/1994, um bókhald, skulu færa sérstakt bókhald yfir hin skattskyldu viðskipti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun slíks bókhalds.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstalnanna „2%“ og „20%“ í 2. mgr. kemur: 1% og 10%.

b. Í stað „51/1968“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: 145/1994.

7. gr.

Í stað orðanna „flokk 0“ í 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: flokk 1.

8. gr.

3. mgr. 43. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 106/1990, orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlendis við kaup á vörum eða þjónustu. Endurgreiðsla samkvæmt þessari málsgrein getur eingöngu tekið til virðisaukaskatts af þeim aðföngum sem virðisaukaskattsskyldir aðilar geta talið til innskatts, sbr. 15. og 16. gr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða III í 33. gr. laga nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum:

a. Í stað ártalsins „1992“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 1993.

b. Í stað orðanna „og allt að 14% af fjárfestingu á árinu 1992“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: allt að 14% af fjárfestingu á árinu 1992 og allt að 17% af fjárfestingu á árinu 1993.

c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Jafnframt er heimilt að leiðrétta virðisaukaskattsskil ársins 1993 hjá aðilum sem skráðir voru frjálsri skráningu á grundvelli reglugerðar nr. 487/1992.

d. Á eftir ártalinu „1996“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: vegna fjárfestingar á árunum 1990–1992.

e. Í stað 2. málsl. 2. mgr. koma þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Leiðrétting vegna fjárfestingar á árinu 1993 skal gerð með jöfnum fjárhæðum á árunum 1995 og 1996. Heildarkostnaður ríkissjóðs vegna leiðréttingar á árunum 1994–1996 skal að hámarki nema 75 milljónum króna vegna fjárfestingar á árunum 1990–1992 en að hámarki 10 milljónum króna vegna fjárfestingar á árinu 1993. Leiðrétting hvers árs samkvæmt þessari heimild skal háð því skilyrði að aðili hafi haft með höndum skattskylda útleigu á gistirými fram að þeim tíma er til endurgreiðslu kemur.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Nr. 41 7. mars 1995

LÖG

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „45“ í töflu í 1. mgr. kemur : 40.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., sem orðast svo:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ökutæki, sem knúin eru dísilolíu, raðast í gjaldflokka með eftirfarandi hætti: Í gjaldflokk I ef sprengirými aflvélar er á bilinu 0–1900 rúmsentimetrar, í gjaldflokk II ef sprengirými aflvélar er á bilinu 1901–2500 rúmsentimetrar, í gjaldflokk III ef sprengirými aflvélar er á bilinu 2501–3000 rúmsentimetrar og í gjaldflokk IV ef sprengirými aflvélar er yfir 3000 rúmsentimetrar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. Við bætist nýr töluliður er verður 1. tölul., en töluröð síðari tölulíða breytist samkvæmt því. Orðast hann svo: 5% vörugjald: Hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 farþega eða fleiri að meðtöldum ökumanni.
b. e-liður 2. tölul. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 5. gr. laganna:

a. Við bætist nýr töluliður, er verður 11. tölul., sem orðast svo: Hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 10–17 farþega að meðtöldum ökumanni. Ekki er þó heimilt að lækka gjald af bifreiðum þessum niður fyrir 20%.
b. Við bætist nýr töluliður, er verður 12. tölul., sem orðast svo: Fólksbifreiðar sem falla í gjaldflokk II skv. 3. gr. og ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum. Ekki er þó heimilt að lækka gjald af bifreiðum þessum niður fyrir 30%.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Orðið „innfluttum“ fellur brott.
b. Í stað orðsins „sex“ kemur: tólf.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða hópferða- og sérleyfishöfum og fjármögnunarleigum allt að tveimur þriðju hlutum vörugjalds á hópferðabifreiðar fyrir 18 farþega eða fleiri að meðtöldum ökumanni og allt að einum þriðja hluta vörugjalds á hópferðabifreiðar fyrir 10–17 farþega að meðtöldum ökumanni sem lagt var á samkvæmt lögum þessum á tímabilinu frá 1. júlí 1993 til 1. mars 1995. Endurgreiðslan skal þó takmörkuð við þann hluta vörugjaldsins sem ekki hefur verið afskrifaður.

Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, m.a. um skilyrði og fyrirkomulag endurgreiðslu.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

6. mars 1995 Nr. 42

LÖG

um breyting á refsiákvæðum nokkurra skattalaga.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

107. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, orðast svo:

Skýri skattskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt sinn eða eignarskatt skal hann greiða fésekt allt að tífaldri skattfjárhæð af þeim skattstofni sem undan var dreginn og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni. Skattur af álagi skv. 106. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hafi skattskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að telja fram til skatts varðar það brot fésektum er aldrei skulu nema lægri fjárhæð en tvöfaldri skattfjárhæð af þeim skattstofni sem á vantar ef áætlun reyndist of lág við endurreikning skatts skv. 2. mgr. 96. gr. laganna og skal þá skattur af álagi dragast frá sektarfjárhæð skv. 106. gr. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. hegningarlaga.

Skýri skattskyldur maður rangt eða villandi frá einhverjum þeim atriðum er varða framtal hans má gera honum sekt þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslu.

Verði brot gegn 1. eða 2. mgr. ákvæðisins uppvíst við skipti dánarbús skal úr búinu greiða fésekt allt að fjórfaldri skattfjárhæð af þeim skattstofni sem undan var dreginn og aldrei lægri fésekt en nemur þessari skattfjárhæð að viðbættum helmingi hennar. Skattur af álagi skv. 106. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Sé svo ástatt sem í 3. mgr. segir má gera búinu sekt.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi skattframtöl annarra aðila eða aðstoðar við

ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. mgr. þessarar greinar.

Hafi maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að gegna skyldu sinni samkvæmt ákvæðum 91., 92. eða 94. gr. skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

2. gr.

30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, orðast svo:

Skýri gjaldskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil hans skal hann greiða fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hver sá launagreiðandi sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil sín, hefur ekki haldið eftir fé af launagreiðslum eins og honum bar, hefur ekki afhent skilagreinar á lögmæltum tíma eða ekki innt af hendi þær greiðslur vegna launamanna sem hann hefur haldið eftir eða honum bar að halda eftir skal greiða fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem hann vanrækti að halda eftir eða standa skil á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni nema þyngri refsing liggi við brotinu eftir 247. gr. almennra hegningarlaga. Álag skv. 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hafi launagreiðandi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að halda tilskilið launabókhald varðar það brot við refsiákvæði laga um bókhald, en við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga sé um meiri háttar brot að ræða.

Ef maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 19. gr., upplýsingaskyldu skv. 25. gr., misnotar skattkort, vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skilagreinar, skýrslur eða gögn svo sem ákveðið er í lögum þessum skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Skýri skilaskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju er varðar skilaskyldu hans má gera honum sekt þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skilaskyldu hans eða greiðsluskil. Sömu refsingu varðar það launamann sem lætur greiða sér laun vitandi um að launagreiðandi hans hefur eigi haldið eftir af launum hans þeirri fjárhæð opinberra gjalda sem skylt er samkvæmt lögum þessum eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar skilaskyldu eða greiðsluskil vegna hans þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á þessi skil.

Verði brot á 1. eða 2. mgr. ákvæðisins uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu fésekt, allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri fésekt en nemur skattfjárhæðinni að viðbættum helmingi hennar. Álag skv. 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Sé svo ástatt sem segir í 5. mgr. má gera búinu sekt.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi skilaskyldu annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. eða 2. mgr. þessarar greinar.

Tilraun til brota eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

3. gr.

40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, orðast svo:

Skýri skattskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um virðisaukaskatt sinn eða afhendi hann eigi á lögmæltum tíma virðisaukaskattsskýrslu eða virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta skal hann greiða fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin, vanrækt var greiðsla á eða endurgreidd var um of og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri þessari skattfjárhæð. Álag skv. 27. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Ef maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækir skyldu sína að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, þar með talið að hann vanrækir að skrá sölu sína í sjóðvél með fullnægjandi útbúnaði, skal hann sæta sektum samkvæmt ákvæðum laga um bókhald nema þyngri refsing liggi við brotinu skv. 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Vanræki maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi tilkynningarskyldu sína skv. 5. gr., upplýsingaskyldu skv. 38. gr. eða vanræki hann að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn svo sem ákveðið er í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar virðisaukaskattsskýrslur hans skal sæta sektum þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur.

Verði brot skv. 1. mgr. ákvæðisins uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu sekt allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var að greiða og aldrei lægri fésekt en nemur þessari skattfjárhæð að viðbættum helmingi hennar. Álag skv. 27. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Sé svo ástatt sem í 4. mgr. segir má gera búinu sekt.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi virðisaukaskattsskýrslur annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. mgr. þessarar greinar.

Tilraun til brota eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera

lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Nr. 43 7. mars 1995

LÖG

um listmenntun á háskólastigi.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að gera samning við lögaðila, félög eða stofnanir um að annast menntun á háskólastigi í listum sem fari fram á vegum sjálfstæðrar stofnunar, að fullnægðum þeim kröfum sem gerðar eru af hálfu menntamálaráðuneytisins til slíkrar menntunar.

Listmenntun á háskólastigi skal miðuð við að nemendur öðlist þekkingu og leikni til sjálfstæðrar listsköpunar og listtúlkunar. Sá aðili, sem með samningi skv. 1. mgr. veitir menntun í listum á háskólastigi, ákveður inntökuskilyrði nemenda, enda svari inntökuskilyrði og námskröfur jafnan til þess sem tíðkast í viðurkenndum listaháskólum erlendis.

2. gr.

Í samningi skv. 1. mgr. 1. gr. þessara laga skal m.a. kveðið á um á hvaða sviðum skuli veita háskólamenntun í listum, námskröfur og námsframboð. Enn fremur skal í samningnum kveða á um hvernig framlögum úr ríkissjóði skuli háttað. Fjárframlög skulu háð fjárveitingu í fjárlögum. Samningur um listmenntun á háskólastigi skal í fyrsta sinn gerður til fimm ára.

Fyrir lok fyrsta samningstímabilsins skulu óháðir sérfræðingar fengnir til að gera úttekt á starfsemi viðkomandi stofnunar í heild og skal skýrsla um niðurstöður úttektarinnar lögð fyrir Alþingi.

3. gr.

Nú gerir menntamálaráðherra samning um listmenntun á háskólastigi með heimild í 1. gr. þessara laga og frestast þá framkvæmd reglugerðar um Leiklistarskóla Íslands, nr. 190/1978, og laga um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, nr. 38/1965, meðan á samningstíma stendur, enda verði í samningnum ákvæði um áframhald náms og námslok nemenda er þegar hafa innritast í þessa skóla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

7. mars 1995 Nr. 44

LÖG

um breytingu á lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar ellefu einstaklinga í Rannsóknarráð Íslands til þriggja ára:

a. Þrjá samkvæmt tillögum skóla á háskólastigi þar sem rannsóknir eru stundaðar og stofnana á sviði þjóðlegra fræða og Vísindafélags Íslendinga.
b. Þrjá samkvæmt tillögum rannsóknastofnana atvinnuveganna og annarra rannsóknastofnana utan verksviðs menntamálaráðuneytis.
c. Þrjá samkvæmt tillögum Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands.
d. Tvo án tilnefningar að höfðu samráði við ríkisstjórn.

Aðilar, sem tilnefna menn til setu í Rannsóknarráði Íslands skv. a-, b- og c-liðum hér að framan, skulu hver tilnefna tiltekinn fjölda einstaklinga samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur. Menntamálaráðherra skipar þrjá úr hverjum hópi og tvo sem tilnefndir eru að höfðu samráði við ríkisstjórn eða alls ellefu einstaklinga. Við skipun í ráðið skal menntamálaráðherra gæta þess að jafnvægi sé á milli vísinda og tækni og tryggja sjálfstæði ráðsins þannig að það geti sinnt eftirlitshlutverki skv. 7. tölul. 2. gr. Þá skipar menntamálaráðherra jafnmarga varamenn úr hópi þeirra sem tilnefndir eru með sama hætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

3. gr. laga þessara kemur að fullu til framkvæmda þegar starfstími þess Rannsóknarráðs, sem fyrst var skipað árið 1994, rennur út. Menntamálaráðherra skipar þegar tvo fulltrúa í Rannsóknarráð Íslands samkvæmt tilnefningum Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og jafnmarga til vara og skal sú skipan gilda uns 3. gr. laga þessara kemur að fullu til framkvæmda. Nánar skal kveðið á um fyrirkomulag tilnefningar framangreindra samtaka í ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

LÖG

um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. kemur: Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skipa ellefu menn. Tveir þeirra skulu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn af Bandalagi háskólamanna-BHMR, einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn af fjármálaráðuneytinu og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fjórir stjórnarmenn skulu kosnir á Alþingi með hlutfallskosningu.
b. Stjórnin setur sér reglur um störf sín, þar á meðal um það hvort stjórnin skipti með sér verkum þannig að hún geti starfað í tveimur hlutum sem hvor fyrir sig geti verið ályktunarhæfur. Allir aðalmenn í stjórninni skulu þó taka þátt í gerð umsagna og tillagna um breytingar á lögum og reglum um atvinnuleysistryggingar og meiri háttar ákvörðunum sem snerta fjárhag sjóðsins. Formaður skal sitja fundi í báðum hlutum stjórnarinnar sem oddamaður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.
c. 3. mgr. fellur brott.

3. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Sá sem fullnægir skilyrðum bótaréttar skv. 16. gr., en tekur að stunda nám eða verður að hverfa frá vinnu af heimilisástæðum, heldur í allt að 24 mánuði þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér.

4. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Bótaþegi, sem er í atvinnuleit í EES-landi, skal sæta reglum þess lands um eftirlit og skráningu hjá vinnumiðlun.

5. gr.

2. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Á eftir 24. gr. laganna kemur ný grein, 24. gr. a, sem orðast svo:

Við ákvörðun bóta til manns, sem starfaði sem launamaður áður en hann varð atvinnulaus, er heimilt að taka tillit til starfstímabila sem hann á að baki í EES-landi, enda hafi

hann fallið undir löggjöf um bætur vegna atvinnuleysis í því landi og leggi fram tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil þar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til að njóta réttar skv. 1. mgr.

7. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Úthlutunarnefnd fyrir opinbera starfsmenn skal, eftir því hver á hlut að máli, skipuð þremur mönnum frá viðkomandi bandalagi opinberra starfsmanna, eða stéttarfélagi sem er utan bandalaga, einum fulltrúa frá fjármálaráðuneyti og einum fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og valdir með sama hætti og þeir.

8. gr.

Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins" í 5. mgr. 27. gr. laganna kemur: vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

9. gr.

Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins" í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 28. gr. laganna kemur: vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins" í 2. málsl. 1. mgr. kemur: vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins.
b. Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins" í lokamálslið 1. mgr. kemur: vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.
c. Í stað orðanna „Tryggingastofnun ríkisins" í 1. málsl. 2. mgr. kemur: vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Umboðsmenn vinnumálaskrifstofunnar skulu mánaðarlega senda skrifstofunni bótaskrár, sem þeir hafa afgreitt í liðnum mánuði, ásamt fylgiskjölum.
b. 3. mgr., sem verður 2. mgr., orðast svo:
   Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að fela öðrum aðila en úthlutunarnefnd skv. 1. mgr. 25. gr. að annast úthlutun atvinnuleysisbóta ef eftir því er leitað og samkomulag verður um fyrirkomulag.

12. gr.

Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins" í 31. gr. laganna kemur: vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

13. gr.

Á eftir 41. gr. a laganna kemur ný grein, 41. gr. b, sem orðast svo:

Heimilt er að birta sem reglugerðir reglur Evrópusambandsins um atvinnuleysisbætur, enda eigi ákvæði þeirra stoð í lögum þessum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra, svo og III. kafla laga nr. 116/1993 og 9.–17. gr. laga nr. 127/1993, inn í lög nr. 93/1993 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Bandalag háskólamanna-BHMR, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu þegar eftir gildistöku þessara laga öðlast rétt til að eiga einn fulltrúa, hver aðili fyrir sig, í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sem skulu eiga sæti í stjórninni þar til ný stjórn verður skipuð eftir næstu alþingiskosningar.

II.

Á árunum 1995 og 1996 er Atvinnuleysistryggingasjóði heimilt að greiða þeim sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili sambærilega uppbót og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins gera ráð fyrir. Í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, skal setja nánari reglur um uppbótina.

Gjört í Reykjavík, 7 mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Rannveig Guðmundsdóttir.

Nr. 46 7. mars 1995

LÖG

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Póstþjónusta sem opinber aðili hefur einkaleyfi á, samkvæmt póstlögum, nr. 33/1986. Undanþágan nær einnig til viðtöku og dreifingar á öðrum árituðum bréfapóstsendingum, þar með talin póstkort, blöð og tímarit, og til almennra dreifisendinga og opinna bréfa.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1995.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bannað er að framleiða hér á landi eða flytja til landsins ofbeldiskvikmyndir. Enn fremur er bönnuð sýning, dreifing og sala slíkra mynda.

Kvikmynd merkir í lögum þessum hvers kyns hreyfimyndaefni sem gert er með hvers konar tækni, þar með taldar leiknar kvikmyndir og teiknimyndir, hvort sem ætlað er til sýningar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða öðrum myndflutningstækjum.

Ofbeldiskvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar eða hrottalegar drápsaðferðir á mönnum og dýrum.

Ákvæði laga þessara taka ekki til frétta- og fræðsluefnis.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til. Ráðherra skipar sex manna nefnd til þriggja ára í senn þannig: Þrjá að fengnum tillögum félagsmálaráðherra, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, einn að fengnum tillögum Félags kvikmyndagerðarmanna, einn að fengnum tillögum dómsmálaráðherra og einn án tilnefningar. Menntamálaráðherra skipar einn úr hópi framangreindra forstöðumann og skal kveðið á um verksvið hans í reglugerð. Nefndin starfar undir heitinu Kvikmyndaskoðun.

Á vegum Kvikmyndaskoðunar fer fram skoðun allra kvikmynda sem ætlaðar eru til sýningar eða dreifingar hér á landi, sbr. þó 5. gr. Kvikmyndaskoðun metur hvort kvikmynd teljist vera ofbeldiskvikmynd í skilningi laga þessara og hvort kvikmyndin sé við hæfi barna.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun skoðunar kvikmynda hjá Kvikmyndaskoðun.

Þóknun Kvikmyndaskoðunar og annar rekstrarkostnaður vegna starfa hennar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt sérgreindri fjárveitingu í fjárlögum.

3. gr.

Telji Kvikmyndaskoðun kvikmynd vera ofbeldiskvikmynd í skilningi þessara laga úrskurðar hún að dreifing og sýning kvikmyndarinnar skuli vera bönnuð hér á landi.

Teljist kvikmynd geta haft skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna, að mati Kvikmyndaskoðunar, ákveður hún hvort banna skuli að sýna eða afhenda kvikmyndina börnum innan 16 ára aldurs eða á tilteknum aldursskeiðum innan þess aldurs samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Heimilt er Kvikmyndaskoðun að ákveða sérstök aldursmörk fyrir mismunandi myndmiðla.

Bann skv. 1. mgr. 1. gr. tekur ekki til kvikmynda þar sem sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndarinnar eða vegna listræns gildis hennar.

Úrskurðir Kvikmyndaskoðunar skulu vera skriflegir og skal fylgja þeim rökstuðningur. Þeir skulu kynntir aðilum sem hlut eiga að máli og vera almenningi aðgengilegir. Úrskurðir Kvikmyndaskoðunar um efni kvikmynda eru endanlegir. Þó er Kvikmyndaskoðun heimilt, ef sérstök ástæða þykir til, að meta að nýju án endurgjalds sýningarhæfni kvikmynda sem áður hafa verið metnar.

4. gr.

Þeim aðilum, sem framleiða kvikmyndir hér á landi, flytja þær til landsins eða ætla að sýna, dreifa og eða selja kvikmyndir hérlendis, er skylt að sjá til þess að Kvikmyndaskoðun fái þær umsvifalaust til skoðunar, sbr. þó 5. gr.

Þeim aðilum, sem getið er í 1. mgr., ber að greiða skoðunargjöld sem renna í ríkissjóð. Skoðunargjöldin ákvarðast í reglugerð og skal fjárhæð þeirra taka mið af kostnaði vegna skoðunar kvikmynda.

5. gr.

Sjónvarpsstöðvar, sem leyfi hafa til útvarps, annast skoðun kvikmynda sem sýna á í dagskrá, að höfðu samráði við Kvikmyndaskoðun. Menntamálaráðherra getur þó ákveðið að tiltekin kvikmynd skuli skoðuð af Kvikmyndaskoðun sem hefur þá úrskurðarvald um það hvort sýning kvikmyndarinnar brjóti gegn ákvæðum laga þessara.

6. gr.

Kvikmyndaskoðun gefur út vottorð um skoðun kvikmyndar sem skal að skoðun lokinni látið skoðunarbeiðanda í té ásamt eintaki kvikmyndar gegn greiðslu skoðunargjalds.

Sala, dreifing eða sýning kvikmyndar er óheimil nema fyrir liggi skoðunarvottorð Kvikmyndaskoðunar, sjá þó 5. gr.

7. gr.

Aðilum skv. 1. mgr. 4. gr. er skylt að sjá til þess að öll eintök hinnar skoðuðu kvikmyndar séu merkt af Kvikmyndaskoðun. Dreifingaraðilar og sýnendur kvikmynda skulu láta niðurstöður Kvikmyndaskoðunar fylgja öllum auglýsingum og kynningu á kvikmyndum með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Kvikmyndaskoðun skal a.m.k. tvisvar á ári gefa út heildaryfirlit yfir skoðaðar kvikmyndir þar sem fram kemur mat á sýningarhæfni þeirra.

8. gr.

Ef kvikmynd, sem sýna á í kvikmyndahúsi, er bönnuð börnum innan tiltekins aldurs ber forstöðumaður kvikmyndahússins ábyrgð á að banninu sé framfylgt. Bannið gildir einnig þó að barn sé í fylgd þess sem heimild hefur til að sjá viðkomandi kvikmynd.

Óheimilt er að lána, leigja eða selja börnum eintak kvikmyndar ef hún er bönnuð börnum á viðkomandi aldri. Hver sá sem rekur myndbandaleigu ber ábyrgð á að banninu sé framfylgt að því er tekur til kvikmyndaefnis sem þar er á boðstólum.

9. gr.

Barnaverndarnefndir og löggæslumenn skulu hafa reglubundið eftirlit með því að úrskurðum Kvikmyndaskoðunar sé framfylgt og að aðeins séu sýndar kvikmyndir eða þeim dreift sem merktar eru af Kvikmyndaskoðun.

Tollyfirvöld og Kvikmyndaskoðun skulu koma sér saman um verklagsreglur í þeim tilgangi að hamla gegn innflutningi ofbeldiskvikmynda samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara skulu varða sektum eða varðhaldi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um rannsókn og meðferð mála vegna meintra brota á lögum þessum skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála.

Heimilt er að gera upptækar kvikmyndir ef sýning, dreifing eða sala þeirra fer í bága við ákvæði laga þessara. Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs.

11. gr.

Heimilt er ráðherra að setja reglur um skoðun tölvuforrita sem hafa að geyma gagnvirka leiki til að tryggja að notkun þeirra sé ekki í ósamræmi við tilgang laga þessara, sbr. 1.–3. gr. Skal þá haga slíkri skoðun með áþekkum hætti og skoðun kvikmynda að fengnum tillögum Kvikmyndaskoðunar.

12. gr.

Menntamálaráðherra skal setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og þá falla jafnframt úr gildi lög nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipun núverandi skoðunarmanna og ráðning forstöðumanns fellur niður við gildistöku laga þessara. Menntamálaráðherra skipar skoðunarmenn og forstöðumann Kvikmyndaskoðunar frá og með sama tíma.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

7. mars 1995 Nr. 48

LÖG

um breyting á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 51 26. maí 1972, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórn sjóðsins er ekki heimilt að taka lán með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Rannveig Guðmundsdóttir.

LÖG

um breyting á lögum um Lánasjóð sveitarfélaga, nr. 35 29. apríl 1966, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 6. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórninni er þó ekki heimilt að gefa út og selja skuldabréf og aðrar endurgreiðanlegar skuldaviðurkenningar til almennings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Rannveig Guðmundsdóttir.

Nr. 50 7. mars 1995

LÖG

um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Lögreglustjórar skulu ráða starfsmenn til að kanna og fylgjast með landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum með tilliti til hættu af snjóflóðum og/eða skriðuföllum í þeim umdæmum þar sem þörf er á slíkum athugunum að mati Almannavarna ríkisins. Lögreglustjórar skulu hafa samráð við sveitarstjórnir og almannavarnanefndir í umdæmi sínu, svo og Veðurstofu Íslands, við ráðningu þessara starfsmanna.

Starfsmenn, sem ráðnir eru skv. 1. mgr., skulu starfa undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra, en athuganir þeirra skulu gerðar í samræmi við vinnureglur og önnur fyrirmæli Veðurstofu Íslands. Við athuganir sínar skulu starfsmennirnir hafa samráð við viðkomandi sveitarstjórnir eftir því sem frekast er unnt. Veðurstofan skal annast þjálfun starfsmannanna.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Sé hagkvæmara talið, til að tryggja öryggi íbúa gagnvart ofanflóðum, er sveitarstjórn heimilt að gera tillögu um að kaupa húseignir í stað annarra varnaraðgerða sem ofanflóða-

sjóður fjármagnar að hluta eða öllu leyti samkvæmt þessum lögum. Um greiðslur til sveitarfélags vegna slíkra kaupa fer skv. 4. tölul. 1. mgr. 11. gr. Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi.

3. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:
Sveitarstjórn ber ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja.

4. gr.

11. gr. laganna orðast svo:
Fé ofanflóðasjóðs, sbr. 10. gr., skal notað til að greiða kostnað við varnir gegn ofanflóðum sem hér segir:

1. Greiða skal allan kostnað vegna athugana skv. 6. gr. í samræmi við nánari reglur sem félagsmálaráðherra setur.
2. Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats.
3. Greiða má allt að 100% af kostnaði við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna og eftirlits með ofanflóðahættu. Sama gildir um kostnað við rannsóknir sem miða að því að bæta hönnun og auka nýtingu varnarmannvirkja.
4. Greiða má allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki. Kostnaður við kaup á löndum, lóðum og húseignum auk kostnaðar við flutning þeirra vegna varna telst með framkvæmdakostnaði.
5. Greiða má allt að 60% af kostnaði við viðhald varnarvirkja.

Félagsmálaráðherra ákveður úthlutun úr ofanflóðasjóði að fengnum tillögum Almannavarna ríkisins. Ráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum lán úr ofanflóðasjóði sem nemur kostnaðarhlut þeirra skv. 4. tölul. 1. mgr., enda sé viðkomandi sveitarfélagi fjárhagslega ofviða að leggja fram sinn kostnaðarhlut. Um lánskjör fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Rannveig Guðmundsdóttir.

LÖG

um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna atvinnuleysisbóta fiskvinnslufólks, sem nýtur réttar til kauptryggingar samkvæmt almennum kjarasamningum, skulu inntar af hendi til fiskvinnslufyrirtækja eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Vinnuveitandi, sem greiðir starfsfólki sínu föst laun fyrir dagvinnu í tímabundinni vinnslustöðvun í samræmi við ákvæði kjarasamnings um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnslu, skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði eftir því sem segir í lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim. Með tímabundinni vinnslustöðvun er í lögum þessum átt við að hráefnisskortur eða aðrar sambærilegar orsakir valdi því að vinnsla liggur niðri á annars venjubundnum vinnslutíma fyrirtækis.

Fyrirtæki, sem starfrækir fiskvinnslu og fullnægir skilyrðum 2. mgr. þessarar greinar, skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag umfram tvo á hverju almanaksári sem það greiðir starfsmönnum laun meðan á tímabundinni vinnslustöðvun stendur, sbr. 2. mgr.

Greiðsla samkvæmt þessari grein skal nema fjárhæð hámarksdagpeninga samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, auk lífeyrissjóðsiðgjalds og tryggingagjalds atvinnurekenda, fyrir hvern starfsmann í fullu starfi sem orðið hefur verkefnalaus vegna vinnslustöðvunar meðan hún varir, þó ekki lengur en 30 greiðsludaga í senn og aldrei lengur en 60 greiðsludaga á hverju almanaksári. Vegna starfsmanna í hlutastarfi skal greiðslan vera í samræmi við samningsbundið starfshlutfall hlutaðeigandi starfsmanna.

2. gr.

Fyrirtæki, sem hyggst njóta greiðslu skv. 1. gr., skal með a.m.k. þriggja sólarhringa fyrirvara tilkynna fyrirhugaða vinnslustöðvun og orsakir hennar til þess aðila sem lögum samkvæmt annast avinnuleysisskráningu á staðnum. Atvinnuleysisskráningaraðili framsendir gögnin skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs, ásamt staðfestingu sinni á því að um vinnslustöðvun sé að ræða af tilgreindum orsökum.

Skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóðs metur hvort skilyrði greiðslu eru fyrir hendi og ákvarðar fjárhæð bóta í samræmi við starfshlutfall starfsmanna samkvæmt kauptryggingarsamningum. Bætur greiðast vikulega til hlutaðeigandi fyrirtækis meðan á vinnslustöðvun stendur, sbr. þó 4. mgr. 1. gr.

Ef ágreiningur rís um rétt til greiðslu sker stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs úr honum.

3. gr.

Skylt er fyrirtæki, sem nýtur greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvæðum þessara laga, að tilkynna skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar í stað ef breyting verður á fjölda starfsmanna sem hafa gildandi kauptryggingarsamninga og eru verkefnalausir af völdum vinnslustöðvunar. Hafi starfsmaður, sem gert hefur kauptrygging-

arsamning, hafið störf annars staðar meðan vinnslustöðvun varir og launagreiðslur fyrirtækisins fallið niður fellur greiðsla sjóðsins niður frá sama tíma.

Atvinnuleysisskráningaraðili, sbr. 1. mgr. 2. gr., og Atvinnuleysistryggingasjóður skulu hafa aðgang að launa- og framleiðslubókhaldi fyrirtækis, svo og að kauptryggingarsamningum sem í gildi eru milli fyrirtækis og starfsmanna þess.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um þau gögn sem fyrirtæki, sem óskar eftir greiðslum samkvæmt lögum þessum, skal leggja fram.

4. gr.

Fyrirtækjum, sem nýta rétt sinn til greiðslu skv. 1. gr., er skylt að hlutast til um að starfsfræðslunámskeið fyrir fiskvinnslufólk verði fyrst og fremst haldin á þeim tíma sem vinnslustöðvun varir. Verði því með engu móti við komið á fyrirtæki rétt á greiðslu fyrir þær vinnustundir hvers starfsmanns sem tapast vegna setu á námskeiðum sem haldin eru að opinberri tilhlutan, þó ekki meira en 40 stundir vegna hvers einstaklings. Þegar svo stendur á fer um tilkynningu og ákvörðun greiðslu eftir ákvæðum 2. gr. eftir því sem við á. Auk þess er þar greinir skal leggja fram staðfestingu þess aðila er stendur fyrir námskeiði um námskeiðshaldið, tíma og efni. Greiðslur þessar teljast hluti þeirra greiðslna sem um ræðir í 1. gr.

5. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög með sama heiti, nr. 34 18. maí 1988 og lög nr. 42 31. maí 1992, um breytingu á þeim.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Rannveig Guðmundsdóttir.

8. mars 1995 Nr. 52

LÖG

um breytingu á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum, sbr. lög nr. 102/1994, orðast svo:

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerðir um öryggi vöru sem boðin er neytendum hér á landi í atvinnuskyni eða neytendum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins af aðilum sem staðfestu hafa hér á landi að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði og að því leyti sem ekki er kveð-

ið á um öryggi hlutaðeigandi vöru og eftirlit með því að hún uppfylli settar kröfur í öðrum löndum.

Í reglugerð skal kveðið á um hvernig eftirliti með því að vara uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar skuli háttað og rétt skoðunarstofa til aðgangs að eftirlitsskyldri vöru.

Löggildingarstofan annast eftirlit skv. 2. mgr.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 1997.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

Nr. 53 8. mars 1995

LÖG

um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að framkvæmdum við fráveitur sveitarfélaga með styrkveitingum.

Með fráveitu er í lögum þessum átt við leiðslukerfi og búnað til að meðhöndla skolp sem fullnægir kröfum laga og reglugerða um hreinsun þess áður en því er veitt í viðtaka.

2. gr.

Frumkvæði að gerð áætlana um fráveitur og framkvæmdir í fráveitumálum er í höndum sveitarstjórna og á ábyrgð þeirra.

3. gr.

Framkvæmdir við sniðræsi frá safnkerfum fráveitna, rotþrær, hreinsi- og dælustöðvar og útrásir, sem unnar verða á tímabilinu 1. maí 1995 til 31. desember 2005, geta notið styrks úr ríkissjóði. Enn fremur er heimilt að styrkja úr ríkissjóði önnur skyld mannvirki, svo og framkvæmdir sem snúa að tvöföldun lagna í safnkerfum eldri fráveitna, enda sé sýnt að slíkar framkvæmdir lækki stofnkostnað við styrkhæfar framkvæmdir.

Undirbúningsrannsóknir, hönnun, kostnaður við útboð, fjármagns- og lántökukostnaður og kaup á löndum og lóðum vegna framkvæmda í fráveitumálum njóta ekki fjárstuðnings samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um endurbætur á eldri kerfum og framkvæmdir sem eru umfram það sem krafist er í lögum og reglugerðum um hreinsun fráveituvatns.

4. gr.

Fjárhagslegur stuðningur ríkisins vegna framkvæmda sveitarfélaga við fráveitur skv. 3. gr. getur numið allt að 200 m.kr. á ári eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, þó aldrei hærri upphæð en sem nemur 20% af staðfestum heildarraunkostnaði styrkhæfra framkvæmda næstliðins árs.

Heimilt er að ráðstafa allt að fjórðungi styrkupphæðar á hverju ári í þeim tilgangi að jafna svo sem kostur er kostnað einstakra sveitarfélaga við fráveituframkvæmdir þegar miðað er við heildarkostnað á íbúa. Skal fráveitunefnd skv. 5. gr. gera tillögur um beitingu þessa ákvæðis sem ráðherra staðfestir.

5. gr.

Umhverfisráðherra skipar fráveitunefnd sér til ráðuneytis um fráveitumál sveitarfélaga. Í fráveitunefnd skulu eiga sæti þrír fulltrúar skipaðir til fjögurra ára í senn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, annar samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðherra og sá þriðji skal skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Fráveitunefnd fjallar um styrkumsóknir og framkvæmda- og kostnaðaráætlanir sveitarfélaga vegna framkvæmda í fráveitumálum á yfirstandandi ári og áætlar styrkhæfni hverrar áætlaðrar framkvæmdar.

Í samræmi við mat á styrkumsóknum sveitarfélaga skal fráveitunefnd gera tillögu til umhverfisráðherra um framlag til fráveitumála sveitarfélaga á fjárlögum næsta árs.

Fráveitunefnd fjallar um upplýsingar sveitarfélaga um raunkostnað við framkvæmdir í fráveitumálum á næstliðnu ári. Nefndin skal meta og staðfesta kostnað við styrkhæfa framkvæmd í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Á grundvelli þeirrar staðfestingar gerir fráveitunefnd tillögur til umhverfisráðherra um styrkveitingu til hvers sveitarfélags vegna framkvæmda í fráveitumálum.

Fráveitunefnd er heimilt að leita sérfræðilegrar ráðgjafar í störfum sínum.

7. gr.

Sveitarfélög skulu fyrir 1. maí ár hvert senda fráveitunefnd umhverfisráðuneytisins umsókn um styrk vegna fráveituframkvæmda á yfirstandandi ári. Með umsókninni fylgi heildaráætlun um fráveituframkvæmdir í sveitarfélaginu sem fyrirhugað er að sækja um styrk fyrir og sérstök áætlun um þann áfanga sem áætlað er að vinna á yfirstandandi ári. Einnig fylgi með umsókninni tæknilegar upplýsingar um framkvæmdina ásamt teikningum og sundurliðaðri kostnaðaráætlun. Skilyrði fyrir fjárstuðningi er að framkvæmdin sé áfangi í heildarlausn á fráveitumálum sveitarfélags.

8. gr.

Sveitarfélög, sem fengið hafa úthlutað fjárstuðningi vegna fráveituframkvæmda, skulu fyrir 1. mars ár hvert senda fráveitunefnd umhverfisráðuneytisins upplýsingar um raunkostnað sveitarfélagsins vegna framkvæmda við fráveitumál á næstliðnu ári í samræmi við áður senda áætlun.

9. gr.

Styrkir til sveitarfélaga vegna framkvæmda í fráveitumálum á næstliðnu ári skulu greiddir sveitarfélögunum fyrir 1. maí ár hvert.

10. gr.

Umhverfisráðherra hefur á hendi yfirstjórn fjárhagslegs stuðnings ríkissjóðs við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum og tekur endanlegar ákvarðanir um úthlutun styrkja að fengnum tillögum fráveitunefndar.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Össur Skarphéðinsson.

Nr. 54 8. mars 1995

LÖG

um vernd Breiðafjarðar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

2. gr.

Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.

3. gr.

Umhverfisráðherra fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar samkvæmt lögum þessum. Um vernd menningarsögulegra minja fer samkvæmt þjóðminjalögum.

4. gr.

Breiðafjarðarnefnd er umhverfisráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga þessara. Í nefndinni eiga sæti sjö menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: Héraðsnefndir Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu og Snæfellinga tilnefna einn fulltrúa hver, Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af þjóðminjaráði. Umhverfisráðherra skipar einn mann í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Nefndin skal í samráði við sveitarfélögin láta gera verndaráætlun þar sem fram kemur hvernig ná skuli þeim markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins. Áætlun þessi skal send ráðherra til staðfestingar.

Í starfi sínu skal nefndin gæta samráðs við sveitarstjórnir, náttúruverndarnefndir, Náttúruverndarráð, minjaverði og yfirvöld þjóðminjavörslu.

Nefndin skal árlega gefa ráðherra skýrslu um störf sín.

5. gr.

Umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og umsögnum viðkomandi sveitarstjórna um þær, reglugerð þar sem kveðið skal á um verndaraðgerðir á grundvelli laganna, varnir gegn hvers konar mengun og aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu sem viðkvæmir eru vegna náttúrufars.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og að fenginni umsögn þjóðminjaráðs og húsafriðunarnefndar ríkisins eftir því sem við á, reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á svæðinu, þar á meðal byggðarheildar gamalla húsa í Flatey og vernd sjóminja.

6. gr.

Við gerð skipulagsáætlana á því svæði sem um getur í 2. gr. skulu sveitarfélög leita umsagnar Breiðafjarðarnefndar. Í skipulagsáætlunum ber að taka tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðarnefndar.

Þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem um getur í 2. gr. er hvers konar mannvirkjagerð óheimil, svo og jarðrask, nema að fengnu samþykki Breiðafjarðarnefndar.

Framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, eru leyfilegar nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminjum eða lífríki að dómi Breiðafjarðarnefndar eða þjóðminjaráðs þegar um fornleifar er að ræða.

7. gr.

Með rannsóknum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands, náttúrustofu Vestfjarða og náttúrustofu á Vesturlandi, sbr. lög nr. 60/1992, skal markvisst unnið að því að auka þekkingu á náttúru Breiðafjarðarsvæðisins til að tryggja sem best verndun þess. Breiðafjarðarnefnd skal í samráði við þessa aðila láta gera áætlun um æskilegar rannsóknir á svæðinu og endurskoða hana reglulega.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað framangreindum stofnunum að standa sameiginlega að starfrækslu náttúrurannsóknastöðvar á svæðinu á grundvelli laga nr. 60/1992. Rannsóknastöðin getur leitað eftir fjárstuðningi innlendra og erlendra aðila við starfsemi sína og einstök verkefni.

8. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum og varðhaldi. Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð, allt að 50 þúsund krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmætt.

Um rannsókn og meðferð mála vegna meintra brota á lögum þessum fer að hætti laga um meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Össur Skarphéðinsson.

Nr. 55 8. mars 1995

LÖG

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er þó að auglýsa lausasölulyf í sjónvarpi.

2. gr.

43. gr. laganna verður svohljóðandi:

Um mál sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Lyf og lyfjaefni, sem eru framleidd, flutt inn eða seld ólöglega hér á landi skulu gerð upptæk með dómi og enn fremur ágóði af ólöglegri lyfjasölu. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

3. gr.

Við 44. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um takmörkun og eftirlit með framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna efna sem nota má við ólöglega framleiðslu á ávana- og fíkniefnum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG

um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 36. gr. laganna kemur ný grein, er verður 37. gr., svohljóðandi:

Nú er vegur lagður gegnum tún, ræktunarland, engjar eða girt beitiland og skal þá veghaldari girða báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði ef hann telur það hentugra. Sama gildir ef girðing er lögð umhverfis slík lönd er vegur liggur um. Veghaldara er heimilt að girða með vegum sínum þótt þess sé ekki krafist af landeiganda. Skal veghaldara þá skylt að setja hlið að minnsta kosti á einum stað á slíka girðingu.

Vegagerðinni er heimilt að taka þátt í stofnkostnaði girðinga sem reistar eru til að friða svæði sem vegur liggur um og girðingar með vegum þar með ónauðsynlegar. Skilyrði fyrir slíkri þátttöku er að viðkomandi sveitarfélag banni lausagöngu búfjár á því svæði sem friðað er. Kostnaður Vegagerðarinnar skal takmarkaður við lengd þeirra girðinga með vegum sem komist verður hjá að girða með þessum hætti.

Áður en girðingar samkvæmt þessari grein eru reistar skal haft samráð við viðkomandi sveitarstjórn.

2. gr.

37. og 38. gr. laganna sameinast og verða 38. gr.

3. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Landeigandi skal annast viðhald girðinga með vegum í landi sínu. Viðkomandi sveitarstjórn hefur eftirlit með viðhaldi girðinga í sveitarfélaginu. Sé viðhaldi girðinga ábótavant eða girðing bersýnilega óþörf og til mikillar óprýði er viðkomandi sveitarstjórn heimilt að framkvæma viðhald á girðingunni eða fjarlægja hana á kostnað landeiganda, sbr. þó 2. mgr.

Viðhaldskostnaður girðinga með stofnvegum og tengivegum greiðist að jöfnu af veghaldara og landeiganda. Þó skal veghaldari greiða allan viðhaldskostnað ef girðingin er reist eingöngu til þess að fría vegsvæði frá búfé, þ.e. á afréttum og öðrum sameiginlegum sumarbeitilöndum búfjár.

Viðhaldskostnaður girðinga með safnvegum og landsvegum greiðist af landeiganda.

Viðkomandi sveitarfélag skal annast viðhald girðinga sem reistar eru skv. 2. mgr. 37. gr. Viðhaldskostnaður þeirra girðinga greiðist að jöfnu af viðkomandi sveitarfélagi og veghaldara nema sérstaklega sé um annað samið.

Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjómokstri.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi ákvæði 11. og 14.–18. gr. girðingalaga, nr. 10/1965, með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi eftirfarandi texti í 2.

málsl. 1. mgr. 7. gr. sömu laga: „(sbr. 11. gr.), þar bera viðkomandi bændur viðhaldskostnaðinn, nema girðingin sé eingöngu í þágu vegarins, sbr. 11. gr.“.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

Nr. 57 8. mars 1995

LÖG

um breyting á lögum nr. 14/1979, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, lögum nr. 20/1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 14/1979.
1. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastjóri“ í 4. gr. laganna kemur: Hollustuvernd ríkisins.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 20/1986.
2. gr.

7. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Að annast mál er varða lög um varnir gegn mengun sjávar og reglugerðir samkvæmt þeim að því leyti sem þau varða skip og búnað þeirra samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 32/1986.
3. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: Hollustuverndar ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1995.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Össur Skarphéðinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 – 1995

8. mars 1995 133 Nr. 58

LÖG

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. mgr. 36. gr. laganna hljóðar svo:

Almennar kaupleiguíbúðir eru byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga, viðurkenndra félagasamtaka eða fyrirtækja, fjármagnaðar með lánum úr Byggingarsjóði verkamanna fyrir allt að 90% af samþykktum byggingarkostnaði, sbr. 50. og 52. gr., og a.m.k. 10% framlagi af hálfu framkvæmdaraðila.

2. gr.

5. mgr. 37. gr. laganna hljóðar svo:

Félagasamtök og fyrirtæki skulu hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra til þess að teljast fullgildir framkvæmdaraðilar samkvæmt lögum þessum. Að fenginni staðfestingu ráðherra skulu hlutaðeigandi aðilar tilkynna viðkomandi sveitarstjórn um fyrirhugaða byggingu eða kaup á íbúðum áður en sótt er formlega um lán, sbr. 2. mgr. 42. gr. Jafnframt skulu þeir með sama hætti tilkynna húsnæðisnefnd um byggingu og kaup á íbúðum.

3. gr.

Í stað 38. og 39. gr. laganna kemur 38. gr. er hljóðar svo:

Um yfirstjórn félagslegra húsnæðismála af hálfu ríkisins vísast til II. kafla laga þessara. Sveitarstjórn ber ábyrgð á félagslegu húsnæði á vegum þess.

4. gr.

Í stað 40. gr. laganna kemur 39. gr. er hljóðar svo:

Í sveitarfélögum með 400–10.000 íbúa skal sveitarstjórn skipa fimm manna húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, þrjá tilnefnda af sveitarstjórn og tvo fulltrúa tilnefnda af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu. Í sveitarfélögum með yfir 10.000 íbúa skal sveitarstjórn með sama hætti skipa sjö menn í húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara, fjóra kosna af sveitarstjórn og þrjá kosna af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu.

Formaður og varaformaður skulu kjörnir af sveitarstjórn. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Nefndin fer með stjórn og samræmingu félagslegs húsnæðis á vegum sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar og veitir almennar upplýsingar og ráðgjöf varðandi húsnæðismál.

5. gr.

Í stað 41. gr. laganna kemur 40. gr. er hljóðar svo:

Sveitarstjórn mótar stefnu um það með hverjum hætti skuli staðið að byggingu félagslegra íbúða í sveitarfélaginu á þess vegum.

Sveitarstjórn skal hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Í því skyni skal sveitarstjórn kanna þörf á félagslegu húsnæði í sveitarfélaginu. Á grundvelli þeirrar könnunar skal unnin fjögurra ára áætlun um byggingu eða kaup félagslegra íbúða. Áætlunin skal endurskoðuð árlega. Áætlanir um byggingu eða kaup félagslegra íbúða eiga að byggjast á mati á þörf fyrir nýjar íbúðir, upplýsingum um stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu, horfum í atvinnulífinu og mannfjöldaþróun. Einnig komi fram í áætluninni fjöldi þeirra íbúða sem nauðsynlegt er að byggja eða kaupa, æskilegar stærðir, húsgerð og áætlaður byggingartími. Jafnframt skal gerð grein fyrir æskilegri skiptingu íbúða milli eignaríbúða og leiguíbúða.

Ákvörðun sveitarstjórnar um byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum í samræmi við áætlun skv. 1. mgr. er á ábyrgð sveitarstjórnar. Sveitarstjórn ber fjárhagslega ábyrgð á framkvæmdum svo og á íbúðunum í heild sinni að því marki sem sú ábyrgð hvílir ekki á öðrum aðilum samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Ný 41. gr. laganna hljóðar svo:

Ábyrgð á úthlutun félagslegra íbúða á vegum sveitarfélags til einstaklinga er á vegum húsnæðisnefndar, sbr. 3. tölul. 45. gr.

Leiði athugun Húsnæðisstofnunar á úthlutunum sveitarfélaga á íbúðum í ljós að húsnæðisnefnd hafi ekki gætt lagaskilyrða um eigna- og/eða tekjumörk eða greiðslugetu, sbr. 64. gr., eða eignamörk og greiðslugetu, sbr. 66. gr., eða eignamörk, sbr. 76. gr., er húsnæðismálastjórn heimilt að ákvarða að húsnæðisnefnd sendi öll gögn um úthlutanir til staðfestingar Húsnæðisstofnunar í eitt ár. Þær íbúðir, sem undir ákvæði þetta falla, eru íbúðir til eignar, leigu með eignarhlut eða leigu með kauprétti.

7. gr.

42. gr. laganna breytist svo:

a. 1. málsl. 1. mgr. hljóðar svo: Sveitarfélag skal lána 10% af kostnaðarverði hverrar íbúðar við byggingu eða kaup á eignaríbúð, þó ekki á lögbýlum, sbr. 58. gr. a.

b. 2. mgr. hljóðar svo:

Sveitarfélag skal auk þess leggja fram, sem sérstakt óafturkræft framlag, 3,5% af kostnaðarverði hverrar félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu á vegum þess. Þegar um aðra framkvæmdaraðila en sveitarfélög er að ræða er greiðsla framlagsins háð samþykki sveitarstjórnar.

8. gr.

45. gr. laganna hljóðar svo:

Verkefni húsnæðisnefndar eru:

1. Að gera áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á félagslegu húsnæði.
2. Að hafa yfirlit yfir félagslegar íbúðir á vegum sveitarfélagsins og annarra framkvæmdaraðila, svo og að vinna með öðrum framkvæmdaraðilum og einstaklingum að húsnæðismálum í sveitarfélaginu.
3. Að hafa á sinni hendi úthlutun félagslegra íbúða á vegum sveitarfélagsins til einstaklinga. Ákvörðunin er fullnaðarákvörðun og ber húsnæðisnefnd ábyrgð á því að við út-

hlutunina sé gætt ákvæða laga um eignir, tekjur og greiðslugetu, sbr. 64. gr., eða eignir og greiðslugetu, sbr. 66. gr., eða eignir, sbr. 76. gr. Þó skulu óskir um undanþágu frá eigna- og/eða tekjumörkum eða greiðslugetu, sbr. 64. gr., eða greiðslugetu skv. 66. gr. sendar Húsnæðisstofnun til ákvörðunar.

Húsnæðisnefnd skal senda Húsnæðisstofnun yfirlit yfir úthlutanir um leið og þær hafa farið fram á sérstökum eyðublöðum Húsnæðisstofnunar, einnig öll nauðsynleg gögn varðandi úthlutun í einstökum málum fari Húsnæðisstofnun fram á það vegna úrtakskönnunar.

4. Að sjá um endursölu félagslegra íbúða. Húsnæðisstofnun staðfestir útreikninga húsnæðisnefnda við endursölu íbúða.
5. Að veita íbúum sveitarfélagsins upplýsingar og aðra nauðsynlega þjónustu varðandi félagslegt húsnæði og húsaleigusamninga.

Jafnframt sér húsnæðisnefnd um önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur henni.

Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálanefnd umsjón með útleigu leiguhúsnæðis í eigu sveitarfélags.

9. gr.

50. gr. laganna hljóðar svo:

Lánaflokkar Byggingarsjóðs verkamanna eru:

1. lán til félagslegra kaupleiguíbúða,
2. lán til félagslegra eignaríbúða,
3. lán til félagslegra leiguíbúða,
4. lán til almennra kaupleiguíbúða,
5. lán til sveitarfélaga til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum.

Lánin nema allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar.

10. gr.

51. gr. laganna hljóðar svo:

Auk lána til íbúða skv. 50. gr. er heimilt að veita lán í neðangreindan byggingarkostnað, enda fari samanlagður kostnaður við hann og íbúðina ekki fram úr þeim kostnaðargrundvelli um hámarksverð á íbúðum sem húsnæðismálastjórn hefur ákveðið.

1. Til bílskýla í nýbyggingum.

   Skilyrði er að nauðsynlegt sé að bílskýli fylgi íbúð af skipulagsástæðum og að skýlið sé hluti húss en ekki sjálfstæð bygging.
2. Til bílskýla eða bílskúra í notuðu íbúðarhúsnæði í sérstökum undantekningartilfellum.

   Skilyrði er að sveitarstjórn sýni fram á að annað húsnæði sé ekki fyrir hendi eða það sé sannanlega ódýrara að kaupa notað húsnæði, með bílskúr/bílskýli, en að byggja nýtt hús.
3. Til upphitunar á gangstétt.

Auk lánveitinga skv. 1.–3. tölul. er heimilt að veita sérstakt viðbótarlán til eigenda félagslegra íbúða í fjölbýlishúsi vegna meiri háttar utanhússviðhalds. Skilyrði er að lánið sé nauðsynlegt til að afstýra því að hús liggi undir skemmdum. Með endurbótum er átt við endurbyggingu eða viðamikla viðgerð á þaki, gluggum og útveggjum. Skilyrði er að kostnaður við endurbætur verði ekki greiddur úr tryggingarsjóði, sbr. 81. gr. Umsóknir skulu berast Húsnæðisstofnun áður en framkvæmdir hefjast. Lánsfjárhæð nemur aldrei hærri fjárhæð en þeim kostnaði sem Húsnæðisstofnun hefur áður samþykkt. Lánið kemur til greiðslu þegar Húsnæðisstofnun hefur staðfest með úttekt sinni að verkið hafi verið unnið á þann veg sem fram kemur í verklýsingu. Lánið endurgreiðist að fullu með jöfnum greiðslum vaxta

og afborgana að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, sbr. 11. mgr. 52. gr. Lánstími er sá tími sem eftir er af lánstíma af láni til hvers og eins íbúðareiganda. Vextir skulu vera þeir sömu og gilda um lán til félagslegra eignaríbúða á hverjum tíma.

Nánar skal kveðið á um efni þessarar greinar í reglugerð.

11. gr.

52. gr. laganna breytist svo:

a. 3. mgr. hljóðar svo:

Lán til félagslegra eignaríbúða og til kaupa á kaupleiguíbúðum eru til allt að 43 ára.

b. 4. mgr. hljóðar svo:

Lán til félagslegra leiguíbúða og til kaupleiguíbúða sem eru í leigu eru til allt að 50 ára.

c. 5. mgr. hljóðar svo:

Lán til almennra kaupleiguíbúða (allt að 90%) vegna kaupa á íbúð eru til allt að 43 ára. Lán til almennra kaupleiguíbúða vegna leigu á íbúð (allt að 90%) eru til allt að 50 ára.

d. 9. mgr. hljóðar svo:

Vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna, frá og með 1. júlí 1984, skulu vera breytilegir. Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytis um vexti af lánum Byggingarsjóðs verkamanna. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti af lánum (lánaflokkum) Byggingarsjóðs verkamanna að fenginni umsögn Seðlabankans.

e. 10. mgr. hljóðar svo:

Lánin eru afborgunarlaus fyrsta árið þegar um er að ræða íbúðir sem seldar eru einstaklingum.

12. gr.

57. gr. laganna breytist svo:

a. 1. mgr. hljóðar svo:

Framkvæmdaraðilar, sem fá allt að 90% lán úr Byggingarsjóði verkamanna til almennra eða félagslegra kaupleiguíbúða, skulu sjá um að afla a.m.k. 10% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar.

b. 3. mgr. hljóðar svo:

Þegar um almennar kaupleiguíbúðir er að ræða er heimilt að selja einstaklingum eignarhlut, 10% eða 30%, sbr. 76. gr.

13. gr.

58. gr. laganna breytist svo:

a. 2. mgr. hljóðar svo:

Heimilt er að greiða allt að 95% af láninu á framkvæmdatímanum. Lánið kemur til greiðslu í samræmi við ákvæði samnings við framkvæmdaraðila, þó aldrei umfram framkvæmdahraða né samningsbundnar greiðslur við kaup á notuðu húsnæði. Í sérstökum undantekningartilvikum er heimilt að greiða allt að 5% umfram verkstöðu framkvæmda. Framkvæmdirnar sjálfar standa til tryggingar veittu framkvæmdaláni á hverjum tíma. Þó er heimilt við kaup á notuðum íbúðum að taka gilda ábyrgð sveitarfélags til tryggingar á láninu. Húsnæðismálastjórn setur nánari reglur um tryggingar sem framkvæmdaraðili verður að leggja fram við veitingu framkvæmdaláns. Framkvæmdalán skulu verðtryggð með lánskjaravísitölu. Vextir skulu vera þeir sömu og af lánum

til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum. Verðbætur og vextir teljast til byggingarkostnaðar.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Heimilt er húsnæðismálastjórn að telja vexti og verðbætur lána frá öðrum aðilum en Byggingarsjóði verkamanna til byggingarkostnaðar, enda hafi lán frá þeim aðilum verið tekin eftir að húsnæðismálastjórn heimilaði framkvæmdaraðila að hefja framkvæmdir. Ákvæði þetta tekur einungis til þess fjármagnskostnaðar sem er lægri eða sá sami og kostnaður af láni Byggingarsjóðs verkamanna.

14. gr.

63. gr. laganna hljóðar svo:

Félagslegar íbúðir skulu miðast við fjölskyldustærð en þó aldrei vera stærri en 130 fermetrar brúttó. Húsnæðismálastjórn er þó heimilt að veita lán til stærri íbúða ef sýnt er fram á að notað húsnæði sé sannanlega ódýrari kostur en nýtt húsnæði eða aðstæður eru með þeim hætti í sveitarfélaginu að annað húsnæði er ekki fyrir hendi.

15. gr.

64. gr. laganna hljóðar svo:

Réttur til að festa kaup á félagslegri eignaríbúð eða félagslegri kaupleiguíbúð er bundinn við þá sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Eiga ekki nettóeign yfir ákveðnu marki sem ákvarðað skal í reglugerð.
b. Hafa haft meðaltekjur síðustu þrjú árin áður en úthlutun fer fram sem fari ekki yfir ákveðna fjárhæð sem ákveðin skal í reglugerð. Með meðaltekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna 20 ára og eldri. Tekjumörk skulu ákvörðuð árlega með reglugerð að fengnum upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun um breytingar á atvinnutekjum milli ára.
c. Sýna fram á greiðslugetu sem metin er hjá húsnæðisnefnd eða öðrum aðila sem hún vísar til. Komi upp ágreiningur má vísa honum til húsnæðismálastjórnar. Nánar skal kveðið á um mat á greiðslugetu í reglugerð.

Auk áðurgreindra skilyrða er sveitarstjórn heimilt að gera kröfu til þess að umsækjandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu þegar íbúðir á vegum hennar eru auglýstar.

Heimilt er Húsnæðisstofnun að víkja frá ákvæðum a-liðar um eignir þegar um er að ræða umsækjendur sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu. Enn fremur er Húsnæðisstofnun heimilt að víkja frá a- og b-liðum, um eignir og tekjur, þegar umsækjendur hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna atvinnuleysis, veikinda, fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálanefndar í hverju sveitarfélagi.

Heimilt er Húsnæðisstofnun að víkja frá ákvæði c-liðar um greiðslugetu enda komi um það rökstudd beiðni frá framkvæmdaraðila.

Hafi úthlutun á íbúð átt sér stað til einstaklinga sem ekki uppfylltu skilyrði um eignir eða tekjur, sbr. a- eða b-lið, og ekki hafi verið veittar undanþágur samkvæmt þessari grein, skal húsnæðismálastjórn breyta vöxtum af lánum viðkomandi einstaklinga þannig að þeir verði hinir sömu og af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum.

16. gr.

65. gr. laganna hljóðar svo:

Rétt til félagslegra leiguíbúða á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka eiga þeir sem búa við erfiðar aðstæður, enda séu eignir og tekjur innan eigna- og tekjumarka, sbr. a- og b-liði 1. mgr. 64. gr.

Sömu skilyrði gilda um leigu í félagslegri kaupleiguíbúð.

17. gr.

66. gr. laganna hljóðar svo:

Kaup á almennri kaupleiguíbúð með 90% láni eru bundin skilyrði um eignamörk sem ákveðin skulu í reglugerð.

Kaupandi skal sýna fram á greiðslugetu sem nánar skal kveðið á um í reglugerð. Heimilt er Húsnæðisstofnun að víkja frá reglum um greiðslugetu, enda komi um það rökstudd beiðni frá framkvæmdaraðila.

Séu eignir kaupanda yfir gildandi eignamörkum á hann rétt á allt að 70% láni.

Að öðru leyti setur framkvæmdaraðili sérstakar úthlutunarreglur. Í reglunum komi fram að tekið sé tillit til húsnæðisaðstæðna og fjölskyldustærðar umsækjanda. Reglurnar skulu birtar á opinberum vettvangi.

Úthluti húsnæðisnefnd íbúð með 90% láni til einstaklinga sem áttu eignir yfir eignamörkum, sbr. 1. mgr., skal húsnæðismálastjórn lækka lánshlutfallið úr 90% í 70%.

18. gr.

67. gr. laganna hljóðar svo:

Félagasamtök og fyrirtæki úthluta íbúðum á sínum vegum. Úthlutun skal staðfest af Húsnæðisstofnun ríkisins, þó ekki þegar félagslegar leiguíbúðir á vegum félagasamtaka eiga í hlut.

Um úthlutun húsnæðisnefndar á íbúðum vísast til 3. tölul. 45. gr.

19. gr.

70. gr. laganna breytist svo:

a. Í stað orðanna „til almennra kaupleiguíbúða“ í 3. mgr. kemur: lán til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum.

b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Réttur kaupanda sem stofnast við kaupsamning á félagslegri eignaríbúð er persónulegur réttur. Hann er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaraðili heimilað nafnaskipti á íbúð í sérstökum tilfellum, svo sem við hjónaskilnað eða kaupmála milli hjóna.

c. Í stað „1.–3. mgr.“ í 4. mgr. (verður 5. mgr.) kemur: 1.–4. mgr.

20. gr.

6. mgr. 73. gr. laganna hljóðar svo:

Að öðru leyti gilda lög um húsaleigusamninga eftir því sem við á, m.a. um heimild framkvæmdaraðila til að rifta samningi ef íbúð er framleigð án heimildar.

21. gr.

74. gr. laganna hljóðar svo:

Ákveði umsækjandi að kaupa kaupleiguíbúð eða leigutaki að neyta kaupréttar síns innan tilskilins frests, sbr. 73. gr., skal gerður kaupsamningur milli aðila.

Sé íbúð keypt í upphafi er kaupverð íbúðar kostnaðarverð hennar sem Húsnæðisstofnun hefur staðfest með úttekt sinni. Ef leigutaki neytir kaupréttar er kaupverð íbúðar söluverð hennar skv. 3. mgr. 88. gr.

Sé framlag kaupanda 10%, og framkvæmdaraðili veitir honum lán til allt að 15 ára, er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 71. gr., að setja íbúðina til tryggingar því láni með veðrétti næst á eftir láni Byggingarsjóðs verkamanna.

22. gr.

75. gr. laganna hljóðar svo:

Þegar kaupandi hefur undirritað veðskuldabréf til Byggingarsjóðs verkamanna og staðið í skilum með útborgun og aðrar greiðslur sem honum ber að inna af hendi skal hann fá afsal í hendur. Í afsali skal tekið fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma.

Um réttarstöðu kaupanda gilda að öðru leyti ákvæði 68.–71. gr. laga þessara eftir því sem við á.

23. gr.

76. gr. laganna breytist svo:

a. 2. mgr. hljóðar svo:

Heimilt er að selja eignarhlut, 10% eða 30% af kostnaðarverði almennra kaupleiguíbúða. Skilyrði fyrir kaupum á 10% eignarhlut er að nettóeign sé innan ákveðinna marka sem ákveðin skulu með reglugerð. Hafi húsnæðisnefnd úthlutað íbúð með 10% eignarhlut, án þess að skilyrða um eignamörk hafi verið gætt, skal húsnæðismálastjórn lækka lánshlutfallið úr 90% í 70% (30% eignarhlutur).

b. Í stað 5.–7. mgr. koma 5.–9. mgr., svohljóðandi:

Réttur leigutaka til íbúðar samkvæmt þessari grein er persónulegur, þ.e. er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Framkvæmdaraðili getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð með eignarhlut færist yfir til maka við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Hætti leigutaki afnotum af íbúð skal eignarhluturinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, án vaxta.

Þegar í hlut eiga íbúðir, sem byggðar voru fyrir gildistöku laga nr. 70/1990, er húsnæðismálastjórn heimilt við endurúthlutun að verða við rökstuddri ósk framkvæmdaraðila um hækkun á upphaflegu láni í 90% lán, framreiknað með lánskjaravísitölu, miðað við samþykktan byggingarkostnað. Lánskjör eru þau sömu og á áhvílandi láni að teknu tilliti til þess lánstíma sem liðinn er. Sama gildir sé um að ræða íbúðir sem látnar hafa verið í té með 30% eignarhlut. Heimild til hækkunar á láni samkvæmt þessu ákvæði á einungis við ef framkvæmdaraðili sýnir fram á að íbúð verði ekki endurúthlutað með upphaflegu láni þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Um leigufjárhæð gildir ákvæði 73. gr.

Um heimild framkvæmdaraðila til að rifta leigusamningi, ef íbúð er framleigð í heimildarleysi, gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga.

24. gr.

Á eftir 3. mgr. 78. gr. laganna kemur ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Eigi skal greiða stimpilgjald af afsali vegna kaupa framkvæmdaraðila á íbúð á almennum markaði, enda sé íbúð keypt í því skyni að verða félagsleg íbúð, sbr. 1. mgr. 54. gr., og kaupsamningi fylgi staðfesting Húsnæðisstofnunar þess efnis.

25. gr.

79. gr. laganna hljóðar svo:

Byggingarsjóður verkamanna skal að liðnum sex árum frá undirritun kaupsamnings um félagslega íbúð kanna hvort meðaltekjur kaupanda síðustu þrjú ár, þar af tekjur tvö síðustu árin, hvort ár fyrir sig, nemi hærri fjárhæð en tekjumörk skv. b-lið 64. gr. kveða á um. Komi í ljós að þær tekjur eru yfir tekjumörkum skal breyta vöxtum af láni hans þannig að þeir verði hinir sömu og af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum. Upp frá því skal slík könnun gerð á þriggja ára fresti.

Ákvæði þetta á við um allt félagslegt húsnæði þar sem lánveitingar Byggingarsjóðs verkamanna voru ekki ákveðnar með föstum vöxtum.

Skattstjórum er skylt að láta Húsnæðisstofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd vaxtabreytingar samkvæmt þessari grein.

26. gr.

Í stað 82.–92. gr. laganna (og í stað VI. kafla) koma tveir nýir undirkaflar með 12 nýjum greinum. Fyrirsögn undirkaflanna verður: **Kaupskylda og forkaupsréttur** (82.– 86. gr.) og **Endursala** (87.–93. gr.). Töluröð annarra kafla og annarra greina laganna breytist samkvæmt því.

Kaupskylda og forkaupsréttur.

a. (82. gr.)

Almenn ákvæði.

Þegar íbúðir, sem forkaupsréttur er á, eru til sölu skal eigandi senda tilkynningu þess efnis til viðkomandi aðila. Sveitarstjórn, eða annar framkvæmdaraðili, skal tilkynna eiganda afstöðu sína skriflega innan 30 daga. Berist tilkynning ekki innan þess tíma telst forkaupsrétti hafnað.

Hafni framkvæmdaraðili forkaupsrétti á félagslegri eignaríbúð eða kaupleiguíbúð, eða hafi íbúð verið í eigu sama eiganda í 30 ár frá útgáfu afsals, er eiganda heimilt að selja íbúðina á almennum markaði, enda greiði hann upp skuld við framkvæmdaraðila og Byggingarsjóð verkamanna. Framkvæmdaraðili skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst. Ákvæði þetta á þó ekki við um íbúðir sem byggðar voru til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, en sveitarstjórn getur samþykkt að gefa út kvaðalaust afsal fyrir þeim íbúðum áður en 30 ára eignarhaldstími er liðinn.

Um bílskúra og bílgeymslur skal fara sem um hluta úr íbúð hvað varðar forkaupsrétt og kaupskyldu.

Þegar íbúð, sem byggð var fyrir gildistöku laga nr. 70/1990, hefur verið endurseld og úthlutað á nýjan leik eftir gildistöku laga nr. 70/1990 gildir ákvæði 83. gr. um kaupskyldu framkvæmdaraðila.

b. (83. gr.)

Íbúðir byggðar frá og með gildistöku laga nr. 70/1990.

Framkvæmdaraðili hefur kaupskyldu á öllum félagslegum eignaríbúðum og félagslegum kaupleiguíbúðum fyrstu 10 árin frá afhendingu íbúðar en fimm ár á almennum kaupleiguíbúðum. Eftir þann tíma hefur framkvæmdaraðili forkaupsrétt á eignaríbúðum og kaupleiguíbúðum sem boðnar eru til sölu.

Ákvæði þessarar greinar um kaupskyldu eiga ekki við um lögbýli, sbr. 58. gr. a.

c. (84. gr.)

Íbúðir byggðar samkvæmt lögum nr. 51/1980 til gildistöku laga nr. 70/1990.

Sveitarstjórn hefur kaupskyldu fyrstu 15 árin frá afhendingu íbúðar en fimm ár á almennum kaupleiguíbúðum. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt á þeim íbúðum sem boðnar hafa verið til sölu.

d. (85. gr.)

Íbúðir byggðar fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

Sveitarstjórn hefur forkaupsrétt á íbúðum sem byggðar voru fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

Þær íbúðir sem undir grein þessa falla eru:

1. Íbúðir í verkamannabústöðum byggðar í tíð laga fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.
2. Íbúðir byggðar af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samkvæmt lögum nr. 97/1965.
3. Leigu- og söluíbúðir samkvæmt lögum nr. 58/1973 og lögum nr. 38/1976.
4. Íbúðir sem byggðar voru til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, enda hafi ríki og sveitarfélög lánað til kaupa þeirra íbúða og þau lán verið til 40 ára eða lengri tíma.

e. (86. gr.)

Nauðungaruppboð.

Nú er félagsleg eignaríbúð, félagsleg eða almenn kaupleiguíbúð, sbr. 36. gr., sem sveitarstjórn hefur ráðstafað til einstaklings, íbúð byggð af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samkvæmt lögum nr. 97/1965, leigu- og söluíbúð samkvæmt lögum nr. 58/1973 eða lögum nr. 38/1976, seld á nauðungarsölu og hefur sveitarstjórn þá kaupskyldu á íbúðinni. Sama gildir um íbúð samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði sem ráðstafað var til einstaklings. Undanþegnar ákvæðum þessarar greinar eru félagslegar eignaríbúðir á lögbýlum, sbr. 58. gr. a.

Kaupverð skal vera söluverð íbúðar skv. 88. gr. þegar í hlut á íbúð, byggð eða keypt eftir gildistöku laga nr. 51/1980. Ef um er að ræða íbúð sem byggð var eða keypt fyrir gildistöku laga nr. 51/1980 verður kaupverð eignarhlutur seljanda skv. 89. gr. að viðbættum uppfærðum eftirstöðvum áhvílandi lána Byggingarsjóðs ríkisins og verkamanna sem veitt voru til kaupa á viðkomandi eign.

Endursala.

f. (87. gr.)

Almenn ákvæði.

Húsnæðisnefnd, eða annar framkvæmdaraðili, skal annast útreikning á söluverði félagslegra íbúða þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt. Húsnæðisstofnun ríkisins skal staðfesta útreikninginn.

Eigandi félagslegrar íbúðar, sem hyggst selja íbúð sína, skal tilkynna það húsnæðisnefnd (sveitarstjórn) eða öðrum framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili kaupir inn íbúðina og selur að nýju samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Húsnæðisnefnd skal í umboði sveitarstjórnar annast kaup og endursölu félagslegra íbúða á vegum sveitarfélaga sem eru í eigu einstaklinga ef sveitarstjórn neytir forkaupsréttar eða hefur kaupskyldu á hlutaðeigandi íbúð. Aðrir framkvæmdaraðilar sjá með sama hætti um að leysa inn og endurselja íbúðir á sínum vegum.

Í sérstökum tilvikum geta húsnæðisnefndir óskað eftir því við húsnæðismálastjórn að fá heimild til að samræma söluverð sambærilegra íbúða þegar verð þeirra er mishátt, svo

sem vegna vísitölubreytinga á byggingartíma, mismunandi lánskjara og kostnaðar við viðgerðir og endurbætur.

Heimilt er framkvæmdaraðila að krefjast staðfestingargjalds við úthlutun endursöluíbúðar.

Sveitarstjórn og félagasamtök geta sótt um sérstakt lán til Byggingarsjóðs verkamanna, til þriggja mánaða, til að kaupa inn íbúðir sem sveitarfélag hefur kaupskyldu eða forkaupsrétt á. Þetta á við í sérstökum tilvikum þegar kaupandi að félagslegri íbúð er ekki til staðar og framkvæmdaraðili hefur ekki bolmagn til að festa kaup á íbúðinni. Heimilt er í vissum tilvikum að lána til sex mánaða. Hafi íbúð enn ekki selst eftir sex mánuði gilda ákvæði 92. gr. Lánið skal tryggt með vísitölu lánskjara. Vextir skulu vera þeir sömu og af langtímaláni sem hvílir á hlutaðeigandi íbúð.

g. (88. gr.)

Íbúðir byggðar eftir gildistöku laga nr. 51/1980.

Um greiðslu til seljanda fer með eftirfarandi hætti: Við kaup á íbúðinni skal seljandi fá endurgreitt það fjármagn sem hann lagði fram við kaup íbúðarinnar og þær afborganir sem hann hefur greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna frá því kaupsamningur var gerður. Við greiðslur þessar bætast verðbætur samkvæmt vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags. Einnig skal seljandi íbúðarinnar fá endurgreiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni að mati húsnæðisnefndar byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds. Til frádráttar greiðslu til seljanda kemur fyrning, vanræksla á viðhaldi, lausaskuldir og ógreidd gjöld. Fyrning reiknast 1% af framreiknuðu verði íbúða fyrir hvert ár. Vanræksla á viðhaldi er metin af húsnæðisnefnd í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds.

Seljandi íbúðar á rétt á fullnaðargreiðslu samkvæmt grein þessari innan átta vikna frá söludegi íbúðar. Með söludegi er átt við þann dag þegar úttekt á eigninni hefur farið fram og útreikningur á eignarhluta seljanda liggur fyrir. Skal þetta gert innan 30 daga frá því seljandi lagði fram skriflega beiðni um innlausn.

Um útreikning á söluverði fer með eftirfarandi hætti: Framreikna skal upphaflegt kostnaðarverð íbúðarinnar eða síðasta söluverð samkvæmt vísitölu lánskjara frá gerð kaupsamnings til söludags. Við framreiknað verð má bæta kostnaðarverði endurbóta að mati húsnæðisnefndar byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds. Um fyrningu vísast til 1. mgr.

Kaupanda íbúðarinnar skal veitt nýtt lán sem nemur allt að 90% af endursöluverði íbúðarinnar. Heildarlán má þó ekki nema hærri fjárhæð en 90% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

h. (89. gr.)

Íbúðir byggðar fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

Um greiðslu til seljanda fer með eftirfarandi hætti: Seljandi skal fá endurgreidda þá fjárhæð sem hann greiddi af kaupverði íbúðarinnar þegar hann festi kaup á íbúðinni, með 1% vöxtum og verðbótum. Að auki skal hann fá greiddan eftir því sem við á 1/26, 1/33 eða 1/42 hluta upphaflegra lána fyrir hvert ár sem hann hefur átt íbúðina, einnig með vöxtum og verðbótum. Verðbætur skal greiða miðað við lánskjaravísitölu, en heimilt er að miða við byggingarvísitölu ef lánskjaravísitala liggur ekki fyrir. Til frádráttar greiðslu til seljanda kemur fyrning, vanræksla á viðhaldi, lausaskuldir og ógreidd gjöld. Fyrning er 0,5% fyrir hvert ár eignarhaldstíma. Vanræksla á viðhaldi er metin af húsnæðisnefnd í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds. Seljandi skal þó

ekki fá lægri greiðslu en hann hefði fengið samkvæmt áðurgildandi reglum um 4% aukaverðbætur fyrir hvert ár eignarhaldstíma ásamt reglum um 1,0% árlega fyrningu. Þessar aukaverðbætur reiknast þó ekki á eignarhaldstímann eftir 1. júlí 1984.

Húsnæðisnefnd skal greiða seljanda andvirði endurbóta á íbúðinni að mati húsnæðisnefndar byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds.

Seljandi íbúðar á rétt á fullnaðargreiðslu skv. 2. mgr. 88. gr.

Um útreikning á söluverði fer með eftirtöldum hætti: Framreikna skal upphaflegt kostnaðarverð íbúðar eða síðasta söluverð samkvæmt lánskjaravísitölu, en heimilt er að miða við byggingarvísitölu ef lánskjaravísitala liggur ekki fyrir, frá þeim tíma er kaupsamningur var gerður til söludags. Við framreiknað verð má bæta kostnaðarverði endurbóta að mati húsnæðisnefndar byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar um mat á verðgildi endurbóta og viðhalds. Draga skal frá 0,5% – 1% fyrningu fyrir hvert ár eftir því sem við á, sbr. 1. mgr. um útreikning á greiðslu til seljanda.

Kaupanda íbúðarinnar skal veitt nýtt lán sem nemur allt að 90% af endursöluverði íbúðarinnar. Heildarlán má þó ekki nema hærri fjárhæð en 90% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Hagnaður, sem verða kann af sölu eldri íbúða í verkamannabústöðum, skal renna til Byggingarsjóðs verkamanna, enda verði sveitarstjórn þá ekki skylt að greiða 10% af viðbótarláni til Byggingarsjóðs verkamanna. Heimilt er húsnæðismálastjórn að nota hluta hagnaðar, sem myndast við sölu, til þess að greiða kostnað við eigendaskipti íbúðar eða leggja ákveðinn hundraðshluta á söluverð íbúðar til þess að mæta slíkum kostnaði.

Þegar íbúð hefur verið endurseld samkvæmt þessari grein og nýtt lán veitt kaupanda hennar úr Byggingarsjóði verkamanna gilda ákvæði 88. gr. um verðlagningu hennar ef hún er keypt inn öðru sinni.

Þær íbúðir, sem undir grein þessa falla, eru:

1. Íbúðir í verkamannabústöðum byggðar í tíð laga fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.
2. Íbúðir byggðar af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samkvæmt lögum nr. 97/1965.
3. Leigu- og söluíbúðir samkvæmt lögum nr. 58/1973 og lögum nr. 38/1976.
4. Íbúðir sem byggðar voru til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, enda hafi ríki og sveitarfélög lánað til kaupa þeirra íbúða og þau lán verið til 40 ára eða lengri tíma.

i. (90. gr.)

Íbúðir á vegum Byggingarfélags verkamanna.

Nú innleysir sveitarfélag íbúð sem er þinglýst eign Byggingarfélags verkamanna og skal þá stjórn hlutaðeigandi byggingarfélags eða sveitarstjórn, hafi hún tekið við hlutverki þess, leysa íbúðina úr veðböndum, enda verði eftirstöðvar áhvílandi láns úr Byggingarsjóði verkamanna greiddar upp. Við sölu slíkrar íbúðar er heimilt að veita nýtt lán til kaupanda hennar skv. 88. gr. og skulu félagsmenn í hlutaðeigandi byggingarfélagi að öðru jöfnu ganga fyrir um kaup hennar.

Heimilt er félagsmönnum í Byggingarfélagi verkamanna, sem annast sameiginlegt viðhald á íbúðum félagsmanna, að stofna húsfélög í samræmi við ákvæði laga um fjöleignarhús þannig að húsfélögin taki sameiginlegt viðhald í sínar hendur. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

j. (91. gr.)

Úrlausn ágreiningsmála við endursölu.

Húsnæðismálastjórn skal úrskurða um þann ágreining milli seljanda íbúðar og framkvæmdaraðila sem til hennar er vísað og varðar útreikning á greiðslu til seljanda og ákvarðanir um endursölu íbúðar skv. 88. og 89. gr.

Sama á við um ágreining milli kaupanda og framkvæmdaraðila um verðlagningu íbúðar við innlausn hennar.

k. (92. gr.)

Sérstök úrræði ef íbúðir, sem koma til endursölu, standa auðar.

Komi í ljós, eftir að framkvæmdaraðili hefur keypt inn íbúð samkvæmt kaupskyldu eða forkaupsrétti, að íbúð er óseljanleg og ekki hefur tekist að leigja hana, sbr. 44. gr., og svo hefur verið ástatt í a.m.k. sex mánuði, er húsnæðismálastjórn heimilt að veita framkvæmdaraðila lán er nemur söluverði íbúða skv. 88. eða 89. gr. Lánskjör eru þau sömu og gilda um lán til leiguíbúða og miðast lánveiting við innlausnardag. Verði íbúð seld eða leigð skal lánið gjaldfellt og veitt nýtt lán skv. 50. gr. eftir því sem við á.

l. (93. gr.)

Komi í ljós í sérstökum tilvikum við endursölu íbúða á vegum sveitarfélags eða félagasamtaka að íbúð er óseljanleg sem félagsleg íbúð og hentar ekki sem félagsleg íbúð er húsnæðismálastjórn heimilt að verða við rökstuddri ósk framkvæmdaraðila um að selja íbúðina á almennum markaði. Ákvæði þetta á við um allar félagslegar íbúðir, óháð því á hvaða tíma þær voru byggðar og óháð því hvort um kaupskyldu eða forkaupsrétt hafi verið að ræða. Við sölu skal framkvæmdaraðili greiða upp lán og vanskil Byggingarsjóðs verkamanna eða Byggingarsjóðs ríkisins. Hagnaður, sem kann að verða við sölu, skal renna til Byggingarsjóðs verkamanna.

27. gr.

6. málsl. 1. mgr. 110. gr. (verður 111. gr.) laganna hljóðar svo: Takist hvorugt innan sex mánaða er húsnæðissamvinnufélaginu heimilt að fresta endurgreiðslu á andvirði búseturétt-ar (eignarhlutar) í allt að sex mánuði frá lokum uppsagnarfrests og skal fullnaðargreiðsla til seljanda búseturéttar eiga sér stað í síðasta lagi innan tólf mánaða frá uppsögn búsetusamnings. Um endurgreiðslu búseturéttar fer að öðru leyti eftir 76. gr. um endurgreiðslu á eignarhlut leigutaka.

28. gr.

3. mgr. 115. gr. (verður 116. gr.) laganna hljóðar svo:

Húsnæðissamvinnufélög skulu láta Húsnæðisstofnun ríkisins í té bókhaldsgögn, ársskýrslu og upplýsingar um framkvæmdir og húsbyggingar óski Húsnæðisstofnun eftir því.

29. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, VIII, svohljóðandi:

Við gildistöku laga þessara skulu sveitarstjórnir kjósa húsnæðisnefndir, sbr. 39. gr. Kosningum skal lokið innan tveggja mánaða.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Rannveig Guðmundsdóttir.

LÖG

um áhafnir íslenskra kaupskipa.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Inngangur og orðskýringar.

1. gr.

Hvert íslenskt kaupskip sem notað er til siglinga í atvinnuskyni skal uppfylla ákvæði laga þessara um lágmarkskröfur um atvinnuskírteini einstakra skipverja og fjölda manna í áhöfn.

Ákvæði laga þessara um atvinnuskírteini einstakra skipverja og fjölda manna í áhöfn skipa eru lágmarkskröfur og skulu ekki túlkuð til að hindra að fleiri séu í áhöfn skips en getið er um í lögum þessum, né að skipverjar ráði yfir atvinnuskírteinum sem séu umfram lágmarkskröfur laga þessara.

Lög þessi skulu á engan hátt skerða ákvæði kjarasamninga eða önnur samningsbundin réttindi þeirra er lög þessi taka til.

2. gr.

a. Skip merkir í lögum þessum, sé annað eigi tekið fram, kaupskip.
b. Skipstjóri er sá sem fer með æðsta vald á skipi.
c. Yfirvélstjóri er æðsti yfirmaður í vélarrúmi skips.
d. 1. vélstjóri táknar þann vélstjóra sem gengur yfirvélstjóra næst að völdum og mun bera ábyrgð á vélum þeim sem knýja skipið ef yfirvélstjóri verður ófær um það.
e. Yfirstýrimaður/1. stýrimaður er sá skipstjórnarmaður er gengur næst skipstjóra í starfi.
f. Undirvélstjóri er hver sá vélstjóri sem er lægra settur en yfirvélstjóri.
g. Undirstýrimaður er hver sá stýrimaður sem er lægra settur en yfirstýrimaður/1. stýrimaður.
h. Loftskeytamaður er hver sá sem hefur öðlast réttindi til að vera loftskeytamaður á skipi.
i. Talstöðvarvörður er hver sá sem hefur öðlast réttindi til að vera talstöðvarvörður á skipi.
j. Vélavörður er hver sá sem hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
k. Matsveinn eða bryti er hver sá sem hefur öðlast réttindi til að vera matsveinn eða bryti á skipi.
l. Fullgildur undirmaður er sá sem uppfyllt hefur þær kröfur sem gerðar eru til stöðunnar. Til þess að mega gegna vaktstöðu á siglingavakt í brú, í vélarrúmi og hafa á hendi stjórnun björgunarfara þarf viðkomandi að hafa tilskilin réttindi frá Siglingamálastofnun ríkisins eða sambærileg réttindi frá öðru viðurkenndu yfirvaldi, eða frá öðru ríki sem er aðili að STCW-samþykktinni.
m. Undirmenn eru allir undirmenn skips aðrir en fullgildir undirmenn.
n. Rúmlest merkir í lögum þessum brúttórúmlest. Er þá miðað við Óslóarsamþykkt um skipamælingar frá 10. júní 1947, með áorðnum breytingum, fyrir skip 24 m að lengd eða lengri, en við íslenskar reglur um mælingu skipa fyrir skip styttri en 24 m að lengd.

o. Kaupskip merkir hvert það skip, skrásett sem vöruflutninga- eða farþegaskip, er siglir með varning og/eða farþega til og frá landinu milli hafna innan lands og utan. Til þessa flokks teljast m.a. olíu- og efnaflutningaskip.
p. Strandsigling er sigling innan 50 sjómílna frá ströndum Íslands og á öðrum hafsvæðum eftir nánari ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins.
q. Innanlandssigling er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
r. Utanlandssigling er hver sú ferð sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu þótt hafna sé ekki leitað.
s. STCW er alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978.
t. GMDSS-kerfi er alþjóðlegt neyðarfjarskiptakerfi (Global Maritime Distress Safety System).
u. Mánuður telst 30 dagar.

II. KAFLI
Mönnun kaupskipa.

3. gr.

Fyrir íslensk kaupskip skal fjöldi í hverri áhöfn ákveðinn af mönnunarnefnd kaupskipa, sbr. 10. gr. laga þessara. Fjöldi skipverja skal ákveðinn með hliðsjón af gerð skips, fyrirkomulagi þess og búnaði, þannig að fjöldi í áhöfn og skipting starfa fullnægi skilyrðum um að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi skipverja og skips. Slík skilyrði skulu m.a. ná til eftirfarandi þátta:

1. að ávallt verði hægt að sinna öruggri siglingavakt í brú og í vélarrúmi, en þó með fullu tilliti til sjálfvirkni, svo sem viðurkennds viðvörunarbúnaðar vaktfrírra vélarrúma, og fyrirkomulags stjórn- og siglingatækja,
2. að ávallt verði hægt að sinna viðhaldi björgunar-, öryggis-, eldvarna- og fjarskiptabúnaðar,
3. að ávallt verði hægt að sinna viðhaldi annars öryggisbúnaðar,
4. að ávallt verði unnt að festa og leysa landfestar tryggilega,
5. að ávallt verði unnt að sinna heilbrigðis- og hollustuþörfum skipverja.

4. gr.

Við ákvörðun um fjölda skipverja og samsetningu áhafnar skal tekið tillit til skipulags vakta um borð, nauðsynlegs hvíldartíma og vinnusviðs skipverja.

5. gr.

Þeir skipverjar sem falla undir ákvæði STCW-alþjóðasamþykktarinnar skulu uppfylla lágmarkskröfur hennar og laga um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna um menntun, reynslu, aldur og heilbrigði.

6. gr.

Á hverju skipi skal vera skipstjóri. Skipstjórnarmenn og vélstjórar skulu hafa yfir að ráða eftirfarandi atvinnuskírteinum:

SKIP UNDIR 200 BRL. Í STRANDSIGLINGUM

STÆRÐ	SKIPSTJÓRI	STÝRIMAÐUR
0 - 30 brl.	30 tonna réttindi STCW regla II/3	30 tonna réttindi STCW regla II/3
0 - 200 brl.	2. stig + siglingatími STCW regla II/3	2. stig + siglingatími STCW regla II/3

SKIP AF ÓTAKMARKAÐRI STÆRÐ. FARSVIÐ ÓTAKMARKAÐ.

STÆRÐ	SKIPSTJÓRI	YFIRSTÝRIMAÐUR	UNDIRSTÝRIMENN
ótakmörkuð	3. stig + siglingatími STCW regla II/2	3. stig + siglingatími STCW regla II/2	2. stig + siglingatími STCW regla II/4

VÉLFRÆÐINGAR OG VÉLSTJÓRAR

STÆRÐ AÐALVÉLAR	YFIRVÉLSTJÓRI	1. VÉLSTJÓRI	AÐRIR UNDIRVÉLSTJÓRAR
750-2999 KW	vélfræðingur + siglingatími STCW regla III/3	vélfræðingur + siglingatími STCW regla III/3	3. stig + siglingatími STCW regla III/4 vaktstjóri í vél
> 3000 KW	vélfræðingur + siglingatími STCW regla III/2	vélfræðingur + siglingatími STCW regla III/2	

7. gr.

Kaupskip, önnur en farþegaskip, þar sem krafist er loftskeytamanna samkvæmt alþjóðareglum, mega sigla án loftskeytamanns enda séu þau búin samkvæmt GMDSS-fjarskiptakerfinu og tveir skipstjórnarmenn séu handhafar gilds talstöðvarskírteinis.

8. gr.

Öll kaupskip skulu hljóta skírteini til staðfestingar lágmarksfjölda skipverja, samsetningu áhafnarinnar og atvinnuskírteinakröfur fyrir hinar ýmsu stöður. Slík mönnunarskírteini skulu gefin út af Siglingamálastofnun ríkisins í samræmi við ákvarðanir mönnunarnefndar kaupskipa.

III. KAFLI

Um hlutverk mönnunarnefndar kaupskipa.

9. gr.

Samgönguráðherra setur í samræmi við ákvæði 2. gr. laga nr. 47/1987 reglur um heildarmönnun íslenskra kaupskipa og felur mönnunarnefnd kaupskipa að sjá um framkvæmd þeirra, þar á meðal að ákveða mönnun kaupskipa skv. II. kafla laga þessara.

10. gr.

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd kaupskipa. Í mönnunarnefnd skulu eiga sæti sjö menn og jafnmargir varamenn. Skal einn aðalfulltrúi og varafulltrúi hans skipaður eftir tilnefningu hvers eftirtalinna hagsmunasamtaka: Farmanna og fiskimannasambands Íslands,

Vélstjórafélags Íslands, Sjómannasambands Íslands, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga. Samgönguráðherra skipar, að höfðu samráði við framgreind hagsmunasamtök, formann og varaformann nefndarinnar og skulu þeir uppfylla almenn dómaraskilyrði.

Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

11. gr.

Við ákvarðanir sínar um áhafnir skipa getur mönnunarnefnd mælt svo fyrir að skipverji, sem ráðinn er til annarra starfa en þeirra er atvinnuréttindalög taka til, skuli hafa lokið námskeiði Slysavarnafélags Íslands eða jafngildu námskeiði um öryggis- og björgunarmál áður en hann er skráður í skiprúm.

12. gr.

Nú veldur sjúkdómur, dauði, strok eða önnur atvik sem skipstjóri eða útgerð máttu eigi sjá fyrir og eiga ekki sök á fækkun í áhöfn þannig að í bága fari við það sem fyrir er mælt í lögum þessum og skal skipstjóra þá heimilt að halda áfram ferð, enda telji hann ekki hættu á að sjóhæfni skips hafi svo raskast vegna þess að öryggisástæður banni. Skal hann þá skrá um það athugasemdir sína í leiðarbók, en gera jafnframt ráðstafanir til að kveðja til starfans nýjan mann svo fljótt sem verða má.

13. gr.

Mönnunarnefnd er heimilt, með hliðsjón af ákvæðum 3. gr., að herða á eða draga úr skilyrðum og kröfum um fjölda í áhöfn svo og að kveða á um sérstakar menntunar- eða þjálfunarkröfur varðandi skip, þar sem sérstakar aðstæður gera þess þörf fyrir einstök skip, sérstaklega hönnuð skip og skip sem annast staðbundin verkefni á takmörkuðu farsviði.

Einnig getur mönnunarnefnd þegar sérstaklega stendur á og að teknu tilliti til viðurkenndra alþjóðlegra samþykkta heimilað að maður, sem ekki er handhafi skírteinis sem krafist er, þó ekki skv. 6. og 7. gr. laga þessara, megi gegna slíkri stöðu, en þó aðeins til að ljúka einni ferð skips eða um takmarkaðan tíma sem eigi má lengri vera en 6 mánuðir.

14. gr.

Mönnunarnefnd tekur í samræmi við umsókn ákvörðun til bráðabirgða um fjölda í áhöfn skips sem er í smíðum svo og erlends skips sem fyrirhugað er að færa undir íslenskan fána.

Bráðabirgðaákvörðun er bindandi og verður þeirri ákvörðun ekki breytt nema þær forsendur hafi breyst sem úrslitum réðu um ákvörðunina.

15. gr.

Ákvarðanir sem mönnunarnefnd hefur tekið samkvæmt heimildum í lögum þessum eru endanlegar á sviði stjórnsýslunnar.

IV. KAFLI
Gildistaka o.fl.

16. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með brot á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

8. mars 1995 Nr. 60

LÖG

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast við tveir nýir stafliðir svohljóðandi:

f. Mánuður telst 30 dagar.
g. STCW er alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lágmarksfjöldi vélavarða og vélstjóra á fiskiskipum og varðskipum skal vera sem hér segir:

a. Á skipi með 75–220 kw. vél (u.þ.b. 101–300 hö.) einn vélgæslumaður sem má vera hinn sami og skipstjóri á skipum að 20 rúmlestum, enda eini réttindamaðurinn í áhöfn og útivera skemmri en 24 klst., nema á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september þegar útivera má vera allt að 36 klst.
b. Á skipi með 221–375 kw. vél (u.þ.b. 301–510 hö.) yfirvélstjóri sé útivera 30 klst. og skemmri.
c. Á skipi með 221–750 kw. vél (u.þ.b. 301–1020 hö.) yfirvélstjóri og einn vélavörður.
d. Á skipi með 751–1500 kw. vél (u.þ.b. 1021–2040 hö.) tveir vélstjórar; yfirvélstjóri og 1. vélstjóri.
e. Á skipi með 1501–1800 kw. vél (u.þ.b. 2041–2446 hö.) þrír í vél; tveir vélstjórar, yfirvélstjóri og 1. vélstjóri ásamt vélaverði eða aðstoðarmanni í vél.
f. Á skipi með 1801 kw. vél (u.þ.b. 2447 hö.) og stærri þrír vélstjórar; yfirvélstjóri, 1. vélstjóri og annar vélstjóri.

Um fjölda vélavarða og vélstjóra á íslenskum kaupskipum fer eftir því sem fyrir er mælt í lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

1. Sá sem lokið hefur námskeiði í vélgæslu sem haldið er á vegum vélskóla samkvæmt reglugerð, er menntamálaráðherra setur, hefur rétt til að vera vélgæslumaður á skipi að 20 rúmlestum með aðalvél minni en 221 kw.
Atvinnuskírteini: Vélgæslumaður (VM).

2. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi með aðalvél minni en 221 kw.
Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
Að loknum 6 mánaða siglingatíma sem vélavörður á skipi hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með aðalvél 375 kw. og minni.
Atvinnuskírteini: Vélavörður (VVy).
3. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi með aðalvél minni en 221 kw.
Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
Að loknum 5 mánaða siglingatíma sem vélavörður á skipi hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með aðalvél minni en 376 kw.
Atvinnuskírteini: Yfirvélstjóri (VVy).
Að loknum 9 mánaða siglingatíma sem vélavörður á skipi, þar af a.m.k. 5 mánuði á skipi með 401–750 kw. vél, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS III).
4. Sá sem hefur lokið vélstjóranámi 3. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi með aðalvél minni en 221 kw.
Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
Að loknum 4 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 375 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélavörður (VVy).
Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi með 401–750 kw. vél hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS III).
Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi með 401 kw. vél og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri II (VS II).
Að loknum 18 mánaða starfstíma sem vélstjóri eða vélavörður á skipi, þar af a.m.k. 6 mánuði sem vélavörður, en 12 mánuði sem vélstjóri. Af vélstjóratímanum, vélstjóri a.m.k. 3 mánuði við 751 kw. vél og stærri. Að loknum þessum starfstíma hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS I).
5. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs ásamt sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein (þ.e. vélfræðingur) hefur öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur IV (VF IV).
Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með 751 kw. vél og stærri hefur hann öðlast réttindi til að vera yfirvélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS I).
Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með 751 kw. vél og stærri hefur hann öðlast réttindi til að vera 1. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur III (VF III).
Að loknum 24 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a.m.k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með 1501 kw. vél og stærri að fengnum rétti til að öðlast atvinnuskírteini VF III, hefur hann öðlast réttindi til að vera yfirvélstjóri á skipi með 3000 kw. vél og minni.

Atvinnuskírteini: Vélfræðingur II (VF II).
Að loknum 36 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a.m.k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með 1501 kw. vél og stærri, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur I (VF I).

6. Við mat á starfstíma til atvinnuréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu við vélstjórn við aðrar stærðir véla en að framan greinir.

4. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist: „enda fullnægi þeir kröfum um viðhald réttinda, sbr. 9. gr.“.

5. gr.

2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila, einn fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar.

6. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Hver íslenskur ríkisborgari, 18 ára og eldri, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar, á rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem vélstjórnarmaður á íslenskum skipum.

Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð, þar á meðal skilyrði um nauðsynlega kunnáttu á íslensku tal- og ritmáli.

Réttindi:	**Atvinnuskírteini:**	
Vélgæslumaður (VM)	Vélgæslumaður	
Vélavörður (VV)	Vélavörður og VM	STCW III/6
Vélavörður (VVy)	Yfirvélstjóri; aðalvél <375 kw. og VV	STCW III/6
Vélstjóri III (VS III)	Yfirvélstjóri; aðalvél <750 kw. vél og VVy	STCW III/6
Vélstjóri II (VS II)	1. vélstjóri; aðalvél <1500 kw. vél og VS III	STCW III/6
Vélstjóri I (VS I)	Yfirvélstjóri; aðalvél <1500 kw. vél og VF IV	STCW III/4
Vélfræðingur IV (VF IV)	2. vélstjóri; aðalvél ótakmörkuð og VS II	STCW III/4
Vélfræðingur III (VF III)	1. vélstjóri; aðalvél ótakmörkuð og VS I	STCW III/2
Vélfræðingur II (VF II)	Yfirvélstjóri; <3000 kw. vél og VF III	STCW III/3
Vélfræðingur I (VF I)	Yfirvélstjóri; aðalvél ótakmörkuð	STCW III/2

Atvinnuskírteini skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða sýslumönnum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur. Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda í 5 ár í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar, þar sem taka skal mið af alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978, eftir því sem við á.

Skírteinishafi skal hafa skírteinið meðferðis við vélstjórn og sýna það þegar löggæslumaður krefst þess.

Atvinnuskírteini samkvæmt STCW-alþjóðasamþykktinni skulu þó gefin út af Siglingamálastofnun ríkisins.

7. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðuneytið getur, að fenginni umsögn Vélstjórafélags Íslands og Vélskóla Íslands, heimilað þegnum erlendra ríkja utan hins Evrópska efnahagssvæðis sem lokið hafa vélstjórnarnámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini að fullnægðum öðrum skilyrðum.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Vélskóla Íslands og Vélstjórafélags Íslands, heimilað þeim íslensku ríkisborgurum sem lokið hafa vélstjórnarnámi við erlenda skóla að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í stað A-liðar í ákvæði til bráðabirgða kemur nýr A-liður, svohljóðandi:

A. Eftir gildistöku laga þessara verður á vegum menntamálaráðuneytis en í samráði við Vélskóla Íslands efnt til námskeiða í vélgæslufræðum. Um framkvæmd námskeiða þessara, námsefni og kennsluaðstöðu skal haft samráð við hagsmunaaðila. Um námsefni, námstilhögun, próf og aldurskilyrði skal nánar kveðið á í reglugerð sem ráðherra setur. Þátttakendur á námskeiðunum skulu ganga undir próf er veiti þeim rétt til atvinnuskírteinis vélgæslumanna (VM).

Frá gildistöku laga þessara og fram til 1. september 1996 getur sá sem fæddur er árið 1945 og fyrr og annast hefur vélgæslu á bátum í 5 ár fengið réttindi sem vélgæslumaður á skipi að 20 rúmlestum, þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. gr., þegar hann hefur setið námskeið í vélgæslufræðum. Í stað þess að ganga undir próf getur viðkomandi fengið vottorð um að hann hafi setið námskeiðið og sé hæfur til vélgæslustarfa að mati námskeiðshaldara.

Þeir sem fæddir eru árið 1934 eða fyrr og stundað hafa vélstjórn á báti 11 rúmlestir og minni um 10 ára skeið eiga rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini sem bundið er viðkomandi skipi eða öðru skipi, þó eigi yfir 11 rúmlestum. Siglingatíma má sanna með vottorðum tveggja valinkunnra manna.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um leigubifreiðar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Leiguakstur.

Lög þessi taka til fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Fólksbifreiðar, sem taka fleiri en átta farþega, falla þó ekki undir lög þessi. Leiguakstur fólksbifreiða telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra.

Leiguakstur vörubifreiða og sendibifreiða telst það þegar slík bifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutnings á vörum fyrir tiltekið gjald þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar sem flutt er.

Heimilt er með reglugerð að kveða nánar á um mörkin milli atvinnusviðs fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Rísi ágreiningur um þessi mörk sker samgönguráðuneytið úr.

Leigubifreiðar skulu auðkenndar.

2. gr.
Bifreiðastöðvar.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að allar leigubifreiðar í sveitarfélaginu í hverjum flokki fyrir sig, þ.e. fólksbifreiðar, vörubifreiðar og sendibifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð sem fengið hefur viðurkenningu sveitarstjórnar. Þar sem viðurkenndar bifreiðastöðvar eru starfandi er öllum sem aka utan þessara stöðva bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á viðkomandi sviði.

Bifreiðastöðvar fyrir leigubifreiðar skulu í samráði við félög leigubifreiðastjóra skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að almenningi verði veitt góð og örugg þjónusta. Hver bifreiðastöð skal fylgjast með því að ökumenn, sem þar hafa afgreiðslu, fari eftir fyrirmælum laga og reglugerða um leigubifreiðar.

3. gr.
Skilyrði til aksturs.

Þeir einir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum mega aka bifreið í leiguakstri:

1. hafa fullnægjandi starfshæfni, þar með talin fullnægjandi ökuréttindi,
2. hafa óflekkað mannorð,
3. hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu,
4. hafa fullnægjandi heilbrigðisvottorð,
5. vera 70 ára eða yngri, sbr. þó 2. málsl. 5. mgr. 7. gr.

4. gr.
Takmörkun á fjölda bifreiða.

Samgönguráðuneytinu er heimilt með reglugerð að takmarka fjölda bifreiða í leiguakstri enda komi til meðmæli viðkomandi sveitarstjórna og héraðsnefnda. Þar sem sveitarstjórnir

og héraðsnefndir eru eigi sammála sker samgönguráðuneytið úr. Bifreiðafjöldi skal ákveðinn í samráði við sveitarstjórnir, héraðsnefndir og félög bifreiðastjóra.

Þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur er takmörkun hefst.

Takmörkun á fjölda bifreiða er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa skv. II. kafla laga þessara.

II. KAFLI
Leiguakstur fólksbifreiða.

5. gr.
Atvinnuleyfi.

Þeim einum sem hafa atvinnuleyfi er heimilt að taka að sér eða stunda leiguakstur á fólki, sbr. þó 2. mgr. 7. gr. Þar sem kveðið hefur verið á um takmörkun á fjölda fólksbifreiða eru atvinnuleyfi gefin út af umsjónarnefnd fólksbifreiða en utan takmörkunarsvæða fer eftir nánari reglum sem samgönguráðherra setur.

Atvinnuleyfi er bundið við nafn. Engum má veita meira en eitt atvinnuleyfi. Leyfishafa er óheimilt að selja atvinnuleyfi, leigja það út eða ráðstafa því á annan hátt. Atvinnuleyfishafi er háður ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar svo sem þau eru á hverjum tíma.

Bifreiðastjórar sem stunda leiguakstur samkvæmt lögum þessum skulu hafa í bifreiðinni skilríki til sönnunar á því að þeir hafi atvinnuleyfi eða stundi leiguakstur í forföllum leyfishafa.

6. gr.
Veiting atvinnuleyfa.

Þar sem ekki hefur verið kveðið á um takmörkun á fjölda fólksbifreiða í leiguakstri á umsækjandi rétt á að fá útgefið atvinnuleyfi ef hann fullnægir skilyrðum 3. gr.

Þar sem takmörkun á fjölda fólksbifreiða hefur verið ákveðin skal umsækjandi fullnægja skilyrðum 3. gr. og sitja þeir að öðru jöfnu fyrir við úthlutun leyfa er stundað hafa leiguakstur á fólki í a.m.k. eitt ár. Að jafnaði skal halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi og má gera prófárangur að skilyrði fyrir því að leyfi verði veitt. Heimilt er að taka sérstakt tillit til umsókna um atvinnuleyfi frá öryrkjum, enda uppfylli þeir skilyrði þessara laga.

7. gr.
Nýting atvinnuleyfis.

Sá einn getur fengið atvinnuleyfi sem á fólksbifreið og hefur það að aðalatvinnu að aka henni sjálfur. Frá skilyrðum um aðalatvinnu má víkja á svæðum þar sem íbúar eru færri en 5.000.

Veita má leyfishafa tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar vegna:

a. orlofs, veikinda eða annarra forfalla,
b. vaktaskipta á álagstímum,
c. viðgerðar eða endurnýjunar á bifreið.

Samgönguráðherra setur reglur um undanþágur skv. 2. mgr. að fengnum tillögum umsjónarnefndar og félags eða félaga bifreiðastjóra á hlutaðeigandi svæði. Ráðherra er heimilt að fela félagi bifreiðastjóra, þar sem meiri hluti bifreiðastjóra á svæðinu er félagar, að annast framkvæmd á veitingu undanþága í samráði við umsjónarnefnd. Bifreiðastjóri getur

áfrýjað ákvörðunum félagsins til umsjónarnefndar enda skal fyllsta jafnræðis gætt. Ákvarðanir umsjónarnefndar um kæru eru endanlegar innan stjórnsýslunnar. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið gjald fyrir veittar undanþágur.

Heimilt er að svipta leyfishafa atvinnuleyfi tímabundið ef hann brýtur gegn ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar, en fyrir fullt og allt ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa. Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur til að stunda leiguakstur á grundvelli hæfnisprófs og læknisskoðunar eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð. Heimilt er að leyfa eftirlifandi maka eða dánarbúi leyfishafa að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjú ár eftir andlát leyfishafa.

8. gr.

Umsjónarnefnd fólksbifreiða.

Þar sem kveðið hefur verið á um takmörkun á fjölda fólksbifreiða í leiguakstri skipar samgönguráðherra þriggja manna umsjónarnefnd fólksbifreiða. Sveitarfélag eða sveitarfélög sameiginlega tilnefna einn mann, félag eða félög leigubifreiðastjóra sameiginlega einn mann og hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Ráðherra getur ákveðið að fjölga í nefndinni á ákveðnum svæðum ef ástæða þykir til.

Umsjónarnefnd fólksbifreiða hefur með höndum umsjón og eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða um leigubifreiðar á svæðinu, úthlutun atvinnuleyfa og afturköllun þeirra, svo og eftirlit með þjónustu fólksbifreiðastöðva.

Samgönguráðherra ákveður laun nefndarmanna. Laun þeirra og annan kostnað af störfum umsjónarnefnda greiðir ríkissjóður.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

Gjaldmælar skulu vera í öllum fólksbifreiðum og sendibifreiðum sem notaðar eru til leiguaksturs. Löggildingarstofan hefur eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla.

10. gr.

Samgönguráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði II. kafla laganna er samgönguráðherra heimilt að veita tímabundið og skilyrt atvinnuleyfi til reksturs eðalvagnaþjónustu og til bifreiðastjóra sem jafnframt er fullgildur leiðsögumaður.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um leigubifreiðar, nr. 77/1989, með síðari breytingum.

Við gildistöku laga þessara haldast viðurkenningar á bifreiðastöðvum samkvæmt eldri lögum og þær takmarkanir á fjölda leigubifreiða sem nú eru í gildi þar til öðruvísi er ákveðið af réttum aðilum.

Þeir sem hafa atvinnuleyfi eða stunda akstur leigubifreiða utan takmörkunarsvæða við gildistöku laga þessara eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 3. gr. skulu þeir sem stunda akstur leigubifreiða við gildistöku laga þessara og hafa verið undanþegnir reglum um hámarksaldur halda atvinnuréttindum sínum óskertum til 1. janúar 1996. Eftir þann tíma rennur heimild allra bifreiðastjóra sem stunda leiguakstur samkvæmt lögum þessum út við lok 70 ára aldurs þeirra nema þeir fái undanþágu á grundvelli 2. málsl. 5. mgr. 7. gr.

Þeir sem stunda leiguakstur á fólksbifreið utan takmörkunarsvæða við gildistöku laga þessara skulu uppfylla skilyrði laganna og afla sér atvinnuleyfis á árinu 1995.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

Nr. 62 8. mars 1995

LÖG

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð, þar á meðal skilyrði um nauðsynlega kunnáttu á íslensku tal- og ritmáli.

Skipstjóri á íslensku skipi skal ávallt vera íslenskur ríkisborgari eða njóta atvinnuréttinda sem íslenskur ríkisborgari og bera fulla ábyrgð á framkvæmd laga þeirra og reglna sem lúta að starfi hans og settar eru af þar til bærum stjórnvöldum.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

a. Skip merkir í lögum þessum, sé eigi annað tekið fram, hvert það far sem er 6 m langt eða meira og skráð er í skipaskrá.
b. Skipstjóri er sá sem fer með æðsta vald á skipi.
c. Yfirstýrimaður/1. stýrimaður er sá skipstjórnarmaður er gengur næst skipstjóra í starfi.
d. Undirstýrimaður er hver sá stýrimaður sem er lægra settur en yfirstýrimaður/1. stýrimaður.
e. Rúmlest merkir í lögum þessum brúttórúmlest. Er þá miðað við Óslóarsamþykkt um skipamælingar frá 10. júní 1947, með áorðnum breytingum, fyrir skip 24 m að lengd og lengri, en við íslenskar reglur um mælingu skipa fyrir skip styttri en 24 m að lengd.

f. Fiskiskip merkir hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem notað er til fiskveiða eða annarra veiða úr lífríki sjávar.
g. Kaupskip merkir hvert það skip, skrásett sem vöruflutninga- eða farþegaskip, er siglir með varning og/eða farþega til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan. Til þessa flokks teljast m.a. olíu- og efnaflutningaskip.
h. Varðskip merkir hvert það skip, skrásett sem varðskip, er stundar landhelgisgæslu og björgunarstörf undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.
i. Önnur skip en upp eru talin í stafliðum f–h hlíta ákvæðum laganna um fiskiskip.
j. Strandsigling er sigling innan 50 sjómílna frá ströndum Íslands og á öðrum hafsvæðum eftir nánari ákvörðun Siglingamálastofnunar ríkisins.
k. Innanlandssigling er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
l. Utanlandssigling er hver sú ferð sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu þótt hafna sé ekki leitað.
m. Mánuður telst 30 dagar.
n. STCW er alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978.
o. Stig merkir námsstig, sbr. lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Lágmarksfjöldi stýrimanna skal vera sem hér segir:

I. Á fiskiskipum:
a. á skipum 31–300 rúmlestir einn stýrimaður,
b. á skipum 301 rúmlest og stærri tveir stýrimenn,
c. á skipum 30 rúmlestir og minni einn stýrimaður ef ekki er landað daglega,
d. á skipum 20 rúmlestir og minni er ekki skylt að stýrimaður sé í áhöfn ef útivera skips fer ekki fram úr 36 klst. á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september, en 24 klst. þess utan.

II. Á varðskipum:
a. á skipum 400 rúmlestir og minni tveir stýrimenn,
b. á skipum 401 rúmlest og stærri þrír stýrimenn.

III. Á kaupskipum fer eftir því sem fyrir er mælt í lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtalin stig skipstjórnarnáms við Stýrimannaskólann í Reykjavík og aðra viðurkennda skóla, er veita sambærilega fræðslu, eru grundvöllur atvinnuréttinda stýrimanna sem hér segir:

I. Fiskiskip:

1. stig:
a. Veitir réttindi til að vera yfirstýrimaður á 200 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum.
b. Veitir réttindi til að vera undirstýrimaður á 500 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum.

2. stig:
a. Veitir réttindi til að vera yfirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði.

II. Kaupskip og varðskip:

2. stig:
a. Veitir réttindi til að vera yfirstýrimaður á 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strandsiglingum (STCW regla II/3 nr. 2).

b. Veitir réttindi til að vera undirstýrimaður á kaupskipum og varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (STCW regla II/4 nr. 3).

3. stig:

a. Veitir réttindi til að vera yfirstýrimaður á kaupskipum og varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (STCW regla II/2).

5. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuréttindi stýrimanna eru bundin eftirfarandi skilyrðum um siglingatíma. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók innlendri eða útlendri eða vottorði frá lögskráningarstjóra. Til staðfestingar siglingatíma á skipum 12 rúmlestir og minni má leggja fram vottorð tveggja trúverðugra manna.

Siglingatími telst sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi sem er í rekstri og þar sem viðkomandi fær undirstöðuþekkingu í störfum á þilfari og í brú, stjórn manna og forsjá. Af siglingatíma verður stýrimannsefni að hafa gengið sjóvaktir a.m.k. 6 mánuði í brú undir umsjón skipstjórnarmanns. Af siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf á skipi en skipstjóra-, stýrimanns- eða hásetastörf. Nám eða störf í verklegri sjómennsku og notkun öryggis- og björgunarbúnaðar á viðurkenndum námskeiðum má meta sem siglingatíma í allt að einn mánuð.

I. Fiskiskip:

1. stig:

a. Yfirstýrimannsréttindi á 200 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum: 24 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum stærri en 30 rúmlestir. Heimilt er að 6 mánuðir séu á 12 rúmlesta skipum og minni.

b. Undirstýrimannsréttindi á 500 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum: Vera handhafi atvinnuskírteinis sem skipstjóri á 200 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum.

2. stig:

a. Yfirstýrimannsréttindi. Ótakmörkuð stærð og farsvið: 27 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum yfir 100 rúmlestum.

II. Kaupskip og varðskip:

2. stig:

a. Yfirstýrimannsréttindi á 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strandsiglingum (STCW II/3 nr. 2): 27 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum yfir 100 rúmlestum.

b. Undirstýrimannsréttindi. Ótakmörkuð stærð og farsvið (STCW II/4 nr. 3): 27 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum yfir 100 rúmlestum.

3. stig:

a. Yfirstýrimannsréttindi. Ótakmörkuð stærð og farsvið (STCW II/2): 36 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 18 mánuði háseti á skipi yfir 100 rúmlestum.

6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Til þess að öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna þarf viðkomandi að hafa lokið prófum í sjómanna- og skipstjórnarfræðum frá viðurkenndum skóla í samræmi við reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um nám í þessum fræðum. Auk þess skal viðkomandi hafa verið í 18 mánuði háseti á skipi, sbr. 6. gr.

Ráðuneytið gefur út námskrá til samræmingar kennslu og skipar prófdómara að höfðu samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík og hagsmunaaðila. Þeir sem standast prófin skulu fá vottorð undirrituð af viðkomandi skólastjóra og prófdómara.

7. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Rétt til að vera skipstjóri á skipi sem er meira en 30 rúmlestir hefur sá einn sem hefur öðlast rétt til að gegna starfi yfirstýrimanns á tilgreindum skipum, sbr. 5. og 6. gr. Þó skal skipstjóri á varðskipum hafa lokið námi 4. stigs og eftir öflun stýrimannsskírteinis gegnt a.m.k. eftirtöldum skipstjórnarstörfum í tilskilinn tíma. Lögskráning sem 1. stýrimaður fyrir gildistöku laga þessara jafngildir yfirstýrimannstíma samkvæmt lögum þessum.

I. Fiskiskip:

1. stig:

a. Skipstjóraréttindi á 200 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum: 12 mánuði á skipi yfir 30 rúmlestum.

2. stig:

b. Skipstjóraréttindi á skipum af ótakmarkaðri stærð: 24 mánuði á skipi stærra en 30 rúmlestir, þar af a.m.k. 6 mánuði yfirstýrimaður/1. stýrimaður á skipum yfir 100 rúmlestum.

II. Kaupskip:

2. stig:

a. Skipstjóraréttindi á 200 rúmlesta skipum og minni í strandsiglingum (STCW II/3, nr. 2): 24 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði sem yfirstýrimaður.

3. stig:

a. Skipstjóraréttindi á skipum af ótakmarkaðri stærð í strandsiglingum (STCW II/2): 24 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði yfirstýrimaður.

b. Skipstjóraréttindi á skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (STCW II/2): 24 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði yfirstýrimaður á skipi í utanlandssiglingum.

III. Varðskip:

4. stig:

a. Skipstjóraréttindi á skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði: 30 mánuðir á skipum yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði sem yfirstýrimaður á varðskipi.

8. gr.

9. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Í stað orðsins „lögreglustjórum“ í 2. mgr. 13. gr. kemur: sýslumönnum.

10. gr.

Í stað 3. mgr. 13. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til fimm ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar, þar sem taka skal mið af alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna frá 1978, eftir því sem við á. Atvinnuskírteini samkvæmt STCW-alþjóðasamþykktinni skulu þó gefin út af Siglingamálastofnun ríkisins.

Skírteinishafi skal hafa skírteinið meðferðis við skipstjórn og sýna það þegar löggæslumaður krefst þess.

11. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Allir þeir sem öðlast hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lög þessi öðlast gildi skulu halda réttindum sínum óskertum, enda fullnægi þeir kröfum um viðhald réttinda og heilsufar, sbr. 13. gr.

12. gr.

2. málsl. 2. mgr. 21. gr. laganna orðast svo: Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila, einn fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í stað A-liðar í ákvæði til bráðabirgða kemur nýr A-liður, svohljóðandi:

A. Fram til 1. september 1996 getur sá sem fæddur er árið 1945 eða fyrr og stundað hefur skipstjórn lengur en 8 ár fengið réttindi sem skipstjóri á skipi 30 rúmlestir og minna þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laganna þegar hann hefur setið námskeið í sjómanna- og skipstjórnarfræðum. Í stað þess að ganga undir próf getur viðkomandi fengið vottorð um að hann hafi setið námskeiðið og sé hæfur til skipstjórnarstarfa að mati námskeiðshaldara.

Þeir sem fæddir eru árið 1934 eða fyrr og stundað hafa skipstjórn á báti 11 rúmlestir og minni um 10 ára skeið eiga rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini sem bundið er viðkomandi skipi eða öðru skipi þó eigi yfir 11 rúmlestum. Siglingatíma má sanna með vottorðum tveggja valinkunnra manna.

Í ákvæði til bráðabirgða kemur nýr liður, er verður C-liður, svohljóðandi:

C. Nú hefur skipstjórnarmaður notið undanþágu frá ákvæðum laganna til skipstjórnarstarfa á sama skipi sem vegna breytinga á því hefur mælst meira en 200 rúmlestir eða aðrar hliðstæðar ástæður eru fyrir hendi sem taldar hafa verið fullgildar ástæður fyrir undanþágu og er þá heimilt að veita honum þau atvinnuréttindi óskert til starfa á sama skipi að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um breyting á lögum um vitamál, nr. 56/1981, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Vitagjald skal greitt af brúttótonnatölu skips.

Af öllum íslenskum skipum, stærri en 10 brúttótonn, skal greitt vitagjald einu sinni á ári. Af öllum erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greitt vitagjald við hverja komu til landsins sem svarar til ¼ hluta af almenna vitagjaldinu, mest fjórum sinnum á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

8. mars 1995 Nr. 64

LÖG

um breytingu á lögum um vöruflutninga á landi, nr. 47/1994.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um vöruflutninga á landi gegn gjaldi með flutningabifreið eða vagnlest umfram þá hámarkshleðslu sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Heimild bifreiðastjóra til að stunda akstur flutningabifreiða samkvæmt lögum þessum fellur niður við lok 70 ára aldurs þeirra. Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn allt til 75 ára aldurs leyfishafa ef hann telst hæfur til að stunda akstur flutningabifreiða á grundvelli hæfnisprófs og læknisskoðunar eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, er verða 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

Til að stunda vöruflutninga með flutningabifreiðum þarf sérstakt leyfi. Samgönguráðuneytið veitir slík leyfi til einstaklinga og fyrirtækja eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Til að öðlast slíkt leyfi þarf umsækjandi að uppfylla skilyrði 2. gr. laganna.

Þeir sem stunda akstur flutningabifreiða við gildistöku laga þessara eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. skulu þeir sem stunda akstur flutningabifreiða halda atvinnuréttindum sínum óskertum til 1. janúar 1996. Eftir þann tíma rennur heimild allra bifreiðastjóra sem stunda akstur flutningabifreiða samkvæmt lögum þessum út við lok 70 ára aldurs þeirra nema þeir fái undanþágu á grundvelli 2. málsl. 2. mgr. 1. gr.

Þeir sem stunda vöruflutninga með flutningabifreiðum gegn gjaldi við gildistöku laga þessara skulu uppfylla skilyrði laganna og afla sér flutningaleyfis á árinu 1995.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

Nr. 65 8. mars 1995

LÖG

um breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Skip, sem keypt er eða leigt frá útlöndum til skráningar hér á landi, skal hafa verið smíðað í samræmi við reglur viðurkennds flokkunarfélags um flokkuð skip eða sambærilegar reglur. Einnig skal slíkt skip fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri. Skal skoðun fara fram áður en það er flutt inn. Að skoðun lokinni kveður siglingamálastjóri á um hvort hann mælir með innflutningi skips eða ekki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um grunnskóla.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Markmið og skólaskylda.

1. gr.

Sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli. Öllum börnum og unglingum á framangreindum aldri er skylt að sækja skóla en frá því má þó veita undanþágu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemenda í lögum þessum miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

2. gr.

Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á kjörum fólks og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og á skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

3. gr.

Grunnskóli er tíu ára skóli.

Hver grunnskóli skal vera einsetinn.

Hverjum grunnskóla má skipa í einingar með ákvörðun hlutaðeigandi sveitarstjórna.

4. gr.

Í strjálbýli skal miðað við heimanakstur nemenda þar sem því verður við komið en ekki heimavist.

Börn yngri en tíu ára skulu ekki dveljast í heimavist nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn er heimilt að koma á fót skólaseljum frá aðalskóla.

Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma.

5. gr.

Sveitarstjórn getur borið fram við menntamálaráðuneytið rökstudda beiðni um tímabundna undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. og 26. gr. laga þessara um skólaskyldu og skólatíma. Menntamálaráðuneytið úrskurðar hvort eða að hvað miklu leyti slík undanþága skuli veitt.

6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla. Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita leiða til úrbóta.

Takist það ekki vísar skólastjóri málinu til úrlausnar skólanefndar sem leitar lausna á því að fenginni umsögn frá sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélaga.

Finnist enn ekki úrlausn getur hvor aðili, forráðamaður eða skólanefnd, vísað málinu til menntamálaráðuneytis sem leitar úrlausnar og getur úrskurðað með hvaða hætti úr skuli bætt.

7. gr.

Undanþegin því að sækja grunnskóla skv. 1. gr. eru:

a. börn sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 56. gr.,
b. börn sem búa í skólahverfum sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr. að því leyti sem undanþágan kveður á um.

8. gr.

Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu í samráði við umsjónarkennara telji hann til þess gildar ástæður. Forráðamaður skal þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

II. KAFLI
Stjórnun grunnskóla.

9. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi taka til og hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög þessi, reglugerðir við þau og aðalnámskrá grunnskóla kveða á um.

Ráðuneytið skal fylgjast með að allir grunnskólar landsins eigi kost á sérfræðiþjónustu og að nemendur, sem ekki geta notið kennslu með fullnægjandi hætti í almennum grunnskóla, fái kennslu við hæfi.

Menntamálaráðuneytið annast söfnun og dreifingu upplýsinga um skólahald og skólastarf á grunnskólastigi.

Menntamálaráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í grunnskólum landsins á þriggja ára fresti.

10. gr.

Allur rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga frá þeim tíma sem lög þessi koma að fullu til framkvæmda sé ekki sérstaklega kveðið á um annað. Sveitarstjórn skal gera menntamálaráðuneytinu árlega eða oftar, sé þess krafist, grein fyrir framkvæmd skólahalds í skólahverfi sínu.

Menntamálaráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um upplýsingaskyldu sveitarfélaga varðandi skólahald.

11. gr.

Skólahverfi er sú eining sem stendur að einum grunnskóla eða fleiri. Sveitarfélög geta sameinast um rekstur grunnskóla og mynda þá eitt skólahverfi. Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla, telst eitt skólahverfi. Þó er heimilt að skipta sveitarfélagi í fleiri

skólahverfi samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi ef börn og unglingar á skólaskyldualdri úr því sveitarfélagi eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

Þar sem sveitarfélög sameinast um rekstur grunnskóla eða hluta hans skulu viðkomandi sveitarstjórnir gera með sér samning um stofnun skólans, rekstur hans og hvernig kostnaði skuli skipt milli aðila. Í samningnum skal m.a. kveðið á um hvernig haga skuli ráðningum starfsmanna, hjá hvaða sveitarfélagi þeir eru ráðnir, svo og hvernig endurgreiðslu annarra rekstraraðila á hlutdeild í launakostnaði skuli hagað.

12. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Skólanefnd skal sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún skal staðfesta áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í skólahverfinu. Í sveitarfélögum þar sem skólahverfi eru fleiri en eitt skal áætlun um starfstíma nemenda jafnframt staðfest af viðkomandi sveitarstjórn. Skólanefnd getur gert tillögur til skólastjóra um umbætur í skólastarfi. Jafnframt skal skólanefnd stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla.

Skólanefnd fylgist með og stuðlar að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu og að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Skólanefnd ásamt skólastjóra lítur eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.

13. gr.

Skólanefnd skal kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum í upphafi hvers kjörtímabils. Um kosningu í skólanefnd og starfshætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, og samþykktum viðkomandi sveitarfélags.

Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt.

Þar sem fleiri en eitt sveitarfélag standa saman að rekstri grunnskóla, eða hluta hans, skal setja í stofnsamning ákvæði um aðild hvers og eins að skólanefnd.

Fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra eiga rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Grunnskólakennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd. Þar sem stöðugildi við grunnskóla í skólahverfi eru 15 eða færri skal kjörinn einn kennarafulltrúi en tveir þar sem stöðugildi eru 16 eða fleiri. Varamenn kennarafulltrúa skulu jafnmargir aðalmönnum.

Skólastjóri, eða aðstoðarskólastjóri í forföllum hans, á rétt til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað er sérstaklega um málefni viðkomandi skóla.

Foreldrafélag, eða samtök foreldra í skólahverfinu, kýs úr sínum hópi einn fulltrúa til að starfa með skólanefnd og einn varamann.

14. gr.

Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum og ber ábyrgð á starfi skólans og veitir honum faglega forustu. Skólastjóri sér um að skólanámskrá skólans sé gerð.

Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skóla. Auk þess skal boða til slíks fundar ef þriðjungur kennara skólans æskir þess.

Í skólum, þar sem kennslumagn nemur átta fullum stöðum eða fleiri auk skólastjóra, kjósa kennarar þriggja manna kennararáð sem í umboði kennara er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn skólans. Í öðrum skólum fer kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Skólastjóri skal a.m.k. tvisvar á ári boða til sameiginlegs fundar kennararáðs, foreldraráðs og nemendaráðs til þess að veita upplýsingar um skólastarfið og fjalla um málefni þessara ráða.

15. gr.

Starfsmönnum skóla er skylt að efla samstarf skóla og heimila, m.a. með því að miðla fræðslu um skólamál til foreldra og veita upplýsingar um starfið í skólanum.

Foreldrar barna í grunnskóla geta ákveðið að stofna samtök foreldra við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl heimila og skóla.

Skólastjóri skal boða til stofnfundar slíkra samtaka óski foreldrar þess. Samtökin setja sér starfsreglur.

16. gr.

Við hvern grunnskóla skal starfa foreldraráð og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess.

Í foreldraráði sitja þrír foreldrar sem ekki eru starfsmenn skólans. Foreldrar við grunnskóla velja fulltrúa í foreldraráð til tveggja ára í senn.

Foreldraráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið, fylgist með að áætlanir séu kynntar foreldrum, svo og með framkvæmd þeirra.

Skólastjóri starfar með foreldraráði og veitir því upplýsingar um starfið í skólanum.

Óski foreldrar þess er skóla heimilt, með rökstuddri greinargerð, að sækja um undanþágu frá ákvæði greinar þessarar til menntamálaráðuneytisins. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir undanþágu, svo sem ef skóli er mjög fámennur.

17. gr.

Nemendum grunnskóla er heimilt að stofna nemendaráð sem vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Skólastjóri felur einum af kennurum skólans að aðstoða nemendaráð.

Nemendaráð hvers skóla skal setja sér starfsreglur.

III. KAFLI
Skólahúsnæði.

18. gr.

Gerð skólamannvirkja er undirbúin af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd.

Stofnkostnaður grunnskóla greiðist af sveitarfélögum. Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða fyrirkomulag er blandað.

19. gr.

Í skólahúsi skal, auk kennsluaðstöðu fyrir allar námsgreinar, gera ráð fyrir skólasafni; aðstöðu fyrir nemendur til náms, annarra starfa og hvíldar utan kennslustunda; aðgengi og aðstöðu fatlaðra; aðstöðu til sérfræðiþjónustu við nemendur; aðstöðu til að neyta málsverðar; snyrtiherbergjum; vinnuaðstöðu fyrir kennara, skólastjórnendur og aðra starfsmenn skólans; íþróttaaðstöðu og aðstöðu fyrir almenna félagsstarfsemi nemenda og öðru því er lög

þessi tilgreina. Ef henta þykir má nýta aðstöðu í nágrenni skóla fyrir einstakar greinar, svo sem íþróttir.

Við gerð heimavista skal kappkostað að þær minni sem mest á venjulegt heimili og þannig sé gengið frá að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista.

20. gr.

Við undirbúning að nýbyggingu og endurbótum grunnskólahúsnæðis skal farið að reglugerð er menntamálaráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og kveður á um lágmarks aðstöðu og búnað.

Sveitarstjórn ákveður nafn skóla.

21. gr.

Sveitarfélögum er skylt að annast og kosta viðhald skólahúsa og endurnýjun og viðhald búnaðar þeirra á fullnægjandi hátt.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þau skólahús er byggð voru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum og eiga sveitarfélög ekki kröfur á ríkissjóð vegna viðhalds þessara mannvirkja. Verði húsnæði, er byggt var með stofnkostnaðarframlagi úr ríkissjóði, ráðstafað til annarra nota en grunnskólahalds skal samið um uppgjör þess eignarhluta er þannig myndaðist. Náist ekki samkomulag skal eignin metin af dómkvöddum mönnum.

22. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þar á meðal skólastjóra- og kennarabústaða sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga eða í eigu sveitarfélaga einna, skulu vera í höndum skólastjóra í umboði sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn er heimilt að ráðstafa skólahúsnæði öllu eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi eða almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt að það raski í engu skólahaldi, félagslífi nemenda eða annarri lögbundinni notkun húsnæðisins.

Að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar getur sveitarstjórn ákveðið að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingareksturs. Tekjur af eignum skólans renna til sveitarsjóðs.

IV. KAFLI
Starfsfólk grunnskóla.

23. gr.

Við hvern grunnskóla skal vera skólastjóri sem ráðinn er af sveitarstjórn að fenginni umsögn skólanefndar. Við ráðningu skólastjóra skal tekið mið af menntun umsækjanda og starfsreynslu. Skólastjóri við heimavistarskóla er jafnframt heimavistarstjóri.

Í grunnskóla þar sem starfa 12 starfsmenn eða fleiri í fullu starfi, auk skólastjóra, skal sveitarstjórn ráða aðstoðarskólastjóra að fenginni tillögu skólastjóra. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Í skólum þar sem starfa færri en 12 starfsmenn ákveður skólastjóri í upphafi skólaárs í samráði við kennarafund og skólanefnd hver af föstum kennurum skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans.

Um ráðningu kennara og annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Séu þar eigi sérstök ákvæði þessa efnis gefur sveitarstjórn eða byggðarráð fyrirmæli til skóla um hvernig staðið skuli að ráðningu starfsmanna.

Við ráðningu kennara og skólastjóra skal gæta ákvæða gildandi laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara og skólastjóra.

24. gr.

Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp skal skólastjóri velja umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila.

Skólastjóra er heimilt að fela kennurum árgangastjórn, fagstjórn, leiðsögn nýliða og kennaranema samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

25. gr.

Sveitarstjórnir skulu greiða upphæð er svarar til 1% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir. Úr sjóði þessum skulu greidd laun kennara og skólastjóra við grunnskóla vegna námsleyfa allt að einu ári. Heimilt er að veita úr sjóðnum ferðastyrki og styrki til viðbótar námsleyfi.

Sjóðnum stjórnar fimm manna stjórn. Heildarsamtök kennara á skyldunámsstigi skulu tilnefna tvo stjórnarmenn en stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þrjá. Varamenn skulu valdir með sama hætti.

Stjórn sjóðsins metur umsóknir um framlög úr sjóðnum og ákveður árlega úthlutun. Úthlutun skal lokið eigi síðar en 1. desember ár hvert.

Nú gegnir alþingismaður starfi hjá ríki eða ríkisstofnun með þingmennsku og skal hann þá njóta launa fyrir það starf samkvæmt mati viðkomandi ráðuneytis, þó aldrei hærri en 50%.

Gutenberg

5. gr.

Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, fær greitt þingfararkaup, sbr. 51. gr. stjórnarskrár.

II. KAFLI
Þingfararkostnaður.

Húsnæðis- og dvalarkostnaður.

6. gr.

Greiða skal alþingismanni fyrir kjördæmi utan Reykjavíkur og Reykjaness mánaðarlega húsnæðis- og dvalarkostnað til þess að hafa dvalarstað í Reykjavík eða grennd, eigi hann heimili utan Reykjavíkur eða nágrennis, eða til þess að hafa starfs- eða dvalaraðstöðu í kjördæmi sínu eigi hann heimili utan kjördæmisins.

Alþingismaður, sem á heimili utan Reykjavíkur eða nágrennis en fer að jafnaði milli heimilis og Reykjavíkur um þingtímann, á rétt á að fá endurgreiddan ferðakostnað, auk þriðjungs af greiðslu skv. 1. mgr. mánaðarlega.

Haldi alþingismaður, sem á aðalheimili utan Reykjavíkur eða nágrennis, annað heimili í Reykjavík er heimilt, meðan svo stendur, að greiða honum álag, allt að 40%, á fjárhæð skv. 1. mgr.

Ferðakostnaður.

7. gr.

Alþingismaður fær mánaðarlega fjárhæð til greiðslu kostnaðar við ferðalög innan kjördæmis hans. Enn fremur skal endurgreiða alþingismanni ferðakostnað milli heimilis eða starfsstöðvar og Reykjavíkur.

Endurgreiða skal alþingismanni kostnað við aðrar ferðir er hann þarf að fara innan lands í tengslum við störf sín, svo og gisti- og dvalarkostnað í þeim ferðum. Heimilt er að ákveða að kostnaður við ferðir umfram tiltekna vegalengd frá heimili eða starfsstöð innan kjördæmis verði endurgreiddur þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.

8. gr.

Alþingi greiðir kostnað við ferðir sem alþingismaður fer á vegum þingsins til útlanda.

Almennur starfskostnaður.

9. gr.

Alþingi leggur alþingismanni til almenna skrifstofuaðstöðu og nauðsynlegan búnað og greiðir kostnað af því. Endurgreiða skal alþingismanni símakostnað.

Endurgreiða skal alþingismönnum annan starfskostnað samkvæmt reglum sem forsætisnefnd setur. Heimilt er að greiða starfskostnað samkvæmt þessari málsgrein sem fasta fjárhæð í stað endurgreiðslu samkvæmt reikningum.

III. KAFLI
Önnur starfskjör.

Forföll alþingismanna og greiðslur til varaþingmanna.

10. gr.

Nú þarf alþingismaður að vera fjarverandi vegna starfa á vegum ríkisstjórnar, sem fulltrúi Alþingis eða í öðrum opinberum erindum, í a.m.k. fimm daga eða lengur, og varamaður tekur sæti hans á Alþingi á meðan, sbr. 2. mgr. 53. gr. þingskapa, og skal hann þá eigi að síður halda þingfararkaupi og öðrum föstum greiðslum meðan forföll vara. Forsætisnefnd

getur sett nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og er þá heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar málsgreinar um lágmarkstíma fjarveru ef sérstaklega stendur á og fyrir liggur beiðni þingflokks þar að lútandi.

Hverfi þingmaður af þingi um sinn vegna slyss eða veikinda fær hann þingfararkaup og aðrar fastar greiðslur samkvæmt lögum þessum eigi að síður allt að einu ári.

Nú er þingmaður forfallaður af öðrum ástæðum en getur í 1. og 2. mgr. og varamaður tekur sæti hans á þingi, og missir hann þá þingfararkaups og annarra kjara þann tíma sem hann er fjarverandi.

11. gr.

Varaþingmaður fær greitt þingfararkaup skv. 1. gr. meðan hann situr á Alþingi og endurgreiddan þingfararkostnað samkvæmt lögum þessum eftir nánari reglum sem forsætisnefnd setur.

Fæðingarorlof og tryggingar.

12. gr.

Alþingismaður á rétt á fæðingarorlofi þann tíma sem lög eða kjarasamningar opinberra starfsmanna ákveða. Tekur varamaður þá sæti á meðan en þingmaðurinn skal einskis í missa af launum og föstum greiðslum samkvæmt lögum þessum meðan á fæðingarorlofi stendur.

Alþingismaður nýtur slysa- og ferðatrygginga.

Biðlaun.

13. gr.

Alþingismaður á rétt á biðlaunum er hann lætur af þingmennsku. Biðlaun jafnhá þingfararkaupi skv. 1. gr. skal þá greiða í þrjá mánuði. Eftir þingsetu í tvö kjörtímabil eða lengur skal þó greiða biðlaun í sex mánuði.

IV. KAFLI
Ákvörðun þingfararkaups og þingfararkostnaðar.

14. gr.

Kjaradómur ákveður þingfararkaup skv. 1. gr., sbr. lög nr. 120/1992.

Forsætisnefnd Alþingis ákveður aðrar greiðslur samkvæmt lögum þessum og setur nánari reglur um þær.

15. gr.

Skrifstofa Alþingis úrskurðar um reikninga þá sem alþingismanni skulu endurgreiddir samkvæmt lögum þessum. Vilji alþingismaður ekki una úrskurði skrifstofunnar getur hann skotið honum til forsætisnefndar sem fellir endanlegan úrskurð.

Ef vafi leikur á um rétt alþingismanns samkvæmt lögum þessum sker forsætisnefnd úr.

16. gr.

Greiðsla þingfararkostnaðar skv. 6., 7. og 9. gr. er framtalsskyld, sbr. lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, en ekki skattskyld. Um greiðslur skv. 8. gr. fer eftir þeim reglum sem ríkisskattstjóri setur.

V. KAFLI
Gildistaka.
17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1995. Frá þeim tíma falla úr gildi lög nr. 75/1980. Úrskurðir byggðir á þeim lögum halda gildi sínu þangað til forsætisnefnd hefur sett nýjar reglur skv. 6. og 7. gr., sbr. 2. mgr. 14. gr.

Í stað orðanna „þingfararkaup og önnur starfskjör alþingismanna skv. 12. gr. laga nr. 75/1980, um þingfararkaup alþingismanna“ í 2. gr. laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, kemur: þingfararkaup samkvæmt lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað.

Gjört að Bessastöðum, 28. júní 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 – 1995

21. júní 1995 617 Nr. 89

LÖG

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Bátar er veiðar stunda með línu og handfærum með dagatakmörkunum samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða skulu greiða gjald er miðast við landaðan afla viðkomandi báts á tímabilinu 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs miðað við skráningu aflans í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Um gjald þetta gilda að öðru leyti ákvæði 6. gr. eftir því sem við á.

3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Komi í ljós að fjárhagur sjóðsins leyfi ekki greiðslu úreldingarstyrkja skv. 1. mgr. þessarar greinar er ráðherra heimilt að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins að lækka þegar ákveðið styrkhlutfall ársins. Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða frestun á greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

4. gr.

Í stað 8. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Skilyrði fyrir veitingu loforðs um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að eigandi þess lýsi því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar verði ekki nýttur og enn fremur að allar veiðiheimildir skipsins verði sameinaðar aflaheimildum annarra skipa. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. er heimilt að veita loforð um styrk til úreldingar ef því verður lýst yfir að skipinu verði ekki haldið til veiða í efnahagslögsögu Íslands eða það gert út sem fiskiskip frá Íslandi.

Óheimilt er að greiða úreldingarstyrk fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar ríkisins um afskráningu skipsins af skipaskrá eða að þinglýst hefur verið kvöð á skipið þess efnis að það hafi verið tekið varanlega úr fiskiskipastól Íslendinga og að því verði ekki haldið til veiða frá Íslandi. Þá skal liggja fyrir yfirlýsing Fiskistofu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins. Þá er óheimilt að veita skipi leyfi til veiða í atvinnuskyni

Gutenberg

ef Þróunarsjóður hefur greitt styrk vegna úreldingar þess. Enn fremur er óheimilt að nýta fiskiskip er hlotið hefur úreldingarstyrk til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands eða gera það út sem fiskiskip frá Íslandi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 4. gr. skulu þó eingöngu taka til styrkloforða sem gefin verða út eftir gildistöku laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Til viðbótar ákvæði til bráðabirgða I bætist nýtt ákvæði er orðast svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árinu 1995 að taka að láni og endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins allt að 500 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi laganna.

II.

Í stað ákvæðis til bráðabirgða II kemur nýtt ákvæði er orðast svo:

Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. um þriggja ára greiðsluskyldu á hvorki við um þau skip er fá úthlutað tiltekinni hlutdeild af heildarafla og voru skráð á skipaskrá fyrir 1. janúar 1994 né um báta 6 brl. og minni er veiðar stunda með línu og handfærum með dagatakmörkunum sem skráðir voru á skipaskrá fyrir 1. maí 1995.

III.

Sjávarútvegsráðherra er, þrátt fyrir ákvæði 7. gr., heimilt að ákveða að til ársloka 1995 skuli styrkur vegna úreldingar krókabáta vera hærra hlutfall af húftryggingarmati en gildir um önnur skip.

Gjört í Reykjavík, 21. júní 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 90 22. júní 1995

LÖG

um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „sbr. reglugerð nr. 312/76/EBE“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: sbr. reglugerðir nr. 312/76/EBE og nr. 2434/92/EBE.

2. gr.

Fylgiskjal með lögunum, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra, orðast svo:

Ákvæði reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 1612/68/EBE, eins og henni er breytt með reglugerðum nr. 312/76/EBE og nr. 2434/92/EBE, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af V. viðauka, bókun 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum ákvæðum hans.*

* Aðlögun reglugerðarinnar er með fyrirvara um framkvæmd EFTA-ríkjanna á einstökum þáttum hennar, sbr. t.d. d-lið 4. tölul. bókunar 1.

I. HLUTI
ATVINNA OG FJÖLSKYLDUR LAUNÞEGA
I. BÁLKUR
Aðgangur að vinnumarkaði.

1. gr.

1. Sérhver ríkisborgari EES-ríkis skal, óháð búsetu, hafa rétt til að ráða sig til vinnu sem launþegi og rækja það starf á yfirráðasvæði annars EES-ríkis í samræmi við þau ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum er taka til atvinnumála ríkisborgara aðildarríkisins.
2. Hann skal m.a. njóta þeirra réttinda að ráða sig til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis með sama forgangsrétti og ríkisborgarar þess ríkis.

2. gr.

Sérhver ríkisborgari EES-ríkis og sérhver vinnuveitandi sem rekur starfsemi á yfirráðasvæði EES-ríkis geta skipst á umsóknum og tilboðum um atvinnu og geta komið sér saman um og framkvæmt ráðningarsamninga í samræmi við ákvæði gildandi laga eða stjórnsýslufyrirmæla án þess að það leiði til nokkurrar mismununar.

3. gr.

1. Samkvæmt þessari reglugerð skulu ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkis ekki gilda í þeim tilvikum:
   — þar sem þau takmarka umsóknir og framboð á atvinnu eða rétt erlendra ríkisborgara til að fá og stunda atvinnu eða setja þeim önnur skilyrði en þau sem gilda um þeirra eigin ríkisborgara eða
   — þar sem meginmarkmið eða áhrif þeirra eru að halda ríkisborgurum annarra EES-ríkja frá atvinnu sem til boða stendur enda þótt það taki ekki til þjóðernis.

   Þetta ákvæði á ekki við í þeim tilvikum þar sem tungumálakunnátta skiptir máli vegna eðlis starfsins sem um er að ræða.
2. Þetta skal einkum og sér í lagi ná til þeirra ákvæða eða venju EES-ríkis samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. sem:
   a. mæla fyrir um sérstakar reglur um ráðningar erlendra ríkisborgara;
   b. takmarka eða draga úr auglýsingum í blöðum eða öðrum fjölmiðlum á lausum störfum eða binda þau öðrum skilmálum en þeim sem gilda fyrir atvinnurekendur á yfirráðasvæði aðildarríkisins;
   c. binda aðgang að vinnumarkaðinum við skráningu á ráðningarskrifstofum eða hindra ráðningu einstakra launþega þegar um er að ræða fólk sem ekki býr á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem í hlut á.

4. gr.

1. Ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum EES-ríkis sem takmarka fjölda eða hundraðshluta erlendra ríkisborgara í fyrirtækjum, starfsgrein eða á tilteknu svæði eða á landsmælikvarða skulu ekki gilda um ríkisborgara annarra EES-ríkja.
2. Þegar ívilnun til fyrirtækja í EES-ríki er bundin við ákveðið lágmarkshlutfall innlendra launþega skal litið á ríkisborgara annarra EES-ríkja sem innlenda samkvæmt ákvæði í tilskipun ráðsins frá 15. október 1963.[1)]

[1)] Stjtíð. EB nr. 159, 2. nóv. 1963, bls. 2661/63.

5. gr.

Ríkisborgari aðildarríkis, sem sækir um atvinnu í öðru EES-ríki, skal njóta sömu aðstoðar þar og vinnumiðlun þess ríkis veitir innlendum ríkisborgurum sem eru í atvinnuleit.

6. gr.

1. Ráðning og skráning ríkisborgara eins EES-ríkis í stöðu í öðru EES-ríki skal ekki vera háð neinum skilyrðum er varða heilsufar, sérþekkingu eða annað það sem gerir honum lægra undir höfði í samanburði við innlenda ríkisborgara sem gegna sama starfi í hinu EES-ríkinu.
2. Engu að síður getur ríkisborgari, sem hefur undir höndum persónulegt starfstilboð frá vinnuveitanda í öðru EES-ríki en sínu eigin, þurft að fara í hæfnispróf hafi vinnuveitandinn sett það sem skilyrði með tilboðinu.

II. BÁLKUR
Atvinna og jafnræði við málsmeðferð.

7. gr.

1. Ekki er heimilt að láta launþega, sem er ríkisborgari annars EES-ríkis en þess sem hann starfar í, gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, einkum og sér í lagi hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og, komi til atvinnumissis, endurskipun eða endurráðningu.
2. Hann skal njóta sömu félagslegra réttinda og skattaívilnana og innlendir launþegar.
3. Hann skal einnig í krafti sama réttar og með sömu skilyrðum hafa sama aðgang og innlendir launþegar að þjálfun í skólum er tengjast atvinnulífinu og endurmenntunarstöðvum.
4. Öll ákvæði í kjarasamningum eða ráðningarsamningum eða öðrum almennum reglugerðum sem varða aðgang að atvinnu og öll önnur starfsskilyrði eða uppsagnarákvæði eru ógild og að engu hafandi að svo miklu leyti sem þau mæla fyrir um eða heimila mismunun launþega sem eru ríkisborgarar annarra EES-ríkja.

8. gr.

Launþegi, sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skal njóta jafnræðis við málsmeðferð hvað varðar aðild að stéttarfélögum og njóta þess réttar er hún veitir, að meðtöldum réttinum til að greiða atkvæði og til að gegna stjórnar- og stjórnunarstörfum fyrir stéttarfélagið[1)]; það má meina honum að eiga sæti í stjórn nefnda sem lúta ríkisrétti eða að gegna stöðu sem er bundin af ríkisrétti. Enn fremur á hann rétt á að taka sæti í fulltrúaráði launþega við fyrirtæki. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á lög eða reglugerðir í tilteknum EES-ríkjum sem veita launþegum sem koma frá öðrum EES-ríkjum meiri rétt.

[1)] Reglugerð nr. 312/76.

9. gr.

1. Launþegi sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis skal njóta allra sömu réttinda og ívilnana og innlendir launþegar hvað viðvíkur húsnæði; það á einnig við um eignarrétt á húsnæði sem hann þarf á að halda.
2. Slíkur launþegi getur, með sama rétti og innlendir ríkisborgarar, látið skrá sig hjá húsnæðismiðlun á því svæði þar sem hann starfar, fari slík skráning fram, og skal hann njóta viðeigandi ívilnana og forréttinda.
   Hafi fjölskylda hans orðið eftir í landinu sem hann kom frá skal einnig tekið tillit til hennar í þessu sambandi eins og hún væri búsett á viðkomandi svæði, að því tilskildu að innlendir launþegar njóti svipaðra fríðinda.

III. BÁLKUR

Fjölskyldur launþega.

10. gr.

1. Eftirfarandi skulu, óháð þjóðerni þeirra, hafa rétt til að koma sér fyrir hjá launþega sem er ríkisborgari eins EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis:
   a. maki hans ásamt afkomendum þeirra sem eru yngri en 21 árs eða eru á þeirra framfæri;
   b. ættmenn launþega og maka hans að feðgatali sem eru á þeirra framfæri.
2. EES-ríkin skulu auðvelda þeim aðstandendum, sem ekki heyra undir ákvæði 1. mgr. en eru á framfæri launþega sem að framan er getið eða hafa búið undir sama þaki í landinu sem hann kom frá, að koma til ríkisins.
3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. verður launþeginn að hafa yfir að ráða húsnæði fyrir fjölskyldu sína sem talið er hæfa innlendum launþegum á því svæði þar sem hann hefur ráðið sig til vinnu; þetta ákvæði má hins vegar ekki leiða til þess að launþegum frá öðrum EES-ríkjum sé mismunað á kostnað innlendra launþega.

11. gr.

Í þeim tilvikum þar sem ríkisborgari EES-ríkis hefur ráðið sig til vinnu eða er sjálfstætt starfandi á yfirráðasvæði annars EES-ríkis skulu maki hans og þau barnanna, sem eru yngri en 21 árs eða eru á hans framfæri, hafa rétt til að ráða sig í hvaða vinnu sem er hvar sem er á yfirráðasvæði þess ríkis, jafnvel þó að þau séu ekki ríkisborgarar neins EES-ríkis.

12. gr.

Börn ríkisborgara EES-ríkis, sem er eða hefur verið ráðinn til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skulu eiga rétt á almennri skólagöngu í því ríki, námsvist og starfsþjálfunarnámskeiðum með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess ríkis, að því tilskildu að börnin búi þar.

EES-ríkin skulu leggja sig fram um að gera þessum börnum kleift að stunda námið við ákjósanlegustu skilyrði.

II. HLUTI

ATVINNUFRAMBOÐ OG ATVINNUUMSÓKNIR

I. BÁLKUR

Samvinna á milli EFTA-ríkja og við fastanefnd EFTA.

13. gr.

1. EFTA-ríkin eða fastanefnd EFTA skulu stofna til eða í sameiningu gera hverjar þær kannanir á atvinnutækifærum eða atvinnuleysi sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja frelsi launþega til flutninga innan EES.

Aðalvinnumiðlanirnar í EFTA-ríkjunum skulu eiga náið samstarf sín á milli og við fastanefnd EFTA með það að markmiði að hafa samráð um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna innan EES og yfirlit um hverjir hljóta stöður.

2. Í þessu skyni skulu EFTA-ríkin tilnefna sérstakar þjónustuskrifstofur og ber þeim að skipuleggja þá starfsemi sem að ofan er getið og hafa samráð sín á milli og við fastanefnd EFTA.
EFTA-ríkjunum ber að tilkynna fastanefnd EFTA um allar breytingar sem verða á tilnefningu aðila til slíkrar þjónustu og skal fastanefnd EFTA birta nákvæmar upplýsingar um þær í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

14. gr.

1. EFTA-ríkin skulu senda fastanefnd EFTA og eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við frelsi til flutninga og atvinnumál launþega og nákvæmt yfirlit yfir stöðu og þróun atvinnulífs.[1)]
2. Fastanefnd EFTA skal, að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar, ákvarða með hvaða hætti upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skuli settar fram.
3. Í samræmi við þær starfsaðferðir, sem fastanefnd EFTA ákveður að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar[1)], skal þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis senda til þjónustuskrifstofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA upplýsingar um lífskjör og vinnuskilyrði og ástand vinnumarkaðar sem líklegar eru til að koma launþegum frá öðrum EFTA-ríkjum að gagni. Upplýsingarnar skal endurskoða reglulega.
Þjónustuskrifstofurnar í hinum EFTA-ríkjunum skulu tryggja að slíkar upplýsingar séu vel kynntar, m.a. með því að dreifa þeim á meðal viðeigandi vinnumiðlana og koma þeim á framfæri með öllum tiltækum ráðum við þá launþega sem hlut eiga að máli.

[1)] Reglugerð nr. 2434/92.

II. BÁLKUR
Ráðstöfun lausra starfa.

15. gr.[1)]

1. Þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis skal senda reglulega til þjónustuskrifstofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA:
   a. upplýsingar um laus störf sem ríkisborgarar hinna aðildarríkja EES geta hugsanlega gegnt;
   b. upplýsingar um laus störf sem boðin eru fram í ríkjum utan EES;
   c. upplýsingar um atvinnuumsóknir fólks sem hefur lýst sig reiðubúið til að starfa í öðru EES-ríki;
   d. upplýsingar, sundurliðaðar eftir svæðum og greinum, um umsækjendur sem hafa í raun lýst sig reiðubúna til að taka atvinnutilboði í öðru landi.
   Þjónustuskrifstofa hvers EFTA-ríkis skal senda slíkar upplýsingar áfram til viðkomandi vinnumiðlana og vinnumálaskrifstofa eins fljótt og kostur er.
2. Upplýsingum um lausar stöður og umsóknir, sem um getur í 1. mgr., skal dreift samkvæmt samræmdu heildarkerfi sem fastanefnd EFTA skal koma á fót, í samvinnu við umsjónarnefndina.
   Ef nauðsynlegt reynist getur fastanefnd EFTA aðlagað þetta kerfi í samvinnu við umsjónarnefndina.

[1)] Reglugerð nr. 2434/92.

16. gr.[1)]

1. Þar til bærar vinnumiðlanir hinna EFTA-ríkjanna skulu láta tilkynningar berast um sérhvert laust starf í skilningi 15. gr. sem er tilkynnt til vinnumiðlana EES-ríkis og vinna úr þeim.
   Þessir aðilar skulu senda vinnumiðlunum fyrstnefnda EFTA-ríkisins upplýsingar um gildar umsóknir.
2. Viðkomandi vinnumiðlanir EFTA-ríkjanna skulu svara atvinnuumsóknunum sem um getur í c-lið 1. mgr. 15. gr. innan hæfilegs frests sem sé eigi lengri en einn mánuður.
3. Vinnumiðlanirnar skulu veita launþegum, sem eru ríkisborgarar annarra EES-ríkja, sömu forréttindi og gert er ráð fyrir samkvæmt viðeigandi ráðstöfunum að innlendir ríkisborgarar njóti miðað við launþega sem eru ríkisborgarar landa utan EES.

[1)] Reglugerð nr. 2434/92.

17. gr.

1. Þjónustuskrifstofurnar skulu annast framkvæmd ákvæða 16. gr. Hins vegar, að svo miklu leyti sem höfuðstöðvarnar heimila og að svo miklu leyti sem skipulag vinnumiðlana í EFTA-ríki og úthlutunaraðferðir leyfa:
   a. skulu svæðisbundnar vinnumiðlanir EFTA-ríkis:
      i. á grundvelli upplýsinganna[1)] sem getið er í 15. gr. og viðeigandi aðgerðir byggjast á, safna saman og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;
      ii. koma á beinum tengslum við ráðstöfun:
         — starfa sem boðin hafa verið tilteknum launþega;
         — einstakra atvinnuumsókna sem sendar hafa verið annaðhvort til sérstakra vinnumiðlana eða til vinnuveitanda sem rækir starfsemi á því svæði sem miðlunin nær til;
         — starfa til handa árstíðabundnu vinnuafli sem ráða verður eins skjótt og auðið er;
   b. skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum tveggja eða fleiri EFTA-ríkja, skiptast reglulega á gögnum er varða laus störf og óafgreiddar atvinnuumsóknir á þeirra svæði og með sama hætti og gert er gagnvart öðrum vinnumiðlunum í löndum þeirra miðla og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;
      ef nauðsynlegt reynist skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum, einnig koma á samvinnu- og þjónustukerfi með það í huga að geta boðið:
      — notendum eins miklar hagnýtar upplýsingar um hinar ýmsu hliðar flutningafrelsisins og hægt er og
      — stofnunum vinnumarkaðarins, félagsmálastofnunum (m.a. opinberum, einkareknum og þeim sem nýtast almenningi) og öllum stofnunum sem málið varðar, samþættar ráðstafanir er tengjast frelsi til flutninga;[1)]
   c. skulu opinberar vinnumiðlanir, sem sérhæfa sig í tilteknum starfsgreinum eða láta sig varða sérstaka hópa fólks, eiga beina samvinnu hver við aðra.
2. EFTA-ríkin, sem hlut eiga að máli, skulu senda fastanefnd EFTA skrá, sem samráð er haft um, yfir þær stofnanir sem um getur í 1. mgr.; fastanefnd EFTA skal birta þessa skrá ásamt þeim breytingum sem kunna að verða á henni í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

[1)] Reglugerð nr. 2434/92.

18. gr.

Ekki er skylt að taka upp þær ráðningaraðferðir sem framkvæmdaraðilar beita og kveðið er á um í samkomulagi sem tvö eða fleiri EES-ríki gera sín á milli.

III. BÁLKUR
Leiðir til að hafa eftirlit með jafnvægi á vinnumarkaðinum.

19. gr.

1. Á grundvelli skýrslu frá fastanefnd EFTA, sem unnin er úr upplýsingum frá EFTA-ríkjunum, skulu EFTA-ríkin og fastanefnd EFTA kanna sameiginlega minnst einu sinni á ári árangur aðgerða EES vegna lausra starfa og atvinnuumsókna.[1)]
2. EES-ríkin skulu ásamt fastanefnd EFTA kanna öll tiltæk ráð til að veita ríkisborgurum aðildarríkjanna forgang þegar ráðið er í lausar stöður til að leitast við að koma á jafnvægi milli framboðs og umsókna um störf innan EES. Þau skulu beita öllum tiltækum ráðum í þessu skyni.
3. Annað hvert ár skal fastanefnd EFTA leggja fram skýrslu um framkvæmd II. hluta þessarar reglugerðar þar sem gerð er grein fyrir þeim upplýsingum sem hafa borist og niðurstöðum athugana og rannsókna sem hafa farið fram með sérstakri áherslu á gagnlegar upplýsingar er varða þróun vinnumarkaðarins á Evrópska efnahagssvæðinu.[1)]

[1)] Reglugerð nr. 2434/92.

20. gr.[1)]

[Fellur brott.]

[1)] Reglugerð nr. 2434/92.

IV. BÁLKUR
Evrópska samráðsskrifstofan.[1)]

21. gr.

Evrópska skrifstofan, sem samræmir ráðstafanir vegna atvinnutækifæra og atvinnuumsókna og stofnuð var á vegum framkvæmdastjórnarinnar (í þessari reglugerð nefnd „evrópska samráðsskrifstofan"), skal almennt gegna því hlutverki að miðla upplýsingum um atvinnutækifæri innan bandalagsins. Hún skal einkum bera ábyrgð á öllum formsatriðum er varða þennan málaflokk sem samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar falla undir framkvæmdastjórnina og ekki síst aðstoða innlendar vinnumiðlanir.

Henni ber að taka saman þær upplýsingar sem um getur í 14. og 15. gr. ásamt niðurstöðum kannana og rannsókna sem gerðar eru skv. 13. gr. í því skyni að varpa ljósi á gagnlegar staðreyndir um fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði bandalagsins. Slíkum staðreyndum skal komið á framfæri við þjónustuskrifstofur aðildarríkjanna og við ráðgjafar- og umsjónarnefndirnar.

[1)] Af hálfu EFTA-ríkjanna skal fastanefnd EFTA sinna þessu hlutverki innan EES.

22. gr.

1. Evrópska samráðsskrifstofan skal einkum sjá um að:
   a. samræma þær aðferðir sem þörf er á til að manna laus störf innan bandalagsins og hafa yfirlit yfir þá flutninga launþega sem af hljótast;

b. vinna að þessum markmiðum með því að stuðla að því í samvinnu við umsjónarnefndina að sambærilegar aðferðir séu notaðar bæði á stjórnunar- og framkvæmdastigi;
c. safna saman þegar sérstaka nauðsyn ber til í samvinnu við þjónustuskrifstofurnar upplýsingum um laus störf og atvinnuumsóknum svo að unnt sé að ráðstafa þeim hjá þjónustuskrifstofunum.

2. Henni ber að tilkynna þjónustuskrifstofunum um laus störf og atvinnuumsóknir sem sendar hafa verið beint til framkvæmdastjórnarinnar og fá upplýsingar um viðbrögð við þeim.

23. gr.

Framkvæmdastjórnin getur, í samvinnu við lögbært yfirvald í hverju aðildarríki fyrir sig og í samræmi við þá skilmála og þær aðferðir sem hún skal ákveða á grundvelli álitsgerðar umsjónarnefndarinnar, skipulagt heimsóknir og verkefni fyrir embættismenn annarra aðildarríkja og einnig framhaldsnámskeið fyrir sérmenntað starfsfólk.

III. HLUTI
NEFNDIR SEM EIGA AÐ TRYGGJA NÁNA SAMVINNU MILLI AÐILDARRÍKJANNA Í MÁLEFNUM ER VARÐA FRJÁLSA FLUTNINGA LAUNÞEGA OG ATVINNUMÁL ÞEIRRA

I. BÁLKUR
Ráðgjafarnefndin.[1)]

24. gr.

Ráðgjafarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að athuga vafamál sem upp kunna að koma við beitingu sáttmálans og í sambandi við ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli hans og varða frelsi launþega til flutninga og störf þeirra.

[1)] Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.

25. gr.

Ráðgjafarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a. rannsaka mál er varða frjálsa flutninga launþega og atvinnumál innan ramma innlendrar vinnumálastefnu með það að leiðarljósi að samræma vinnumálastefnu aðildarríkjanna á bandalagsgrundvelli og á þann hátt stuðla að aukinni efnahagslegri þróun og jafnvægi á vinnumarkaði;
b. gera almenna úttekt á þeim áhrifum sem framkvæmd þessarar reglugerðar og aðrar viðbótarráðstafanir hafa;
c. koma til framkvæmdastjórnarinnar rökstuddum tillögum um endurskoðun á þessari reglugerð;
d. láta í té, hvort heldur sem er að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði, rökstudda álitsgerð um almenn atriði eða meginreglur, einkum og sér í lagi hvað varðar upplýsingaskipti um þróun mála á vinnumarkaðinum, um flutninga launþega milli aðildarríkja, um áætlanir eða ráðstafanir til eflingar starfsleiðbeiningum eða starfsþjálfun sem er líkleg til að efla frelsi til flutninga og atvinnuskipta, jafnframt um alla þá aðstoð sem launþegar og fjölskyldur þeirra eiga kost á að meðtalinni félagslegri aðstoð og húsnæðisöflun launþega.

26. gr.

1. Ráðgjafarnefndin skal skipuð sex fulltrúum frá hverju aðildarríki, tveir eru ríkisstjórnarfulltrúar, tveir eru frá launþegasamtökum og tveir frá samtökum vinnuveitenda.
2. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn varamann fyrir hvern hóp sem tilgreindur er í 1. mgr.
3. Starfstími fulltrúanna og varamanna þeirra skal vera tvö ár. Heimilt er að endurskipa þá.

Er starfstíminn rennur út skulu bæði aðal- og varamenn sitja þar til aðrir hafa verið skipaðir í þeirra stað eða skipanir þeirra endurnýjaðar.

27. gr.

Ráðið skal skipa bæði aðal- og varamenn í ráðgjafarnefndina og kappkosta þegar fulltrúar launþegasamtakanna og samtaka vinnuveitenda eru valdir að þeir komi frá hinum ýmsu geirum efnahagslífsins.

Ráðið skal láta birta til upplýsingar skrá yfir aðal- og varamenn í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

28. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni eða varamaður hans skal vera formaður ráðgjafarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Nefndin skal koma saman tvisvar á ári hið minnsta. Formaðurinn kallar hana saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni að minnsta kosti þriðjungs nefndarmanna. Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

29. gr.

Formaðurinn getur boðið einstaklingum eða fulltrúum aðila sem hafa víðtæka reynslu af atvinnu- eða flutningsmálum launþega að taka þátt í fundum sem áheyrnarfulltrúar eða sem sérfræðingar. Formaðurinn getur leitað ráða hjá sérfræðingum.

30. gr.

1. Álitsgerð nefndarinnar telst ekki gild nema að minnsta kosti tveir þriðju hlutar fulltrúanna séu viðstaddir.
2. Álitsgerðir skulu vera rökstuddar og þær teljast samþykktar þegar fyrir þeim er hreinn meiri hluti gildra atkvæða. Þeim skal fylgja skrifleg greinargerð með áliti minni hlutans fari hann fram á það.

31. gr.

Ráðgjafarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga, sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum, skal háð sömu málsmeðferð.

II. BÁLKUR
Umsjónarnefndin.[1)]

32. gr.

Umsjónarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að undirbúa, stuðla að og fylgja eftir öllum formsatriðum og ráðstöfunum sem miða að því að koma þessari reglugerð ásamt viðbótarráðstöfunum í framkvæmd.

[1)] Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.

33. gr.

Umsjónarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

a. koma á og bæta samvinnu milli þeirra yfirvalda sem hlut eiga að máli í aðildarríkjunum varðandi öll formsatriði í tengslum við frjálsa flutninga launþega og atvinnumál þeirra;
b. móta aðferðir við skipulag sameiginlegra aðgerða opinberra yfirvalda sem í hlut eiga;
c. auðvelda söfnun upplýsinga sem líklegar eru til að koma framkvæmdastjórninni að gagni og sem nota má í þeim könnunum og rannsóknum sem kveðið er á um í þessari reglugerð og hvetja stjórnsýsluaðila sem málið varðar til að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu;
d. kanna formsatriði er varða samhæfingu viðmiðana sem aðildarríki nota til að meta stöðu vinnumarkaðarins.

34. gr.

1. Umsjónarnefndin skal skipuð fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna. Hver ríkisstjórn skal tilnefna í umsjónarnefndina einn af fulltrúum sínum í ráðgjafarnefndinni.
2. Sérhver ríkisstjórn skal tilnefna varamann úr hópi annarra fulltrúa — aðal- eða varamanna — í ráðgjafarnefndina.

35. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni eða varamaður hans skal vera formaður umsjónarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Formaðurinn og meðlimir nefndarinnar geta leitað ráða hjá sérfræðingum.

Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

36. gr.

Tillögur og álitsgerðir umsjónarnefndarinnar skulu berast til framkvæmdastjórnarinnar og skal tilkynna það ráðgjafarnefndinni. Skrifleg greinargerð með álitsgerð einstakra nefndarmanna umsjónarnefndarinnar skal fylgja öllum tillögum og álitsgerðum fari þeir fram á það.

37. gr.

Umsjónarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga, sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum, skal háð sömu málsmeðferð.

IV. HLUTI
BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI
I. BÁLKUR
Bráðabirgðaákvæði.

38. gr.

Þar til fastanefnd EFTA hefur komið á samræmda heildarkerfinu sem greint er frá í 2. mgr. 15. gr. skal samráðsskrifstofan koma með tillögur um leiðir sem líklegar eru til að koma að haldi við að semja og dreifa skýrslunum sem getið er í 1. mgr. 15. gr.

39. gr.

Reglur ráðgjafar- og umsjónarnefndarinnar um málsmeðferð, sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar, eiga áfram við.

40. gr.

[Gildir ekki.]

41. gr.

[Gildir ekki.]

II. BÁLKUR

Lokaákvæði.

42. gr.

1. [1. mgr. gildir ekki.]
   Engu að síður skal þessi reglugerð ná til þeirra hópa launþega sem um getur í fyrstu undirgrein og til aðstandenda þeirra, að svo miklu leyti sem réttarstaða þeirra ræðst ekki af ofangreindum sáttmálum eða ráðstöfunum.
2. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á ráðstafanir sem gripið er til skv. 29. gr. EES-samningsins.
3. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar EES-ríkjanna vegna:
   — sérstakra sambanda eða komandi samninga við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu er byggjast á tengslum milli stofnana sem eru til staðar við gildistöku þessarar reglugerðar eða
   — samninga sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu er byggjast á tengslum milli stofnana þeirra.

   Launþegar frá slíkum löndum eða yfirráðasvæðum, sem í samræmi við þetta ákvæði stunda vinnu á yfirráðasvæði einhvers þessara EES-ríkja, geta ekki borið fyrir sig eða notið ákvæða þessarar reglugerðar á yfirráðasvæðum hinna EES-ríkjanna.

43. gr.

EFTA-ríkin skulu í upplýsingaskyni senda fastanefnd EFTA texta samkomulags, samninga eða samþykkta sem þau hafa gert sín á milli varðandi launþega á tímabilinu frá undirritun þeirra til gildistöku.

44. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gera tilheyrandi ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð svo að hún komist til framkvæmdar. Hún skal í þessu skyni eiga náið samstarf við opinber stjórnvöld í aðildarríkjunum.

45. gr.

Framkvæmdastjórnin skal koma til ráðsins tillögum sem miða að því að afnema í samræmi við skilmála sáttmálans takmarkanir á aðgangi launþega sem eru ríkisborgarar aðildarríkjanna að vinnumarkaðinum í þeim tilvikum þar sem skortur á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi getur hindrað frelsi launþega til flutninga.

46. gr.

Stjórnsýsluútgjöld nefndanna, sem um getur í III. hluta, skulu talin með í þeim hluta fjárhagsáætlunar Evrópubandalagsins sem tilheyrir framkvæmdastjórninni.

47. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir yfirráðasvæði aðildarríkjanna og ríkisborgara þeirra, sbr. þó 2., 3., 10. og 11. gr.

48. gr.

[Gildir ekki.]

VIÐAUKI[1)]

[Fellur brott.]

[1)] Reglugerð nr. 2434/92.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. júní 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Páll Pétursson.

23. júní 1995 Nr. 91

LÖG

um breytingu á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ríkisborgarar þeirra ríkja, sem hafa heimild í milliríkjasamningum til að starfrækja ferðaskrifstofu skv. 9. gr. laga þessara, skulu undanþegnir skilyrði a-liðar 1. mgr. um heimilisfesti á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

AUGLÝSING

um breytingu á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Á 2. kafla:

		A %	A1 kr/kg	E %
	Undirliður nr. 0206.40 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:			
	– Af svínum, fryst:			
0206.4100	– – Lifur	30	202	0
0206.4900	– – Annað	30	202	0

2. Á 7. kafla:

a. Tollskrárnúmerið 0703.9000 skiptist og orðist svo:

	– Blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir:			
0703.9001	– – Blaðlaukur	30	227	
0703.9009	– – Annað	30		

b. Tollskrárnúmerið 0709.9004 bætist við undirlið 0709.90 og orðist svo:

0709.9004	– – Steinselja	30	227	

3. Á 19. kafla:

Tollskrárnúmer 1901.2031 til 1901.9020 orðist svo sem segir í auglýsingu nr. 132 28. desember 1993, með þeirri breytingu sem leiðir af auglýsingu nr. 107 16. júní 1994.

4. Á 20. kafla:

Tollskrárnúmerið 2001.9003 skiptist og orðist svo:

	– – Kartöflur og vörur úr þeim:			
2001.9003	– – – Að meginstofni úr kartöflumjöli	49		
2001.9004	– – – Annað	88		

5. Á 21. kafla:

Tollskrárnúmer 2106.9031 til 2106.9059 orðist svo:

2106.9031	– – – Búðingsduft í smásöluumbúðum	0	88	
2106.9039	– – – Annað	0	88	
2106.9041	– – Blöndur úr kemískum efnum og fæðu, svo sem sakkaríni og laktósa notaðar sem sætuefni	0		
2106.9049	– – Framleiðsla að meginstofni úr feiti og vatni sem inniheldur meira en 15% af smjöri eða annarri mjólkurfitu miðað við þyngd	30	220	
2106.9051	– – Sælgæti sem hvorki inniheldur sykur né kakó	20		0
2106.9052	– – Ávaxtasúpur og -grautar	0		
2106.9053	– – Bragðbætt eða litað sykursíróp	0		

		A %	A1 kr/kg	E %
2106.9054	– – Með kjötinnihaldi sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	0	52	
2106.9059	– – Annað	0		

6. Á 22. kafla:
Vöruliðir 2203 til og með 2208 orðist svo:

2203	**Öl gert úr malti:**			
2203.0001	– Öl með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	20		0
2203.0002	– Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0		
2203.0009	– Annað	0		
2204	**Vín úr nýjum þrúgum, einnig vín blönduð vínanda; þrúguþykkni annað en í nr. 2009:**			
	– Freyðivín:			
2204.1001	– – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	20		0
2204.1002	– – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0		
2204.1003	– – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0		
2204.1009	– – Annað	0		
	– Annað vín; þrúguþykkni sem gerjun hefur verið hindruð eða stöðvuð í með íblöndun alkóhóls:			
	– – Í tveggja lítra umbúðum eða minni:			
	– – – Vínandabætt þrúguþykkni:			
2204.2111	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	20		0
2204.2112	– – – – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0		
2204.2113	– – – – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0		
2204.2114	– – – – Með yfir 22% til og með 32% af hreinum vínanda að rúmmáli	0		
2204.2119	– – – – Annars	0		
	– – – Hvítvín, annað en Rínarvín:			
2204.2121	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0		
2204.2122	– – – – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0		
2204.2123	– – – – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0		
2204.2129	– – – – Annars	0		
	– – – Rauðvín:			
2204.2131	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0		
2204.2132	– – – – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0		

		A %	E %
2204.2133	– – – – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2139	– – – – Annars	0	
	– – – Rínarvín:		
2204.2141	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
2204.2142	– – – – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2143	– – – – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2149	– – – – Annars	0	
	– – – Sherry:		
2204.2151	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
2204.2152	– – – – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2153	– – – – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2159	– – – – Annars	0	
	– – – Annað:		
2204.2161	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
2204.2162	– – – – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2163	– – – – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2169	– – – – Annars	0	
	– – Annars:		
	– – – Vínandabætt þrúguþykkni:		
2204.2911	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	20	0
2204.2912	– – – – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2913	– – – – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2914	– – – – Með yfir 22% til og með 32% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2919	– – – – Annars	0	
	– – – Hvítvín, annað en Rínarvín:		
2204.2921	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
2204.2922	– – – – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2923	– – – – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2929	– – – – Annars	0	

		A %	E %
	– – – Rauðvín:		
2204.2931	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
2204.2932	– – – – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2933	– – – – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2939	– – – – Annars	0	
	– – – Rínarvín:		
2204.2941	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
2204.2942	– – – – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2943	– – – – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2949	– – – – Annars	0	
	– – – Sherry:		
2204.2951	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
2204.2952	– – – – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2953	– – – – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2959	– – – – Annars	0	
	– – – Annað:		
2204.2961	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
2204.2962	– – – – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2963	– – – – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.2969	– – – – Annars	0	
	– Annað þrúguþykkni:		
2204.3001	– – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	20	0
2204.3002	– – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.3003	– – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.3004	– – Með 22% til og með 32% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2204.3009	– – Annað	0	
2205	**Vermút og annað vín úr nýjum þrúgum bragðbætt með plöntum eða ilmefnum:**		
	– Í tveggja lítra umbúðum eða minni:		
2205.1001	– – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	

			A %	E %
	2205.1002	– – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
	2205.1003	– – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
	2205.1009	– – Annað	0	
		– Annars:		
	2205.9001	– – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
	2205.9002	– – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
	2205.9003	– – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
	2205.9009	– – Annað	0	
2206		**Aðrar gerjaðar drykkjarvörur (t.d. eplavín, peruvín, mjöður); blöndur gerjaðra drykkjarvara svo og blöndur gerjaðra drykkjarvara og óáfengra drykkjarvara, ót.a.:**		
	2206.0001	– Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
	2206.0002	– Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
	2206.0003	– Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
	2206.0009	– Annað	0	
2207		**Ómengað etylalkóhól að alkóhólstyrkleika 80% eða meira miðað við rúmmál; etylalkóhól og aðrir áfengir vökvar, mengað, að hvaða styrkleika sem er:**		
	2207.1000	– Ómengað etylalkóhól að alkóhólstyrkleika 80% eða meira miðað við rúmmál	0	
		– Etylalkóhól og aðrir áfengir vökvar, mengað, að hvaða styrkleika sem er:		
	2207.2001	– – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
	2207.2002	– – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
	2207.2003	– – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
	2207.2004	– – Með yfir 22% til og með 32% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
	2207.2005	– – Með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
	2207.2006	– – Með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
	2207.2007	– – Með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
	2207.2009	– – Annað	0	
2208		**Ómengað etylalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál; áfengir vökvar, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur; áfengisblöndur sem notaðar eru til framleiðslu á drykkjarvörum:**		

		A %	E %
	– Áfengisblöndur sem notaðar eru til framleiðslu á drykkjarvörum:		
2208.1001	– – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	20	0
2208.1002	– – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.1003	– – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.1004	– – Með yfir 22% til og með 32% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.1005	– – Með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.1006	– – Með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.1007	– – Með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.1009	– – Aðrar	0	
	– Áfengir vökvar eimaðir úr þrúguvíni eða þrúguhrati:		
	– – Koníak:		
2208.2011	– – – Með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.2012	– – – Með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.2013	– – – Með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.2019	– – – Annars	0	
	– – Aðrir:		
2208.2091	– – – Með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.2092	– – – Með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.2093	– – – Með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.2099	– – – Annars	0	
	– Viskí:		
2208.3001	– – Með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.3002	– – Með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.3003	– – Með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.3009	– – Annars	0	
	– Romm og tafía:		
2208.4001	– – Með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.4002	– – Með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	

		A %	E %
2208.4003	– – Með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.4009	– – Annars	0	
	– Gin og genever:		
	– – Gin:		
2208.5011	– – – Með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.5012	– – – Með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.5013	– – – Með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.5019	– – – Annars	0	
	– – Genever:		
2208.5021	– – – Með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.5022	– – – Með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.5023	– – – Með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.5029	– – – Annars	0	
	– Annað:		
	– – Brennivín:		
2208.9011	– – – Með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9012	– – – Með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9013	– – – Með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9019	– – – Annars	0	
	– – Vodka:		
2208.9021	– – – Með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9022	– – – Með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9023	– – – Með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9029	– – – Annars	0	
	– – Líkjörar, öt.a.:		
2208.9031	– – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
2208.9032	– – – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9033	– – – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9034	– – – Með yfir 22% til og með 32% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	

		A %	E %
2208.9035	– – – Með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9036	– – – Með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9037	– – – Með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9039	– – – Annars	0	
	– – Líkjörar sem innihalda meira en 5% af viðbættum sykri miðað við þunga:		
2208.9041	– – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
2208.9042	– – – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9043	– – – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9044	– – – Með yfir 22% til og með 32% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9045	– – – Með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9046	– – – Með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9047	– – – Með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9049	– – – Annars	0	
	– – Ákavíti:		
2208.9051	– – – Með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9052	– – – Með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9053	– – – Með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9059	– – – Annars	0	
	– – Annars:		
2208.9091	– – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	20	0
2208.9092	– – – Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9093	– – – Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9094	– – – Með yfir 22% til og með 32% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9095	– – – Með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9096	– – – Með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	0	
2208.9097	– – – Með yfir 50% til og með 60% af hreinum		

	vínanda að rúmmáli	0
2208.9099 - - -	Annars	0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 14. tl. 6. gr. og 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. júlí 1995 og tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytið, 27. júní 1995.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Bergþór Magnússon.

Nr. 93 28. júní 1995

LÖG

um matvæli.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Tilgangur og gildissvið.

1. gr.

Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Þessu skal ná með fræðslu og upplýsingamiðlun, rannsóknum og eftirliti.

2. gr.

Lög þessi taka til framleiðslu og dreifingar matvæla. Lögin taka ekki til meðferðar matvæla á einkaheimilum nema þar fari fram framleiðsla matvæla til dreifingar utan heimilisins. Lögin ná þó til allra efna og hluta sem ætlað er að koma í snertingu við matvæli á einkaheimilum.

Lyf, sbr. lyfjalög, tóbak, sbr. lög um tóbaksvarnir, og vímuefni, önnur en áfengi, sbr. lög um ávana- og fíkniefni, eru undanþegin ákvæðum þessara laga. Það sama gildir um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum samkvæmt lögum þar um.

3. gr.

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 11. september 1995.

Friðrik Sophusson.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór til útlanda í gær.
Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 13. september 1995.

F. h. r.
Ólafur Davíðsson.

Nr. 112 19. september 1995

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 19. september 1995.

F. h. r.
Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 23 – 1995

4. október 1995 667 Nr. 113

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 2. október 1995 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

6. mgr. 19 gr. orðist svo:

Háskólaráð skal hverju sinni skipa dómnefnd þriggja manna til að dæma um hæfi lektors eða dósents til að hljóta stöðuhækkun. Deild eða námsbraut tilnefnir formann nefndarinnar og skal hann vera viðurkenndur sérfræðingur á fræðasviði umsækjanda. Menntamálaráðherra og háskólaráð tilnefna hvort um sig tvo menn til starfa í dómnefndum um framgang til tveggja ára í senn. Úr hópi þeirra skipar háskólaráð einn mann tilnefndan af menntamálaráðherra og annan tilnefndan af háskólaráði til að taka sæti í dómnefnd hverju sinni. Annar þeirra skal vera af því fræðasviði innan hópsins sem næst er talið standa sviði umsækjanda. Allir dómnefndarmenn skulu vera hæfir til prófessorsembættis. Dómnefnd skal ljúka störfum innan tveggja mánaða frá skipun. Henni er heimilt að leita umsagnar sérfræðinga um vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda og hún skal leita mats deildar á störfum hans að kennslu og stjórnun. Við mat á hæfi dósents til stöðuhækkunar skal dómnefnd afla umsagna frá innlendum sérfræðingum um rannsóknir umsækjanda og erlendum sérfræðingum ef tök eru á. Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um hvort af störfum kennarans við háskólann og af fyrra ferli hans megi ráða að hann sé hæfur til að gegna umræddri stöðu.

2. gr.

1. mgr. 90. gr. orðist svo:

Viðskipta- og hagfræðideild veitir kennslu í viðskiptafræðum og hagfræði. Deildin veitir kennslu í viðskiptafræðum til cand. oecon. prófs og miðast skipan námsins við að það taki fjögur ár. Deildin veitir kennslu til B.S. prófs í hagfræði, B.S. prófs í viðskiptafræðum og B.A. prófs í hagfræði og skyldum greinum. Skipan B.S. og B.A. námsins miðast við að námstími sé þrjú ár. Námið er vegið í einingum (e) og skal ársnám talið 30 e. Til cand. oecon. prófs er krafist 120 e en til B.S. prófs og B.A. prófs 90 e. Deildin getur skipulagt framhaldsnám til M.S. prófs í hagfræði og M.S. prófs í viðskiptafræðum. Einnig getur deildin skipulagt framhaldsnám til doktorsprófs í hagfræði annars vegar og í viðskiptafræðum hins vegar samkvæmt nánari reglum sem hún setur og háskólaráð samþykkir.

Gutenberg

3. gr.

92. gr. orðist svo:

Prófgreinar í fyrri hluta náms til cand. oecon. prófs í viðskiptafræðum eru rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði, reikningshald, stærðfræði, tölfræði, upplýsingatækni, lögfræði, markaðsfræði, framleiðsla, fjármál og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun viðskiptaskorar, alls 60 e.

Prófgreinar í fyrri hluta náms til B.S. prófs í viðskiptafræðum eru rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði, reikningshald, stærðfræði, tölfræði, upplýsingatækni og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun viðskiptaskorar, alls 30 e.

Prófgreinar í fyrri hluta náms til B.S. prófs og B.A. prófs í hagfræði eru hagfræði, stærðfræði, tölfræði og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun hagfræðiskorar, alls 30 e.

Kennslu í fyrri hluta skal haga þannig að farið sé yfir allt námsefni árlega og unnt sé að ljúka prófi í fyrri hluta náms til cand. oecon. prófs á tveimur árum og á einu ári til B.S. og B.A. prófs. Stúdent telst hafa staðist próf í prófgreinum fyrsta árs, hafi hann hlotið 6,5 að meðaltali í öllum prófgreinum og hlotið lágmarkseinkunnina 6,5 í rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði í viðskiptaskor og lágmarkseinkunnina 6,5 í hagfræði í hagfræðiskor. Nám í kennslugreinum annars árs skal hefja að hausti. Stúdent í hagfræðiskor skal hafa staðist próf í öllum prófgreinum fyrsta árs, áður en hann hefur nám á öðru ári. Stúdent í viðskiptaskor skal hafa staðist próf í prófgreinum fyrsta árs, sem gilda a.m.k. 24 e, áður en hann hefur nám á öðru ári. Viðskiptaskor ákveður í hvaða prófgreinum fyrsta árs unnt er að þreyta próf samhliða námi í annars árs greinum.

4. gr.

93. gr. orðist svo:

Prófgreinar í síðari hluta náms í viðskiptaskor eru stjórnun, fjármál, markaðsfræði, framleiðsla, aðgerðarannsóknir og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun viðskiptaskorar, alls 60 e.

Prófgreinar í síðari hluta náms í hagfræðiskor eru þjóðhagfræði, rekstrarhagfræði og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun hagfræðiskorar, alls 60 e.

Nám í kennslugreinum þriðja árs skal hefja að hausti og skal stúdent hafa staðist próf í prófgreinum annars árs, sem gilda a.m.k. 24 e, áður en hann hefur nám á þriðja ári. Skorir ákveða í hvaða prófgreinum annars árs sé unnt að þreyta próf samhliða námi í þriðja árs greinum.

5. gr.

94. gr. orðist svo:

Deildin setur reglur um skipan kjörgreina í kjörsvið og vægi þeirra. Eitt kjörsvið í viðskiptafræðum skal vera reikningshalds- og endurskoðunarsvið.

Stúdent velur frjálsar kjörgreinar og er honum heimilt að áskildu samþykki deildar að velja frjálsar kjörgreinar í öðrum deildum eða námsbrautum.

Efni ritgerðar skal valið í samráði við a.m.k. einn fastan kennara deildarinnar. Ritgerð í cand. oecon. námi og B.S. námi vegur 3-6 e. Ritgerð í M.S. námi vegur 15-30 e. Deildin setur nánari reglur um vægi ritgerða, samningu þeirra og skil. Heimilt er að prófa stúdent munnlega um efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn fyrir ritgerðina.

Deildinni er heimilt að fengnum tillögum skora að skipuleggja nám fyrir nemendur sem eru skráðir í aðrar deildir Háskóla Íslands.

6.gr.

5. mgr. 95. gr. orðist svo:

Stúdent í námi til cand. oecon. prófs skal hafa lokið prófi í fyrri hluta eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skráður í deildina í þrjú ár samfleytt, og prófi í síðari hluta eigi síðar en sex árum eftir skráningu. Stúdent í námi til B.S. prófs eða B.A. prófs skal hafa lokið prófi í fyrri hluta eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skráður í deildina í tvö ár samfleytt, og prófi í síðari hluta eigi síðar en fimm árum eftir skráningu. Deildin getur veitt undanþágu frá þessum tímamörkum ef veikindum eða öðrum vítaleysisástæðum er til að dreifa.

7. gr.

Bókstafsliður c) í 98. gr. orðist svo:

Til M.A. prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, íslenskar bókmenntir, íslensk málfræði, íslensk fræði og sagnfræði.

8. gr.

Liður III. í 100. gr. orðist svo:

Að loknu B.A.-prófi má stúdent hefja nám til M.A.-prófs í þeirri grein sem var aðalgrein hans til B.A. prófs. Í einstökum tilvikum kann hann að mega hefja M.A.-nám í grein sem var aukagrein hans til B.A.-prófs. Nánar er kveðið á um þetta í námsskipunarreglum einstakra greina heimspekideildar.

Uppfylli stúdent ekki ofangreind skilyrði skal honum þó heimilt að hefja nám til M.A.-prófs við deildina, hafi hann áður lokið hliðstæðu háskólaprófi og uppfyllt sérstakar viðbótarkröfur sem heimspekideild setur. Deildin getur heimilað stúdent að stunda einstök námskeið er teljast til M.A. náms á því misseri er hann lýkur B.A. námi.

Til M.A.-prófs er krafist minnst 60 e. Ritgerð skal vega minnst 15 e en mest 30 e. Ritgerðarefni velur stúdent í samráði við fastan kennara í grein sinni. Nánari leiðbeiningar um hlutfall námskeiða í greininni af heildarnámi sem og um vægi ritgerða og einstakra námskeiða skal setja í námsskipunarreglum sem heimspekideild samþykkir fyrir hverja námsgrein eða námsbraut.

9. gr.

1. mgr. 106. gr. orðist svo:

Stúdent, sem ekki hlýtur tilskilda lágmarkseinkunn fyrir próf í lok námskeiðs, má endurtaka prófið samkvæmt nánari reglum, sem deildin setur. Við endurtekningu skal þreyta próf eins og það er haldið fyrir aðra stúdenta hverju sinni, nema viðkomandi skor ákveði annað.

10. gr.

1. mgr. 122. gr. orðist svo:

Stúdent, sem ekki hlýtur tilskilda lágmarkseinkunn fyrir próf í lok námskeiðs, má endurtaka prófið samkvæmt nánari reglum, sem deildin setur. Við endurtekningu skal þreyta próf eins og það er haldið fyrir aðra stúdenta hverju sinni, nema viðkomandi skor ákveði annað.

11. gr.

1. mgr. 118. gr. orðist svo:

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í eftirtaldar skorir: Stærðfræðiskor, tölvunarfræðiskor, eðlisfræðiskor, efnafræðiskor, matvælafræðiskor, líffræðiskor og jarð- og landfræðiskor. Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora og sker deildarráð úr um þá skiptingu. Hver skor fer í umboði deildarráðs með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor,

gerir tillögur til deildarráðs um ráðningu aðjúnkta og ráðstöfun kennslu til annarra skora og deilda.

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I, II, III og IV í XII. kafla, sbr. reglugerð nr. 116/1994 um breytingar á reglugerð nr. 90/1993, falla niður.

13. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 4. október 1995.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 114 9. október 1995

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á 19. kafla tollskrár í viðauka I við tollalög nr. 55/1987 eru gerðar eftirfarandi breytingar:

A-tollur í tollskrárnúmerum 1904.1001, 1904.1002, 1904.1009, 1904.9001 og 1904.9009 lækkar úr 20% í 7,5%.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 1. tl. 6. gr. sbr. 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 9. október 1995.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 24 – 1995

25. október 1995 671 Nr. 115

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 85. kafla:

Undirliður 8507.30 skiptist upp í tvö tollskrárnúmer, 8507.3001 og 8507.3009. Tollskrárnúmer og tolltaxtar skulu vera svohljóðandi:

		A %	E %
	– Nikkilkadmíum:		
8507.3001	– – Rafgeymar, sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum	0	0
8507.3009	– – Aðrir	10	0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 14. tl. 6. gr. og 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. nóvember 1995 og tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytið, 25. október 1995.

F. h. r.
Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Bergþór Magnússon.

Gutenberg

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

1. gr.

1) Í gjaldflokki B bætast við tollskrárnúmerin 8507.3001 og 8507.3009
2) Í gjaldflokki B fellur brott tollskrárnúmerið 8507.3000

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, sbr. 7. gr. sömu laga, öðlast gildi 1. nóvember 1995 og tekur til allra ótollafgreiddra vara.

Fjármálaráðuneytið, 25. október 1995.

F. h. r.
Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Bergþór Magnússon.

31. október 1995 673 Nr. 117

LÖG

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1. nóvember 1995“ í A-lið ákvæðis til bráðabirgða með lögunum, sbr. 2. gr. laga nr. 99/1995, kemur: 1. desember 1995.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. október 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

31. október 1995 Nr. 118

LÖG

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Umsögn til ráðherra um umsóknir um markaðsleyfi“ í 2. tölul. 3. mgr. kemur: Útgáfu markaðsleyfa.
b. Í stað orðanna „Umsögn til ráðherra um umsóknir“ í 3. tölul. 3. mgr. kemur: Afgreiðslu umsókna.

Gutenberg

c. Í stað orðanna „Umsögn til ráðherra um leyfi“ í 4. tölul. 3. mgr. kemur: Útgáfu leyfa.

d. Við bætist ný málsgrein, er verður 4. mgr., svohljóðandi:
Ákvarðanir lyfjanefndar ríkisins má kæra til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

2. gr.

Í stað orðanna „gefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið út“ í fyrri málslið 10. gr. laganna kemur: annast heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið útgáfu á.

3. gr.

Í stað orðanna „1. nóvember 1995“ í 4. málsl. 2. mgr. 45. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 112/1994, sbr. 1. gr. laga nr. 122/1994, kemur: 15. mars 1996.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í lögunum:
a. Í stað orðanna „1. júní 1995“ í 2. og 3. málsl. 2. tölul. kemur: 15. mars 1996.
b. Í stað orðanna „1. nóvember 1995“ í 3. tölul. kemur: 15. mars 1996.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. október 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 26 – 1995

7. nóvember 1995 675 Nr. 119

LÖG

um breytingu á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:
Greiðsla þingfararkostnaðar skv. 6. og 7. gr. er framtalsskyld, sbr. lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, en ekki skattskyld. Um greiðslur skv. 8. gr. fer eftir þeim reglum sem ríkisskattstjóri setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. nóvember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Stjórnartíðindi A 26, nr. 119. Útgáfudagur 22. nóvember 1995.
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI A 27 – 1995

Nr. 120 676 22. nóvember 1995

LÖG

um breyting á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
Í stað ártalsins „1996“ í 21. gr. kemur: 1998.

2. gr.
Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði I til bráðabirgða:
a. Í stað ártalsins „1996“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 1998.
b. Í stað ártalsins „1995“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 1997.
c. Í stað ártalsins „1995“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 1997.
d. Í stað ártalsins „1996“ í 2. mgr. kemur: 1998.

3. gr.
Eftirfarandi breyting verður á ákvæði II til bráðabirgða:
Í stað ártalsins „1996“ í 1. og 2. mgr. kemur: 1998.

4. gr.
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 22. nóvember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Stjórnartíðindi A 27, nr. 120. Útgáfudagur 28. nóvember 1995.
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI A 28 – 1995

30. nóvember 1995 677 Nr. 121

LÖG

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Í stað „1. desember 1995“ í A-lið ákvæðis til bráðabirgða með lögunum, sbr. 1. gr. laga nr. 117/1995, kemur: 6. desember 1995.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. nóvember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

23. nóvember 1995 Nr. 122

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 7. nóvember 1995 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

5. mgr. 88 gr. orðist svo:
Standist stúdent, sem hefur lokið prófi í almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu, ekki endurtekningarpróf í annarri grein og hann endurinnritar sig til náms við lagadeild á næsta háskólaári, heldur hann einkunn sinni í þeim greinum, þar sem hann hefur hlotið 6,0 eða hærri einkunn.

2. gr.

Aftast í XI. kafla komi **ákvæði til bráðabirgða** svohljóðandi:

Reglu 5. mgr. 88. gr. verður beitt um þá stúdenta, sem hafa innritað sig til náms við lagadeild sumarið 1992 eða síðar, og tekur hún til þeirra prófa, sem stúdent hefur þreytt eftir innritun.

3. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 23. nóvember 1995.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

Nr. 123 22. nóvember 1995

LÖG

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 109. gr. laganna, sbr. lög nr. 20/1994, skal um atkvæðagreiðslu um sameiningu sex sveitarfélaga á Vestfjörðum 2. desember 1995 gilda eftirfarandi:

Hljóti tillaga samstarfsnefndar skv. 108. gr. ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. ⅔ þeirra og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. ⅔ íbúa á svæðinu, er viðkomandi sveitarstjórnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. nóvember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Páll Pétursson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 29 – 1995

6. desember 1995 679 Nr. 124

LÖG

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. laganna breytast eftirfarandi orðskýringar:

Greiðslumark lögbýlis er tiltekinn fjöldi ærgilda eða magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslu úr ríkissjóði.

Heildargreiðslumark er tiltekið magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er samkvæmt búvörusamningi með tilliti til heildarneyslu innan lands og skiptist milli lögbýla eftir greiðslumarki þeirra.

2. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætast eftirfarandi orðskýringar:

Beingreiðslumark er tiltekin fjárhæð sem ákveðin er í 37. gr. og skiptist milli lögbýla eftir greiðslumarki þeirra.

Vetrarfóðraðar kindur eru ær, hrútar, sauðir og lömb sem sett eru á vetur og talin eru fram á forðagæsluskýrslu.

3. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Verðlagning sauðfjárafurða samkvæmt þessari grein fellur niður frá og með 1. september 1998. Frá þeim tíma metur verðlagsnefnd framleiðslukostnað sauðfjárafurða fyrir meðalbú.

4. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna bætist: nema annað sé tekið fram í samningi sem gerður er á grundvelli a-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna.

5. gr.

1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal verðmiðlunargjald á heildsölustigi af afurðum nautgripa og sauðfjár og telst gjaldið til heildsölu- og dreifingarkostnaðar sé hann ákveðinn af fimmmannanefnd. Verðmiðlunargjaldið skal vera af mjólk sem lögð er inn í afurðastöð innan greiðslumarks, 0,65 kr. á lítra, og af kindakjöti sem ætlað er til sölu á innlendum markaði, 7,00 kr. á kg.

Gutenberg

6. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal verðskerðingargjald af verði kindakjöts og hrossakjöts til framleiðenda. Verðskerðingargjaldið skal vera af kindakjöti sem ætlað er til sölu á innlendum markaði, 5% af framleiðendaverði, og af hrossakjöti 2% af framleiðendaverði.

Verðskerðingargjaldi skal varið til markaðsaðgerða innan lands eða utan og til að leiðrétta birgðastöðu kjöts.

7. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal hjá afurðastöð 3% verðskerðingargjald af úrvinnslu- og heildsölukostnaði kindakjöts, sem ætlað er til sölu á innlendum markaði, í sama skyni og 20. gr. kveður á um. Sé úrvinnslu- og heildsölukostnaður ekki ákveðinn af fimmmannanefnd skal ráðherra ákveða viðmiðunarkostnað að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Af öllu kindakjöti, sem fer til útflutnings, skal innheimta af verði til framleiðenda sérstakt gjald, 30 kr. á kg, vegna útflutningsuppgjörs. Gjaldið endurgreiðist fyrir unnið kjöt og hráefni til þeirrar framleiðslu, en fyrir kindakjöt, sem flutt er úr landi óunnið, í heilum skrokkum eða niðurhlutuðum, skal því varið til að jafna eftir föngum skilaverð, þó þannig að tekið sé mið af gæða- og vöruflokkum, svo og árstíma.

8. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 25. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Til að standa straum af kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd laga þessara, umfram þann kostnað sem það fær greiddan samkvæmt öðrum ákvæðum laganna, skal innheimta 0,25% gjald af heildsöluverði þeirra búvara sem lög þessi taka til.

9. gr.

Við 27. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu, gjalddaga, álagningu gjaldanna samkvæmt áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna.

Þá setur ráðherra í reglugerð ákvæði um framkvæmd uppgjörs og greiðslu tekna af verðmiðlunargjöldum, verðskerðingargjöldum og verðjöfnunargjaldi samkvæmt kafla þessum til afurðastöðva og framleiðenda og um uppgjörstímabil.

10. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Nú er ákveðið það magn mjólkur sem framleiðendum eru tryggðar beingreiðslur fyrir samkvæmt heimild í 30. gr. og verð hennar til framleiðanda er ákveðið skv. 8. gr. og er þá afurðastöð skylt að greiða framleiðanda fullt verð innan greiðslumarks samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi, sbr. þó 22. gr. Ber að inna greiðslu af hendi eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar eftir innleggsmánuð. Heimilt er að semja um annan hátt á greiðslum en að framan greinir.

Taki mjólkursamlag við mjólk umfram greiðslumark framleiðanda sem verður utan heildargreiðslumarks við lokauppgjör skal samsvarandi magn mjólkurafurða markaðsfært erlendis á ábyrgð mjólkursamlags og framleiðanda. Framleiðsluráð landbúnaðarins getur þó heimilað sölu þeirra innan lands ef gengið hefur á birgðir og skortur á mjólkurvörum er því fyrirsjáanlegur. Um greiðsluskyldu afurðastöðva fyrir innlegg umfram greiðslumark mjólkur, en innan efri marka þess, fer eftir gildandi samningum landbúnaðarráðherra og Bændasamtaka Íslands skv. a-lið 1. mgr. 30. gr. laganna.

Við kaup á kindakjöti frá framleiðendum eða samkomulag um að annast sölu þess skal tilgreina hvort kjötið er til sölu innan lands eða til útflutnings, en greiðslur fyrir kindakjöt skulu vera óháðar greiðslumarki lögbýlis. Skilaverð til framleiðenda fyrir það kjöt sem þeir selja til útflutnings er umsamið söluverð kjötsins milli framleiðanda og afurðastöðvar (kaupanda) að frádregnu sérstöku gjaldi að teknu tilliti til verðjöfnunar skv. 2. mgr. 21. gr. laganna.

Landbúnaðarráðherra skal fyrir 1. september ár hvert, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands, ákveða hlutfall kindakjöts sem flytja skal á erlendan markað. Ákvörðun þessi getur gilt fyrir allt að tólf mánaða framleiðslu- og sölutímabil. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal kynna sláturleyfishöfum og sauðfjárframleiðendum ákvörðun um útflutningsþörf kindakjöts.

Sláturleyfishafa og öðrum sem annast sölu eða dreifingu á kindakjöti frá sláturhúsi er skylt að leggja til kjöt til útflutnings samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra eða semja við annan sláturleyfishafa um verkun og útflutning á sama magni. Sé þess ekki kostur er viðkomandi aðila skylt að greiða vegna útflutningskvaðar gjald sem landbúnaðarráðherra auglýsir fyrir 1. september ár hvert og skal svara til mismunar á heildsöluverði og viðmiðunarverði sem miðast við meðalverð við útflutning á undangengnum tólf mánuðum. Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Landssamtaka sláturleyfishafa, setja nánari reglur um skipulag útflutnings svo að erlendir markaðir nýtist sem best.

Allir sauðfjárframleiðendur skulu taka þátt í útflutningi eða sæta útflutningsuppgjöri vegna útflutningskvaðar fyrir sama hlutfall af framleiðslu sinni að undanskildu því magni sem framleiðandi tekur til eigin nota samkvæmt heimild í reglugerð. Undanþegnir útflutningsuppgjöri eru þó þeir framleiðendur sem hafa 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks, enda liggi fyrir fullnægjandi vottorð um ásetning þeirra. Þá getur ráðherra ákveðið, að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands, að kjöt af dilkum sem slátrað er á ákveðnum tímabilum utan haustsláturtíðar verði undanþegið útflutningsuppgjöri. Hafi framleiðandi fjölgað vetrarfóðruðu fé frá því sem hann hafði veturinn 1994/1995 getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fenginni tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga, að sú framleiðsla, sem svarar til fjölgunarinnar, fari öll á erlendan markað. Skal þá miðað við sama hlutfall af framleiðslu og fjölgun nemur. Því til viðbótar skal framleiðandi taka þátt í útflutningi eins og um óbreytta bústærð væri að ræða. Heimild þessari skal aðeins beita haustin 1996 og 1997.

Hafi verið tekin ákvörðun um verðskerðingu skv. 20. gr. og/eða 1. mgr. 21. gr. er afurðastöð skylt að halda henni eftir við uppgjör og standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á hinu innheimta verðskerðingarfé.

11. gr.

Fyrirsögn IX. kafla laganna verður: **Um framleiðslu og greiðslumark sauðfjárafurða 1995–2000.**

12. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Markmið með ákvæðum þessa kafla um framleiðslu sauðfjárafurða eru:

a. að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni sauðfjárframleiðslu til hagsbóta fyrir sauðfjárbændur og neytendur,
b. að treysta tekjugrundvöll sauðfjárbænda,
c. að ná jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða,
d. að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd.

13. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Frá og með 1. janúar 1996 verður beingreiðslumark sauðfjárafurða 1.480 millj. kr. á almanaksári og skiptist hlutfallslega eins milli lögbýla og heildargreiðslumark sauðfjár verðlagsárið 1995/1996 gerði.

14. gr.

38. gr. laganna orðast svo:

Greiðslumark skal bundið við lögbýli. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslu samkvæmt því. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi beingreiðslu. Þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búrekstri getur hver og einn þeirra verið handhafi beingreiðslu.

Tilkynna skal fyrir 15. september ár hvert um greiðslumark lögbýlisins á næsta almanaksári. Greiðslumark lögbýla fyrir almanaksárið 1996 skal þó tilkynnt 1. febrúar 1996.

Fram til 1. júlí 1996 eru heimil aðilaskipti greiðslumarks á milli lögbýla, enda séu uppfyllt skilyrði sem ráðherra setur í reglugerð.

Heimilt er að flytja greiðslumark milli lögbýla: við sameiningu lögbýla; ef eigandi lögbýlis, sem hefur búið og stundað framleiðslu síðastliðin tvö ár, flytur á annað lögbýli; og ef eigandi að sérskráðu greiðslumarki flytur á annað lögbýli.

15. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Beingreiðsla greiðist úr ríkissjóði til handhafa í samræmi við greiðslumark lögbýlisins eins og það er á hverjum tíma. Beingreiðsla skal vera 3.734 kr. á hvert ærgildi á ári.

Réttur til beingreiðslu flyst milli aðila innan lögbýlis við ábúendaskipti og við breytingu skráningar ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða.

Til að fá fulla beingreiðslu þarf handhafi að eiga að lágmarki 0,6 vetrarfóðraðar kindur fyrir hvert ærgildi greiðslumarks árið 1996. Síðan skal landbúnaðarráðherra ákveða árlega ásetningshlutfall að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga. Nái ásetningur ekki því lágmarki skerðist beingreiðsla hlutfallslega. Á lögbýlum, þar sem búfjárbeit kemur í veg fyrir eðlilega framkvæmd uppgræðslu eða veldur of miklu álagi á beitiland, er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða lægra ásetningshlutfall að fenginni umsögn Landgræðslu ríkisins og/eða Skógræktar ríkisins. Þá getur ráðherra ákveðið að víkja frá framangreindu ásetningshlutfalli hjá framleiðendum sem hafa skorið niður fé til útrýmingar sjúkdómum.

Ráðherra er heimilt að semja við bændur um lækkun ásetningshlutfalls án lækkunar beingreiðslu ef þeir taka þátt í umhverfisverkefnum í samráði við Landgræðslu ríkisins eða Skógrækt ríkisins, stunda nám eða starfsþjálfun eða taka þátt í atvinnuþróunarverkefnum.

Þá er heimilt að skerða eða fella niður beingreiðslu ef sauðfjárbóndi gefur rangar upplýsingar um ásettan fjölda sauðfjár eða stundar ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé eða brýtur á annan hátt reglur eða samningsbundin ákvæði um afsetningu afurða.

Lögbýli heldur greiðslumarki sínu óskertu þótt réttur til beingreiðslu falli niður vegna búskaparhlés án þess að samið sé um búskaparlok og greiddar bætur fyrir.

16. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Á árunum 1995 og 1996 er ríkissjóði heimilt að kaupa greiðslumark til framleiðslu sauðfjárafurða, allt að 30.000 ærgildi, og greiða förgunarbætur vegna fækkunar áa eftir nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.

17. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra úthlutar greiðslumarki sem losnar með samningum um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki og um búskaparlok. Við þá úthlutun skal taka mið af greiðslumarki lögbýlis þannig að aukning verði hjá bændum sem hafa 180 ærgilda greiðslumark í sauðfé eða meira, þó þannig að samanlagt greiðslumark í sauðfé og mjólk fari ekki yfir 450 ærgildi á fjölskyldu. Þeir sem hafa innan við 180 ærgilda greiðslumark í sauðfé geta sótt um aukningu, enda sé sauðfjárframleiðsla aðalatvinna viðkomandi bænda samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð sem ráðherra skal setja. Við útreikning vegna úthlutunar skal miða við greiðslumarksskrár mjólkur og sauðfjárafurða eins og þær voru 1. maí 1995. Tekjuviðmiðun skal vera árið 1994.

Beingreiðslur, sem lausar eru án samninga um búskaparlok, skulu renna til sameiginlegra markaðsaðgerða.

18. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Allir þeir sem hafa greiðslumark til ráðstöfunar eða hagnýtingar eða hafa með höndum framleiðslu sauðfjárafurða eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um greiðslumark lögbýla, beingreiðslur, framkvæmd og tilhögun þeirra, frávik frá ásetningshlutfalli, kaup ríkissjóðs á greiðslumarki og úthlutun þess.

19. gr.

Í stað orðanna „Stéttarsamband bænda“ í 1. mgr. 2. gr., 1.–5. mgr. 4. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. og 2. mgr. 8. gr., a-lið 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 34. gr., 42. gr., 2. mgr. 47. gr. og 2. mgr. 48. gr. laganna koma í viðeigandi falli orðin: Bændasamtök Íslands.

20. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra skal setja reglugerð um gæðastjórn í landbúnaðarframleiðslu. Í reglugerðinni skal lýst kröfum um gæðastjórn, vinnslu, geymslu og dreifingu íslenskra landbúnaðarafurða.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 2. tölul. 1. mgr. 29. gr. laganna vegna haustslátur-tíðar 1995 halda gildi sínu til 16. desember 1995. Við gildistöku laga þessara falla brott 22. og 23. gr. laganna, svo og ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 99 28. júní 1995, um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Heimilt er á árunum 1996 og 1997 að veita þeim framleiðendum, sem aukið hafa sauðfjárgreiðslumark lögbýlisins frá greiðslumarksskrá eins og hún var 1. maí 1995, undanþágu frá skerðingu beingreiðslu sem ella yrði vegna ásetningskröfu 3. mgr. 39. gr. laganna.

II.

Til að jafna skilaverð til framleiðenda fyrir afurðir frá sláturtíð 1995, sem seldar eru á erlendum mörkuðum, skal innheimta 10% verðjöfnunargjald af því verði sem kemur til skila við útflutning (fob) hjá hverri afurðastöð. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu og ráðstöfun verðjöfnunargjaldsins.

III.

Til viðbótar verðskerðingargjöldum skv. 20. og 21. gr. laganna skal innheimta 3% verðskerðingargjald árin 1996 og 1997 af framleiðendaverði og 2% gjald af úrvinnslu- og heildsölukostnaði kindakjöts sem ætlað er til sölu á innlendum markaði. Gjaldi þessu skal verja til markaðsaðgerða til að tryggja jafnvægi í birgðum kindakjöts áður en verðlagning sauðfjárafurða skv. 8. gr. laganna er aflögð. Í sama tilgangi skal verja fé sem veitt er til uppkaupa greiðslumarks skv. 5. gr. samnings um framleiðslu sauðfjárafurða frá 1. október 1995 milli landbúnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Bændasamtaka Íslands, ef það nýtist ekki í þeim tilgangi.

Gjört í Reykjavík, 6. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

Nr. 125 24. nóvember 1995

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda á morgun.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 24. nóvember 1995.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 30. nóvember 1995.

F. h. r.
Ólafur Davíðsson.

Stjórnartíðindi A 29, nr. 124–126. Útgáfudagur 6. desember 1995.

STJÓRNARTÍÐINDI A 30 – 1995

Nr. 127 686 12. desember 1995

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á tollskránni eru gerðar þessar breytingar:

1. Á 1. kafla:

Undirliðir vöruliðar nr. 0105 nr. 0105.10 til 0105.99 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

		A %	A1 kr/kg	E %
	– Að þyngd ekki meira en 185 g:			
0105.1100	–– Hænsni af tegundinni Gallus domesticus	0		
0105.1200	–– Kalkúnar	0		
0105.1900	–– Aðrir	0		
	– Aðrir:			
0105.9200	–– Hænsni af tegundinni Gallus domesticus, að þyngd ekki meira en 2.000 g	0		
0105.9300	–– Hænsni af tegundinni Gallus domesticus, að þyngd meira en 2.000 g	0		
0105.9900	–– Annars	0		

2. Á 2. kafla:

a) Undirliðir vöruliðar nr. 0207 nr. 0207.10 til 0207.50 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

	– Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus:			
0207.1100	–– Ekki skorið í hluta, nýtt eða kælt	30	603	
0207.1200	–– Ekki skorið í hluta, fryst	30	439	
0207.1300	–– Sneiðar og hlutar, nýtt eða kælt	30	499	
	–– Sneiðar og hlutar, fryst:			
0207.1401	––– Beinlaust	30	900	
0207.1402	––– Lifur	20	499	
0207.1409	––– Annað	30	439	
	– Af kalkúnum:			
0207.2400	–– Ekki skorið í hluta, nýtt eða kælt	30	603	
0207.2500	–– Ekki skorið í hluta, fryst	30	603	
0207.2600	–– Sneiðar og hlutar, nýtt eða kælt	30	449	
	–– Sneiðar og hlutar, fryst:			
0207.2701	––– Beinlaust	30	1000	
0207.2702	––– Lifur	20	499	
0207.2709	––– Annað	30	603	
	– Af öndum, gæsum eða perluhænsnum:			
0207.3200	–– Ekki skorið í hluta, nýtt eða kælt	30	603	
0207.3300	–– Ekki skorið í hluta, fryst	30	603	
0207.3400	–– Fitulifur, ný eða kæld	30	256	
0207.3500	–– Annað, nýtt eða kælt	30	499	
	–– Annað:			

Gutenberg

Endurprentað blað.

	A %	A1 kr/kg	E %
0207.3601 --- Beinlaust	30	1000	
0207.3602 --- Lifur	20	499	
0207.3609 --- Annað	30	603	

b) Tollskárnúmerið 0209.0000 orðist svo:

0209.0000	Svínafita, án magurs kjöts, og alifuglafita, ekki brædd eða úrdregin á annan hátt, ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt	30	100

c) Á eftir orðinu "Annað:" í undirlið nr. 0210.1 komi: ---Reykt:

3. Á 3. kafla:

a) Undirliður nr. 0301.91 orðist svo:

-- Silungur (Salmo trutta, Oncorhynchus mykiss, Oncorhynchus clarki, Oncorhynchus aquabonita, Oncorhynchus gilae, Oncorhynchus apache og Oncorhynchus chrysogaster):

b) Undirliður nr. 0302.11 orðist svo:

-- Silungur (Salmo trutta, Oncorhynchus mykiss, Oncorhynchus clarki, Oncorhynchus aquabonita, Oncorhynchus gilae, Oncorhynchus apache og Oncorhynchus chrysogaster):

c) Undirliður nr. 0302.12 orðist svo:

-- Kyrrahafslax (Oncorhynchus nerka, Oncorhynchus gorbuscha, Oncorhynchus keta, Oncorhynchus tschawytscha, Oncorhynchus kisutch, Oncorhynchus masou og Oncorhynchus rhodurus), Atlantshafslax (Salmo salar) og Dónárlax (Hucho hucho):

d) Tollskrárnúmerið 0303.1000 orðist svo:

0303.1000	– Kyrrahafslax (Oncorhynchus nerka, Oncorhynchus gorbuscha, Oncorhynchus keta, Oncorhynchus tschawytscha, Oncorhynchus kisutch, Oncorhynchus masou og Oncorhynchus rhodurus), þó ekki lifur og hrogn	0	

e) Undirliður nr. 0303.21 orðist svo:

-- Silungur (Salmo trutta, Oncorhynchus mykiss, Oncorhynchus clarki, Oncorhynchus aquabonita, Oncorhynchus gilae, Oncorhynchus apache og Oncorhynchus chrysogaster):

f) Í stað orðsins "og" í undirlið nr. 0305.30 komi: eða.

g) Tollskrárnúmerið 0305.4100 orðist svo:

0305.4100	-- Kyrrahafslax (Oncorhynchus nerka, Oncorhynchus gorbuscha, Oncorhynchus keta, Oncorhynchus tschawytscha, Oncorhynchus kisutch, Oncorhynchus masou og Oncorhynchus rhodurus), Atlantshafslax (Salmo salar) og Dónárlax (Hucho hucho)	0	

h) Undirliður nr. 0305.69 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

		A %	A1 kr/kg	E %
	-- Annar:			
0305.6910	--- Í smásöluumbúðum	0		
	--- Annars:			
0305.6921	---- Ýsa	0		
0305.6922	---- Ufsi	0		
0305.6923	---- Langa	0		
0305.6924	---- Keila	0		
0305.6925	---- Þunnildi	0		
0305.6926	---- Gellur	0		
0305.6927	---- Fiskfés (gellur og kinnar)	0		
0305.6929	---- Annað	0		

4. Á 4. kafla:
   a) Við athugasemdir við 4. kafla bætist ný athugasemd er verði 2. athugasemd er orðist svo jafnframt því sem röð annarra athugasemda breytist til samræmis:
      2. Í nr. 0405 er með:
         a. **Smjöri** átt við náttúrlegt smjör, mysusmjör eða samsett smjör (nýtt, saltað eða þræsið, þar með talið smjör í dósum) sem unnið er eingöngu úr mjólk, sem inniheldur mjólkurfitu sem er meira en 80% en ekki meira en 95% miðað við þyngd, föst mjólkurefni án fitu að hámarki 2% miðað við þyngd og vatn að hámarki 16% miðað við þyngd. Smjör inniheldur ekki viðbætt bindiefni, en getur innihaldið natríumklóríð, matarlit, hlutleysandi sölt og ræktaða skaðlausa gerla sem gefa af sér mjólkursýru.
         b. **Mjólkurviðbiti** átt við smyrjanlega þeytu af gerðinni "vatn í olíu", sem inniheldur mjólkurfitu sem einu fitu í vörunni, með mjólkurfituinnihaldi sem er 39% eða meira en minna en 80% miðað við þyngd.
   b) Orðasambandið "Athugasemd við undirlið" verði: Athugasemdir við undirliði. Jafnframt verði núverandi athugasemd við undirlið nr. 1 og við bætist ný athugasemd er orðist svo:
      2. Sem **smjör** í nr. 0405.10 telst ekki vatnssneytt smjör eða smjörolía (nr. 0405.90).
   c) Vöruliður nr. 0405 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

0405	Smjör og önnur fita og olía fengið úr mjólk; mjólkurviðbit:		
0405.1000	– Smjör	30	623
0405.2000	– Mjólkurviðbit	30	220
0405.9000	– Annað	30	623

5. Á 5. kafla:
   Vöruliður 0504 orðist svo:

0504	Þarmar, blöðrur og magar úr dýrum (þó ekki úr fiski), heilt og í stykkjum, nýtt, kælt, fryst, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt:		

6. Á 6. kafla:
   a) Tollskrárnúmerin 0601.2002 til 0601.2005 orðist svo:

0601.2002	-- Blómstrandi pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	30	480
0601.2003	-- Grænar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	30	480

		A %	A1 kr/kg	E %
0601.2004	-- Grænar og blómstrandi pottaplöntur meira en 1 metri á hæð	30	480	
0601.2005	-- Grænar pottaplöntur meira en 1 metri á hæð	30	480	

b) Undirliður nr. 0602.91 til 0602.99 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

	- Annað:			
0602.9001	-- Sveppaþræðir (Mycelíum)	0		
0602.9009	-- Annars	30	200	

7. Á 7. kafla:

a) c- og d-liður 3. athugasemdar við 7. kafla orðist svo:

c. Mjöl, fínmalað og gróft, duft, flögur, kurl og kögglar úr kartöflum (nr. 1105).

d. Mjöl, fínmalað og gróft, og duft úr þurrkuðum belgávöxtum í nr. 0713 (nr. 1106).

b) Vöruliður nr. 0707 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

0707	Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:			
	- Innfluttar á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars:			
0707.0011	-- Gúrkur	30	197	
0707.0012	-- Reitagúrkur	30	197	
	- Innfluttar á öðrum tíma:			
0707.0021	-- Gúrkur	30	197	
0707.0022	-- Reitagúrkur	30	197	

c) Tollskrárnúmer 0712.1000 falli brott jafnframt því sem nýtt tollskrárnúmer bætist við undirlið nr. 0712.90 er orðist svo:

0712.9002	-- Kartöflur, einnig skornar eða sneiddar en ekki frekar unnar	30		

d) Vöruliður nr. 0714 orðist svo:

0714	Maníókarót, örvarrót, saleprót, Jerúsalemartískokka, sæthnúður og áþekkar rætur og hnýði sem innihalda mikið af sterkju eða inúlíni, nýtt, kælt, fryst eða þurrkað, einnig sneitt eða í kögglum; sagópálmamergur:			

8. Á 8. kafla:

a) Undirliðir nr. 0801.10 til 0801.30 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

	- Kókoshnetur:			
0801.1100	-- Þurrkaðar og rifnar	0		
0801.1900	-- Aðrar	0		
	- Parahnetur:			
0801.2100	-- Í hýði	0		
0801.2200	-- Afhýddar	0		
	- Kasúhnetur:			
0801.3100	-- Í hýði	0		
0801.3200	-- Afhýddar	0		

b) Undirliður nr. 0807.10 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

	- Melónur (þar með taldar vatnsmelónur):			
0807.1100	-- Vatnsmelónur	0		
0807.1900	-- Aðrar	0		

c) Við vörulið nr. 0810 bætist nýtt tollskrárnúmer er orðist svo:

	A %	A1 kr/kg	E %
0810.5000 – Kívíávextir	0		

9. Á 9. kafla:
Undirliðir nr. 0901.30 og 0901.40 falli niður en í staðinn komi nýtt tollskrárnúmer er orðist svo:

0901.9000 – Annað	0		

10. Á 11. kafla:
a) Nýr málsliður bætist við b-lið A-liðar 2. athugasemdar við 11. kafla er orðist svo: Kornfrjóangar, heilir, valsaðir, flagaðir eða malaðir, flokkast þó alltaf í nr. 1104.
b) Vöruliður nr. 1105 ásamt undirlið nr. 1105.10 orðist svo:

1105	Mjöl, fín- eða grófmalað, duft, flögur, kurl og kögglar úr kartöflum:		
	– Mjöl, fín- eða grófmalað og duft:		

c) Vöruliður nr. 1106 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

1106	Mjöl, fín- eða grófmalað, og duft úr þurrkuðum belgávöxtum í nr. 0713, úr sagó eða rótum eða hnýðum í nr. 0714 eða úr vörum í 8. kafla:		
1106.1000	– Úr þurrkuðum belgávöxtum í nr. 0713	0	
	– Úr sagó eða rótum eða hnýðum í nr. 0714:		
1106.2001	–– Maníókamjöl til fóðurs og fóðurgerðar	55	
1106.2009	–– Annað	0	
1106.3000	– Úr vörum í 8. kafla	0	

11. Á 12. kafla:
Vöruliður nr. 1212 orðist svo:

1212	Fuglatrésbaunir (jóhannesarbrauð), sjávargróður og aðrir þörungar, sykurrófur og sykurreyr, nýtt, kælt, fryst eða þurrkað, einnig mulið; aldinsteinar og -kjarnar og aðrar vörur úr jurtaríkinu (þar með taldar óbrenndar síkoríurætur af afbrigðinu Cichorium intybus sativum) sem aðallega er notað til manneldis, ót.a.:		

12. Á 13. kafla:
a) d- og h-liður 1. athugasemdar við 13. kafla orðist svo:
d. Jurtasafar eða jurtakjarnar sem teljast áfengar drykkjarvörur (22. kafli).
h. Rokgjarnar olíur, fastar, fljótandi, resínóíð, úrdregin oleóresín, eimað vatn eða vatnsupplausnir úr rokgjörnum olíum eða vörur að meginstofni úr ilmandi efnum til nota við framleiðslu á drykkjarvörum (33. kafli).
b) Vöruliður nr. 1301 orðist svo:

1301	Kvoðulakk; náttúrlegar gúmkvoður; resín, gúmmí-harpixar og oleóresín (t. d. balsöm):		

13. Á 14. kafla:
Undirliðir nr. 1402.91 til 1402.99 falli niður en í staðinn komi nýtt tollskrárnúmer er orðist svo:

1402.9000 – Annað	0		

14. Á 15. kafla:
a) Orðið "einangraðar" í e-lið 1. athugasemdar við 15. kafla falli brott.

		A %	A1 kr/kg	E %
b) Vöruliðir nr. 1501 og 1502 orðist svo:				
1501	Svínafeiti (þar með talin hreinsuð svínafeiti (Lard)) og alifuglafeiti, þó ekki vörur í nr. 0209 eða 1503:			
1502	Fita af dýrum af nautgripaætt, kindum eða geitum, þó ekki vörur í nr. 1503:			
c) Vöruliður nr. 1519 ásamt undirliðum og tollskrárnúmerum falli brott.				
d) Vöruliður nr. 1520 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:				
1520.0000	Glýseról (glýserín), hrátt; glýserólvatn og glýserollútur	0		
15. Á 16. kafla:				
a) 1. athugasemd við 16. kafla orðist svo:				
	1. Til þessa kafla telst ekki kjöt, hlutar af dýrum, fiski, krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum sem hefur verið unnið eða varið skemmdum á þann hátt er um getur í 2. eða 3. kafla eða í nr. 0504.			
b) Við vörulið nr. 1602 bætist nýr undirliður ásamt tollskrárnúmerum er orðist svo:				
	-- Úr hænsnum af tegundinni Gallus domesticus:			
1602.3201	--- Sem innihalda meira en 60% úr afurðum af tegundinni Gallus domesticus	30	1144	
1602.3202	--- Sem innihalda meira en 20%, til og með 60%, af tegundinni Gallus domesticus	30	686	
1602.3209	--- Annað	30	229	
c) Tollskrárnúmerin 1602.9021 til 1602.9030 ásamt undirlið orðist svo:				
	-- Annað:			
1602.9021	--- Sem innihalda meira en 60% af kjöti, hlutum af dýrum eða blóði, ót. a.	30	883	
1602.9022	--- Sem innihalda meira en 20%, til og með 60%, af kjöti, hlutum af dýrum eða blóði, ót. a.	30	530	
1602.9029	--- Annað	30	177	
d) Tollskrárnúmerið 1604.1219 orðist svo:				
1604.1219	---- Niðursoðin smásíld	10		0
16. Á 17. kafla:				
Í stað tollskrárnúmers 1702.1000 komi:				
	- Laktósi og laktósasíróp:			
1702.1100	-- Sem inniheldur miðað við þyngd þurrefnis 99% eða meira af laktósa og nefndur er vatnsfrír laktósi	0		
1702.1900	-- Annað	0		
17. Á 18. kafla:				
Tollskrárnúmerin 1806.2003 til 1806.2006, 1806.9011, 1806.9028 og 1806.9029 orðist svo:				
1806.2003	-- Kakaóduft, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur 30% eða meira miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennudufti, með eða án viðbætts sykurs eða annarra sætiefna, en án íblöndunar annarra efna	10	129	0
1806.2004	-- Kakaóduft, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur minna en 30% miðað við þyngd af			

		A %	A1 kr/kg	E %
	nýmjólkur- og/eða undanrennudufti, með eða án viðbætts sykurs eða annarra sætiefna, en án íblöndunar annarra efna	10	47	0
1806.2005 ---	Önnur framleiðsla, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur 30% eða meira miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennudufti	10	129	0
1806.2006 ---	Önnur framleiðsla, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur minna en 30% miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennudufti	10	47	0
1806.9011 ---	Tilreidd drykkjarvöruefni að uppistöðu úr vörum í nr. 0401 til nr. 0404, sem inniheldur 5% eða meira af kakaódufti, miðað við þyngd reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót. a., sykur eða annað sætiefni, auk annarra minniháttar efnisþátta og bragðefna	10	22	0
1806.9028 ---	Kakaóduft, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur 30% eða meira miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennudufti, með eða án viðbætts sykurs eða annarra sætiefna, en án íblöndunar annarra efna	20	139	0
1806.9029 ---	Kakaóduft, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur minna en 30% miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennudufti, með eða án viðbætts sykurs eða annarra sætiefna, en án íblöndunar annarra efna	20	50	0

18. Á 19. kafla:

a) 3. athugasemd við 17. kafla orðist svo:

3. Til nr. 1904 telst ekki framleiðsla sem inniheldur meira en 6%, miðað við þyngd, af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni eða er hjúpuð með súkkulaði eða öðrum matvælum sem innihalda kakaó í nr. 1806 (nr. 1806).

b) Vöruliðir nr. 1901 og 1904 orðist svo:

1901 Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaó eða inniheldur minna en 40% miðað við þyngd af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401-0404 sem ekki innihalda kakaó eða innihalda minna en 5%, miðað við þyngd, af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.:

1904 Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn (annað en maís), sem grjón eða sem flögur eða önnur unnin grjón (þó ekki mjöl, fín- eða grófmalað), forsoðið eða unnið á annan hátt, ót. a.:

c) Tollskrárnúmerið 1901.9011 orðist svo:

1901.9011 --- Tilreidd drykkjarvöruefni að uppistöðu úr vörum í nr. 0401 til nr. 0404, sem ekki innihalda kakaó eða innihalda kakaó innan við

		A %	A1 kr/kg	E %
	5% miðað við þyngd reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót. a., viðbættan sykur eða annað sætiefni, auk annarra minniháttar efnisþátta og bragðefna	0		
d)	Tollskrárnúmerið 1902.3041 orðist svo:			
1902.3041	--- Sem að magni til er samanlagt 3%, til og með 20% miðað við þyngd	0	52	
e)	Undirliðir 1904.20 og 1904.90 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:			
	– Matvæli úr ósteiktum kornflögum eða úr blöndum ósteiktra og steiktra kornflaga eða belgdu korni:			
1904.2001	-- Að meginstofni úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum	7,5		0
1904.2009	-- Annað	7,5		0
	– Annars:			
1904.9001	-- Með kjötinnihaldi sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	7,5	52	0
1904.9009	-- Annað	7,5		0
19.	Á 20. kafla:			
a)	Tollskrárnúmerin 2001.9003 og 2001.9004 orðist svo:			
2001.9003	--- Að meginstofni úr kartöflumjöli	47		
2001.9004	--- Annað	85		
b)	Vöruliðir nr. 2004 og 2005 og tollskrárnúmerið 2005.2003 orðist svo, jafnframt því sem tollskrárnúmerið 2005.3000 falli brott:			
2004	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar, þó ekki vörur í nr. 2006:			
2005	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar, þó ekki vörur í nr. 2006:			
c)	Tollskrárnúmerin 2004.1001 til 2004.1009 orðist svo:			
2004.1001	-- Fín- eða grófmalaðar eða flögur	47		
2004.1002	-- Sneiddar eða skornar	85		
2004.1003	-- Framleiðsla úr kartöflumjöli	47		
2004.1009	-- Aðrar	66		
d)	Tollskrárnúmerin 2005.2002 til 2005.2009 orðist svo:			
2005.2002	-- Sneiddar eða skornar	85		
2005.2003	-- Nasl svo sem skífur, skrúfur, hringir, keilur, stangir o.þ.h., þó ekki úr kartöflumjöli	59		
2005.2004	-- Framleiðsla úr kartöflumjöli	47		
2005.2009	-- Aðrar	66		
e)	Vöruliður nr. 2006 ásamt undirliðum og tollskrárnúmerum orðist svo:			
2006	Matjurtir, ávextir, hnetur, ávaxtahýði og aðrir plöntuhlutar, varið skemmdum með sykri (gegndreypt, gljásykrað eða kristallað):			
	– Frystar matjurtir:			

		A %	A1 kr/kg	E %
2006.0011	-- Sykurmaís (Zea mays var. saccharata)	0		
2006.0012	-- Spergill	0		
2006.0019	-- Aðrar	0		
	– Aðrar matjurtir:			
8802	Önnur loftför (t.d. þyrlur, flugvélar); geimför (þar með taldir gervihnettir) og skotvagnar fyrir för sem fara neðar en á braut um jörðu (suborbital) og geimför:	
8802.6000 –	Geimför (þar með taldir gervihnettir) og skotvagnar fyrir för sem fara neðar en á braut um jörðu (suborbital) og geimför	0

c) Tollskrárnúmer 8804.0000 orðist svo:

8804.0000	Fallhlífar (þar með taldar stýrifallhlífar og sviffallhlífar (paragliders)) og hverfifallhlífar; hlutar og fylgihlutir til þeirra	0

79. Á 90. kafla:

a) h-liður 1. athugasemdar við 90. kafla orðist svo:

h. Leitarljós eða kastljós til nota á reiðhjól eða vélknúin ökutæki (nr. 8512); ferðaraflampar í nr. 8513; hljóðupptökutæki, hljóðflutningstæki eða endurupptökutæki (nr. 8519 eða 8520); hljóðhausar (nr. 8522); myndbandsmyndavélar fyrir kyrrmyndir og aðrar myndbandstökuvélar (nr. 8525); ratsjártæki, radíómiðunartæki eða radíófjarstýritæki (nr. 8526); einangraðar geislalampaeiningar í nr. 8539; ljósleiðarar í nr. 8544.

b) Tollskrárnúmer 9007.2100 og 9007.2900 verði 9007.2001 og 9007.2009.

c) Vöruliður nr. 9010 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

		A %	A1 kr/kg	E %
9010	Tæki og búnaður til nota í ljósmyndavinnustofur (einnig kvikmyndavinnustofur) (einnig tæki til að mynda eða teikna prentrásir á ljósnæm hálfleiðaraefni), ót.a. í þessum kafla; negatívusjár; sýningartjöld:			
9010.1000	– Tæki og búnaður til sjálfvirkrar framköllunar á ljósmyndafilmum (einnig kvikmyndafilmum) eða ljósmyndapappír í rúllum eða til sjálfvirkrar lýsingar framkallaðrar filmu á ljósmyndapappír í rúllum	0		
	– Tæki til að mynda eða teikna prentrásir á ljósnæm hálfleiðaraefni:			
9010.4100	– Tæki til beinritunar á þynnur	0		
9010.4200	– Endurtökuraðarar (step and repeat aligners)	0		
9010.4900	– Önnur	0		
9010.5000	– Önnur tæki og búnaður fyrir ljósmyndavinnustofur (einnig kvikmyndavinnustofur); negatívusjár	0		
9010.6000	– Sýningartjöld	0		
9010.9000	– Hlutar og fylgihlutir	0		
	d) Við vörulið nr. 9018 bætist þrjú tollskrárnúmer er orðist svo:			
9018.1200	–– Úthljóðsskannar	0		
9018.1300	–– Segulómsmyndtæki	0		
9018.1400	–– Leifturritar	0		
	e) Tollskrárnúmerið 9022.1100 falli brott en í staðinn komi þrjú ný tollskrárnúmer er orðist svo:			
9022.1200	–– Tölvusneiðmyndatæki	0		
9022.1300	–– Annar, til tannlækninga	0		
9022.1400	–– Annar, til lyflækninga, skurðlækninga og dýralækninga	0		
	f) Tollskrárnúmerið 9025.2000 falli brott.			
	g) Tollskrárnúmerið 9030.8100 falli brott en í staðinn komi:			
9030.8200	–– Til að mæla eða greina hálfleiðaraþynnur eða -búnað	0		
9030.8300	–– Annað, með upptökubúnaði	0		
	h) Tollskrárnúmerið 9031.4000 falli brott en í staðinn komi:			
	– Önnur optísk áhöld og tækjabúnaður:			
9031.4100	–– Til skoðunar á hálfleiðaraþynnum eða -búnaði eða til skoðunar á myndmöskum eða þráðum til framleiðslu á hálfleiðarabúnaði	0		
9031.4900	–– Annars	0		
80.	Á 91. kafla:			
	a) Undirliður á undan tollskrárnúmeri 9101.1100 orðist svo:			
	– Armbandsúr, rafknúin, einnig með skeiðúrsbúnaði:			
	b) Tollskrárnúmer 9101.9100 orðist svo:			
9101.9100	–– Rafknúin	0		
	c) Undirliður á undan tollskrárnúmeri 9102.1100 orðist svo:			
	– Armbandsúr, rafknúin, einnig með skeiðúrsbúnaði:			
	d) Tollskrárnúmer 9102.9100, 9103.1000, 9105.1100, 9105.2100 og 9105.9100 orðist svo:			
9102.9100	–– Rafknúin	0		

	A %	A1 kr/kg	E %
9103.1000 – Rafknúnar	0		
9105.1100 –– Rafknúnar	0		
9105.2100 –– Rafknúnar	0		
9105.9100 –– Rafknúnar	0		

e) Undirliður á undan tollskrárnúmeri 9108.1100 orðist svo:
– Rafknúin:

f) Undirliður á undan tollskrárnúmeri 9109.1100 orðist svo:
– Rafknúin:

81. Á 93. kafla:
Orðið "skothylki" í vörulið nr. 9306 og undirliðum og tollskrárnúmerum hans verði: skot.

82. Á 94. kafla:
a) Tollskrárnúmerin 9402.1000 og 9402.9000 orðist svo:

9402.1000	– Tannlækninga-, rakara- eða áþekkir stólar og hlutar til þeirra	0	
9402.9000	– Annað	0	

b) Tollskrárnúmerin 9405.9901 og 9405.9909 falli niður en í staðinn komi:

9405.9910	––– Lampaskermar	10	0
	––– Annars:		
9405.9921	––––– Fyrir duflaljósker	4	0
9405.9929	––––– Annað	10	0

83. Á 95. kafla:
a) m-liður 1. athugasemdar við 95. kafla orðist svo:
m. Vökvadælur (nr. 8413), vél- og tækjabúnaður til síunar eða hreinsunar á vökva og lofttegundum (nr. 8421), rafhreyflar (nr. 8501), rafstraumbreytar (nr. 8504) eða radíófjarstýribúnaður (nr. 8526).
b) Í stað orðsins "Myndbandsleiktæki" í tollskrárnúmeri 9504.1000 komi: Rafmyndaleiktæki.

84. Á 96. kafla:
Tollskrárnúmerið 9614.1000 falli brott.

85. Á 97. kafla:
3. athugasemd við 97. kafla orðist svo:
3. Til nr. 9703 teljast ekki fjöldaframleiddar endurgerðir af listaverkum eða venjulegar handiðnaðarvörur sem hafa einkenni verslunarvöru, jafnvel þótt vörur þessar séu hannaðar eða búnar til af listamönnum.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. og 143. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 1996.

Fjármálaráðuneytið, 12. desember 1995.

Friðrik Sophusson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahmed, Ait Youssef, verkamaður í Reykjavík, f. 6. desember 1963 í Marokkó.
2. Anna Lísa Jónsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 17. febrúar 1975 í Reykjavík.
3. Avery, Martin Harris, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. 9. desember 1959 í Ástralíu.
4. Balfour, Janice Margaret, nemi í Reykjavík, f. 29. mars 1950 í Englandi.
5. Bambir, Slavko, dýralæknir í Hafnarfirði, f. 1. september 1939 í Júgóslavíu.
6. Bartoszek, Stanislaw Jan, þýðandi í Reykjavík, f. 20. júní 1956 í Póllandi.
7. Bernardino, Maria Theresa Buenaventura, ræstingakona í Reykjavík, f. 17. júní 1966 á Filippseyjum.
8. Billington, Helen Rachel, fiskvinnslukona á Hellissandi, f. 19. mars 1968 í Englandi.
9. Breiðaskarð, Poul Jacob, sjómaður á Ísafirði, f. 23. október 1947 í Færeyjum.
10. Brezovsek, Srecko, fiskvinnslumaður í Hafnarfirði, f. 15. nóvember 1963 í Júgóslavíu.
11. Buangsruang, Duangsiri, verkakona í Reykjavík, f. 30. maí 1964 í Tælandi.
12. Camilleri, Nicole Bernadette, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 24. október 1954 í Túnis.
13. Cantila, Lelita C., verkakona í Reykjavík, f. 25. desember 1941 á Filippseyjum.
14. Carrilha, Maria Madalena, starfsmaður á elliheimili í Reykjavík, f. 3. janúar 1956 í Angóla.
15. Carrilha, Nuno Miguel, nemi í Reykjavík, f. 21. júlí 1976 í Portúgal.
16. Christensen, Sesselja Østerby, húsmóðir í Reykjavík, f. 8. maí 1971 í Reykjavík.
17. Daghlas, Mohamed Fathi, verkamaður í Reykjavík, f. 20. ágúst 1971 í Jórdaníu.
18. Dalton, Mary Immaculata, kennari á Akureyri, f. 11. febrúar 1917 á Írlandi.
19. Dao Kinh Hoang, ellilífeyrisþegi í Reykjavík, f. 2. febrúar 1926 í Víetnam.
20. Demian, Khalil Abdou, verkamaður í Reykjavík, f. 2. ágúst 1968 í Líbanon.
21. Dennis, Carole Elizabeth, afgreiðslukona á Húsavík, f. 20. janúar 1974 í Þýskalandi.
22. Dias, Arlinda Pereira, verkakona á Akureyri, f. 27. september 1964 á Grænhöfðaeyjum.
23. Duc Bien Vu, lagermaður í Reykjavík, f. 26. mars 1970 í Víetnam.
24. Espiritu, Marivic Cabilao, fiskvinnslukona í Reykjavík, f. 11. desember 1965 á Filippseyjum.
25. Franklin Jónsson, bóndi í Reykjavík, f. 26. desember 1919 í Kanada.
26. Gallacher, Beatrice, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. mars 1934 í Skotlandi.
27. Ganey, Tammy Jean, tannfræðingur í Reykjavík, f. 3. október 1963 í Bandaríkjunum.
28. Garovic, Dana, húsmóðir í Kópavogi, f. 2. mars 1964 í Júgóslavíu.
29. Gopalpur, Chandrika, veitingakona í Reykjavík, f. 3. desember 1963 á Indlandi.
30. Graf, Johanna Theresa, fiskvinnslukona í Garðabæ, f. 17. september 1971 í Bandaríkjunum.
31. Gudmundsson, Laila, sjúkraþjálfari í Reykjavík, f. 29. september 1951 í Danmörku.
32. Hadid, Fedaa, húsmóðir í Reykjavík, f. 22. febrúar 1958 í Sýrlandi.
33. Hand, Ólafur William, sölumaður í Reykjavík, f. 8. september 1968 á Keflavíkurflugvelli.

34. Hassan, Hosni Mahrous, verkamaður í Reykjavík, f. 25. október 1952 í Egyptalandi.
35. Hellal, Karim, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 26. desember 1970 í Marokkó.
36. Hjaltalín, Stuart Kristófer, kerfisfræðingur í Reykjavík, f. 8. janúar 1955 í Reykjavík.
37. Hood, Brooks Arther, verslunarmaður á Höfn, f. 13. mars 1968 í Bandaríkjunum.
38. Jancar, Igor, sjómaður í Ólafsvík, f. 2. september 1960 í Tékkóslóvakíu.
39. Jensen, Rigmor, húsmóðir á Höfn í Hornafirði, f. 8. apríl 1965 í Reykjavík.
40. Joshua Friðriksson, barn í Reykjavík, f. 18. desember 1990 í Bandaríkjunum.
41. Kim Cuong Bui, starfsmaður á veitingahúsi í Reykjavík, f. 3. maí 1956 í Víetnam.
42. Kleina, Andrzej Stanislaw, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. 1. mars 1956 í Póllandi.
43. Krasniqi, Besim, verkamaður í Kópavogi, f. 21. júní 1970 í Júgóslavíu.
44. Kristín Gissurardóttir, húsmóðir á Akureyri, f. 27. mars 1956 í Reykjavík.
45. Kristín Ólöf Kristjánsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 24. október 1970 í Reykjavík.
46. Lilaa, Símon Pauli, ellilífeyrisþegi í Reykjavík, f. 25. júní 1925 í Færeyjum.
47. Lucic, Marija, húsmóðir í Grindavík, f. 27. júlí 1967 í Júgóslavíu.
48. Markovic, Dragan, verkamaður í Reykjavík, f. 6. október 1952 í Júgóslavíu.
49. Melendres, Moggrama M., þerna í Reykjavík, f. 10. maí 1957 á Filippseyjum.
50. Mendoza, Lucita Escalicas, verkakona í Reykjavík, f. 31. desember 1941 á Filippseyjum.
51. Mitchison, Erlingur John, nemi í Mosfellsbæ, f. 11. janúar 1967 í Neskaupstað.
52. Mitchison, Kristjón Þór, nemi í Mosfellsbæ, f. 10. maí 1972 í Neskaupstað.
53. Morina, Shkelzen, verkamaður í Kópavogi, f. 20. október 1964 í Júgóslavíu.
54. Nielsen, Jocelyn Ereno, verkakona í Keflavík, f. 11. september 1963 á Filippseyjum.
55. Obas, Angelita, fiskvinnslukona í Kópavogi, f. 16. febrúar 1954 á Filippseyjum.
56. Ogorevc, Janko, verkamaður á Djúpavogi, f. 1. maí 1962 í Júgóslavíu.
57. Ottó Páll Arnarson, nemi í Mývatnssveit, f. 21. janúar 1976 í Kanada.
58. Ovtsinnikov, Ruslan, nemi í Reykjavík, f. 28. mars 1977 í Rússlandi.
59. Oyod, Mariena Siroy, húsmóðir í Keflavík, f. 1. október 1952 á Filippseyjum.
60. Palawong, Jongdee, húsmóðir í Keflavík, f. 9. maí 1962 í Tælandi.
61. Paraiso, Josephus, barn í Reykjavík, f. 10. febrúar 1983 á Filippseyjum.
62. Penning, Derek, tölvunarfræðingur í Reykjavík, f. 24. september 1956 í Englandi.
63. Perry, Tjörvi Ellert, nemi í Reykjavík, f. 3. mars 1972 í Reykjavík.
64. Phu Minh Nguyen, hjálpartækjasmiður í Reykjavík, f. 22. nóvember 1960 í Víetnam.
65. Quirk, Jane Yvonne, afgreiðslustúlka í Reykjavík, f. 25. febrúar 1975 í Englandi.
66. Ralston, Carrie Christine, nemi í Mosfellsbæ, f. 19. desember 1969 í Bandaríkjunum.
67. Rastrick, John Stephen, kerfisfræðingur í Reykjavík, f. 22. mars 1941 í Englandi.
68. Renegado, Epifania T., húsmóðir í Hveragerði, f. 6. október 1956 á Filippseyjum.
69. Roberts, Angela, ritari í Reykjavík, f. 16. janúar 1971 í Reykjavík.
70. Rodriguez, Elena T., fiskvinnslukona í Kópavogi, f. 22. maí 1951 á Filippseyjum.
71. Rotruamsin, Chuanchom, þerna í Reykjavík, f. 1. maí 1954 í Tælandi.
72. Rudge, Maria Telles, nemi í Reykjavík, f. 23. október 1960 í Brasilíu.
73. Ryan, Jóna Myrtle, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 25. nóvember 1955 í Bandaríkjunum.
74. Saikham, Lai, verkakona í Reykjavík, f. 10. janúar 1961 í Tælandi.
75. Sands, Frank Walter, rekstrarhagfræðingur í Reykjavík, f. 22. janúar 1966 í Bandaríkjunum.
76. Savard, Christine Anne, verkakona á Höfn í Hornafirði, f. 29. maí 1967 í Kanada.
77. Severino, Maria Divina Gracia Bonifacio, verkakona í Keflavík, f. 24. ágúst 1961 á Filippseyjum.
78. Siivonen, Elena Konstantinovna, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 26. febrúar 1958 í Rússlandi.

79. Skowronski, Guðrún Helga, nemi í Reykjavík, f. 12. ágúst 1975 í Reykjavík.
80. Skraban, Robert, nemi í Reykjavík, f. 29. apríl 1967 í Júgóslavíu.
81. Solórzano, José Luis Garcia, starfsmaður á veitingahúsi í Reykjavík, f. 3. nóvember 1961 í Hondúras.
82. Soto, Patricia Elvira Lopez, húsmóðir í Kópavogi, f. 20. desember 1955 í Kólumbíu.
83. Sólveig Sveinsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. 8. febrúar 1958 í Þýskalandi.
84. Srdoc, Verica, ræstingakona í Keflavík, f. 21. nóvember 1955 í Júgóslavíu.
85. Sundaram, Sudha, húsmóðir í Reykjavík, f. 20. júlí 1964 á Indlandi.
86. Thi Dinh Vu, húsmóðir í Reykjavík, f. 22. júlí 1969 í Víetnam.
87. Thi Dung Vu, verkakona í Reykjavík, f. 16. janúar 1968 í Víetnam.
88. Thi Khuyen Vu, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. ágúst 1963 í Víetnam.
89. Thi Luan Vu, verslunarkona í Reykjavík, f. 2. ágúst 1966 í Víetnam.
90. Thi Ngon Nguyen, húsmóðir í Reykjavík, f. 1. janúar 1931 í Víetnam.
91. Thi Tien Vu, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. nóvember 1966 í Víetnam.
92. Thi Viet Le, verkakona í Kópavogi, f. 1. september 1962 í Víetnam.
93. Thi Vuong Nguyen, verkakona í Reykjavík, f. 1. janúar 1958 í Víetnam.
94. Thi Xuan Hoang, verkakona í Reykjavík, f. 4. júní 1956 í Víetnam.
95. Thordarson, Pamela Ingrid Kristin, hárgreiðslumeistari í Reykjavík, f. 19. september 1951 í Bandaríkjunum.
96. Thors, Maria, verkfræðingur í Reykjavík, f. 4. maí 1959 í Svíþjóð.
97. Tich Du, verkamaður í Reykjavík, f. 29. mars 1927 í Kína.
98. Tzankova, Iuliana Grigorova, húsmóðir í Reykjavík, f. 26. júlí 1959 í Búlgaríu.
99. Valiente, Merlie Tagalog, fiskvinnslukona í Keflavík, f. 29. apríl 1965 á Filippseyjum.
100. Van Bot Vu, verkamaður í Reykjavík, f. 4. janúar 1954 í Víetnam.
101. Van Khang Hoang, verslunarmaður í Reykjavík, f. 21. nóvember 1958 í Víetnam.
102. Van Son Luu, verkamaður í Reykjavík, f. 5. apríl 1964 í Víetnam.
103. Van Thiep Pham, starfsmaður á veitingahúsi í Kópavogi, f. 11. október 1958 í Víetnam.
104. Van Tuong Vu, ellilífeyrisþegi í Reykjavík, f. 1. janúar 1925 í Víetnam.
105. Van Yeu Tran, starfsmaður á veitingahúsi í Reykjavík, f. 5. maí 1962 í Víetnam.
106. Villareal, Maria Felisa, starfsmaður á spítala í Reykjavík, f. 16. desember 1956 á Filippseyjum.
107. Washington, Örn Jakup Dam, nemi í Reykjavík, f. 13. maí 1980 í Reykjavík.
108. Williams, Marcia Patricia, ritari í Reykjavík, f. 27. mars 1959 á Jamaíku.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um réttarstöðu kjörbarna og foreldra þeirra.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 57/1987, um fæðingarorlof.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist: eða frumættleiðingar.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ef barn, sem ættleiða á, er sótt til útlanda er ættleiðandi móður heimilt að hefja töku fæðingarorlofs við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að hún fái barn til ættleiðingar.

3. gr.

Orðin „Ættleiðandi foreldrar" og orðin „eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á" í 5. gr. laganna falla brott.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

4. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Sömu réttarstöðu hafa stjúpbörn og kjörbörn þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúpforeldris ef barnið á framfærsluskylt foreldri á lífi.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fæðingarstyrkur skal vera 25.090 kr. á mánuði í sex mánuði og greiðast móður við hverja fæðingu barns, eða frumættleiðingu, enda eigi hún lögheimili hér á landi og hafi átt síðustu 12 mánuðina á undan, sbr. þó 2. mgr. Hefja má greiðslu fæðingarstyrks allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Sé barn sótt til útlanda til ættleiðingar er verðandi móður heimilt að hefja töku fæðingarstyrks við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að hún fái barn til ættleiðingar.

b. Á eftir orðunum „ef fleiri fæðast" í 1. málsl. 5. mgr. kemur: eða eru ættleidd.

c. Orðin „ættleiðandi foreldri" og orðin „eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á" í 6. mgr. falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „fyrir fæðinguna" í 1. málsl. a-liðar kemur: eða frumættleiðinguna.

b. Á eftir orðunum „eftir fæðingu" í 1. málsl. f-liðar kemur: eða frumættleiðingu.

c. Orðin „Ættleiðandi foreldrar" í m-lið falla brott.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

7. gr.

2. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Kjörbarn þeirra skapar sama rétt.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda.

8. gr.

3. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Kjörbarn þeirra skapar sama rétt.

V. KAFLI

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

11. desember 1995 Nr. 130

LÖG

um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona sem búa saman og eru bæði ógift, enda hafi sambúðin verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu skal sameinaður Ísafjarðarkaupstað.

2. gr.

Lög þessi öðast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Páll Pétursson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 31 – 1995

15. desember 1995 749 Nr. 132

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1994, sbr. lög nr. 143/1994.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1994 verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1994 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1994, sbr. lög nr. 143/1994:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**2 837 000**
Beinir skattar	923 000	
Óbeinir skattar	1 483 000	
Vaxtatekjur	320 000	
Aðrar tekjur	111 000	
Gjöld		**-2 818 400**
Samneysla	451 300	
Rekstrargjöld	181 000	
Viðhald	270 200	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	-674 000	
Vaxtagjöld	-445 500	
Fjárfesting	-2 150 200	
Gjöld umfram tekjur		**-5 655 400**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		757 000
Hluta- og stofnfjárframlög		-342 000
Viðskiptareikningar		-2 748 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-7 988 400**
Afborganir af teknum lánum		-310 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-8 298 400**
Lántökur		-8 431 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-132 600**

Gutenberg

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1994, sbr. 2. gr. laga nr. 143/1994, samkvæmt nánari sundurliðun í 3. gr.:

		Þús.kr.	Þús.kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	17 179	
01	Forsætisráðuneyti	289 005	
02	Menntamálaráðuneyti	143 855	
03	Utanríkisráðuneyti	80 910	
04	Landbúnaðarráðuneyti	30 509	
05	Sjávarútvegsráðuneyti	43 956	
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	292 857	
07	Félagsmálaráðuneyti	630 149	
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-55 255	
09	Fjármálaráðuneyti	1 262 531	
10	Samgönguráðuneyti	34 747	
11	Iðnaðarráðuneyti	25 264	
12	Viðskiptaráðuneyti	5 464	
13	Hagstofa Íslands	842	
14	Umhverfisráðuneyti	16 425	
	Samtals öll ráðuneyti		2 818 438

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

00	**Æðsta stjórn ríkisins**		
101	Embætti forseta Íslands	2 499	
401	Hæstiréttur	3 773	
520	Opinberar heimsóknir	310	
	Óhafnar fjárveitingar	-23 761	
	Samtals ráðuneyti		-17 179
01	**Forsætisráðuneyti**		
901	Húsameistari ríkisins	14 799	
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	10 793	
	Óhafnar fjárveitingar	-314 597	
	Samtals ráðuneyti		-289 005

02 Menntamálaráðuneyti

201	Háskóli Íslands	1 944
203	Raunvísindastofnun Háskólans	4 043
204	Stofnun Sigurðar Nordals	48
205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	3 646
206	Orðabók Háskólans	2 587
209	Verkfræðistofnun Háskóla Íslands	24 840
210	Háskólinn á Akureyri	3 770
223	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	8 114
232	Rannsóknaráð ríkisins	4 949
233	Rannsóknasjóður	86
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	1 852
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	11 932
309	Kvennaskólinn í Reykjavík	894
350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	2 377
352	Flensborgarskóli, fjölbraut	4 676
354	Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	2 583
359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	4 901
360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1 539
430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	661
506	Vélskóli Íslands	54
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	3 473
523	Fósturskóli Íslands	3 116
531	Íþróttakennaraskóli Íslands	14 546
551	Húsmæðraskólinn Hallormsstað	1 609
561	Myndlista- og handíðaskóli Íslands	538
562	Leiklistarskóli Íslands	3 254
571	Sjómannaskólahúsið	1 880
601	Héraðsskólinn Reykholti	992
605	Alþýðuskólinn Eiðum	1 287
606	Héraðsskólinn Skógum	786
700	Grunnskólar, Reykjavík	27 350
701	Grunnskólar, Reykjanesi	48 752
703	Grunnskólar, Vesturlandi	1 883
704	Grunnskólar, Vestfjörðum	5 409
705	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	2 765
707	Grunnskólar, Austurlandi	2 170
708	Grunnskólar, Suðurlandi	922
710	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	1
713	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	19
715	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	7
716	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	113
718	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	504
730	Skólabúðir að Reykjum	1 394
752	Öskjuhlíðarskóli	982

755	Dalbrautarskóli	236	
798	Einholtsskóli	12	
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	5 905	
884	Jöfnun á námskostnaði	7 831	
901	Landsbókasafn Íslands	1 512	
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	1 446	
905	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	4 969	
909	Blindrabókasafn Íslands	3 785	
972	Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	12 239	
973	Þjóðleikhús	13 873	
977	Þjóðarbókhlaða	318	
980	Listskreytingasjóður	59	
981	Kvikmyndasjóður	929	
983	Ýmis fræðistörf	11 943	
984	Norræn samvinna	1 403	
985	Alþjóðleg samskipti	6 019	
999	Ýmislegt	2 570	
	Óhafnar fjárveitingar	-428 152	
	Samtals ráðuneyti		-143 855

03 Utanríkisráðuneyti

102	Varnarmálaskrifstofa	1 773	
201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	6 153	
301	Sendiráð Íslands í Bonn	3 225	
302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	3 577	
303	Sendiráð Íslands í London	8 721	
305	Sendiráð Íslands í Ósló	1 141	
306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	3 172	
307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	3 626	
308	Sendiráð Íslands í Washington	5 953	
309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	7 097	
310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	4 905	
311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	1 448	
312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	1 736	
320	Sendiráð, almennt	1 570	
	Óhafnar fjárveitingar	-135 007	
	Samtals ráðuneyti		-80 910

04 Landbúnaðarráðuneyti

101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	1 633	
211	Rannsóknarstofnun landbúnaðarins	3 227	

221	Veiðimálastofnun	253	
261	Bændaskólinn á Hvanneyri	7 315	
271	Bændaskólinn á Hólum	497	
293	Hagþjónusta landbúnaðarins	42	
321	Skógrækt ríkisins	4 607	
331	Héraðsskógar	154	
801	Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	8 723	
	Óhafnar fjárveitingar	-56 960	
	Samtals ráðuneyti		-30 509

05 Sjávarútvegsráðuneyti

101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	786	
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	6 574	
901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	63	
	Óhafnar fjárveitingar	-51 379	
	Samtals ráðuneyti		-43 956

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

103	Lagasafn	170	
232	Opinber réttaraðstoð	2 078	
290	Dómsmál, ýmis kostnaður	7 010	
311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	14 192	
331	Umferðarráð	2 680	
411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	4 124	
412	Sýslumaðurinn á Akranesi	17 587	
416	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	886	
419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	1 206	
420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	1 512	
425	Sýslumaðurinn á Húsavík	531	
426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	2 652	
428	Sýslumaðurinn á Eskifirði	417	
429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	638	
432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	272	
433	Sýslumaðurinn á Selfossi	183	
434	Sýslumaðurinn í Keflavík	4 080	
437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	3 329	
511	Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	14 747	
512	Fangelsið Litla-Hrauni	9 834	
513	Fangelsið Kvíabryggju	1 311	
701	Biskup Íslands	4 618	
711	Prestaköll og prófastsdæmi	2 350	
	Óhafnar fjárveitingar	-389 264	
	Samtals ráðuneyti		-292 857

07 Félagsmálaráðuneyti

272	Byggingarsjóður verkamanna	249	
401	Barnaverndarráð	270	
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	-1 132	
704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	800	
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	3 133	
710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	846	
953	Jafnréttisráð	572	
954	Vinnueftirlit ríkisins	11 738	
	Óhafnar fjárveitingar	-648 889	
	Samtals ráðuneyti		-630 149

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

204	Lífeyristryggingar	81 000	
206	Sjúkratryggingar	54 098	
301	Landlæknir	5 869	
311	Héraðslæknir í Reykjavík	1 844	
315	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	2 294	
323	Tryggingaeftirlitið	591	
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	5 414	
325	Hollustuvernd ríkisins	1 426	
326	Sjónstöð Íslands	257	
350	Sjúkrahúsið Akranesi	1	
361	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	1	
367	Sjúkrahúsið Keflavík	1	
371	Ríkisspítalar	12 524	
400	St Jósefsspítali, Hafnarfirði	1	
402	Sjúkrahús Hvammstanga	1	
405	Sjúkraskýlið Þingeyri	1	
510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	12 992	
513	Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi	425	
514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi	1 703	
521	Heilsugæslustöðin Akranesi	1	
522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	658	
524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	82	
544	Heilsugæslustöðin Siglufirði	1	
555	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	106	
557	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	5	
562	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	1	
565	Heilsugæslustöðin Eskifirði	1 256	
567	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	248	
568	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	181	
571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	706	
572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	3	
573	Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum	1	

574	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	370	
575	Heilsugæslustöðin Hellu	333	
576	Heilsugæslustöðin Laugarási	317	
578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	201	
579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	1 039	
582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	2 799	
583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	2 155	
584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	5 176	
585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	3 571	
	Óhafnar fjárveitingar	-144 398	
	Samtals ráðuneyti		55 255

09 Fjármálaráðuneyti

104	Ríkisfjárhirsla	98	
202	Skattstofan í Reykjavík	5 198	
204	Skattstofa Vestfjarða	855	
205	Skattstofa Norðurlands vestra	1 286	
208	Skattstofa Suðurlands	71	
209	Skattstofa Vestmannaeyja	715	
215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	18	
402	Fasteignamat ríkisins	32	
989	Launa- og verðlagsmál	3 373	
	Óhafnar fjárveitingar	-1 274 177	
	Samtals ráðuneyti		-1 262 531

10 Samgönguráðuneyti

101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	679	
331	Vita- og hafnamálaskrifstofan	108	
332	Vitastofnun Íslands	24	
	Óhafnar fjárveitingar	-35 558	
	Samtals ráðuneyti		-34 747

11 Iðnaðarráðuneyti

101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	1 096	
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	6 494	
371	Orkusjóður	48	
399	Ýmis orkumál	4 309	
	Óhafnar fjárveitingar	-37 211	
	Samtals ráðuneyti		-25 264

12	**Viðskiptaráðuneyti**		
301	Löggildingarstofan	2 789	
	Óhafnar fjárveitingar	-8 253	
	Samtals ráðuneyti		-5 464
13	**Hagstofa Íslands**		
101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	6 004	
	Óhafnar fjárveitingar	-6 846	
	Samtals ráðuneyti		-842
14	**Umhverfisráðuneyti**		
101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	6 423	
190	Ýmis verkefni	1 903	
202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	438	
410	Veðurstofa Íslands	4 480	
	Óhafnar fjárveitingar	-29 669	
	Samtals ráðuneyti		-16 425

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Nr. 133 22. desember 1995

FORSETABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 120. löggjafarþings, frá 22. desember 1995 og standi sú frestun til 30. janúar 1996.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi ná til vöru sem viðskipti eiga sér stað með hér á landi í atvinnuskyni eða er flutt út til annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Lögin taka einnig til þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti. Lög þessi gilda jafnt um vörur sem boðnar eru gegn gjaldi eða endurgjaldslaust.

Lög þessi taka ekki til fornmuna eða notaðra lausafjármuna sem þarfnast lagfæringar áður en notkun þeirra hefst enda sé viðtakanda gerð grein fyrir því áður en viðskiptin fara fram eða honum má vera það ljóst.

Ákvæði laga þessara taka til vöru sem boðin er neytendum en ná ekki til vöru eða þjónustu sem nær eingöngu er framleidd eða unnin til frekari framleiðslu eða notkunar í atvinnurekstri.

Lög þessi taka ekki til vöru sem um gilda sérstök lög eða reglur um öryggi vöru, svo sem löggjöf um öryggi matvæla, lyfja, eiturefna eða hættulegra efna og um starfsemi þeirra aðila sem eftir þeim starfa. Þar sem ákvæði sérlaga eru ófullnægjandi eða ganga skemur en ákvæði IV. og V. kafla laga þessara skulu ákvæði þeirra kafla gilda.

2. gr.

Framleiðendur mega einungis markaðssetja örugga vöru.

Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.

Með opinberri markaðsgæslu er leitast við að tryggja að vörur á markaði uppfylli settar reglur að þessu leyti.

II. KAFLI
Skilgreiningar.
Hugtakið vara.

3. gr.

Orðið vara merkir í lögum þessum hvers kyns lausafjármuni, svo sem allar framleiðsluvörur og hráefni. Til vöru teljast einnig munir sem orðnir eru hluti annarra lausafjármuna.

Framleiðandi og dreifingaraðili.

4. gr.

Framleiðandi telst vera sá sem býr til fullunna vöru, býr til hluta vöru eða lætur af hendi hráefni, vinnur eða aflar afurða úr náttúrunni að því tilskildu að hann hafi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig telst framleiðandi vera sá sem merkir framleiðsluvöruna með nafni sínu, vörumerki eða öðru kennimarki eða aðili sem endurgerir vöruna. Hafi fram-

leiðandi vöru ekki staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skal fulltrúi hans teljast framleiðandi. Hafi hvorki fulltrúi framleiðanda né framleiðandi staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skal innflytjandi teljast framleiðandi. Aðrir fagmenn í aðfangakeðjunni, að því leyti sem starfsemi þeirra snertir öryggiseiginleika framleiðsluvöru sem er markaðssett, teljast og til framleiðenda.

Dreifingaraðili telst hver sá í aðfangakeðjunni sem stundar starfsemi er hefur ekki áhrif á öryggiseiginleika framleiðsluvöru.

Opinber markaðsgæsla og markaðseftirlit.

5. gr.

Opinber markaðsgæsla merkir skipulagða viðleitni stjórnvalda til að tryggja að vörur á markaði uppfylli settar reglur um öryggi og heilsu- og umhverfisvernd. Opinber markaðsgæsla greinist í markaðseftirlit og töku stjórnvaldsákvarðana til að framfylgja reglum um vöruöryggi.

Markaðseftirlit merkir skipulagt eftirlit með vörum á markaði. Það greinist í skoðun vöru annars vegar og skipulagða öflun upplýsinga um vörur á markaði hins vegar, m.a. með því að taka á móti ábendingum um vörur sem taldar eru hættulegar. Með skoðun vöru er átt við rannsókn á vöru og ákvörðun um hvort hún samræmist sérstökum eða almennum kröfum.

Eftirlitsstjórnvald.

6. gr.

Eftirlitsstjórnvald samkvæmt lögum þessum merkir stjórnvald sem hefur samkvæmt lögum þessum eða sérstökum lögum sem gilda um öryggi tiltekinnar vöru eða vöruflokka heimild eða skyldu til eftirlits og stjórnvaldsákvarðana hér á landi.

Skoðunarstofur.

7. gr.

Skoðunarstofa er hlutlaus aðili sem hlotið hefur faggildingu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa. Löggildingarstofan annast faggildingu skoðunarstofa fyrir hönd íslenskra stjórnvalda í samræmi við lög og reglugerðir sem í gildi eru hverju sinni.

Örugg vara.

8. gr.

Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlilega eða fyrirsjáanlega notkun telst vera án sérstakrar áhættu fyrir einstaklinga og eignir þeirra eða áhættan er í lágmarki miðað við eðlilega notkun vörunnar enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis.

Vara skal ekki sjálfkrafa teljast hættuleg við það eitt að til er á markaði önnur vara sem er talin fullkomnari með tilliti til öryggis eða unnt er að auka öryggi hennar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga við um þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Framleiðsla og dreifing vöru, svo og þjónusta sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti, skulu ávallt vera í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda hverju sinni um öryggi vörunnar.

Í þeim tilvikum, þar sem lög kveða ekki sérstaklega á um öryggi vörunnar, skal öryggi vörunnar metið með hliðsjón af eftirfarandi:

1. Eðli hennar, þar með talið samsetningu, umbúðum, samsetningarleiðbeiningum og viðhaldi.
2. Áhrifum hennar á aðrar vörur er ljóst þykir að hún verði notuð með.
3. Almennum leiðbeiningum sem henni fylgja, svo sem merkingum á henni, leiðbeiningum um notkun og förgun og öðrum upplýsingum sem framleiðandi lætur í té.
4. Öryggi hennar gagnvart viðkvæmum notendum, svo sem börnum.

10. gr.

Í þeim tilvikum, þar sem ekki gilda sérstök lög eða reglur er setja sérreglur um öryggi vöru, er ráðherra heimilt, að fenginni umsögn eftirlitsstjórnvalds, að ákveða eftirfarandi í reglugerð í samræmi við staðla og venjur sem gilda um öryggi vöru á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins:

1. Kröfur sem vara verður að uppfylla til að teljast örugg.
2. Aðferðir sem framleiðandi getur beitt til að sýna fram á samræmi vöru við settar reglur, t.d. með merkingu, vottorði, yfirlýsingu um samræmi, prófunarskýrslu, skjali með tæknilegum upplýsingum o.fl.
3. Merkingar, leiðbeiningar og upplýsingar um notkun og förgun vöru, viðvaranir um hugsanlega hættu við notkun hennar og aðra þætti er varða upplýsingar til neytenda. Heimilt er að áskilja að varúðarmerkingar og notkunarleiðbeiningar vöru til dreifingar hér á landi skuli vera á íslensku.

III. KAFLI
Markaðseftirlit og markaðsgæsla.
Markaðsgæsla.

11. gr.

Löggildingarstofan og viðeigandi eftirlitsstjórnvöld skulu hafa eftirlit með því að vörur á markaði hverju sinni uppfylli settar reglur um öryggi.

Löggildingarstofan og önnur eftirlitsstjórnvöld fara með opinbera markaðsgæslu í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. laga þessara og taka stjórnvaldsákvarðanir í samræmi við IV. og V. kafla laga þessara um málsmeðferð og réttarúrræði eftirlitsstjórnvalda, svo og ákvæði sérlaga eftir því sem við getur átt.

12. gr.

Framleiðendum og dreifingaraðilum samkvæmt lögum þessum er í tengslum við rannsókn máls skylt að beiðni eftirlitsstjórnvalda að afhenda skrá með upplýsingum um birgja og þá er bjóða fram vörur þeirra.

Markaðseftirlit.

13. gr.

Skoðunarstofur.

Heimilt er að fela faggiltri skoðunarstofu markaðseftirlit. Skoðunarstofa annast skoðun þeirra vörutegunda sem hún hefur faggildingu fyrir og annast auk þess skipulega öflun upplýsinga um vörur á markaði, svo sem með því að taka á móti ábendingum eða kvörtunum um vörur sem taldar eru hættulegar.

Skoðunarstofu er heimilt að skoða vörur hjá framleiðendum og dreifingaraðilum, taka sýnishorn vöru til rannsóknar, svo og krefja þá um allar nauðsynlegar upplýsingar, svo sem

aðgang að skrá yfir þá sem vöruna hafa á boðstólum, vottorð, yfirlýsingar um samræmi vöru við reglur og staðla, prófunarskýrslur, tæknilegar upplýsingar og aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að sannreyna öryggi vöru.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um eftirlit og framkvæmd eftirlits skoðunarstofu á markaði.

14. gr.

Löggildingarstofan.

Hlutverk Löggildingarstofunnar í opinberri markaðsgæslu er:

1. Að vera eftirlitsstjórnvald fyrir alla vöruflokka sem ekki eru á ábyrgð annarra eftirlitsstjórnvalda samkvæmt sérstökum lögum.
2. Að annast heildarskipulag opinberrar markaðsgæslu í samvinnu við önnur eftirlitsstjórnvöld með það að markmiði að tryggja hagkvæmni og samhæfingu.
3. Að hafa í samstarfi við önnur eftirlitsstjórnvöld umsjón með samningum við skoðunarstofur og útbúa samningsgögn eftir því sem við á.
4. Að samhæfa aðgerðir eftirlitsstjórnvalda ef eiginleikar vöru eða vöruflokks eru slíkir að ábyrgð á markaðseftirliti sé í höndum fleiri en eins eftirlitsstjórnvalds.
5. Að taka stjórnvaldsákvarðanir í samræmi við ákvæði laga þessara, sbr. og IV. og V. kafla þessara laga um málsmeðferð og réttarúrræði eftirlitsstjórnvalda.
6. Að skoða vöru, taka við kvörtunum eða ábendingum frá einstaklingum eða fyrirtækjum, svo og að afla á skipulegan hátt upplýsinga um vörur á markaði, eftir því sem við getur átt.
7. Að gefa út tilkynningar og vara við hættulegum vörum á markaði sem lög þessi taka til ef nauðsyn ber til og annast samskipti við eftirlitsstofnun EFTA og tilkynningarskyldu í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðs Evrópusambandsins (83/189/EBE).

15. gr.

Önnur eftirlitsstjórnvöld.

Hlutverk annarra eftirlitsstjórnvalda en Löggildingarstofu í opinberri markaðsgæslu að því leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í sérlögum er sem hér greinir:

1. Að starfa að eftirliti sem þeim er falið samkvæmt ákvæðum sérlaga og fjalla um reglur um þá vöruflokka sem þau bera ábyrgð á samkvæmt sérlögum. Slíkar reglur taka að lágmarki til öryggis og verndar heilsu og umhverfis en geta einnig tekið til fleiri atriða.
2. Að móta meginstefnu um áherslur í markaðsgæslu og umfang eftirlits með þeim vöruflokkum sem þau bera ábyrgð á.
3. Að taka stjórnvaldsákvarðanir í samræmi við ákvæði sérlaga er gilda hér á landi um tilteknar vörur eða vöruflokka hverju sinni og ákvæði IV. og V. kafla laga þessara, eftir því sem við getur átt.
4. Að skoða vöru, taka við kvörtunum eða ábendingum frá einstaklingum eða fyrirtækjum, svo og að afla á skipulegan hátt upplýsinga um vörur á markaði, eftir því sem við getur átt.

16. gr.

Samvinnunefndir.

Löggildingarstofu er heimilt að setja á fót samvinnunefnd um samstarf við önnur eftirlitsstjórnvöld og skoðunarstofur.

Samvinnunefnd fjallar um starfsáætlanir í markaðseftirliti, athugasemdir sem gerðar eru við einstakar vörur og vöruflokka og gerir tillögur til Löggildingarstofu og eftirlitsstjórnvalda sem taka endanlega stjórnvaldsákvörðun samkvæmt lögum þessum.

Að jafnaði skulu þó aldrei starfa fleiri en ein samvinnunefnd á verksviði hvers eftirlitsstjórnvalds en heimilt er þó að ákveða aðra skipan, einkum ef vöruflokkar eru ólíkir. Jafnframt er heimilt að hafa sameiginlega samvinnunefnd tveggja eða fleiri eftirlitsstjórnvalda.

Löggildingarstofa ákveður fjölda fulltrúa í samvinnunefnd. Samvinnunefnd velur formann úr hópi nefndarmanna.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipan og starfsemi samvinnunefnda.

IV. KAFLI
Málsmeðferð eftirlitsstjórnvalds.

17. gr.

Ákvæði þessa kafla eiga við um málsmeðferð sem gilda skal við beitingu réttarúrræða Löggildingarstofu og annarra eftirlitsstjórnvalda.

18. gr.

Eftirlitsstjórnvöld skulu að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu taka til meðferðar mál er varða öryggi vöru og heyra undir eftirlit þeirra.

Lögregla skal vera eftirlitsstjórnvöldum til aðstoðar ef nauðsyn krefur vegna rannsóknar mála og við framkvæmd þeirra réttarúrræða sem kveðið er á um í lögum þessum.

19. gr.

Eftirlitsstjórnvöld skulu ávallt gæta þess að málsmeðferð, rannsókn, ákvarðanir og úrskurðir þeirra samkvæmt lögum þessum séu í samræmi við stjórnsýslulög. Í þeim tilvikum sem eftirlitsstjórnvöld kunna að taka ákvarðanir vegna bráðrar eða yfirvofandi hættu skal stjórnvaldsákvörðun tekin til bráðabirgða. Endanlega ákvörðun skal eftirlitsstjórnvald taka eins fljótt og unnt er og tilkynna málsaðila rökstudda ákvörðun sína ásamt upplýsingum um áfrýjunarleiðir og áfrýjunarfresti.

V. KAFLI
Réttarúrræði eftirlitsstjórnvalda.
Afturköllun og bann við sölu vöru.

20. gr.

Eftirlitsstjórnvald getur með rökstuðningi bannað sölu eða afhendingu vöru ef vara uppfyllir ekki formleg skilyrði, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi eða prófunarskýrslur.

Torveldi framleiðandi eða dreifingaraðili sannanlega rannsókn eftirlitsstjórnvalda og skoðun vöru eða hefur ekki tiltæk fullnægjandi gögn um öryggi hennar getur eftirlitsstjórnvald bannað sölu eða afhendingu hennar.

Eftirlitsstjórnvald getur, ef rökstuddur grunur leikur á að vara uppfylli ekki reglur sem gilda um öryggi vöru, ákveðið tímabundið bann við sölu eða afhendingu hennar á meðan rannsókn, sem ekki skal standa lengur en fjórar vikur, fer fram. Þó er heimilt að framlengja bannið um allt að fjórar vikur ef sérstakar ástæður vegna rannsóknarinnar krefjast að bannið verði framlengt.

Telji eftirlitsstjórnvald að vara sé sérstaklega hættuleg getur það krafist tafarlausrar afturköllunar allra eintaka vörunnar.

21. gr.

Eftirlitsstjórnvöld skulu banna sölu eða afhendingu vöru ef ljóst þykir að hún uppfylli ekki reglur og kröfur sem gerðar eru um öryggi vöru enda sé ekki unnt að beita öðrum og vægari úrræðum.

22. gr.

Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt í tengslum við bann sem það leggur við dreifingu og sölu vöru samkvæmt þessu ákvæði að skylda framleiðendur og dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, ef nauðsyn þykir af eðli máls.

Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt í tengslum við bann sem það leggur við dreifingu eða sölu vöru samkvæmt þessu ákvæði að skylda framleiðanda eða dreifingaraðila, eftir því sem við getur átt, til að lagfæra vöruna þannig að hún uppfylli settar reglur, afhenda kaupendum sams konar vöru, en hættulausa, eða greiða kaupendum andvirði vörunnar.

Eftirlitsstjórnvald getur jafnframt ákveðið að óheimilt sé að lagfæra vöru eða endurnýta hana á annan hátt ef það telst hættulegt eða varhugavert að mati þess.

23. gr.

Eftirlitsstjórnvald skal, eftir því sem unnt er, hafa samvinnu við framleiðendur eða dreifingaraðila um málsmeðferð, svo sem öflun gagna, skoðun og prófun vöru, svo og undirbúning og töku ákvarðana eins og um stöðvun sölu og afturköllun vöru.

Hafi eftirlitsstjórnvald bannað sölu vöru á grundvelli þess að hún uppfylli ekki öryggiskröfur er framleiðanda og dreifingaraðila heimilt að krefjast þess að varan skuli prófuð af faggiltri prófunarstofu. Slík prófun frestar ekki framkvæmd ákvörðunar eftirlitsstjórnvalds.

Eftirlitsstjórnvaldi ber að endurskoða ákvörðun ef breyttar aðstæður eru fyrir hendi.

Kostnaður vegna skoðunar, dagsektir o.fl.

24. gr.

Framleiðandi eða fulltrúi hans ber kostnað vegna þeirra sýnishorna vöru sem tekin eru til rannsóknar. Að lokinni rannsókn skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti eftir atvikum. Sýnishorn vöru samkvæmt þessari grein er að jafnaði eitt eintak vöru eða lágmarksfjöldi sem nauðsynlegur er til að framkvæma rannsókn.

Framleiðandi eða fulltrúi hans ber allan kostnað af afturköllun vöru. Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal hann bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað. Framleiðandi eða fulltrúi hans greiðir allan kostnað af tilkynningum um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum. Framleiðanda eða fulltrúa hans er heimilt að annast tilkynningar til almennings enda sé framkvæmd tilkynningar með þeim hætti að eðlilegum varnaðaráhrifum verði náð.

25. gr.

Sé fyrirmælum eftirlitsstjórnvalds við framkvæmd laga þessara ekki hlýtt má fylgja þeim eftir með ákvörðun viðkomandi ráðherra um dagsektir sem lagðar skulu á framleiðanda, dreifingaraðila eða fyrirsvarsmenn hans. Slíkar dagsektir mega nema allt að 50.000 krónum á sólarhring samkvæmt nánari ákvörðun viðkomandi ráðherra. Er ákvörðunin aðfararhæf.

Ef mikil hætta er á að vara valdi verulegu tjóni og fyrirmælum eftirlitsstjórnvalds skv. 20. gr. hefur ekki verið hlýtt skal viðkomandi eftirlitsstjórnvald leitast við að koma í veg fyrir tjónið með tiltækum aðgerðum og getur það kvatt til lögreglu sér til aðstoðar í því sambandi.

VI. KAFLI

Þagnarskylda.

26. gr.

Starfsmenn skoðunarstofu, Löggildingarstofu og eftirlitsstjórnvalda eru bundnir þagnarskyldu um atriði er viðskiptaleynd hvílir yfir og fram koma við rannsókn og meðferð máls.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

27. gr.

Framkvæmd laga þessara og almenn mál, er varða öryggi vöru, markaðsgæslu og markaðseftirlit, heyra undir viðskiptaráðherra.

Dagleg framkvæmd laga þessara er í höndum Löggildingarstofunnar og annarra eftirlitsstjórnvalda.

Viðskiptaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 24 frá 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, ásamt síðari breytingum.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

22. desember 1995 Nr. 135

LÖG

um breytingu á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. tölul. 14. gr. laganna orðast svo:

4. Að selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis. Einnig að tryggja verkábyrgðir innlendra aðila vegna framkvæmda sem fara að umfangi yfir þau viðmiðunarmörk sem gera opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 2. mgr. verður svohljóðandi:

Eignaskiptayfirlýsing skal undirrituð af öllum eigendum ef í henni felst yfirfærsla á eignarrétti, sérstakar kvaðir, afsal réttinda eða frekari takmarkanir á eignarráðum en leiðir af fyrirmælum laga þessara, sbr. ákvæði A-liðar 1. mgr. 41. gr. Hafi eignaskiptayfirlýsing einvörðungu að geyma samantekt, skráningu og lýsingu á húsi og skiptingu þess í samræmi við þinglýstar heimildir og útreikning á hlutfallstölum í samræmi við gildandi reglur þar að lútandi er nægilegt að hún sé undirrituð af stjórn húsfélagsins þegar eignarhlutar eru sex eða fleiri en ella af meiri hluta eigenda, annaðhvort miðað við fjölda eða hlutfallstölur. Um rétt og heimild eigenda til að vefengja slíka eignaskiptayfirlýsingu fer eftir fyrirmælum 18. gr.

b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar um er að ræða fjöleignarhús með félagslegum íbúðum sem falla undir ákvæði V. og VI. kafla laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum, skulu viðkomandi húsnæðisnefndir láta gera og þinglýsa eignaskiptayfirlýsingu fyrir húsið eigendum að kostnaðarlausu.

Telji eigandi rétti sínum hallað með eignaskiptayfirlýsingu skv. 8. mgr. getur hann nýtt sér heimildir og úrræði þau sem mælt er fyrir um í 18. gr. Komi í ljós við þá prófun að aðfinnslur hans eiga við rök að styðjast og eru réttmætar, þannig að nauðsynlegt er að gera breytingar á eignaskiptayfirlýsingunni, skal húsnæðisnefndin bera kostnaðinn af því. Einnig skal nefndin þá greiða viðkomandi eiganda kostnað sem hann hefur sannanlega haft af þessu.

2. gr.

Á eftir 16. gr. laganna bætist við ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Gerð eignaskiptayfirlýsinga.

Eftir 1. júní 1996 mega þeir einir taka að sér að gera eignaskiptayfirlýsingar sem fengið hafa til þess sérstakt leyfi félagsmálaráðherra.

Leyfið skal gefið út til fimm ára og skal viðkomandi greiða fyrir leyfisbréf gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Auglýsing um veitingu leyfis og leyfissviptingu skal birta í Lögbirtingablaðinu.

Skilyrði fyrir leyfinu eru þessi:

1. Lögræði og búsforræði.
2. Að viðkomandi sýni fram á að hann hafi staðgóða þekkingu á fjöleignarhúsalöggjöfinni, byggingarlöggjöfinni, lögum um skráningu og mat fasteigna, þinglýsingalögum og annarri löggjöf er máli skiptir og kunnáttu í að beita gildandi útreikningsreglum og aðferðum, allt samkvæmt nánari fyrirmælum sem sett verða í reglugerð.

Leyfishafi skal ætíð vanda vel til skiptayfirlýsingar og gæta þess að þar komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar og skýringar og að hún sé réttilega gerð miðað við þau gögn sem eru lögð til grundvallar og gildandi laga- og reglugerðafyrirmæli.

Fyrir gerð eignaskiptayfirlýsingar ber leyfishafa sanngjörn þóknun úr hendi þess sem um verkið biður. Skal fjárhæð þóknunar miðuð við umfang verksins, þann tíma sem það tekur og hversu vandasamt það er. Sé þess kostur skal jafnan samið um endurgjaldið fyrir fram. Aðilar geta skotið ágreiningi sínum um endurgjaldið til kærunefndar fjöleignarhúsamála sem skal áður en hún lætur álit í té leita umsagnar viðkomandi byggingarfulltrúa.

Gerist leyfishafi sekur um vanrækslu og handvömm við undirbúning og gerð eignaskiptayfirlýsinga, brjóti gegn laga- eða reglugerðafyrirmælum sem hér um gilda eða missi hann einhver leyfisskilyrði getur félagsmálaráðherra svipt hann leyfinu.

Um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

3. gr.

Í stað „1993–1995“ í ákvæði til bráðabirgða C í lögunum kemur: 1993–1997.

IV. KAFLI
Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

28. desember 1995 Nr. 148

LÖG

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1,12%“ í b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: 1,32%.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað „8%“ í c-lið 1. mgr. kemur: 10,5%.
b. Í stað „15,5%“ í d-lið 1. mgr. kemur: 18,5%.
c. E-liður 1. mgr. fellur brott.
d. 2. mgr. orðast svo:
Heimilt er að færa fjármagn milli c- og d-liða.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Jöfnunarframlög skiptast í tvennt, tekjujöfnunarframlög og þjónustuframlög, og skal þeim úthlutað sem hér segir:

a. Tekjujöfnunarframlögum skal úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Jöfnunin skal miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra.
b. Þjónustuframlögum skal úthlutað til að jafna mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga með sérstöku tilliti til stærðarhagkvæmni þeirra.

Til jöfnunarframlaga skal verja þeim tekjum sjóðsins sem eru umfram ráðstöfun skv. 10. og 11. gr.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning jöfnunarframlaga, viðmiðanir um útgjaldaþörf sveitarfélaga, sbr. b-lið 1. mgr., með tilliti til íbúafjölda og verkefna og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfi að fullnægja til að hljóta þau.

4. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Framlögum skv. d-lið 11. gr. skal varið til að bæta dreifbýlissveitarfélögum upp aukinn kostnað við grunnskóla vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga.

5. gr.

Í stað orðanna „skv. c-, d- og e-lið“ í 1. málsl. 15. gr. laganna kemur: skv. c- og d-lið.

6. gr.

2. málsl. 2. mgr. 32. gr. laganna orðist svo: Skulu vextir þessir vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma.

7. gr.

Á eftir 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Sérstakur fasteignaskattur skv. 1. mgr. leggst á álagningarstofn í stiglækkandi þrepum sem hér segir:

Árið 1996 0,937%.
Árið 1997 0,625%.
Árið 1998 0,313%.
Árið 1999 fellur skatturinn niður.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 3. mgr. 3. gr. laganna skal hámark fasteignaskatts samkvæmt þessum lið vera sem hér segir miðað við álagningarstofn og hækka þannig í þrepum:

Árið 1996 1,17%.
Árið 1997 1,22%.
Árið 1998 1,27%.
Árið 1999 1,32%.

8. gr.

5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum orðast svo:

Bráðabirgðaákvæði þetta gildir þar til álagningu árið 1999 á grundvelli ákvæðisins er lokið.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996. Ákvæði 6. gr. tekur til ofgreiðslu sem á sér stað eftir það tímamark.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélag er eigandi vatnsveitu þess og sér um lagningu allra vatnsæða hennar, þ.e. aðalæða, dreifiæða og heimæða. Sveitarfélag annast og kostar viðhald vatnsæðanna.

Heimæðar, sem lagðar hafa verið fyrir 1. janúar 1992 og liggja yfir einkalóðir, verða eign vatnsveitu sveitarfélags í framhaldi af endurnýjun vatnsveitunnar á þeim. Eignarhald á öðrum heimæðum skal vera óbreytt nema um annað náist samkomulag milli sveitarstjórnar og eiganda heimæðarinnar. Eigandi heimæðar kostar viðhald hennar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði, þar sem dreifiæð liggur, á rétt á að fá eina heimæð lagða frá vatnsveitulögn. Óski hann þess að fá fleiri en eina heimæð inn á lóðina af hagkvæmnisástæðum skal hann hlíta þeim reglum um tæknileg atriði sem sveitarstjórn setur og skal sú heimæð teljast hans einkaeign, nema sérstakt samkomulag hafi verið gert við sveitarstjórn um annað. Beiðni um lagningu heimæðar skal send til sveitarstjórnar. Eiganda ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar. Sveitarstjórn ákveður fjárhæð heimæðargjalds. Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd heimæða og má það nema allt að meðalkostnaði við lagningu heimæða í sveitarfélaginu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Gjalddagi þess skal ákveðinn í gjaldskrá, sbr. 11. gr., en heimæðargjald getur þó fyrst fallið í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:

Vatnsinntak skal að jafnaði vera á þeirri hlið húss sem snýr að vatnslögn þeirri sem leggja á heimæð frá, nema sveitarstjórn samþykki annars konar fyrirkomulag. Sveitarstjórn er heimilt að gera kröfu um gerð, staðsetningu og frágang inntaksrýmis.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn er heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Álagningarstofn vatnsgjalds skal vera afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Stofn til álagningar vatnsgjalds á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Nú liggur matsverð fullfrágenginnar fasteignar eigi fyrir við álagningu vatnsgjalds, en fasteign getur notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélagsins, sbr. 1. mgr., og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða upphæð vatnsgjaldsins með hliðsjón af því hver verður líklegur álagning-

arstofn fullfrágenginnar eignar og ber þá að taka mið af fasteignamati sambærilegra fasteigna í sveitarfélaginu.

Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 2. mgr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds sem má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna. Sveitarstjórn er enn fremur heimilt að miða vatnsgjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar fasteignar og/eða notkunar samkvæmt mæli. Álagning skv. 2. og 3. málsl. verði þó aldrei hærri en segir í 1. málsl. þessarar málsgreinar. Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga nr. 4/1995.

4. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Páll Pétursson.

Nr. 150 28. desember 1995

LÖG

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994 og nr. 58/1995.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsl. 26. gr. laganna hljóðar svo: Hámarkslánstími á fasteignaveðbréfum er húsbréfadeild kaupir skal vera 40 ár.

2. gr.

Á eftir 27. gr. laganna kemur ný grein, 27. gr. a, sem hljóðar svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til allt að 15 ára í því skyni að leysa úr tímabundnum greiðsluerfiðleikum hjá lánþegum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar og lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins. Skilyrði er að greiðsluvandi stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.

Húsnæðismálastjórn er heimilt, með sömu skilyrðum og um getur í 1. mgr., að fresta greiðslum hjá einstökum lánþegum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar og lánþegum Bygg-

ingarsjóðs ríkisins í allt að þrjú ár og leggjast þær greiðslur við höfuðstól skuldarinnar, enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda.

Lán skv. 1. mgr. og frestun á greiðslu skv. 2. mgr. geta farið saman.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

3. gr.

32. gr. laganna hljóðar svo:

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með því að starfsemi húsbréfadeildar sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið fer eftir ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands. Haft skal eftirlit með útgáfu húsbréfa og fjárhag húsbréfadeildar. Skal Húsnæðisstofnun ríkisins veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegar. Í þeim mæli sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegt til að meta fjárhagsstöðu húsbréfadeildar hefur það rétt til að afla upplýsinga og láta fara fram vettvangsrannsóknir hjá öðrum deildum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Auk eftirlits með húsbréfadeild skv. 1. mgr. skal bankaeftirlitið hafa eftirlit með viðskiptum með húsbréf á eftirmarkaði á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti, nr. 9/1993, og laga um verðbréfasjóði, nr. 10/1993. Seðlabanki Íslands skal stuðla að því að jafnvægi ríki á húsbréfamarkaði. Seðlabankinn skal í þeim mæli sem hann telur nauðsynlegt hindra að verulegt misvægi myndist á markaðnum fyrir húsbréf.

4. gr.

3. mgr. 58. gr. a laganna (lögbýli), sbr. 4. gr. laga nr. 12/1994, verður svohljóðandi:

Vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna til sveitarfélaga skulu, að liðnum sex árum frá undirritun kaupsamnings, breytast til samræmis við vexti af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum, nema sveitarfélag sýni fram á að kaupandi uppfylli enn þá skilyrði b-liðar 1. mgr. 64. gr. laganna um tekjumörk og njóti þar af leiðandi óbreyttra vaxtakjara á láni sínu frá sveitarfélagi. Slík endurskoðun skal síðan fara fram á þriggja ára fresti.

5. gr.

2. mgr. 100. gr. laganna, sbr. 26. gr. laga nr. 58/1995, fellur brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

um breytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, sbr. lög nr. 50/1995.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „skipulagningu nýrra svæða" í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: alla skipulagsgerð.

2. gr.

3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Veðurstofa Íslands skal annast gerð hættumats skv. 2. gr. á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða.

Reglur um notkun á hættumati, flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra, svo og gerð varnarvirkja, skulu settar af umhverfisráðherra, að höfðu samráði við Veðurstofuna.

Almannavarnir ríkisins skulu annast gerð neyðaráætlana og sjá um leiðbeiningar og almenningsfræðslu um hættu af ofanflóðum í samvinnu við Veðurstofuna.

3. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Þegar Veðurstofa Íslands, að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnanefnd, gefur út viðvörun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsir yfir hættuástandi skal fólk flutt á brott úr öllu húsnæði á svæðum, sem tilgreind skulu í viðvörun Veðurstofunnar, í samræmi við gildandi neyðaráætlun. Svæði þessi skulu afmörkuð á sérstökum uppdráttum sem Veðurstofan skal sjá um að gera á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða. Skulu uppdrættirnir staðfestir af umhverfisráðherra og kynntir Almannavörnum ríkisins og almannavarnanefndum á hlutaðeigandi stöðum.

Lögreglustjóri og almannavarnanefnd sjá um að rýma húsnæði skv. 1. mgr. og má beita valdi í því skyni ef þörf krefur. Á meðan hættuástand varir er öll umferð bönnuð um það svæði, sem rýmt hefur verið, nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra.

Veðurstofan tekur ákvörðun um það hvenær hættuástandi skuli aflétt, að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnanefndir.

4. gr.

6. gr. laganna verður svohljóðandi:

Veðurstofa Íslands skal ráða starfsmenn til að kanna og fylgjast með landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum með tilliti til hættu af snjóflóðum og/eða skriðuföllum í þeim umdæmum þar sem þörf er á slíkum athugunum. Veðurstofan skal hafa samráð við hlutaðeigandi lögreglustjóra við ráðningu þessara starfsmanna.

5. gr.

7. gr. laganna verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn lætur, að fengnu samþykki nefndar skv. 8. gr., gera tillögu að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem byggð eru eða byggð verða samkvæmt aðalskipulagi.

Sé hagkvæmara talið, til að tryggja öryggi íbúa gagnvart ofanflóðum, er sveitarstjórn heimilt að gera tillögu um að kaupa eða flytja húseignir í stað annarra varnaraðgerða sem ofanflóðasjóður fjármagnar að hluta eða öllu leyti samkvæmt þessum lögum.

Greiðsla úr sjóðnum miðast við staðgreiðslumarkaðsverð sambærilegra húseigna í sveitarfélaginu utan hættusvæða. Við ákvörðun þess skal ekki tekið tillit til hækkunar á markaðsverði sem rekja má til ákvörðunar um kaup á húseignum á hættusvæði.

Heimilt er að miða greiðslu úr sjóðnum við framreiknað kaupverð húseignar, sem keypt hefur verið á síðustu árum, ásamt mati á kostnaði núverandi eiganda af endurbótum hennar, ef fyrir liggur að staðsetning húseignar á hættusvæði eða í námunda við það hefur haft áhrif til lækkunar markaðsverðs.

Eigi húseigandi ekki kost á sambærilegri húseign í sveitarfélaginu til kaups og byggi hann nýja húseign í sveitarfélaginu til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína er heimilt að miða greiðslu úr sjóðnum við brunabótamat vátryggingafélags sem í gildi var á þeim tíma þegar ofanflóð féll. Sé ákveðið að inna greiðslu af hendi vegna yfirvofandi hættu, án þess að flóð hafi fallið, er við sömu aðstæður heimilt að miða hana við brunabótamat vátryggingafélags sem í gildi var við síðustu áramót. Sé brunabótamat hærra en endurstofnverð húseignar, að frádregnum afskriftum vegna aldurs og byggingarefnis eignarinnar, skal greiðsla miðast við endurstofnverð sem þannig er reiknað.

Sjóðurinn greiðir ekki fyrir kaup á húseign, sem unnt er að flytja, nema heildarkostnaður við flutning sé hærri en kaupverð skv. 5. mgr.

Hlutaðeigandi sveitarsjóður verður eigandi húseigna sem keyptar eru samkvæmt þessari grein.

Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi.

Ekki má hefja byggingar á óbyggðum hættusvæðum né þétta þá byggð, sem fyrir er á hættusvæðum, fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp.

6. gr.

8. gr. laganna verður svohljóðandi:

Tillaga sveitarstjórnar skv. 7. gr. ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun skal lögð fyrir þriggja manna nefnd, skipaða fulltrúum umhverfisráðherra, félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fallist nefndin á tillöguna öðlast sú ákvörðun gildi að fenginni staðfestingu umhverfisráðherra.

Ráðherra getur sett nánari reglur um störf nefndar skv. 1. mgr.

7. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: umhverfisráðherra.
b. Við 2. tölul. 1. mgr. bætist: skv. 3. gr. og uppdrátta skv. 4. gr.
c. Í stað orðanna „má allt að 100% af kostnaði“ í fyrri málslið 3. tölul. 1. mgr. kemur: skal allan kostnað.
d. Í stað orðanna „hönnun og auka nýtingu“ í síðari málslið 3. tölul. 1. mgr. kemur: hættumat og hönnun.
e. 1. málsl. 2. mgr. hljóðar svo: Umhverfisráðherra ákveður úthlutun úr ofanflóðasjóði að fengnum tillögum Veðurstofu Íslands, þegar um er að ræða úthlutun skv. 1.–3. tölul., en að fengnum tillögum nefndar skv. 8. gr., þegar um er að ræða úthlutun skv. 4.–5. tölul.

8. gr.

Í stað orðanna „ofanflóðanefndar, sbr. 4. gr.“ í 13. gr. laganna kemur: nefndar skv. 8. gr.

9. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 14. gr. laganna kemur: Umhverfisráðherra.

10. gr.

Á eftir 14. gr. laganna bætist við ný grein er hljóðar svo:

Endurskoða skal lög þessi á árinu 1996 og skal stefnt að því að frumvarp til nýrra laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í desembermánuði 1996.

11. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða I er hljóðar svo:

Starfsmenn þeir, sem ráðnir hafa verið af lögreglustjórum skv. 6. gr. laganna, skulu sjálfkrafa verða starfsmenn Veðurstofu Íslands, enda skulu laun þeirra og önnur kjör ekki verða lakari við þá breytingu en um hefur verið samið.

12. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða II er hljóðar svo:

Í þeim sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið á árinu 1995 skal gilda svohljóðandi regla um heimild til greiðslu úr ofanflóðasjóði í stað ákvæðis 5. mgr. 7. gr.:

Eigi húseigandi ekki kost á sambærilegri húseign í sveitarfélaginu til kaups og byggi hann nýja húseign í sveitarfélaginu til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína er heimilt að miða greiðslu úr sjóðnum við brunabótamat. Sé brunabótamat hærra en endurstofnverð húseignar skal greiðsla miðast við endurstofnverð. Enn fremur er heimilt að inna af hendi greiðslu úr sjóðnum til húseiganda sem orðið hefur fyrir tjóni í snjóflóði á árinu 1995 þannig að heildargreiðsla til hans, að meðtöldum bótum frá Viðlagatryggingu Íslands, verði sambærileg við greiðslu til annarra húseigenda samkvæmt þessu ákvæði.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. málsl. 8. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Um aðrar tengdar bætur fer eftir sömu reglum sem um elli- og örorkulífeyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

LÖG

um afnám laga nr. 96/1936, um að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 96/1936, um að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti, eru úr gildi felld og fer um skyldur félaganna eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1997 vegna tekna á árinu 1996 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skattalegt mat á eignum.

Á árinu 1996 skal Mjólkursamsalan í Reykjavík framkvæma mat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem voru í eigu þeirra í byrjun þess árs. Skal þetta skattalega mat gilda í skattskilum félagsins.

Matið skal framkvæma þannig að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1996.

Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu, sem um getur í 38. gr. laga nr. 75/1981, eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með upphafi fyrningartíma skv. 33. gr. laga nr. 75/1981. Samtala þessara fyrninga telst fengin

heildarfyrning. Hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1981, á eignum skv. 1. og 2. tölul. 32. gr. þeirra laga.

Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessa ákvæðis, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Ríkisskattstjóri skal reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem Mjólkursamsalan í Reykjavík skv. 1. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis hefur eignast á árunum 1981–1995. Stuðullinn reiknast í samræmi við ákvæði 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/1981, sbr. 26. gr. sömu laga. Hafi Mjólkursamsalan í Reykjavík eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3. eða 4. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981 fyrir ársbyrjun 1981 skulu þær ekki metnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar metnar eru eignir skv. 2. tölul. greindrar 32. gr., sem hafa verið í eigu Mjólkursamsölunnar í Reykjavík í fimmtán ár eða lengur, skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar.

Matsverð mannvirkja, sbr. 2. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, er Mjólkursamsölunni í Reykjavík heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1996 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Sé fasteignamatið notað sem fyrningargrunnur samkvæmt þessari málsgrein reiknast ekki fyrningar skv. 3. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis fyrir liðinn tíma.

Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um skattalegt mat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Mjólkursamsalan í Reykjavík skal senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1997, greinargerð um matið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Matsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færist í sérstakan reikning vegna skattalegs mats sem telst til eigin fjár.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Nr. 154 28. desember 1995

LÖG

um breyting á lögum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, nr. 83/1989, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „5.078.000“ í 1. málsl. a-liðar kemur: 5.277.058.
b. 2. málsl. a-liðar fellur brott.
c. Við b-lið bætist nýr málsliður er orðast svo: Þó skal ekki lagður sérstakur eignarskattur á eignarskattsstofn dánarbús í lok andlátsárs, sbr. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og manna sem takmarkaða skattskyldu bera skv. 3. gr. sömu laga, nema að því leyti sem stofninn er umfram 5.277.058 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu sérstaks eignarskatts á árinu 1996 á eignir í lok ársins 1995.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

29. desember 1995 Nr. 155

LÖG

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. (sem hefur yfirtekið réttindi og skyldur Swiss Aluminium Limited að lögum), dags. 16. nóvember 1995, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðaukum dags. 28. október 1969, 10. desember 1975, 5. nóvember 1984 og 11. nóvember 1985), um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum á íslensku og ensku.

2. gr.

Ákvæði viðaukasamnings þess sem um ræðir í 1. gr. skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast gagnvart Íslenska álfélaginu hf. og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. fullar og tímanlegar efndir Hafnarfjarðarbæjar á öllum skuldbindingum sínum samkvæmt samkomulagi bæjarins og Íslenska álfélagsins hf. um stækkun hafnarmannvirkja í Straumsvíkurhöfn, dags. 16. nóvember 1995, svo sem þær skuldbindingar væru samkvæmt hafnar- og lóðarsamningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Íslenska álfélagsins hf., dags. 28. mars 1966.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja við Hafnarfjarðarbæ um hlutdeild bæjarins í framleiðslugjaldi sem Íslenska álfélagið hf. greiðir samkvæmt aðalsamningi þeim er um ræðir í 1. gr. svo sem hann er á hverjum tíma.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

FIMMTI VIÐAUKI VIÐ AÐALSAMNING MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG ALUSUISSE-LONZA HOLDING LTD.

Samningur gerður hinn 16. dag nóvembermánaðar, 1995,
milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér eftir nefnd „ríkisstjórnin") annars vegar
og
ALUSUISSE-LONZA HOLDING LIMITED (hér eftir nefnt „Alusuisse") sem er hlutafélag stofnað að svissneskum lögum hins vegar.

Ríkisstjórnin og Alusuisse eru aðilar að samningi dagsettum 28. mars 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76, 13. maí 1966 og tók gildi 20. september 1966, með áorðnum breytingum samkvæmt (i) fyrsta viðauka dagsettum 28. október 1969, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19, 6. apríl 1970 og tók gildi 16. apríl 1970, (ii) öðrum viðauka dagsettum 10. desember 1975, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 42, 25. maí 1976 og tók gildi 12. júní 1976, (iii) þriðja viðauka dagsettum 5. nóvember 1984, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 104, 30. nóvember 1984 og tók gildi 30. nóvember 1984, og (iv) fjórða viðauka dagsettum 11. nóvember 1985, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 111, 31. desember 1985 og tók gildi 31. desember 1985 (hér eftir svo breyttur nefndur „aðalsamningurinn"). Samningur þessi fjallar meðal annars um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði við Straumsvík í Hafnarfjarðarbæ („kaupstaðnum"), sem er í eigu Íslenska álfélagsins hf. („ÍSAL"), dótturfélags Alusuisse;

Ríkisstjórnin hefur hug á að stuðla að frekari aukningu orkufreks iðnaðar á Íslandi og auka þannig fjölbreytni í atvinnulífi landsins með því að nýta vatnsafls- og jarðhitaorkulindir landsins;

Alusuisse stundar fjölþætta, alþjóðlega iðnaðarstarfsemi, m.a. áliðnað sem framleiðandi súráls og hrááls og fullunninnar og hálfunninnar álvöru;

Alusuisse hefur hug á að styrkja samkeppnisstöðu ÍSALs með því að stækka ÍSAL og tryggja þannig betri nýtingu núverandi aðstöðu við Straumsvík;

Í kjölfar samningaviðræðna, sem staðið hafa yfir frá því í janúar 1995, um leiðir til þess að ná þessum markmiðum vilja ríkisstjórnin og Alusuisse nú gera breytingar á tilteknum ákvæðum aðalsamningsins er varða stækkunina, ákvörðun framleiðslugjalds, sem ÍSAL greiðir, og aðra þætti sem tengjast rekstrinum;

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

1.01 Samning þennan ber að nefna fimmta viðaukann við aðalsamninginn.

1.02 Eftirtalin orð, sem notuð eru í þessum samningi, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í þeim málsgreinum sem tilgreindar eru í 1. gr. aðalsamningsins (með áorðn-

um breytingum samkvæmt fyrri viðaukum og breytingum samkvæmt þessum viðauka), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr. 1.01(a)
„Alusuisse“	málsgr. 1.01(b)
„Kaupstaðurinn“	málsgr. 1.01(d)
„ÍSAL“	málsgr. 1.01(e)
„Dótturfélag Alusuisse“	málsgr. 1.01(f)
„Fylgiskjöl“	málsgr. 1.02
„Fylgisamningar“	málsgr. 1.02
„Ál“	málsgr. 1.03(a)
„Bræðsla“	málsgr. 1.03(b)
„Samningsbundið rafmagn“	málsgr. 1.03(r)
„Fimmti áfangi bræðslunnar“	málsgr. 1.05(a)
„Fjórða stækkun bræðslunnar“	málsgr. 1.05(b)
„AR V“	málsgr. 1.05(c)
„Viðbótarorkuvirki“	málsgr. 1.05(d)

1.03 „Fylgiviðauki“ merkir fjórða viðauka við rafmagnssamninginn (fylgiskjal A) milli Landsvirkjunar og ÍSALs. „Viðaukaskjalið“ merkir samkomulag um stækkun hafnaraðstöðunnar í Straumsvík samkvæmt málsgrein 12.02 í hafnar- og lóðarsamningnum og um framkvæmd tiltekinna ákvæða í þeim samningi, sem gerður var milli kaupstaðarins og ÍSALs og fylgir þessum samningi í Viðauka A.

1.04 Krefjist samhengi ekki annars, skulu eftirfarandi orð, sem notuð eru í samningi þessum, fylgiviðauka við hann og viðaukaskjali með honum hafa eftirfarandi merkingu:

a. „Staðfestingarlögin“ merkir lög þau frá Alþingi sem veita samningi þessum lagagildi eins og kveðið er á um í málsgrein 12.02 í samningi þessum.
b. „Gildistökudagur“ þessa samnings skal hafa þá merkingu sem tilgreind er í málsgrein 12.02 í þessum samningi.

2. gr.

Breytingar á skýringum, sem notaðar eru í aðalsamningnum og fylgiskjölum hans.

2.01 Stafliður (b) í málsgrein 1.01 í aðalsamningnum skal hljóða sem hér segir:

„(b) „Alusuisse“ merkir Alusuisse-Lonza Holding Ltd., félag, sem stofnað er að svissneskum lögum, skráð í Zürich, Sviss, sem er réttartaki Swiss Aluminium Limited í Chippis í Valais-fylki í Sviss með höfuðstöðvar við Feldeggstrasse 4, CH-8008 Zürich, Sviss.“

2.02 Stafliðir (f) og (g) í málsgrein 1.01 í aðalsamningnum skulu hljóða sem hér segir:

„(f) „Dótturfélag Alusuisse“ merkir sérhvert félag, sem nú er til eða síðar er stofnað, þar sem meira en 50% hluta, sem almennur atkvæðisréttur fylgir, er beint eða óbeint í eigu eða undir stjórn Alusuisse.

(g) „Samþykktur hluthafi“ merkir sérhvert fyrirtæki (annað en Alusuisse eða dótturfyrirtæki þess) sem á hluti í ÍSAL, sem það hefur eignast í samræmi við 22. gr. þessa samnings. Sérhver tilvísun til minnihlutahluthafa í þessum samningi skal teljast tilvísun til samþykkts hluthafa.“

2.03 Upphafsmálslið í málsgrein 1.03 í aðalsamningnum er hér með breytt þannig að orðin „þá merkingu, sem segir í þessari málsgrein og málsgrein 1.04“ í lok hans falla brott og í þeirra stað koma orðin „þá merkingu sem segir í þessari málsgrein 1.03 og málsgreinum 1.04 og 1.05“.

2.04 Stafliðir (a) og (b) í málsgrein 1.03 í aðalsamningnum skulu hljóða sem hér segir:
„(a) „Ál" merkir ál sem framleitt er af ÍSAL og sem getur verið í formi
i) „hrááls", sem merkir blandaðan eða óblandaðan álmálm sem framleiddur er í bræðslunni og steypuskála bræðslunnar og sem getur verið annaðhvort i) „álhleifar" sem verslað er með sem „ál að lágmarkshreinleika 99,7%" á London Metal Exchange „LME", eða ii) „afurðir úr hrááli", sem framleiddar eru með samfelldu framleiðsluferli er hefst með kvikmálmi, og geta verið af hvaða tegund, stærð eða lögun sem er, þar með talið hleifar til endurbræðslu og steypu, valsbarrar, stangir til þrýstimótunar, álvír, pressuð korn og álryk, svo og sísteyptar plötur, steypuþráður (hvort heldur niðurbrotinn og uppvafinn eða ekki), álskífur sem slegnar eru úr sísteyptum plötum, sem almennt er verslað með á LME-verði auk uppbóta sem stafa af gæðum eða lögun; og
ii) „fullunninnar álvöru", sem merkir framleiðsluvörur úr hrááli framleiddar á bræðslulóðinni eða utan hennar úr hrááli, sem framleitt er í bræðslunni eða steypuskála bræðslunnar með framleiðsluferli sem hefst með köldum álmálmi, svo sem heit- eða kaldvölsuðum plötum, þrýstimótuðu, steyptu eða mótuðu áli án tillits til þess hvort framleiðslan fer fram í steypuskála bræðslunnar eða í sérbyggðri verksmiðju, aðstöðu eða mannvirki."
„(b) „Bræðsla" merkir álbræðsluna, ásamt tilheyrandi mannvirkjum á bræðslulóðinni, eins og hún er gerð og búin á hverjum tíma, með 60 megavatta málraun fyrir fyrsta áfanga bræðslunnar og 295 megavatta málraun í upphafi fimmta áfanga bræðslunnar, sem heimilt er að auka innan fimmta áfanga bræðslunnar upp í 360 megavatta málraun, svo sem nánar er tilgreint í rafmagnssamningum hverju sinni, og getur þegar hún er fullbyggð verið:
(i) tveir eða fleiri kerskálar með röðum af álbræðslukerum ásamt tilheyrandi raf- og rafeindabúnaði og öðrum fylgibúnaði;
(ii) einn eða fleiri steypuskálar með bræðslu-, geymslu-, gashreinsi-, steypu- og jafnblöndunarbúnaði ásamt öllum þeim fylgibúnaði sem þörf er á til álframleiðslu á hverjum tíma;
(iii) annar verksmiðjubúnaður, húsnæði eða aðstaða og viðeigandi vélakostur, búnaður og fylgibúnaður sem nauðsynlegur er til framleiðslu áls;
(iv) fylgi- og hjálpartæki til framleiðslu og festingar á rafskautum, endurheimtu flúorsambanda, meðferðar á málmúrgangi og rafskautaleifum, dælingar og meðferðar á vatni og til viðgerðar og viðhalds á verksmiðju og búnaði;
(v) rannsóknarstofur til efnagreiningar og til eftirlits með framleiðslu og gæðum;
(vi) lestunar-, losunar-, flutnings- og geymslubúnaður (hvort sem hann er á bræðslulóðinni eða á hafnarsvæðinu) og vörugeymslur fyrir framleiðsluna, efnivörur og rekstrarvörur og miðstöðvarkerfi; og
(vii) stjórnunaraðstaða, þar með talin skrifstofubyggingar, mötuneyti og búningsaðstaða."
2.05 Stafliður (v) í málsgrein 1.03 í aðalsamningnum breytist þannig að orðin „þrítugasta og fimmta" falli brott og í þeirra stað komi orðin „fertugasta og fimmta".
2.06 Við fyrstu grein aðalsamningsins bætist ný málsgrein, 1.05, svohljóðandi:
„1.05 Eftirtalin orð í þessum samningi og fylgiskjölum hans skulu hafa eftirtaldar merkingar, nema annars gerist þörf vegna samhengis:
(a) „Fimmti áfangi bræðslunnar" merkir bræðsluna eins og hún er byggð og búin með 295 megavatta málraun í fyrstu og síðan allt að 360 megavatta málraun.
(b) „Fjórða stækkun bræðslunnar" merkir þann hluta bræðslunnar sem hefur 110 megavatta málraun umfram málraun fjórða áfanga bræðslunnar.

(c) „Fimmti afhendingardagur rafmagns“ („AR V“) merkir dag þann sem skilgreindur er og ákveðinn samkvæmt ákvæðum 9. gr. samnings þessa.
(d) „Viðbótarorkuvirki“ merkir vatnsaflsvirkjunina við Hrauneyjafoss í Tungnaá á Suðurlandi, sem hefur 210 megavatta málraun og Blönduvirkjun að Eiðsstöðum við Blöndu á Norðurlandi, sem hefur 150 megavatta málraun, eins og þessar virkjanir eru á hverjum tíma að gerð og búnaði, þar með talin farvegs- og inntaksmannvirki, skurðir, þrýstivatnspípur, stöðvarhús, spennistöðvar, tengivirki og nettengingar, svo og stækkun uppistöðulónsins í Þórisvatni, sem tekur til vatnsmiðlunarmannvirkja er auka geymslurými uppistöðulónsins við Þórisós í sem svarar u.þ.b. 1.330 gígalítra.“

3. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins er lúta að byggingu mannvirkja og málum er því tengjast.

3.01 Málsgrein 4.02 er hér með breytt og verður svohljóðandi:
„4.02 Auk þess að ljúka byggingu Búrfellsvirkjunar, Þórisvatnsmiðlunar og Sigölduvirkjunar, hefur Landsvirkjun byggt viðbótarorkuvirkin og skal stækka samtengt orkukerfi sitt enn frekar með því að byggja, reka og halda við þeirri viðbótargetu til orkuframleiðslu og flutnings sem þörf krefur til þess að láta í té samningsbundið rafmagn samkvæmt ákvæðum þessa samnings og rafmagnssamningsins allan gildistíma þeirra og framlengdan gildistíma ef til kemur.“
3.02 5. gr. aðalsamningsins er hér með breytt þannig að orðin „og AR IV“ eru felld brott og í staðinn koma orðin „AR IV og AR V og aðrir afhendingardagar rafmagns til viðbótar sem kunna að vera tilgreindir og ákveðnir í rafmagnssamningnum á hverjum tíma“.
3.03 Málsgrein 6.01 í aðalsamningnum er hér með breytt, í fyrsta lagi með því að fella brott orðin „og þriðju stækkun bræðslunnar“ og setja í þeirra stað orðin „þriðju stækkun bræðslunnar og fjórðu stækkun bræðslunnar“; og í öðru lagi með því að fella brott orðin „og AR IV“ og setja í þeirra stað orðin „AR IV og AR V“.
3.04 Við 6. gr. aðalsamningsins bætist ný málsgrein, 6.03, svohljóðandi:
„6.03 Alusuisse skal fela ÍSAL að byggja og útbúa fjórðu stækkun bræðslunnar þannig að hún sé fullbyggð og fullbúin til starfrækslu eigi fyrr en 1. júlí 1997 og eigi síðar en 31. desember 1997. ÍSAL ber að tilkynna Landsvirkjun með eigi minna en árs fyrirvara, hvenær áætlað sé að hefja starfrækslu á fjórðu stækkun bræðslunnar.“
3.05 Við 6. gr. aðalsamningsins bætist ný málsgrein, 6.04, svohljóðandi:
„6.04 ÍSAL skal byggja og útbúa bræðsluna og Alusuisse skal fela ÍSAL að byggja og útbúa bræðsluna þannig að öll frekari stækkun hennar, sem á sér stað innan ramma fimmta áfanga bræðslunnar, sé fullbyggð og fullbúin til starfrækslu eigi síðar en þann dag sem tilgreindur er og ákveðinn í rafmagnssamningnum sem fyrsti dagur er Landsvirkjun er skuldbundin að afhenda rafmagn til slíkrar frekari stækkunar bræðslunnar.“
3.06 7. gr. aðalsamningsins er hér með breytt þannig að orðin „og AR IV“ falli brott og í þeirra stað komi orðin „AR IV og AR V og þeir afhendingardagar til viðbótar sem kunna að vera tilgreindir og ákveðnir í rafmagnssamningnum á hverjum tíma“.
3.07 Fyrirsögn 9. gr. er hér með breytt þannig að hún verði svohljóðandi: „9. gr. Ákvörðun um AR I, AR II, AR III, AR IV og AR V“.
3.08 Málsgrein 9.01 í aðalsamningnum er hér með breytt, í fyrsta lagi með því að fella brott orðin „og fjórði afhendingardagur rafmagns („AR I“, „AR II“, „AR III“ og „AR IV“)“ og orðin „og fjórða áfanga bræðslunnar“ í fyrsta málslið málsgreinar 9.01 og setja í þeirra stað í réttri röð orðin „fjórði og fimmti afhendingardagur rafmagns („AR I“, „AR II“, „AR III“, „AR IV“ og „AR V“)“ og orðin „fjórða og fimmta áfanga bræðslunnar“ og, í öðru lagi,

með því að fella brott orðin „og AR IV“, orðin „málsgr. 9.02, 9.03 og 9.04“ og orðin „málsgr. 9.05, 9.06, 9.07 eða 9.10“ í öðrum málslið málsgreinar 9.01 og setja í þeirra stað í réttri röð orðin „AR IV“ og „AR V“, orðin „málsgr. 9.02, 9.03, 9.04, 9.09 og 9.11“ og orðin „málsgr. 9.05, 9.06, 9.07, 9.10 eða 9.12“.

3.09 Við 9. gr. aðalsamningsins bætist ný málsgrein 9.11, svohljóðandi:

„9.11 AR V skal vera sá dagur, eigi fyrr en 1. júlí 1997 og eigi síðar en 1. janúar 1998 (þó háð ákvæðum málsgreinar 9.12 um frestun) sem ákveðinn er með samkomulagi milli Landsvirkjunar og ÍSALs, en ef slíkt samkomulag hefur ekki verið gert er AR V hér með ákveðinn sem 1. janúar 1998 (þó háð ákvæðum málsgreinar 9.12 um frestun).“

3.10 Við 9. gr. aðalsamningsins bætist ný málsgrein 9.12, svohljóðandi:

„9.12 Fari svo einhvern tíma innan tólf mánaða fyrir dagsetningu AR V, eins og sú dagsetning er ákvörðuð skv. málsgrein 9.11, að framkvæmdir við fjórðu stækkun bræðslunnar verði fyrir töfum vegna óviðráðanlegra afla og ÍSAL geti ekki samkvæmt bestu fyrirhyggju komið í veg fyrir slíkar tafir með öllum þeim ráðum sem eðlileg mega teljast, þá skal Alusuisse vera heimilt að lýsa yfir frestun, með sama hætti og kveðið er á um í málsgrein 9.08, á dagsetningu AR V til þess dags sem tilgreindur er í slíkri yfirlýsingu, að því tilskildu þó að frestunin skal eigi fara fram úr þeim tímatöfum sem slík óviðráðanleg öfl hafa valdið. Ákvæði málsgreinar 9.08 um rétt til þess að vefengja sérhverja yfirlýsingu um frestun og lengd sérhverrar meintrar tímatafar, eða að öll eðlileg ráð hafi verið viðhöfð til að koma í veg fyrir slíka töf og varðandi samkomulag, dómsmeðferð eða gerð um slíka vefengingu skulu gilda.“

4. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins varðandi framleiðsluafköst og takmörkun framleiðslu.

4.01 10. gr. aðalsamningsins er breytt í heild sinni og verður svohljóðandi:

„Að teknu tilliti til fjárhagslegrar og tæknilegrar hagkvæmni skal bræðslan jafnan starfrækt með hagstæðustu framleiðsluafköstum. Hámarksafköst skulu aðeins háð þeim takmörkunum sem tilgreind eru í umhverfisstarfsleyfi og fylgiskjölunum.“

4.02 11. gr. aðalsamnings er hér með breytt og verður svohljóðandi:

„11.01 ÍSAL skal stunda framleiðslu hrááls ásamt allri skyldri starfsemi og er heimilt að takast á hendur framleiðslu fullunninnar álvöru eða stunda hvers kyns aðra starfsemi á Íslandi, sem er óskyld álframleiðslu, eftir því sem íslensk lög heimila, einkum lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi, eins og þau eru á hverjum tíma.

11.02 Ef ÍSAL fæst við starfsemi sem er óskyld álframleiðslu skal um slíka starfsemi stofna til sérstaks lögaðila að íslenskum lögum sem háður er íslenskum skattalögum, nema um annað sé samið við ríkisstjórnina.“

5. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins er varða innflutningsleyfi, rekstrarfé og erlendan gjaldeyri.

5.01 Ný málsgrein, 14.07, bætist við 14. gr. aðalsamningsins, svohljóðandi:

„14.07 Að því marki sem flutt er inn brotaál eða lággæða hráál til endurbræðslu, hreinsunar eða frekari vinnslu hjá ÍSAL, skal slíkt innflutt brotaál eða annað hráál bera lægstu aðflutningsgjöld sem heimiluð eru samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, eða undanþegið aðflutningsgjöldum þegar heimilt er samkvæmt slíkum samningum.“

5.02 Orðin „staflið g) í“ í 2. málsl. 15. gr. aðalsamningsins falli niður.

5.03 Fyrirsögn 16. gr. verði „Erlendur gjaldeyrir og gjaldeyrisreikningar". Málsgrein 16.01 í aðalsamningnum falli niður og niðurfellingin verði sýnd með því að setja í stað hinnar niðurfelldu málsgreinar orðin „Felld niður með fimmta viðauka við aðalsamninginn".
5.04 Orðin „Að fullnægðum skilyrðum málsgreinar 16.01 skal ÍSAL" í málsgrein 16.02 í aðalsamningnum falli niður og í stað þeirra komi orðin „ÍSAL skal . . ."

6. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins varðandi starfslið, efni og þjónustu og aðstoðarsamninga.

6.01 Orðin „. . . í samræmi við lög nr. 39/1951" í lok málsgreinar 17.01 og 17.02 í aðalsamningi verði felld niður og í stað þeirra komi orðin „. . . í samræmi við íslensk lög".
6.02 Málsgrein 17.04 í aðalsamningi er hér með breytt þannig að hún hljóði svo í heild sinni:

„17.04 Samningurinn milli lýðveldisins Íslands og Svissneska sambandslýðveldisins til að koma í veg fyrir tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, sem undirritaður var 3. júní 1988, með áorðnum breytingum hverju sinni, gildir um álagningu skatta á tekjur og eignir starfsmanna sem hafa búsetu í Sviss og ráðnir eru af Alusuisse, dótturfyrirtæki þess, ÍSAL, eða verktaka þeirra í sambandi við byggingu og starfrækslu bræðslunnar og alla starfsemi sem heimiluð er skv. 11. gr. Ríkisstjórnin skal beita ákvæðum draga frá 1992 að samningi til að koma í veg fyrir tvísköttun að því er varðar tekjur og eignir (með áorðnum breytingum hverju sinni), sem undirbúin hafa verið af OECD, við álagningu skatta á tekjur og eignir erlendra ríkisborgara sem hafa búsetu annars staðar en í Sviss og þannig eru ráðnir á Íslandi nema — og þar til — í gildi sé tvíhliða samningur til að koma í veg fyrir tvísköttun milli Íslands og heimaríkis slíkra erlendra ríkisborgara er kveði á um annað."

6.03 Ný málsgrein, 17.05, bætist við 17. gr. aðalsamningsins, svohljóðandi:

„17.05 Ákvæðum málsgreina 17.01 og 17.02 skal beitt að því marki sem samræmist alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, einkum samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði eða síðari samningum er kunna að koma í hans stað."

6.04 Ný málsgrein, 18.04, bætist við 18. gr. aðalsamningsins, svohljóðandi:

„18.04 Ákvæðum málsgreina 18.01 og 18.02 skal beitt að því marki sem samræmist alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, einkum samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði eða síðari samningum sem kunna að koma í hans stað."

7. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins varðandi hlutafé og endurskoðendur ÍSALs.

7.01 21. gr. aðalsamningsins er breytt og verður svohljóðandi:

„Hlutafé í ÍSAL má hvenær sem er auka eftir því sem starfsemi ÍSALs krefst í samræmi við ákvæði samþykkta félagsins og íslensku hlutafélagalaganna eins og þau eru á hverjum tíma. Hlutafé ÍSALs má lækka hvenær sem er með breytingum á samþykktum félagsins í samræmi við ákvæði þeirra og samkvæmt ákvæðum íslensku hlutafélagalaganna eins og þau eru á hverjum tíma."

7.02 Orðin „að því áskildu þó að eftir slíka útgáfu eða sölu skal Alusuisse aldrei eiga minna en fimmtíu hundraðshluta (50%) af útistandandi hlutabréfum í ÍSAL, er almennur atkvæðisréttur fylgir (að meðtöldum í þeim fimmtíu hundraðshlutum sérhverjum hlutabréfum, er aðrir lögaðilar kunna að eignast í samræmi við málsgrein 22.04)" í lok málsgreinar 22.01 í aðalsamningnum falli niður.

7.03 Eftirfarandi málsliður bætist við málsgrein 22.02 í aðalsamningnum:
„Ríkisstjórnin skal ekki án gildrar ástæðu synja um samþykki sitt skv. málsgrein 22.01 og þessari málsgrein, og skal samþykki að jafnaði veitt fyrir sölu eða framsali á hlut í ÍSAL til alþjóðlegs fyrirtækis sem er í góðum metum og staðsett í OECD-ríki, þó háð ákvæðum málsgreinar 22.03."

7.04 Eftirfarandi málsliður bætist við málsgrein 22.03:
„Hafi ríkisstjórnin samþykkt sölu eða framsal hlutabréfa í Alusuisse til samþykkts hluthafa samkvæmt þessari 22. gr., skal ríkisstjórnin, ef hinn samþykkti hluthafi er fjárhagslega jafnsterkur og Alusuisse, ganga til samningaviðræðna í góðri trú um að staðfesta yfirfærslu á fyrrnefndum skuldbindingum Alusuisse til hins samþykkta hluthafa í hlutfalli (pro rata) við þann hlut sem seldur er eða framseldur, svo og hlutfallslega (pro rata) yfirfærslu skuldbindinga fyrrnefndra aðila gagnvart Alusuisse."

7.05 Fyrsta málslið málsgreinar 23.02 í aðalsamningnum er breytt og verður svohljóðandi:
„Í samræmi við íslensku hlutafélagalögin, eins og þau eru á hverjum tíma, íslensk lög um ársreikninga, eins og þau eru á hverjum tíma, og svo sem enn fremur er kveðið á um í samþykktum ÍSALs, skulu á aðalfundi ÍSALs ár hvert kosnir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki, sem hafi það hlutverk að athuga ár hvert reikninga ÍSALs og gerðir stjórnarinnar að því leyti sem þeir telja nauðsynlegt."

8. gr.

Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins varðandi framleiðslugjald.

8.01 Málsgrein 25.03 í aðalsamningnum er hér með breytt þannig að hún hljóði svo í heild sinni:
„25.03 Frá og með 1. janúar 1985, skal fjárhæð framleiðslugjalds fyrir hverja smálest af áli vera tuttugu Bandaríkjadollarar (US$ 20,00) og frá og með 1. janúar 1998, eða á fyrsta degi almanaksmánaðarins sem fer á eftir AR V eins og sá dagur er skilgreindur í málsgrein 9.11, hvort sem síðar verður, skal fjárhæð framleiðslugjaldsins fyrir hverja smálest af áli vera tíu Bandaríkjadollarar (US$ 10,00) („grunntaxtinn"). Framleiðslugjaldið, sem ÍSAL ber að greiða í heild fyrir hvert einstakt almanaksár eða hluta úr almanaksári, skal aldrei verða lægra en sú fjárhæð í Bandaríkjadollurum sem jafngildir framleiðslugjaldi á þær smálestir áls sem skipað hefur verið út frá bræðslunni (eða færðar til umframbirgða) á því almanaksári eða hluta almanaksárs, þegar það er reiknað á grunntaxtanum („lágmarksframleiðslugjaldið")."

8.02 Málsgrein 25.04 er breytt og hljóðar svo:
„25.04 Frá og með 1. janúar 1995 skal fjárhæð framleiðslugjaldsins af nettóhagnaði ÍSALs fyrir hvert ár vera 33% af nettóhagnaði en þó þannig að sú fjárhæð, er greidd hefur verið sem lágmarksframleiðslugjald vegna hvers almanaksárs frá 1995 til og með 2004 samkvæmt málsgrein 25.03, skal talin til frádráttar þeirri fjárhæð sem greiða ber í framleiðslugjald af netthóhagnaði ÍSALs fyrir það almanaksár, ef um hagnað er að ræða. Framleiðslugjald, sem ÍSAL ber að greiða í heild vegna hvers almanaksáranna frá 1995 til og með 2004 skal aldrei vera hærra en umrædd fjárhæð lágmarksframleiðslugjaldsins í Bandaríkjadollurum eða framleiðslugjaldsins á nettóhagnað, hvort sem hærra er. Frá og með 1. janúar 2005, kemur fjárhæðin, sem greidd er sem lágmarksframleiðslugjald vegna þess almanaksárs og síðari almanaksára, til frádráttar sem rekstrarkostnaður. Við reikning á þeim hundraðshlutum, sem að ofan greinir, skal nettóhagnaði ÍSALs fyrir almanaksár umbreytt úr íslenskum krónum í Bandaríkjadollara á gengi, sem er meðaltal af því mánaðarlega gengi milli íslenskrar krónu og Bandaríkjadollars (byggt á opinberri gengisskráningu) sem notað hefur verið við færslu á tekjum og gjöldum ÍSALs á því almanaksári."

8.03 Málsgrein 25.05 í aðalsamingnum er hér með breytt þannig að hún hljóði svo í heild sinni:

„25.05 Á gildistíma eða framlengdum gildistíma þessa samnings skal framleiðslugjaldið gilda nema eitthvað af eftirfarandi eigi sér stað:

(a) ÍSAL velji að lúta almennum íslenskum skattalögum skv. málsgrein 33.03 með gildistöku á þeim degi sem breytingin yfir í hið almenna skattkerfi er ákveðin í samræmi við sömu málsgrein 33.03;

(b) samkomulag náist samkvæmt 30. gr. um að taka upp annað skattlagningarfyrirkomulag."

8.04 Málsgrein 25.06 í aðalsamningnum falli niður og niðurfellingin verði sýnd með því að setja í stað hinnar niðurfelldu málsgreinar orðin „Felld niður með fimmta viðauka við aðalsamninginn".

8.05 Við 25. gr. aðalsamningsins bætist ný málsgrein, 25.07, svohljóðandi:

„25.07 Flytji ÍSAL inn ál eða brotaál (eða annan sambærilegan álmálm) til endurbræðslu í bræðslunni eða steypuskála bræðslunnar skal magn hins innflutta málms, sem notaður er við framleiðsluna (í tilteknum mánuði), dregið frá heildarmagninu, sem skipað er út frá bræðslunni á þeim mánuðum (eða færður er til umframbirgða) við útreikning lágmarksframleiðslugjalds. Gerð skal grein fyrir hinu innflutta áli á hverjum gjalddaga framleiðslugjaldsins skv. málsgrein 29.02. Flytji ÍSAL inn brotaál (eða annan sambærilegan álmálm þar sem raunverulegt efnistap á sér stað við endurbræðslu) til endurbræðslu, skal hið innflutta magn sem til frádráttar kemur við útreikning lágmarksframleiðslugjaldsins, leiðrétt með leiðréttingarstuðli samkvæmt nánara samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse til að leiða í ljós raunverulegt efnistap sem á sér stað við endurbræðslu."

8.06 26. gr. aðalsamningsins er breytt í heild sinni og verður svohljóðandi:

„26. gr.

Útreikningur heimsmarkaðsverðs á áli.

26.01 Við útreikning á nettóhagnaði ÍSALs með tilliti til framleiðslugjalds, skal heimsmarkaðsverð á áli („heimsmarkaðsverðið") merkja það verð á hrááli, sem ákvarðast fyrir hvern almanaksársfjórðung með útreikningi í upphafi næsta almanaksársfjórðungs á eftir samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$P = \frac{LME + MW + 2\,(LME\ 3M + PREM)}{4}$$

þar sem

P = Heimsmarkaðsverðið í bandarískum sentum á pund (2.204,62 pund = 1 smálest).

LME = Meðaltalið, fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, tilgreint í Bandaríkjasentum á pund (2.204,62 pund = 1 smálest), af daglegum meðaltöldum verðskráningum hjá London Metal Exchange á hrááli, með lágmarkshreinleika 99,7 af hundraði, staðgreiddu við afhendingu, eins og þær eru birtar í „Metal Bulletin" og umreiknaðar, þegar þörf krefur, úr sterlingspundum í Bandaríkjadollara eftir meðaltöldu síðasta daggengi á viðkomandi skráningardegi samkvæmt birtingu í „Financial Times" (á blaðsíðunni „Currencies and Money" í töflunni „The Dollar, Spot Forward against the Dollar").

MW = Meðaltalið, fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, af meðaltöldum mánaðarlegum verðskráningum í Bandaríkjasentum á pund af hrááli, með lágmarkshreinleika 99,7 af hundraði, staðgreiddu við afhendingu, eins og þær eru birtar í „Metals Week USA" undir fyrirsögninni „U.S. Free Market".

